This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

WIDENER
HN NISY E

Scan 3832.26

HARVARD COLLEGE LIBRARY
VE RI TAS
ICELANDIC COLLECTION
FORMED BY KRISTJÁN KRISTJÁNSSON
Given in Memory of
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
Professor of Comparative Literature 1906-1920
by his Wife
MARY LYON CHENEY SCHOFIELD
6th April 1931

ÍÞRÓTTIR FORNMANNA

Á NORÐURLÖNDUM

EPTIR

ÞJÖRN ÞJARNASON

DR. PHIL.

REYKJAVÍK

KOSTNAÐARM.: SIGURÐUR KRISTJANSSON

1908

Scan 3832.26

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

PRENTSMIÐJAN GUTENBERG.

EFNISYFIRLIT.

Bls.

Formáli . . . . . V—VII

Fyrri þáttur.

Rækt fornmanna við líkamsmentir.

I. Markmið uppeldisins 1
II. Í æsku 28
III. Á fullorðinsárum 52

Annar þáttur.

Íþróttir og leikar.

I. Vopnaburður 66
1. Skylming 71
2. Bogaskot 89
3. Kastfimi 106
II. Dýraveiðar 112
III. Sund 129
IV. Hlaup 143
V. Skrið 146
1. Fótskriða 146
2. Leggjahlaup 147
3. Skíðafar 150
VI. Stökk 167
VII. Jafnvægisgangur (stikl) 170
VIII. Brattgengni 173
IX. Fang; glíma 174
X. Knattleikur 199
XI. Aflraunir. Skinnleikar 228
Niðurlag 235

Formáli.

Víst væri þess engin vanþörf að fylgja kveri þessu úr garði með nokkrum árnaðarorðum, þá er það arkar á stað á almenningsnáðir. En eg treysti því, að enda þótt það beri galla sína á mannamót afsökunarlaust, þá muni það þó eiga viðar hlýjum en köldum viðtökum að fagna — ekki sakir handbragðs höfundarins, heldur sakir efnisins. Líkamlegar íþróttir hafa um langt skeið eigi átt upp á pallborðið hjá oss Íslendingum; mönnum hefur þótt að þeim tímatöf og engin askafylli. En nú virðist ætla að fara að birta af degi í þessu efni sem öðru. Forgöngumenn alþýðufræðslunnar hér á landi eru nú loks komnir í skýran skilning um það, er mestu uppeldisfræðingar heimsins hafa barizt fyrir um langan aldur og kjarkmestu þjóðirnar, t. d. Englendingar, gjört að veruleika, jafnrétti líkamsmenningarinnar við andlegu fræðsluna. Ungmennafélagsskap hefur verið hrundið af stokkunum, ekki sízt í því skyni að endurfæða þjóðlegar og hollar líkamsíþróttir. Og jafnvel kvenfólkið er farið að glíma. Er þetta ekki dagroði nýrrar íþróttaaldar, fyrirboði kjarkmikillar kynslóðar? Gleðióp almennings á Þingvöllum í fyrra sumar, þá er þeir sýndu þar atgjörvi sína glímumennirnir góðu, báru þess ljósan vottinn, að hjá alþýðu manna er kviknuð ást og áhugi á líkamsmenningunni; menn fögnuðu því af einlægum hug, að enn finst hér á landi »táp og fjör og friskir menn«, að enn er eigi aldauða hin fornfræga líkamsatgjörvi Íslendinga, heldur virðist hún nú ætla að fara að rakna við á ný eftir margra alda svefn. Í skólunum eiga íþróttirnar að vísu enn við helzt til naumlega deildan verð að búa. Betur má ef duga skal. En það stendur vonandi til bráðra bóta.

Eins og mörgum mun kunnugt, samdi ég bók þessa upphaflega á dönsku. Síðan hefur mér jafnan verið í hug að rita um sama efni á íslenzku. Eg þóttist vita, að hinni upprennandi kynslóð mundi ekki vera fjarri skapi að kynnast íþróttalífi feðra vorra, og jafnframt vonaði eg, að ef það verkefni væri sæmilega af hendi leyst, mætti það verða til að glæða áhuga manna á íþróttum. Enda urðu margir til að hvetja mig til verksins. Hins vegar þóttist eg áður þurfa að rannsaka efnið nokkru gjör, rekja það lengra í áttina til nútímans og einkum að brjóta það til mergjar með sérstöku tilliti til þýðingar þess fyrir íþróttalíf hinnar upprennandi kynslóðar. En þess hef eg því miður ekki átt kost, að neinu ráði, fyrir sakir kensluanna og ýmsra hlaupaverka. Eg lagði því loks árar í bát, er of mjög dróst í tímann, og lét mér að mestu leyti nægja endursögn á danska ritinu, með óbreyttri efnisskipan. Með því að þetta kver er ætlað alþýðu en ekki vísindamönnum eða öðrum mér ritfærari mönnum, sem kynnu að vilja kanna þetta efni til hlítar, hef eg slept öllum tilvitnunum, þeim er í danska ritinu voru; þar geta þeir gengið að heimildunum, er vilja. Af sömu ástæðu hef eg einnig fært þá kafla, er teknir eru upp úr fornritunum, til nútíðarstafsetningar; vona eg að engir hangi svo mjög í fornu formi, að það verði þeim til ánægjuspillis. Enda var eg að vissu leyti knúður til þess af þeim sökum, að marga þeirra kafla varð eg að draga allmjög saman, og hefði það orðið helzt til höttótt, ef ýmist hefði þurft að bregða í eða úr fornri stafsetningu. Að eins vísurnar — að fráskildum þeim sem eg hef þýtt úr Danmerkursögu Saxa eða Bjólfskviðu — hef eg ritað með fornlegri stafsetningu.

Má vera að sumum þyki eg hafa gengið helzt til langt í því efni að tilgreina fornar sagnir, annars vegar sakir þess, að það spilli samhengi sjálfrar íþróttalýsingarinnar, og hins vegar sakir þess, að þær séu þó aldrei nema skáldskapur. Eg hef nú að vísu viljað skirrast við að gera mjög mikið að því. En eg hugði að það mætti verða mönnum til skemtunar og smekkbætis að sjá nokkur sýnishorn þess, hvernig þjóðarandinn sökti sér niður í íþróttalífið og hóf það upp í draumahillingar, jafnvel langt fram eptir öldum. Og enn ber þess að gæta, að þjóðskáldskap-

urinn er ekki gripinn utan að úr lausu lopti, úr einhverri óviðkomandi veröld, heldur er hann sprottinn úr jarðvegi veruleikans; hann hefur menningarlíf þjóðarinnar að bakhjarli og ber allan lit sinn af því. Sagnirnar eru því engan veginn, ef þær eru notaðar með réttri varfærni og réttum skilningi, jafn tilkomulitlar beinlínis sem heimildir eins og sumum hættir við að telja þær, það er að segja þegar um þjóðmenningaratriði er að ræða, en ekki sögulega viðburði. En hér er hvorki stund né staður til að ræða það efni til hlítar. Enda hygg eg að annað megi fremur finna ritgerð þessari til forátttu en það, að hún sé ekki bygð á sönnum grundvelli né nægrar varúðar gætt um heimildirnar.

Málfærinu hef eg ef til vill gefið nokkru fornlegri blæ en hæfa þykir þeim mönnum, er halda fram fullrétti nýja málsins gagnvart hinu forna. En það hefur orðið ósjálfrátt, í samræmi við efnið og heimildirnar, og eg vona að það geri engum torvelt fyrir um lesturinn.

Herra bóksala Sigurði Kristjánssyni kann eg kæra þökk fyrir að hann hefur góðfúslega gerzt kostnaðarmaður bókarinnar og sýnt í því sem fyr ræktarsemi sína við þjóðleg fræði.

Að svo mæltu sendi eg æskulýðnum íslenzka kveðju mína og bið hann þiggja kverið.

Reykjavík, 24. maí 1908.

Björn Bjarnason.

Fyrri þáttur.

Rækt fornmanna við líkamsmentir.

I. Markmið uppeldisins.

Deyr fé,
deyja frændr,
deyr sjalfr et sama;
en orðstirr
deyr aldrigi,
hveim sér góðan getr.
Hávamál.

Varð ára ymr
ok jarna glymr,
brast rönd við rönd,
röru víkingar.
Helga kviða I.

Mörg lofsyrði hafa kveðið við í ræðu og riti um hina þrekdjörfu kynslóð, er bygði Norðurlönd á elztu tímum sögu vorrar, hinni svonefndu víkingaöld (800—1000), — og ekki um skör fram. Þessi kynslóð kemur fram úr þoku fornaldanna sem hin glæsilegasta fylking hugprúðra, harðgjörra og hygginna manna, snýr snúðugt að nágrannaþjóðunum og keikir þær í knjám. Mikilúðlegum svip bregður þegar yfir álfuna er hún kemur fram á sjónarsviðið. Bál og brandur markar að vísu götu hennar þar sem hún kemur við í öðrum löndum. En hún brýtur ekki að eins niður, heldur byggir hún upp betur en áður. Með

göfugmannlegum sjálfstæðissvip lítur hún á fang sitt, og velur skarplega það eitt, sem vænlegast er til framþróunar. Hún opnar nýjum menningarstraumum rás inn yfir átthaga sína. Og þeim þjóðum, er hún tók blóð, flytur hún nýjan lífsþrótt, ný lífsgildi. Það er ekki einungis hreysti og hugprýði, sem einkenna hana, heldur jafnframt hyggindin, þau er í hag mega koma.

En hvaðan komu henni kraptar til að vinna hið mikilfenglega verk, er hún hefur látið eptir sig á þessum fornu tímum? Löngum hafa norrænir sögufræðingar fengizt við að leita þessari spurningu úrlausna, enda hafa margar og merkar rætur verið raktar að hinum fornnorræna þjóðarþroska. En ein er þó sú orsök, er menn hafa lagt helzt til litla áherzlu á, að því er mér virðist, enda þótt hún eflaust megi teljast meðal hinna fremstu. Það er uppeldisfar fornþjóðarinnar.

»Fram, fram á leið til fullkomnunarinnar« er það hvataorð, er jafnan hefur ómað í mannssálunni. Baráttan fyrir tilverunni skapar það og heldur því stöðugt vakandi. En hugsjónirnar, markmið framaviðleitninnar, hafa verið næsta mismunandi á ýmsum stöðum og ýmsum tímum. Frábrigðin eiga upptök sín og eðlisrök í sundurleitum lífsskilyrðum og trúarhugmyndum. Og enda þótt uppeldishugsjónin »hraust sál í hraustum líkama« hafi vakað meira eða minna glögt fyrir margri kynslóð, þá hefur þó uppeldið einatt, er til framkvæmdanna kom, skeikað allmjög frá þeirri meginreglu að hafa jafnvægi hins andlega og líkamlega þroska fyrir augum. Ýmist hefur líkamsmenningin, ýmist sálaruppfræðslan setið í fyrirrúminu.

Hvernig var nú þessu varið hjá Norðurlandabúum á víkingaöldinni? Hverjir voru þeir eiginleikar, er vænlegastir þóttu einstaklingnum til þrifnaðar og frama í þjóðfélagi þeirra, eins og það þá var vaxið? Hver var sú atgjörvi, er allur þorri manna gjörði að aðalmarkmiði uppeldisins?

»Af Óðni lærðu þeir allar íþróttirnar«, segir í Ynglingasögu Snorra. Einmitt af því má bezt marka eðli hins fornnorræna þjóðþroska, að sérhver atgjörvi, hvort sem var andleg eða líkamleg, jafnt mannvit og listir sem hernaðarsnild, var talin að eiga rætur að rekja til hins víðförla herskaparguðs, Óðins. Hann kemur æ gleggra og gleggra fram sem frömuður og fræðari þjóðarinnar. Enda eru »áraymur og járnaglymur« þær raddir, er duna oss dýpst í eyrum frá tilveru forfeðra vorra í heiðni. Svo langt sem augað eygir út yfir dagsbrún sögunnar á Norðurlöndum, svo langt sem arnfránar sjónir eljunprúðra athyggjumanna hafa megnað að smjúga hálfrökkur aptureldingarinnar, alt inn í nótt fyrnskunnar, þar sem þjóðum og atburðum bregður fyrir á stangli eins og leiptrum í myrkrinu, ber alt þess vott, að herfrægð og víking hefur alla jafna staðið fyrir hugskotssjónum Norðurlandaþjóða sem glæsilegast markmið frjálsbornum mönnum. Hin ramforna kynþáttaskipting hafði orðið til þess, að hver einstaklingur rígbatt alla framaviðleitni sína og sálarlíf við tillitið til heiðurs og hagsmuna ættbálks síns, taldi blóðhefndir helga skyldu og tignaði sálir framliðinna feðra sinna. Hún hafði frá alda öðli sveigt framþróun þessara þjóða inn á herskáa braut. Að því stuðluðu líka ýmsar aðrar orsakir, svo sem ófullkomin atvinnukunnátta gagnvart harðdrægri náttúru lands og lagar.

Enn þann dag í dag heyrum vér kveða við í hetjusögnum Norðurlanda bergmálið af hergný fornheiðinna alda, af víkingaferðum, þjóðflokkastyrjöldum og stjórnarfarsumbrotum. Og jafnframt því er jarðfundnar menjar eru oss þögulir og þó þrúðmælskir vottar um löngu framin hreystiverk, sjáum vér við og við bregða fyrir frásögnum í ritum erlendra höfunda, er benda ljóslega til hins fjölbreytilega hernaðarlífs, er markaði tilveru feðra vorra í fyrndinni og skapaði smám saman þá heimsskoðun og þá trú, er verður fyrir oss á Norðurlöndum þegar saga vor hefst, sem sé Ásatrúna.

Aðalatriði þeirrar trúar var Valhallarhugmyndin. Langt burtu, hinum megin við regnbogann, í skínandi himinlendum, gnæfir hin gullbjarta Valhöll, ódáinsbústaður hermanna. Þar skipar Óðinn öndvegið, hinn »vopngöfgi« guð hernaðar og speki, stjórnari alheimsins. Dag hvern sendir hann þernur sínar, valkyrjurnar, ríðandi yfir láð og lög, til þess að bjóða heim öllum þeim, sem í orustu falla:

Gladsheimr heitir,
þars hin gullbjarta
Valhöll víð of þrumir;
en þar Hroptr kýss
hverjan dag
váphdauða vera.

Hópum saman flykkjast herdauðir menn til sala Óðins, og er þar vel fagnað. Enda er þar gott að gista vöskum drengjum, og allhermannlega umbúið. Spjótreptur er salurinn, skjöldum þaktir veggirnir og brynjum stráð um bekki. Ekki þarf þar ljós að kveikja, því að næga birtu leggur af berum bröndum. Stundum sitja Einherjar — svo nefnist kappasveit Óðins —

að veizlum með goðunum og drekka kátir mjöð og mungát, er forkunnar fagrar meyjar bera þeim bekkja á milli. Og nóg er til ölteiti, að ræða um hreysti og herfrægð. Stundum ganga þeir út á völlinn og þreyta vopnfimi, og allir hverfa þeir jafnheilir heim að kvöldi, þótt sumir hafi hnigið í valinn í viðureigninni. Óðum fjölgar Einherjum, því að flestir vilja þann flokk fylla, og eigi skortir bekkjarúm né vistir í Valhöll. En þó mun ekki af veita liðsaflanum í aldarök, er Heimdallur hefur horn sitt á lopti og blæs til orustu gegn óvinum guða og manna.

Samkvæmt þessum hugmyndum var það æðsta ákvörðun hvers frjálsborins manns hér í lífinu að gjöra sig með dáð og frama þess maklegan, að verða eptir dauðann talinn hlutgengur í sveit með guðunum og mega veita þeim vígsgengi gegn illvættum tilverunnar. Honum bar að ganga með hugprúðu hjarta gegn hverri raun, þegar kallið kom. Virðulegri dauðdaga gat ekki, að dómi guða og manna, en þann, að falla í fullum þroska, hvort sem maður varð að hníga fyrir óvinavopnum eða fyrir ofurmagni höfuðskepnanna. Sædauðir menn virðast hafa átt jafnglæsilega vist í vændum í lýsigullshöllum Ægis, þar sem goðin sitja einatt að veizlum, sem vopnbitnir menn í sverðbjörtum sölum Valhallar. Að deyja inni á pallstrám sínum samdi fremur kúm en köppum.

»Það óttaðist eg um hríð, er friður þessi hinn mikli var, að eg myndi verða ellidauður inni á pallstrám mínum, en eg vildi heldur falla í orustu og fylgja höfðingja mínum«. Svo kvað Egill ullserkur að orði við Hákon konung Aðalsteinsfóstra fyrir orustuna við Fræðarberg, þá er Eirikssynir höfðu komið á óvart konungi með ofurefli liðs, en hann tók þó þann kost að berjast. Egill hafði á unga aldri verið mjög í orustum með Haraldi hárfagra og borið

merki hans, en nú var hann tekinn mjög að eldast. Og honum varð að ósk sinni. Hann féll í orustunni og gat sér áður ódauðlega frægð. »Hávir bautasteinar standa á haugi Egils ullserks«, segir Snorri. — Þá er Sigurður jarl hinn digri á Norðymbralandi, er verið hafði hinn mesti víkingur, þótt kristinn væri, lá á sóttarsæng og kendi að sú sótt mundi leiða sig til bana, harmaði hann mjög þau örlög sín að verða að dragast upp »sem belja á básí« í stað þess að mega falla í orustu sem hraustum dreng þótti sæma; hann lét þá færa sér herbúnað sinn og vopnaðist; kvað þá heldur hermannlegar áhorfast um dauðdagann; menn hans studdu hann á fótum, og lézt hann svo standandi stundu síðar.

Hver sem aptur á móti vanrækti hermannsköllun sína og lifði framasnauðu lífi, fyrir dáðleysis sakir eða ragmensku, hann glataði réttinum til þess virðulega hlutskiptis að öðlast nýja tilveru í sveit með guðunum; hann týndist í djúp gleymskunnar; hann hvarf úr augsýn guða og manna inn í myrkraríki Heljar.

Annað og eigi atkvæðaminna atriði í lífsskoðun norrænna þjóða á víkingaöldinni var hinn rameflldi ætternismetnaður, er brann í hvers manns brjósti og átti rætur að rekja langt aptur í aldir. Helgasta skylda einstaklingsins var að halda á lopti heiðri ættar sinnar, í orði og verki, að halda við frægðarljóma hennar og auka hann enn meir, ef kostur gafst. Honum bar til þess að vinna, að óbornar aldir kölluðu hann kynfrömuð. Hið glæsilega dæmi feðranna, margfegrað í sögum og kveðskap, stóð honum sí og æ fyrir hugskotssjónum, knúði hann fram til atorku og fylti sál hans fyrirlátslausri frægðargirni. Hann varð að hefja sjálfan sig jafnhátt fyrirmyndinni, því að annars kostar brann á enni hans svívirðumerki ættlerans og heilladísir feðranna sneru við honum bakinu. Og sú dáð, er honum bar að

drýgja, var herskapardáð. Um það hljóðuðu sagnir ættarinnar.

Þessar kröfur til manngildis einstaklingsins, annars vegar af hálfu Valhallar-hugmyndanna, hins vegar af hálfu ætternismetnaðarins — sem eins og kunnugt er orðið voru afdrifamestu gjörmögnin í lífi fornmanna — studdu þannig hvor aðra; báðar benda þær fram á veg að sama markmiðinu: herskaparfrægð.

Í fullu samræmi við þessar siðferðishugsjónir koma Norðurlandabúar oss fyrir sjónir á elztu tímum sögu þeirra sem sú þjóð, er hafið hafði upp í æðra veldi uppáhaldsatvinnuvegi forsögualdanna, víking og verzlun. Friðsamlegar atvinnugreinar, svo sem landbúnað og fiskveiðar, kunnu menn að vísu að meta sem nauðsynlegar lindir matfanga og fjárafla; eign góðra búa var ómissandi bakhjarl; en sjálfur atvinnureksturinn bakaði mönnum lítils álits, enda voru bústörfin mestmegnis falin smámennum, frelsingjum og þrælum. Það mun hafa verið svipað um lífsferil flestra þeirra manna í héraði, er ágætir þóttu, eins og sagt er frá um Jarl í Rígsþulu. Á yngri árum liggur hann í hernaði:

víg nam at vekja,
völl nam at rjóða,
val nam at fella,
vá til landa.

En á efri árum situr hann að búum sínum við rausn og mannvirðingar:

Réð einn at þat
átján búum,
auð nam at skipta,
öllum veita
meiðmar ok mösma,
mara svangrifja,

hringum hreytti,
hjó sundr baug.

Duglaus og heimskur var hver sá talinn, er undi sífelt heima í átthögum sínum. Hinn frjálsborni æskulýður leit hátt, út yfir haf og lönd; hann vildi hleypa heimdraganum; hann vildi út, í skóla herguðsins, til þess að afla sér fjár og frama, mannvits og trausts. Til æskulýðsins lúta þessi fornu hvataorð, er geymzt hafa í latnesku dulargervi í fornsögu Saxa:

Sæmra er knám drengjum
að knýja unnir,
randir kljúfa,
ráða málmi,
en í hrjósturdölum
eður holti lágu
tírarlausir
lífi una.

Á vorin lyptir fararþráin vængjunum. Þá er uppi fótur og fit um öll Norðurlönd; röskvir sveinar búast á brott úr átthögum sínum; örvar eru skeptar, skildir eru treystir, sverð fáguð og fararöl hitað. Konungar bjóða út leiðangri; þeir ætla að halda uppi vörn fyrir ríki sínu eða leggja önnur lönd undir sig. Harðsnúnir og margreyndir víkingaforingjar — er nefnast sækonungar, með því að þeir hafa kosið sér að hlutskipti konungsríki á sæ, en látið ættaróðölin, nauðugir eða viljugir, óskert af hendi við þá, er næstir stóðu til arfs — þeir afla sér nú liðs til nýrra herfara eptir vetrarlanga dvöl við veizluglaum og íþróttaæfingar. Eða það er ungviði stórættanna, er dregur fyrsta sinni segl við hún og stefnir á haf út í broddi fylkingar fyrir úrvalsdrengjum átthaga sinna, með þeim ásetningi að verða þess um komnir, er

tímar líða, að gjörast máttarviðir ættar sinnar heima í héraði eða þá í því skyni að ryðja sér nýjar brautir af eigin ramleik, afla sér fjár og eignast lönd, þar er þeir geti sezt að ríkjum. Og jafnvel bændur, er fyrir sakir búsanna gátu eigi gefið sig alla við víking, verja nokkrum tíma fyrir og eptir heyannir til þessa hættumikla, en þó arðsama og framaríka starfa; það kölluðu menn vorvíking og haustvíking. Hvervetna út frá ströndum Norðurlanda stefna unnvörpin öll af skrautbúnum víkingaskipum; gullnir siglutoppar glóa við himin yfir stöfuðum seglum; skorin drekahöfuð, gulli búin, gína við leiðinni, en á apturstafni er sporður slunginn í lykkju; steindir skildir blika með endilöngum borðum, og loga verpur á sæinn, er skipið fer. Sum þessara skipa fara fá sér, í austurveg eða vesturveg, herja þar um eyjar og andnes eða leita uppi aðra víkinga til að þreyta við. Önnur hópast saman í stórflota, með því að margir fyrirliðar gjörðu félag með sér um stund eða sórust í fóstbræðralag æfilangt; með öflugan her, er tengdur var traustum böndum sameiginlegs vilja og órjúfandi hollustu, stefna þeir síðan að ströndum ókunnra þjóða, veita þeim svipsnögg áhlaup, og brjóta þær að lokum undir sig að meira eða minna leyti. Öll Norðurálfan titrar af ótta fyrir þessum veggþéttu og vígsnjöllu fylkingum, frá Rússlandi í austri til Írlands í vestri.

En því fór fjarri að þeir, er urðu eptir heima í bygð, til þess að geyma búa eða gegna héraðsstjórn, lifðu innan vébanda friðarins; slíkt örygðarsvæði var ekkert til á Norðurlöndum. Þeir urðu sí og æ að vera á varðbergi gegn óvinum ættbálks síns, er sátu um færi til að höggva skarð í frændgarð þeirra eða rýra álit og sæmd ættarinnar að einhverju leyti, í

hefndarskyni fyrir móðganir, er þeir þóttust eiga að reka, eða jafnvel að ósekju. Og jafnframt mátti hver vera við því búinn að ókunnir víkingar lentu fyrir bæ hans, eða einhvern hinna alræmdu óeirðaseggja bæri að garði, er berserkjasagnir fornbókmentanna eiga rætur að rekja til; en það voru ofstopamenn, er fóru með ójafnaði bygð úr bygð, réðust þar á, er varnarminst var fyrir, féflettu ríka bændur með ránum eða skoruðu þá á hólm til fjár og kvenna. Norðurlandabúar stóðu óneitanlega enn um þær mundir á því stigi, er menn hugsa mest um það að sjá sér og sínum borgið og skeyta því engu, þótt það komi hart niður á vandalausum. Velferð og hagsmuni óviðkomandi manna virtu flestir að vettugi. Að vísu leitaði ríkisvaldið við að útrýma þessum leifum af hinu hálf-siðlausa lífi forsögukynslóðanna, jafnótt og því óx fiskur um hrygg, en viðleitni þess í þá átt reyndist þó ærið afkastalítil. Sést það bezt á því, að svo gekk öll víkingaöldin um garð að hólmgöngur gátu komið til greina sem löghelguð aðferð til þess að binda enda á deilur manna, þ. e. hnefarétturinn fékk að ráða. Að eins stöku menn voru svo langt á veg komnir í siðferðisþroska — að minsta kosti framan af víkingaöldinni — að þeir neyttu ofurmáttar síns, eigi til þess að þjaka lítilmagnanum fyrir litlar sakir eða engar, heldur til þess að vera honum hlífiskjöldur gagnvart ofríkismönnum. Hinir voru fleiri, er kynokuðu sér eigi við að leggja líf vandalausra í sölurnar fyrir lítilfjörlega hagsmuni, sérstaklega ef við menn var að skipta af fjarskyldu þjóðerni. — Í stuttu máli: hvervetna var lífi einstaklingsins hætta búin; hann var á alla vegu umkringdur

uggvænu örygðarleysi, enda byrja lífspekisljóð fornmanna á svo hljóðandi heilræði:

Gáttir allar,
áðr gangi fram,
of skoðask skyli,
of skygnask skyli;
því óvíst er at vita,
hvar óvinir sitja
á fleti fyrir.

Það liggur nú í augum uppi að í því þjóðfélagi, þar sem lífsbaráttan var að miklu leyti háð með vopnum og hnefarétturinn átti sér jafnvel bakhjarl í trúarhugmyndum manna, hlaut uppeldi æskulýðsins að verða töluvert frábrugðið uppeldisfari nútímans. Manngildishugsjónirnar voru alt aðrar. Menn hlutu að leggja ólíkt meiri rækt við þroska líkamskraptanna og hugprýðinnar heldur en nú á dögum, er flestum þykir meira um vert vitsmuni og kunnáttu en frábært afl og áræði, með því að hins fyrra gjörist tíðar þörf í daglega lífinu.

Þegar vér nú viljum gjöra oss nánari grein fyrir manngildishugsjónum þeim, er mörkuðu uppeldisviðleitni fornmanna braut, er það vissasti og greiðasti vegurinn að leita til kveðskapar þeirra tíma, er hér ræðir um. Svo vel vill til, sem kunnugt er, að eigi all-lítið af honum hefur geymzt alt til vorra daga.

Það hefur löngum verið sagt um höfunda þessa kveðskapar, að þeir hafi engir málrófsmenn verið, og má það að miklu leyti til sanns vegar færa um höfunda skáldakvæðanna svo nefndu, en að öllu leyti um höfunda Eddukvæðanna. Langar lýsingar leggja þeir eigi í vanda sinn. Verkin eru þeim fyrir öllu í frásögninni. En alt um það bera þær engan dauf-

leiksblæ myndirnar, sem þeir leiða fram fyrir anda áheyrenda sinna. Sjónarsviðið liggur að vísu einatt í hálfrökkri í fyrstu, en þegar minst varir bregður fyrir orði eða setningu, er ýtir svo átakanlega við ímyndunarafli áheyrandans, að honum er sem skæra birtu beri skyndilega yfir sviðið. Líkt er því varið um mennina. Það er ekki eytt mörgum orðum til að lýsa þeim, er þeir koma til sögunnar. En þó líður ekki á löngu, áður en þeir standa manni skýrt fyrir hugskotssjónum, þar sem þeir heyja stríð sitt á vígvelli lífsins. Séreðliseinkenni þeirra koma glögt fram í orðum þeirra og gjörðum.

Samfeldar mannlýsingar eru aptur á móti fágætar hjá fornum skáldum. En þá sjaldan þær koma fyrir, bera þær blæ hinnar almennu hetjuhugsjónar þeirra tíma en sjaldan neinn séreðlisblæ. Svo er um lýsingu Rígsþulu á Jarli nýfæddum:

Bleikt var hár,
bjartar kinnar,
ötul váru augu
sem yrmlingi.

Annað dæmi þessa eru saknaðarorð Sigrúnar eptir Helga Hundingsbana látinn; hún þreyir í sorgum á Sefafjöllum og unir engu nema endurminningunni um ástvin sinn, hina íturvöxnu hetju, er bar svo mjög ægishjálm yfir óvinum sínum, að þeir flýðu hann

»sem fyrir úlfi
óðar rynni
geitr ór fjalli
geiskafullar«.

Hún lýsir Helga á þessa leið:

Svá bar Helgi
af hildingum

sem ítrskapaðr
askr af þyrni,
eða sá dýrkalfr,
döggu slunginn,
er efri ferr
öllum dýrum —
ok horn glóa
við himin sjalfan.

Sama sólglitrið, er felur öll einstök atriði í geisladýrð sinni, leikur yfir lýsingu Guðrúnar Gjúkadóttur, er hún tregar missi Sigurðar Fáfnisbana:

Svá var Sigurðr
of sonum Gjúka
sem væri grœnn laukr
ór grasi vaxinn,
eða hjörtr hábeinn
of hösum dýrum,
eða gull glóðrautt
of gráu silfri.

Eða:

Svá var minn Sigurðr
hjá sonum Gjúka
sem væri geirlaukr
ór grasi vaxinn,
eða væri bjartr steinn
á band dreginn,
jarknasteinn
of öðlingum.

Enn er tvent, er skáldin beita til þess að skýra drættina í myndum sínum, sem sé kenningar og sannkenningar. Á kenningunum er lítið að græða í því efni, er hér ræðir um. Þær eru, að því er til mannanna kemur, miðaðar einkum við starfssvið þeirra. Þær sýna kappana þeysandi á unnarfákum, sveiflandi sverðum og seðjandi úlfa, o. s. frv. Hinar eru færri, er benda til persónulegra einkenna, svo sem

styrkleika, vitsmuna, ríkilætis eða ljúfmensku. Öðru máli er að gegna um hinar svonefndu sannkenningar þ. e. einkunnir þær, er skáldin velja hetjum sínum. Það má nærri geta að þær voru ekki valdar af verra tæginu þeim mönnum, er skáldin höfðu dálæti á og vildu gjöra sem glæsilegasta að allri atgjörvi. Enda eru það einmitt þessi einkunnarorð, er opna oss glöggast skygni inn í hugsjónaheim fornaldarinnar. Þau bregða oss fyrir sjónir þeim eiginleikum, er hafðir voru í mestum hávegum, en hins vegar eru þau svo almenns efnis, svo lítt miðuð við séreðli einstaklinganna, að þau sýna aðaldrættina eina í hugsjónamynd norrænna þjóða af íturborinni hetju.

Það sem einna fyrst vekur athygli vora, er vér rennum augum yfir sannkenningaval fornkvæðanna, er það, hversu mikil áherzla er lögð á ætterni manna. Skáldin hafa á hraðbergi ógrynnin öll af fögrum orðum til að tákna ættgöfgi hetjanna, og fer þeim þar líkt og sagnariturunum síðar, er sjaldan láta hjá líða að gjöra grein fyrir, af hvaða bergi hver var brotinn. »Góðborinn« var óneitanlega samkvæmt hugsunarhætti þeirra alda eins konar töfraorð, er opnaði allar dyr hverjum þeim er það átti við, — en þó einungis af þeim sökum, að sú einkunn vakti þess vonir hjá mönnum, að hann væri frábærri atgjörvi búinn sem frændur hans; yrði önnur raunin á, aflaði ættgöfgin honum fremur smánar en sóma. Annars skiptir þetta atriði mannlýsinganna engu máli í því sambandi, er hér er um að ræða. Uppeldið gat auðvitað engu breytt um burðina. Og þótt hins vegar ætternismetnaðurinn brygði mörgum farartálma á braut framagjarnra ungmenna, þá gat hann þó ekki meinað

neinum að stefna sem næst ágætisatgjörvi þeirra manna, er hann vildi helzt líkur vera. Sömu gjörvileikahugsjónirnar vöktu því fyrir öllum frjálsbornum mönnum, lægri sem æðri. Enda finnast þess eigi fá dæmi, að afburðamenn af lágum stigum komust til hárra metorða.

Grundvallaratriði atgjörvishugsjónanna, eins og þær lýsa sér hjá skáldum sögualdanna, voru í fám orðum þessi:

Afburðamaðurinn skyldi vera fríður sýnum, hár á velli, grannvaxinn og beinvaxinn, rammur að afli, mjúkur í hreyfingum, vígkænn og fimur við alla leika. Honum er einatt líkt við háfættan hjört með hnarreist höfuð, bratta bringu og svipsnöggan limaburð. Hárið er gult, yfirlitið bjart, augun ormfrán og snör; þau bera þess skýran vott, að í þessum fagra líkama býr þrekprúður andi, er stefnir hátt yfir mundangshófið. Því að hetjan er stórlát, framlynd, hugumstór, dáðgjörn, frægðarfús — eins og skáldin komast að orði. Hún kýs sér þoranraunir, er frægðarljóma megi bregða af með fjórum himinskautum, og svo langt fram um aldir sem afrekum er unnað. Og hún er harðhuguð, eljunprúð, þróttardjörf, þrekítur. Í eldheitri aðdáun fyrir sigursælli tilveru, með römmustu fyrirlitningu fyrir kjarkleysinu sækir hún ótrauð fram að því marki, er hún hefur sett sér, og vill heldur bíða bana en missa þess; því að betri er stutt æfi framarík en langt líf við lítinn orðstír. Hún gengur því til orustu með þeim einbeitta ásetningi að öðlast annað af tvennu, sigur eða gisting í Valhöll að Óðins — »og þótti hvortveggi kostur góður«. Og svo er um hvert það starf, er afburðamaðurinn tekur sér fyrir hendur. Að þurfa að bera kinnroða fyrir nokkrum manni

gat hann ekki þolað; þá var betra að láta lífið. — Illa þótti það sama góðum dreng að hnípa höfði í feld sinn eða sýna á sér önnur hrygðarmerki. Maðurinn á að drotna yfir harminum, en harmurinn ekki yfir honum. Hrygðina töldu menn í ætt við hugleysið. Lífsgleði er því eitt af aðaleinkennum hetjunnar. Orðstilt er hún að vísu, athugul og »þagmælsk um þjóðlygi«, en engu að síður glöð og reif í viðmóti, skapfeldinn lagsbróðir, skemtinn og orðheppinn veizlunautur. Svo segir í Hávamálum:

Þagalt ok hugalt
skyli þjóðans barn
ok vígdjarft vera;
glaðr ok reifr
skyli gumna hverr,
unz sinn bíðr bana.

Aldrei er þó afreksmaðurinn kátari en þegar skamt er til þess, að honum gefist kostur á að reyna þrek sitt og karlmensku. Þegar ofviðri og hafrót leika soppleik að skipi hans, lætur hann hækka seglin; honum lætur sú sönglist vel í eyrum, er vindurinn hvín í rám og strengjum, og fegurri sjón sér hann trauðla en þá, er öldurnar hreykja hvítum földum við söxin á skipi hans. Um Helga Hundingsbana er kveðið:

Draga bað Helgi
há segl ofar;
varðat hrönnum
höfn þingloga,
þá er ógurleg
Ægis dóttir
stagstjórn-mörum
steypa vildi.

Sighvatur skáld Þórðarson segir um sjálfan sig:

Kátr var ek opt, þá er úti
örðigt veðr á fjörðum
vísa segl í vási
vindblásit skóf Strinda.

Þá er syrtir að af »sverðaéli«, þ. e. þá er orusta er í aðsigi, leikur hetjan á als oddi við félaga sína og hrekur brott með gamanyrðum hvern æðrusnert, er læðast vill í brjóst liðsmönnum. Svo farast Eyvindi skáldaspilli orð um Hákon góða fyrir Storðarbardaga:

Lék við ljóðmögu
— skyldi land verja —
gramr hinn glaðværi,
stóð und gullhjálmi.

Um hirðmenn Haralds konungs hárfagra kveður Þorbjörn hornklofi:

Þá eru þeir reifir,
er vitu rómu væni,
örvir upp at hlaupa
ok árar at sveigja,
hömlur at slíta
en hái brjóta;
ríkula hygg ek þá vörru
þeysa at vísa ráði.

Í námunda við hættuna finnur hinn frækni kappi aflið titra í hverri taug; hinum »harða hug og snarfenga líkama« er ant til raunarinnar. Sem fyrirliði er hann hvorttveggja jafnt, ráðsnar og forsjáll; hann hefur glögt auga fyrir öllum atvikum, er stuðla megi að sigri hans, og kann að nota sér þau á þeirri stundu, er bezt gegnir. Og hann lætur ekki þar við lenda að skipa fyrir; hann ræður sjálfur þar að, er raunin er mest, berst í broddi fylkingar öðrum til glæsilegs eptirdæmis:

Æ var Helgi
Hundingsbani
fyrstr í folki,
þars firar börðusk.

Sé hann valdalaus liðsmaður, hlýðir hann hiklaust og snarlega hverju því, er fyrir hann er lagt, og leitast við af fremsta megni að feta hraustmannlega í fótspor höfðingja síns. Drottinhollusta er honum heilög skylda, og það vakir skýrt fyrir honum, að þá er herlúðrarnir kveða við, líður að sú stund, er honum ber að inna laun af hendi fyrir velgjörðir og vináttu drottins síns, fyrir ástráð hans og örlæti; þá sæmir að efna drengilega allar hinar djarfmæltu heitstrengingar, er hann hafði haft að ölteiti í höfðinglegum veizlum herra síns, þá er hann þáði að gjöf »hringa og hjálma, sverð og síðar brynjur«. Í Bjarkamálum hinum fornu kveður Hjalti hinn hugprúði svo að orði, er hann eggjar Böðvar bjarka:

Úti skal gjalda
það er inni þágum,
dýrar meiðmar,
að mildingi;
samir nú hraustlega
heit að efna,
þau er að ölmálum
áður höfðum.

Og enn kveður hann:

Kennir í höggum
að hjörvaleiki
dyggra drengja
dróttintrygðar.

Níðingur er hver sá, er bregst lánardrotni sínum þegar í raunirnar rekur og gerir sig sekan í jafn svívirðilegu athæfi sem flótta. Dygg til dauðans neytir

hetjan sverðs síns til fulltingis þeim manni, er hún hefur sjálf kjörið sér að drotni, er hún dáist að og ann hugástum; og láti hann lífið í orustunni, kýs hún að hefna hans eða hníga dauð ella að höfði hans í valinn. Bjarki kveður við Hjalta, áður þeir féllu við lík Hrólfs í lok Skuldarbardaga:

Hníga mun eg dauður
að höfði fylkis;
kjós þú þér beð
að buðlungs fótum;
veit þá virða hver,
þeirra er val kanna,
hve vér hilmi
hodda guldum.
— — — — — —
Svo skulu folkdjarfir
fyrðar deyja,
að öðling andvana
örmum varði.
(Saxi, Bjarkamál).

Sama hugsun er löngu síðar lögð Innsteini í munn, er hann stóð einn uppi af Hálfsrekkum:

Ek hefi úti
átján sumur
fylgt fullhuga,
flein at rjóða;
skal ek eigi annan
eiga dróttin
gunnargjarnan
né gamall verða.

Hér mun Innsteinn
til jarðar hníga
horskr at höfði
hers oddvita;
þat munu seggir
at sögum göra
at Hálfr konungr
hlæjandi dó.

Að ganga á bak orða sinna eða fremja nokkurt ódrenglegt verk kemur sannri hetju aldrei til hugar. Hún er »grandvör«, »hvardygg«, »eiðvönd«, »haldinorð« og hreinskilin í atferli sínu við háa og lága. »Að leika tveim skjöldum« — eða, eins og vér segjum

nú á dögum, að bera kápuna á báðum öxlum — er gagnstætt hugprýðiseðli hennar. Þá er Sigurður Fáfnisbani hefur fundið Sigrdrífu valkyrju sofandi á Hindarfjalli, rist af henni brynjuna og hrundið þannig óskapa svefni þeim, er Óðinn hafði á hana lagt, — en það mátti sá einn gjöra »er hvergi lands hræddast kynni« — kennir hún honum svolátandi heilræði meðal annara:

Þat ræð ek þér annat,
at eið né sverir
nema þann er sannr sé;
grimmar limar
ganga at trygðrofi;
aumr er vára vargr.

Og enn þetta:

Þat ræð ek þér átta,
at skalt við illu sjá
ok firrask flærðarstafi.

Lítilsvirður er sá höfðingi, er skortir þrek eða vilja til að efna loforð sín, einmana og fyrirlitinn sá maður, er eigi má treysta. — Og örlát er hún hin norræna hetja. Hún liggur ekki sem ormur á auðlegð þeirri, er hún hefir aflað sér og þolað til sár og raunir, — enda var það ekki fégirnd, er knúði hana til vinningsins, heldur göfuglát framalöngun. Ágirnd og nízka eru einkenni bleyðimannsins, er skortir hvatleik til að fylla þurð þann, er örlát hönd lætur eptir sig í sjóðnum. Göfugmennið neytir fjárins til að varpa glæstum ljóma á sig og sveit sína. Vinur deili vini. Höfðinginn sæmir menn sína gulli og glæsilegum búnaði, og þiggur að launum hollustu þeirra og hraustmannlega fylgd. Því örlátari sem hann er, því fjölmennara kappaval flykkist um hann og eykur honum traust, því að »meira lið miklu fær

mildr en glöggr til hildar«. Hann er þá hinn »manngöfgi« mæringur, sem er þess umkominn að vinna stórfengleg hervirki.

Enn eru ótalin þau einkenni göfugrar hetju, að vera háttprúður í hversdagsfari sínu, hófsamur um alla hluti, stórlátur og þó alþýðlegur við menn, margspakur og unnandi kveðskap og sagnafróðleik. Skáld og fræðimenn skipa heiðurssæti í höllum tiginna höfðingja, því að þeir kunnu að lypta minningu ágætra afreksverka yfir lönd og lýði, svo að leiðarljós þeirra mætti skína á æfibrautir komandi kynslóða og hvetja þær til atorku.

Þetta eru þá, í fám orðum, aðaldrættirnir í hugsjónamynd þeirri, er kveðskapur víkingaaldanna lætur oss í té, og hefi eg hér einkum stuðst við sannkenningar skáldanna. Meðal þeirra ber langmest á einkunnum, er snerta hreysti og hugprýði; þau orð eru flest tvöfaldrar merkingar: benda jafnt til sálarelju — framlyndis og viljafesti — sem til líkamlegs harðfengis. Einmitt þetta, að slík tvíleit orkuheiti falla skáldunum helzt í stuðla, sýnir bezt, hver séreinkenni hetjuhugsjónarinnar almenningi þóttu mestu varða. Það er hreystin, eða með öðrum orðum frábært áræði, er styðst við öfluga líkamsatgjörvi. Maður finnur naumast til þess, að kveðskapurinn forni er svo að segja gjörsneyddur beinum líkamslýsingum, því að sannkenningavalið er þannig vaxið, að á bak við það vaka lesandanum sí og æ fyrir hugskotssjónum hin bjartleitu, herðibreiðu og harðgreipu hetjulíki.

Þá lýsir sér eigi síður dálæti fornmanna á líkamsatgjörvinni í sögum vorum. Í mannlýsingum þeirra skipa þessar einkunnir öndvegið: »mikill ok

sterkr, vænn, fríðr sýnum, íþróttamaðr mikill, vopnfimr«, og önnur sviplík heiti. Það má svo að orði kveða, að eigi séu svo stuttar mannlýsingar, er til lofs viti, að þess kyns orða sé með öllu vant. Vitsmuna- og skapferliseinkennin eru vanalega talin síðar. Þegar ræða er um dálætishetjur sagnanna, láta höfundarnir sér ekki nægja að greina þannig með almennum orðum frá líkamsatgjörvi þeirra, heldur eru þeir nákvæmari hverjum líkneskjumeistara í því, að bregða mönnum fyrir sjónir hinu sanna gervi þeirra með öllum séreðliseinkennum þess og almennu drættum; þær standa að lokum eins og lifandi fyrir augum lesandans í allri sinni prúðmannlegu fegurð. Sem dæmi þess má benda á lýsingu Njálssögu á Gunnari frá Hlíðarenda:

»Hann var mikill maður vexti og sterkur og allra manna bezt vígur. Hann hjó báðum höndum og skaut, ef hann vildi; og hann vó svo skjótt með sverði, að þrjú þóttu á lopti að sjá. Hann skaut manna bezt af boga og hæfði alt það, er hann skaut til. Hann hljóp meira en hæð sína með öllum herklæðum og eigi skemmra aptur en fram fyrir sig. Hann var syndur sem selur, og eigi var sá leikur, að nokkur þyrfti við hann að keppa, og hefur svo verið sagt, að engi væri hans jafningi. Hann var vænn að yfirliti og ljóslitaður — rétt nefið og hafið upp framanvert — bláeygur og snareygur og rjóður í kinnum; hárið mikið, gult, og fór vel; manna var hann kurteisastur, harðger í öllu, ráðhollur og góðgjarn, mildur og stiltur vel, vinfastur og vinavandur«.

Um þessa frábæru afburðamenn, er sagnaritararnir lýsa þannig með mestu nákvæmni, hafa þeir margt og mikið til frásagna. En aldrei lætur þeim betur listin, en þegar þeim verður tilrætt um frábært þrek og harðræði, eða óskeikula trygð og drenglyndi. Það var maður að þeirra skapi Jómsvíkingurinn, er

gjörir á dauðastund sinni vísindalegar tilraunir til fróðleiks þeim, er eptir lifðu: »Dálk hef eg hér í hendi mér«, kvað hann er hann var leiddur til höggs, »og mun eg stinga honum í jörðina, ef eg veit til mín þá af er höfuðið«. Eða Snorri Þorbrandsson; hann sezt til borðs með örvarodd í kokinu eins og ekkert sé um að vera, og er mönnum þykir honum seint vinnast átið og spyrja, hverju það sæti, svarar hann kýminn: »Tregt er lömbunum um át þá er þau eru nýkefld!« Eptir Stiklastaðaorustu reikar Þormóður Kolbrúnarskáld um með spjótsodd í hjarta stað, vinnur særðum mönnum björg og heldur á lopti hreystiorði félaga sinna. Loks rykkir hann út vopninu og sitja hvítar tægjur á krókunum. »Feitt er oss enn um hjartaræturnar; vel hefur konungur alið oss«, kvað hann og hné dauður niður. Þannig mætti lengi dæmin rekja, og mundu seint öll talin.

Enn þá hærra kveður þó við lofgjörð líkamsatgjörvinnar í fornheiðnum sögusögnum, bæði hjá Saxa og í Fornaldarsögum Norðurlanda. Ber þar mjög á þeirri viðleitni, að etja saman ýmsum köppum, lopt og einatt af handahófi, og láta þá þreyta afl og fimleika. Enda keyra afrek þeirra eigi allsjaldan langt fram úr því, er ætla má nokkrum menskum mætti. Skjöldur Danakonungur er enn barn að aldri, er hann fæst við skógarbjörn og bindur hann með linda sínum. Öll sverð hrökkva sundur í hendi Ubba hins sterka jafnskjótt sem hann bregður þeim, nema hjör sá hinn mikli, er faðir hans hafði borið, og svo er breið bringa hans, að hún sprengir af sér hverja brynju. Hrólfur kraki hefur tólf konunga afl, og þeir einir eru hlutgengir í kappasveit hans, er hefja mega stein einn af jörðu, er stendur fyrir hallardyr-

um hans; en sá var tólf manna tak, þeirra er meðalsterkir voru. Á unga aldri rykkir Án bogsveigir upp með rótum tré einu miklu, er hann fyrir breka sakir hafði verið bundinn við, og arkar á stað með það á bakinu. Í þessum ýkjum sagnaskáldskaparins lýsir sér eigi sízt dálæti þjóðarandans á hetjuatgjörvinni; öldum saman hafði hann leitað sér yndis og eptirlætis með því að sökkva sér niður í endurminningar fornra afreksverka, og smátt og smátt hafði hann lypt þeim, er þau frömdu, jafnhátt djörfustu hugsjónadraumum sínum, ofar öllum veruleika. Enda er það altítt um þessar sagnir, að ýmsra töframeðala er neytt til þess að þagga niður efagirni manna (sbr. frásagnir um afldrykk, t. d. bjarnarblóð, aflglófa o. s. frv.).

Þannig er því þá háttað um mannlýsingar fornbókmenta vorra, jafnt hjá skáldum sem sagnariturum, að enda þótt opt sé vikið á andlega atgjörvi, þá sitja þó hreysti og fimleikar í fyrirrúminu. Ekki svo að skilja, að fornmenn skorti skyn á gildi kunnáttu og hygginda á hinum ýmsu sviðum mannlífsins. Því fer fjarri.

Mikit er á mann vant,
vant er mannvits er,

segir í Hamðismálum. Og mjög halda Hávamál á lopti gildi góðra vitsmuna:

Byrði betri
berrat maðr brautu at
en sé mannvit mikit.

Eða:

Óbrigðra vin
fær aldrigi
en mannvit mikit.

»Spakir« menn eru í hávegum hafðir, og virðingin fyrir skáldskap og sagnalist gengur lotningu næst. Gagntekinn af alvöruþrungnum eldmóði nefnir Egill skáldgáfu sína »vammi firða íþrótt«, er guðirnir hafi sér gefna; hún er honum mest raunabót. Hitt er heldur, að mannlýsingar bókmentanna eru miðaðar við krófur daglega lífsins; þeim verður tíðræddast um þá eiginleika, er mest reyndi á í lífsbaráttunni og stóðu því almenningi fyrir hugskotssjónum sem öruggust sjálfsvarnarvopn. Sálargáfurnar urðu að hvíla á traustum grundvelli harðfengis og hreysti, ef þær áttu að geta notið sín. Þær eru af alþýðu manna taldar fullnaðaruppbót hreystinnar, í meðallagi nauðsynlegar almenningi, á háu stigi þeim einum, er öndvegisstöðu áttu að gegna í þjóðfélaginu, svo sem lögmönnum, konungum og herforingjum. Skáldið er í heiðri haft sakir þess, að list hans miðar til að halda á lopti minningunni um drengilegar framkvæmdir og kveikja afreksþrá í sálum æskulýðsins. Vitsmunir tiginborinna manna eru metnir helzt að því, er til herkænsku kemur. Hin almenna grundvallarkrafa, sem hver og einn leitaðist við að fullnægja af fremsta megni, hafði því að markmiði sem fullkomnast líkamsatgjörvi: fimleik, afl og áræði.

Á þeim eiginleikum þurfti bóndinn að halda til varnar búi sínu og til atorkusamlegra aðfanga.

Um þá spurði fremstra orða hver fyrirliði, er vanda vildi sveit sína, jafnt víkingaforinginn, er bjóst að halda í hernað, sem konungurinn, er hann kaus sér menn til hirðvistar.

Áræðismönnum einum
hygg þar undir felisk

skyli sá hinn skilvísi,
þeim er í skjöld höggva,

kveður Þorbjörn hornklofi um Harald hárfagra, og í Egilssögu er kveðið svo að orði: »Þeir einir náðu hirðvist með Haraldi konungi, er afreksmenn voru að afli og hreysti«. Það atriði fornra sagna, að gesti sem gengur í konungshöll og beiðist vistar er vísað til sætis með þeim ummælum, að hann skuli kippa upp manni og ryðja sér svo til rúms, á eflaust rót sína að rekja til íþróttarauna, er títt var að leggja fyrir menn, áður þeir voru taldir hlutgengir í sveit með höfðingjum.

Um sömu eiginleika spurðu og gjafvaxta meyjar af tignum ættum, áður en þær fólust manni á hendur til æfilangrar forsjár og varnaðar. »Kvenþjóðin forna lét ekki svo mjög hrífast af fegurð karlmannanna sem af fræknleik þeirra og afreksorði«, segir Saxi.

Signý Sigarsdóttir kveður um biðla sína tvo:

Mér býðst ver
vaskur og frækn,
og annar með litu ljósa.
Dýrust fegurð
fölnar bráðla,
en afrek aldrigi fyrnast.

Vískvendið Goðvör, er Fróði friðgóði sendir með fríðu föruneyti á fund Húnakonungs að biðja dóttur hans sér til handa, getur loks snúið huga meyjarinnar til ráðahagsins með því að segja henni margt um fræknleik konungs og karlmensku; kvað hún hann íþróttamann með afburðum, syndan allra manna bezt og jafnvígan báðum höndum. Og hvern rekur eigi minni til deilu þeirra Brynhildar og Guðrúnar, er þær þógu hadda sína. Hvor um sig þóttist þeim manni gipt, er riðið hefði vafurlogann, og því til þess kjörin að standa ofar við ána, svo að eigi rynni vatn í höfuð

henni úr hári þeirrar konu, er ófræknari ætti manninn. Einkennilega er þessum hugsunarhætti fornkvenna lýst í þjóðsögunni gömlu um Æsu hina fögru. Eitt vor komu tveir menn þess erindis að biðja hennar sér til handa, Eyvindur skinnhöll og Ásmundur Ákason. Hún kveðst munu taka þeim, er sýna megi fegri hendur að hausti. Á tilteknum tíma vitja báðir meyjarmálanna. Hafði Eyvindur lifað um sumarið í sæld og kyrsæti, jafnan borið glófa og hirt sem bezt hendur sínar; enda voru þær nú mjallahvítar og mjúkar viðkomu. En Ásmundur hafði legið í víkingu og barizt djarflega til fjár og frama; voru hendur hans óróttar og harla dökkar af blóði og vopnabiti; en er hann vatt skikkjunni af öxmum sér, voru þeir hlaðnir hringum gulls til axla. »Það mun mitt atkvæði«, mælti konungsdóttir, »að Ásmundar hendur séu fegri með öllu saman, því að mannlega hafa þær aflað, og þarftu, Eyvindur, að lypta glófunum, áður þú aflar slíks«.

Og þá þótti eigi síður fræknum köppum það mestu varða, að fyrirliði þeirra væri afburðamaður að afli og íþróttum; að öðrum kosti gátu þeir ekki dáð hann, elskað hann né virt, hversu ættstór, örlátur og vitur sem hann annars var. Fyrirmaður í orðsins fylstu merkingu var sá einn talinn, er sameinaði hvorttveggja, andlega og líkamlega afburði, svo sem kveðið er í Sigrdrífumálum:

> Vits og vápna
> vant er jöfri at fáa,
> þeim er skal fremstr með firum.

Ólafur konungur helgi var »kappsamur í leikum og vildi fyrir vera öllum öðrum, sem vera átti fyrir tignar sakir og burða«. Og enn skýrar kemur þetta fram í orðasennu Sigurðar konungs Jórsalafara og Eysteins bróður hans. Sigurður, er í anda og atferli var samborinn bróðir fornhetjanna, þótt hann lifði hundrað árum eptir lok víkingaaldarinnar, kemst

meðal annars svo að orði: »Þess þykir mikill munur, að það er höfðinglegra að sá, er yfirmaður skal vera annara manna, sé mikill í flokki, sterkur og vopnfær betur en aðrir menn og auðsær og auðkendur, þá er flestir eru saman«.

Í stuttu máli: *hreystinni* þóttust menn eiga mest traust sitt undir í lífsbaráttunni, og því var hún *ríkasta atriðið í manngildishugsjóninni*, án þess þó að vizkunni væru nokkur vanmet sýnd. Enda ber þess að gæta, að vitsmunir þeir og kunnátta, er helzt máttu í hag koma í hinu næsta ómargbrotna menningarlífi þeirra alda, var þess eðlis, er auðunnust er samfara heilnæmu líkamsuppeldi og af reynsluforða mannraunaríks æfiferils, en ekki af vörum kennara í uppvextinum. Alt bar því að þeim brunni, að tillitið til líkamsþroskans — er svo aptur studdi vöxt og viðgang hinnar andlegu atgjörvi — hlaut að ráða mestu um uppeldisfar fornmanna.

II. Í æsku.

Í þeim kafla, er hér fer á eptir, mun eg leitast við að lýsa í aðalatriðum uppeldi ungra sveina, einkum að því er til líkamsatgjörvinnar kemur. Auðvitað skipti mjög í tvo horn um það, jafnt í fornöld sem endra nær, hversu vel foreldrar mönnuðu börn sín; það hlaut að fara eptir efnum þeirra og ástæðum, hugsunarhætti og viljaþreki. En sú meginregla, er hver umhyggjusamur faðir leitaðist við að fylgja af fremsta megni, kemur bezt í ljós í uppeldisfari heldri manna barna. Því mun eg einkum hafa það fyrir augum.

Fyrst framan af, meðan börnin eru lítt stálpuð og geta ekki farið einförum utan bæjar, eru þau undir umsjón móður sinnar eða barnfóstru. Leikur þeirra á því aldursskeiði er óljós viðleitni, sprottin af náttúruhvötum, til þess að reyna að átta sig á hinni spánnýju tilveru, sem þau eru komin inn í. Og fullorðna fólkið leitast við að leiðbeina þeim í rannsóknunum, meðal annars með því að fá þeim margvísleg leikföng í hendur, er verða til að vekja skilning þeirra á eðli hlutanna, líkt og á sér stað á öllum tímum. Vér sjáum þau trítla um gólfið og elta gullhringa á röndum. Svo er um börn Siggeirs konungs í Völsungasögu. Þjóðsaga ein forn lætur Egil Skallagrímsson yrkja vísu þrevetran, og voru honum þá gefin að bragarlaunum andaregg og kuðungar, til þess að leika sér að. Víga-Glúmssaga segir frá því, að sveinar tveir, Steinólfur og Arngrímur, annar fjögra en hinn sex vetra, leika sér á gólfi að látúnshestum; þykist Arngrímur vaxinn upp úr slíkum barnaskap, og gefur því Steinólfi hest sinn. Króka-Refur er látinn hafa sér að gamni, að smíða smáskip eptir leikfangi austmannssonar, er dvaldi honum samtíða vetrarlangt. Af orðtökunum »að snúast á hæli sem skaptkringla«, og »veifa e-u um sig sem hreytispeldi«, má ráða, að mjög snemma hafi til verið á Íslandi leikföng þau, er nú nefnast »snarkringla« (eða »skopparakringla«) og »þeytispjald«. Í Flateyjarbók er getið um »að gera hrúta á fingrum sér«; er það eitt dæmi hinna mörgu smáleika, er fullorðnir skemtu börnum með á þessu reki.

Eptir því sem börnunum vex vit og þroski, taka þau að stæla orð og athafnir fullorðna fólksins á marga lund. Leikar þeirra verða eins konar smágervismyndir af

þeim starfsháttum, siðum og hugsjónum, sem þau alast upp við. Tilfæringarnar eru einatt næsta ófullkomnar. En hið fjöruga ímyndunarafl barnssálarinnar breiðir yfir brestina. Það er hverjum töframeistara meira. Því verður ekki mikið fyrir að gjöra smápoll að útsænum, hefilspón að hafskipi, hálmstrá að prúðbúinni hetju, smásteinaraðir að reisulegum híbýlum. Og skapferliseinkenni barnanna lýsa sér einatt í leikvalinu; hver stælir þau störf og atvik, er honum finst mest um. Búmannsefnið leikur bóndann, gjörir sér bæ og hirðir hjarðir sínar, víkingsefnið dregur far á flot og siglir landa á milli. Leikir þessir eru að vísu framdir í gamni, en miða þó ósjálfrátt til annars meira en augnabliks eptirlætis. Þeir eru börnunum uppeldisskóli undir störf fullorðinsáranna; þeir eru hvorttveggja senn: eptirmyndir af lífinu og undirbúningur undir lífið.

Laxdæla getur um ungan svein, Ólaf Þórðarson á Marbæli, er situr úti í haga og byggir sér hús úr steinum »sem börnum er títt«.

Hrútur Herjólfsson úr Laxárdal átti í málaferlum við Mörð gigju út af eigum konu sinnar Unnar, er hlaupið hafði frá honum og sagt skilið við hann. Stefndi Mörður honum af konunni og fénu, en Hrútur skoraði Mörð á hólm. Hann var tekinn að eldast og þorði því ekki að ráða til hólmgöngu við Hrút, er var afburðamaður að afli og fimleik. Á heimleiðinni kom Hrútur við á Lundi í Reykjadal, og var Höskuldur bróðir hans í för með honum. Sveinar tveir léku á gólfi, og mær ein hjá þeim. Alt í einu taka sveinarnir að gjörast allháværir. »Eg skal þér Mörður vera«, kvað annar, »og stefni eg þér af konunni; finn eg þér það til foráttu, að þú máttir eigi þýðast ástir hennar«. »Eg skal þér Hrútur vera« kvað hinn; »tel eg þig af allri fjárheimtunni, ef þú þorir eigi að berjast við mig«. En mærin stóð hjá alvarleg í bragði og þóttist vera Unnur. Gerðist þá hlátur mikill af heimamönnum. Höskuldur brást

reiður við og laust sveininn þann, er Mörður nefndist, í andlitið með sprota, svo að sprakk fyrir, — »verð úti héðan og drag eigi spott að oss«. En Hrútur kallaði hann til sín, dró fingurgull af hendi sér, gaf honum og mælti: »Far í braut og leita á engan þann síðan«. Sveininn fór í braut og mælti: »Þínum drengskap skal eg við bregða æ síðan«. — Frá því er sagt í Eyrbyggju að einn dag, er áverkar höfðu orðið með mönnum á samkomu við Fróðárósa, rann ungur sveinn, Kjartan að nafni, launsonur Björns Breiðvíkingakappa, með öxi litla í hendi að blóðtjörn nokkurri og laugaði öxina í blóðinu. Honum þótti það hermannlegra sveininum að hafa blóð á vopni sínu.

Einkennilega sögu þess efnis, hversu framtíðardraumar ungra sveina endurspeglast í leikum þeirra, segir Snorri í Heimskringlu, um hálfbræður Ólafs konungs helga:

Einn dag, er konungur var á veizlu með Ástu móður sinni, reikuðu þau úti og komu að tjörn nokkurri. Þar voru fyrir sveinarnir og léku leikum sínum. Guttormur og Hálfdan höfðu gjört sér bæi stóra og kornhlöður og höfðu fjölda búfénaðar; »það var leikur þeirra«. Skamt þaðan frá við tjörnina, í leirvík nokkurri, var Haraldur og hafði þar tréspæni marga, er flutu með landi fram. Konungur spurði hann, hvað það skyldi. Hann kvað það vera herskip sín. Þá hló konungur að og mælti: »Vera kann frændi að þar komi, að þú ráðir fyrir skipum«. Þá kallaði hann á hina sveinana og spurði Guttorm: »Hvað vildir þú flest eiga, frændi?« »Akra«, segir hann. »Hversu víða akra mundir þú eiga vilja?« Sveininn svarar: »Það vildi eg að nesið þetta, er út gengur í vatnið, væri alt sáð hvert sumar«. En þar stóðu 10 bæir. Konungur svarar: »Mikið korn mætti þar á standa«. Þá spurði hann Hálfdan, hvað hann vildi flest eiga. »Kýr«, segir hann. »Hversu margar vildir þú kýr eiga?« Hálfdan segir: »Þá er þær gengi til vatns skyldu þær standa sem þykst umhverfis vatnið«. Konungur svarar: »Bú stór viljið þið eiga; það er líkt föður ykkar«. Þá spyr konungur Harald: »Hvað vildir þú flest eiga?« »Húskarla«, segir hann. Konungur mælti:

»Hve marga viltu þá eiga?« »Það vildi eg, að þeir æti að einu máli kýr Hálfdanar bróður míns«. Konungur hló að og mælti til Ástu: »Hér muntu konung upp fæða, móðir«. Og spáin rættist. Þessi sveinn var Haraldur, er síðar varð konungur yfir Noregi og kallaður var hinn harðráði. — Sviplík saga er sögð frá 12. öld um barnleika þeirra Guðmundar góða og Ögmundar Þorvarðssonar. Þeir höfðu margt ungmenna með sér í æsku, og ávalt fór svo að lokum um leika þeirra, hvað sem til var tekið, »að Guðmundi var ger mítra og bagall og messuföt, kirkja og altari og skyldi hann vera biskup ávalt í leikum þeirra, en Ögmundi var ger öx og skjöldur og vopn og skyldi hann vera hermaður. Þótti þetta verið hafa fyrirspá mikil, því að svo kom fram um hvorn þeirra, sem leikurinn sagði til: Guðmundur varð biskup, en Ögmundur höfðingi mikill og hin vígfimasta hetja.

Margt var það í daglega lífinu, er vel var til þess fallið að glæða þroskametnað sveinsins og beina honum helzt í herskaparáttina. Í dyngjunni sátu konur og meyjar að hannyrðum og ræddu löngum með hlýrri aðdáun um afreksverk frábærra atorkumanna; þær ófu eða litsaumuðu myndir af þeim í tjöld, er skreyta skyldu ríkmannlega veizlusali, í fána, er blakta skyldu í broddi fylkingar fyrir sigursælum hersveitum, eða í segl, er víðförlir víkingar undu við hún á drekum sínum. Guðrún Gjúkadóttir kveður:

Sat ek með Þóru
sjau misseri
dóttur Hákonar
í Danmörku;
hún mér at gamni
gullbókaði
sali suðræna
ok svani danska.

Höfðum á skriptum
þat er skatar léku

ok á hannyrðum
hilmis þegna,
randir rauðar,
rekka búna,
hjördrótt, hjalmdrótt,
hilmis fylgju.

Skip Sigmundar
skriðu frá landi,
gyldar grímur,
grafnir stafnar,
byrðum á borða
at börðusk þeir
Sigarr ok Siggeirr
suðr á Fjóni.

Drengurinn stóð þá einatt við kné móður sinnar og horfði á, hvernig »leikur kappanna« varð að myndum á dúkunum. Hún segir honum sögur af þeim, og hann hlýðir á af alhuga. Brjóst hans svellur af aðdáun, og inst í hugskoti hans tekur það heit að vaka fyrir honum, þótt óljóst sé: »Einnig um mig skulu óbornar aldir kunna frægilegar frásagnir«. — Stundum verður honum reikað til smiðjunnar, þar sem svipir fortíðarinnar svífa yfir dyngjum af ryðguðum sverðum og rofnum skjöldum, og þar sem nýsmíðuð vopn benda fram á við til óframinna afreksverka. Innan um þenna blending af fortíð og framtíð stendur smiðurinn, með hrímgað andlit og stælta vöðva; hann lætur hamar sinn dynja á járninu, eða hann er önnum kafinn að draga skraut á smíðisgripi sína; íbyggginn á svip raular hann fyrir munni sér erindi úr fornum hetjuljóðum, eða hann rifjar upp endurminningar sjálfs sín — líkt og sagt er frá um smiðinn í Landnámu:

Bar ek einn
af ellifu
banaorð.
Blástu meir!

»Frá mörgu mundu vopn þessi hin gömlu kunna að segja, ef þau mættu mæla«, hugsar sveinninn með sér. Hálfhikandi þokar hann sér nær smiðnum; honum líst hann þungbrýnn og eigi líklegur til mærðarhjals. Honum verður starsýnt á sverðshjölt ein mikil, er þar liggja á smíðabekknum, og getur ekki að sér gjört að spyrja: »Hver mun átt hafa sverð það hið mikla?« »Láttu kyrt; það kemur ekki kögursveinum við!« anzar smiðurinn byrstur. En um leið verður honum litið á andlit sveinsins; það lýsir svo einlægri aðdáun og fróðleikslöngun, að honum gengst hugur við, og þykist hann hafa talað helzt til stygglega. Hann lætur því ekki þar við lenda, að veita sveininum stutt svör, heldur innir hann honum alt af létta um sögu Tyrfings, sverðsins fræga, er dvergar smíðuðu í árdaga, og síðan fylgdi vöskum köppum víða um lönd — »það bar Angantýr hinn frækni á herferðum sínum öllum; var það lagt í haug með honum í Sámseyju, er hann hné fyrir Hjálmari hugumstóra; en dóttir Angantýs, Hervör valkyrja, sótti það í haug til föður síns og óð til kumbleldana; gaf hún það síðan syni sínum Heiðreki konungi hinum spaka«. En naumast hefur smiðurinn lokið sögu sinni, er sveinninn hefur aðra spurningu á hraðbergi: »Hvað þýða myndir þær, er dregnar eru á skjöld þann hinn forna?« »Ófróður er sá, er einskis spyr«, svarar smiðurinn, og nú segir hann sveininum frá falli Jónakurssona í höll Jörmunreks, frá Hjaðningavígum og fleiri sögum, er málaðar voru á skjöldinn.

Þá gafst sveininum eigi síður kostur á að sjá margt og heyra í höllinni, þegar hún var altjölduð glitofnum dúkum og vopnum skrýdd um endilanga veggi. Þar sátu menn að veizlum og »dæmdu um vopn og vígrisni«. Rak þá löngum hver sagan aðra. Farmenn og víkingar, er nýkomnir voru heim úr leiðangri, skemtu með tíðindum frá ferðum sínum. Þar kváðu skáldin kvæði sín í heyranda hljóði. Þar sátu sagnfróðir menn og lágu ekki á liði sínu, er til-rætt varð um dáð og drengskap framliðinna afreks-manna.

Eða sveinninn var staddur á alþýðlegum manna-mótum, þingum eða skemtisamkomum, heyrði greint frá markverðum tíðindum, sá glæsilegar sveitir vopn-aðra manna og skip liggja skrautbúin fyrir landi.

Öll þessi ytri prýði, hið fjöruga þjóðlíf og hinar atburðaríku frásagnir, er sí og æ hljómuðu fyrir eyr-um sveinsins, hlutu að hafa djúptæk og afdrifamikil áhrif á sálarlíf hans. Sjálfstæðishvötin stælist, ímynd-unaraflið kemst á ferð og flug.

»Hver veit nema ek verða
víða frægr of síðir«,

kveður við í sálu hans. Hann dreymir inn í töfra-heim frásagnanna, og hann þráir af alhuga uppfyll-ing draumanna. Hann sér sig í anda gnæfa hátt í lyptingu á borðfögru fleyi, vel búinn að vopnum og klæðum; vindurinn þenur hin stöfuðu segl og flytur »vonglaða vera« fram til sigurs og sæmda. Þetta lýsir sér glögt í barnæsku Egils Skallagrímssonar. Hann kveður:

Þat mælti mín móðir,
at mér skyldi kaupa

fley ok fagrar árar,
fara á hring með víkingum;
standa upp í stafni,
stýra dýrum knerri,
halda svá til hafnar,
höggva mann ok annan.

Þessa framalöngun, er þannig kviknaði í brjósti sveinsins, létu foreldrar sér ant um að efla og glæða á allar lundir. Eptir að hann var kominn allvel á legg, vöruðust menn að hefta sjálfræði hans meira en brýna nauðsyn bar til; hann varð að venjast við að kunna fótum sínum forráð og kenna sjálfum sér afleiðingarnar af gjörðum sínum. Það þótti miklu skipta, að hann hefðist sem mest við undir beru lopti, rækti líkamsfjör sitt og yki metnað sinn í samkepni við jafnaldra sína. Leikbræður mátti hann velja sér að sínu skapi. Tiginbornir og jafnvel þrælbornir sveinar leika saman barnleikum. Á heimilum höfðingja og stórbænda var sjaldan hörgull á leikbræðrum. Um Kveld-Úlf er mælt, að hann valdi mjög menn til vistar með sér og tamdi þá eptir sínu skapferli, við aflraunir og snarræði; var því sonum hans gott til röskra leikfélaga í æsku »bæði leysingja og annara«, er upp óxu með þeim; gjörðust þeir margir »afreksmenn miklir að afli«. Og eigi var Skallagrímur eptirbátur föður síns í þessu efni. Hann »hendi mikið gaman að aflraunum og leikum; um það þótti honum gott að ræða«. Enda sjáum vér, að hann gekk enn sjálfur til knattleika með sonum sínum og ungum mönnum úr nágrenninu er hann var tekinn að gjörast hniginn að aldri.

Væri hörgull á leikbræðrum, leituðust forráðamenn sveinanna við að ráða bót á því, t. d. með

því að gefa þeim sem tíðast kost á að koma saman við sveina úr nágrenninu. Þeir voru »sendir í leik með öðrum ungmennum« til þess að temja sér íþróttir, eins og komist er að orði í fornum sögum. Þá er menn tóku sveina til fósturs á heimili sitt, eða létu öðrum eptir sonu sína til uppfæðslu, vakti það einatt fyrir þeim ásamt fleiru, að sjá líkamsþroska þeirra borgið í samleik við jafnaldra ungmenni. Mestu hlaut þó föðurnum að þykja um varða atgjörvi, virðing og skapferli þess manns, er honum bauð barnfóstur. Svo mikinn trúnað gat hann ógjarna átt undir öðrum en góðum og dugandi dreng. Reynslan hafði sýnt, að »fjórðungi bregður til fósturs«. Og því fer fjarri, að talsháttur inn »sá er ótignari, er öðrum fóstrar barn«, og hitt, að fóstursiðurinn tíðkaðist svo mjög á Norðurlöndum, bendi til hirðuleysis hjá fornmönnum um að vanda börnum sínum undirbúning undir fullorðinsárin með góðu uppeldi. Hitt er heldur, að orðtak þetta á rót sína í einlægri viðleitni í þá átt, enda á það sem almenn regla að eins við æðstu stétt þjóðfélagsins. Tignir menn, svo sem konungar og fyrirliðar, héldu sjaldnast kyrru fyrir; líf þeirra var órólegra og umsvifameira en svo, að þeim væri unt að annast sjálfir uppeldi sona sinna að staðaldri. Þess vegna fólu þeir sveinana til uppfósturs trúnaðarmönnum sínum, vinum eða frændum, er sátu í kyrsæti og leggja máttu fulla stund á þroska þeirra. Sem dæmi þess má nefna, að Hálfdan svarti er alinn upp af Ölvi hinum spaka, Eiríkur blóðöx af Þóri Hróaldssyni, Guðröður ljómi af Þjóðólfi skáldi í Hvini, Eiríkur Hákonarson af Þorleifi spaka, Rögnvaldur jarl af Þorgný lögmanni o. s. frv. Það eru beztu og vitrustu mennirnir, sem til þessa starfa eru kjörnir,

og sýnir það atriði skýran skilning fornmanna á því, hversu mjög var undir komið, að vel væri vandað til uppeldisins. Hér á landi koma fósturboð tíðast fyrir sem vináttumerki eða frændsemisbrögð manna, er jafnræði var með. Hitt er sjaldgæfara, að óróaseggir eða smábændur, er sækjast eptir að fóstra göfugra manna börn í því skyni að afla sér halds og trausts, fái vilja sínum framgengt.

Til þessa siðar eiga fóstbræðralögin frægu, er svo mjög koma við sögur á víkingaöldinni, ætt sína að rekja, eins og nafnið bendir til. Margir þeirra sveina, er upp ólust saman, bundu með sér órjúfandi vináttu og styrktu hver annan til framaverka meðan fjörið vanst. Stundum treystu þeir enn meir þetta heit með sérstakri helgiathöfn og eiðum. Hins vegar var það líka altítt, að menn, er kyntust fyrst á fullorðinsárum, stofnuðu með sér eiðbundið bræðralag, og nefndust þeir ýmist fóstbræður eða eiðbræður.

Það er hvorttveggja að menningarlíf fornmanna var ekki margbrotið, enda fór námsgreinafjöldi æskulýðsins eptir því. Líkamsíþróttir voru aðalbarnalærdómurinn. Andlega fræðslan var sjaldan í öðru fólgin en því, að leiða unglingunum fyrir sjónir í viðtali, þegar gott tóm gafst, lífsspeki og lífsreynslu feðranna; þeim voru kendar frásagnir um goðin og þýðingu þeirra fyrir mannlífið, en þó einkum sögur og ljóð um hraustar og göfugar hetjur. Þess er eigi allsjaldan getið í sögum vor Íslendinga, að drengir stunduðu laganám þegar í æsku; og svipað mun hafa átt sér stað annars staðar á Norðurlöndum, einkum meðan landsstjórn var svo háttað, að alþýða manna hafði álíka víðtæka hluttöku í dómum og löggjöf. Flestir munu þó hafa látið sér nægja þá lagaþekkingu, er þeir öðluðust

með því að vera viðstaddir á þingum, hlýða á er lögin voru sögð upp í heyranda hljóði og fylgja því með athygli, hvernig lögunum var beitt í málarekstri manna. Í þá daga var ekki um neina skóla að ræða í nútíðarskilningi, enga uppeldisfræði, er vísindamenn hefðu vegið og metið á hárfínar rökfræðisvogir. En það vakti skýrt fyrir mönnum til forna — jafnvel enn skýrar en nú — að lífið sjálft er bezti skólinn. Ef maður því á að tala um nokkra meginreglu í uppeldisháttum fornmanna, þá er hún sú, að þeir gjörðu sér alt far um að vekja sem fyrst athyggju sveinanna á lífinu eins og það bærðist umhverfis þá, gefa þeim sem bezt tækifæri á að kynnast því og efla metnaðarþrá þeirra, að verða sem fyrst sjálfstæðir menn, er vissu fótum sínum forráð og kynnu að taka traustum tökum á baráttunni. Þess vegna létu feðurnir sér ant um að hafa sonu sína sem optast með sér til mannamóta, til þess svo að segja að koma þeim þegar frá barnæsku í samband við slagæðar þjóðlífsins. Enda höfðu t. d. þingfarir ungmenna marga aðra andlega fræðslu í för með sér en lögspeki eina saman, svo sem nána þekkingu á þjóðlífinu yfirleitt og sagnafróðleik. Má í því efni sérstaklega minnast alþingis Íslendinga, er var einhver helzta gróðrarstöð sagnafróðleiks feðra vorra. Gott dæmi þess er saga sú, er hér skal greina:

Eitt haust kom ungur maður íslenzkur, frálegur en félaus, til Haralds konungs harðráða og baðst veturvistar. Konungur inti að um íþróttir hans. Hann lézt kunna sögur. Konungur mælti: »Eg mun taka við þér, svo að þú skalt vera með hirð minni í vetur, og skemta ávalt, er menn vilja, hver sem þig biður«. Og svo gerði hann. Varð hann skjótt vinsæll af hirðmönnum, og gáfu þeir honum klæði, en konungur sjálfur gaf honum gott vopn í

hönd sér. Leið nú svo fram til jóla. Þá ógladdist Íslendingur. Konungur fann það og spurði, hvað til bæri ógleði hans. Hann kvað koma til mislyndi sitt. »Ekki mun svo vera«, segir konungur, »og mun eg geta til; það er ætlan mín að nú muni uppi sögur þínar, því að þú hefur jafnan skemt hverjum sem beitt hefur í vetur, og löngum bæði nætur og daga. Nú mun þér ilt þykja að þrjóti sögurnar á jólunum«. »Rétt er svo sem þú getur«, segir hann, »sú ein er sagan eptir, er eg þori eigi hér að segja, því að það er útfararsaga yðar«. Konungur mælti: »Sú er og svo sagan, að mér er mest forvitni á að heyra. Skaltu nú ekki skemta framar til jólanna, er menn eru í starfi miklu; en jóladag hinn fyrsta skaltu upp hefja þessa sögu, og segja af spöl nokkurn. Þá eru drykkjur miklar og má sitja skömmum stundum við að hlýða skemtaninni. Mun eg svo stilla til með þér, að jafndrjúg verði sagan og jólin, og ekki mun þú á mér finna meðan þú segir söguna, hvort mér þykir vel eður illa«. Þetta fór svo, að Íslendingur hóf upp söguna jóladaginn fyrsta, og sagði eigi lengi, áður konungur bað hann hætta«. Tóku nú hirðmenn að hnippa hver í annan og kváðu svein þann furðu djarfan að segja konungi sjálfum frá þeim atburðum, er gjörst höfðu í för hans suður í löndum meðan hann sat á kjöltu móður sinnar heima á Íslandi. Þó voru margir, er luku lofsorði á sögnina. Að afliðnum jólum kom konungur að máli við Íslending og mælti: »Er þér eigi forvitni á, hversu mér líkar sagan?« »Hræddur er eg þar um, herra«, segir hann. Konungur mælti: »Mér þykir allvel sögð, og hvergi frá vikið því, sem efni stóð til; eða hver kendi þér?« Hann svarar: »Það var vandi minn úti þar á Íslandi, að eg fór hvert sumar til þings, og nam eg hvert sumar nokkuð af sögunni, er Halldór sagði Snorrason«. »Þá er eigi undarlegt«, segir konungur, »að þú kunnir vel, er þú hefur að honum numið, og heldur mun þessi saga þér að gagni verða. Skaltu með mér velkominn hvern tíma, er þú vilt með mér vera«.

En — eins og áður er bent til — voru íþróttaæfingarnar aðalatriði uppeldisins. Jafnskjótt sem þroski sveinanna leyfði hófst kensla í þeim greinum.

Optast mun faðirinn (eða fósturfaðirinn) hafa annazt hana sjálfur að svo miklu leyti sem tóm gafst til. Á heldri manna heimilum var það altítt, að sveinunum væri settur sérstakur eptirlitsmaður, eða »fóstri«, undir yfirumsjón forráðenda. Til þess var kjörinn maður, er vel væri að sér gjör um vitsmuni og vopnfimi; konungar fólu það starf einhverjum hinna helztu meðal hirðmanna sinna, stórbændur nákomnum ættingja eða trúnaðarþjóni, er frjálsborinn væri eða leysingi. Ætlunarverk þessa manns var eigi sízt það að kenna sveinunum vopnaburð og leika, svo sem bent er til í Njálu, þar sem Sigmundur Lambason segir við Þórð leysingjason, er fóstrað hafði Njálssonu: »Eigi er kynlegt, þótt Skarphéðinn sé hraustur, því að mælt er, að fjórðungi bregði til fósturs«. Auðsætt er að Víga-Glúmur hefur litið meir til karlmensku og fimleika en skapferlis, er hann gjörði Hallvarð leysingja sinn að fóstra Vigfúsar sonar síns. Hrani hinn víðförli, er verið hafði fóstbróðir Haralds grenska og margreyndur var í víkingu, fóstrar son hans Ólaf og fylgir honum 12 vetra gömlum í hernað. Í fornheiðnum sögusögnum bregður þessum sið fyrir eins og í hillingum; þannig kemur Óðinn þar eigi allsjaldan fram í gervi gamals og margkunnandi víkings, er kennir gófugra manna sonum vopnfimi og vígkænsku.

Íþróttanámið var nú fyrst og fremst í því fólgið að temja sér vopnfimi, og voru höfuðgreinar hennar þrjár: *bogaskot, handskot* og *skylmingar*. En jafnframt lögðu menn stund á fjölda annara æfinga, er miðuðu til að gjöra líkamann fiman og sterkan, sálina þrekmikla og snarráða, auk þess sem margar þeirra komu að beinum notum í lífsbaráttunni.

Mönnum duldist ekki, að kjarkur og karlmenska komu sér ætíð vel í hvaða stöðu sem var, jafnt til friðsamlegra starfa sem til hernaðar. — Því miður eru fornbókmentirnar næsta fáorðar um íþróttanám manna í æsku; þær drepa vanalega að eins örsnögt á strengina með svofeldum orðum: »Hann nam í æsku alls kyns íþróttir.« Einna fylst er lýsing Rígsþulu á uppvexti Jarls:

Upp óx þar
Jarl á fletjum,
lind nam at skelfa,
leggja strengi,
hestum ríða,
hundum verpa,
sverðum bregða,
sund at fremja.

Flateyjarbók segir svo frá um Þorkel þurrafrost, að hann fór með sveinana Sigmund Brestisson og Þóri frænda hans til tjarnar nokkurrar og sýndi þeim sundtökin; síðan fylgdi hann þeim í skotbakka og tamdi þá við bogfimi og spjótkast. Um sama atvik er kveðið að orði í Fornmannasögum: »Bóndi var löngum heima um sumarið og kendi þeim skylmingar og skotfimi, sund og aðrar íþróttir; könnuðu þeir það brátt af, að bóndi mundi vera hinn mesti íþróttamaður um alla hluti; hann var og bæði mikill maður og styrkur«. Saxi lýsir svo uppvexti Grams konungs, að »hann lagði hina mestu stund á allar íþróttir, er styrkja og herða líkamann; naut hann að því námi tilsagnar frábærra atgjörvismanna, og fyrir sakir elju sinnar og langvinnra æfinga gjörðist hann að lokum allra manna fimastur við vopnaburð, hvort sem höggva skyldi eða bera af sér tilræði«. Þorgeir

Hávarðsson lærir á unga aldri »að hlífa sér með skildi og vega með vopnum«.

Hversu títt æskumenn í fornöld gjörðu sér um líkamsæfingar, um það ber ljósastan vottinn hin dæmafáa íþróttaatgjörvi, er sögur fara af um norræna menn, jafnt í útlendum ritum sem innlendum. Svo leiknir gátu þeir ekki orðið í listunum, nema af því að þeir ræktu þær af kappi frá blautu barnsbeini. Höfundur Konungsskuggsjár (um 1250) ræður þeim, er verða vill »vel lærður« við vopnaburð, að æfa þann leik eigi sjaldnar en tvisvar á dag, ef hann má því við koma, — »en engan dag lát þú svo allan út ganga, að þú leikir eigi þennan leik einu sinni, nema heilagt sé«. Og víst mun það eigi hafa verið í fyrsta sinn á Norðurlöndum, að synir þágu svofeld heilræði að feðrum sínum. Enda fór því fjarri, að unglingarnir létu sér nægja þær æfingarstundir einar, er fóstrinn fylgdi þeim. Upp á eigin spýtur bylta þeir sér einatt úti á víðavangi frá morgni til kvölds og leika listir sínar. Dag hvern æfa þeir sig í skotfimi. »Tók eg á boga þá er aðrir smásveinar skutu til hæfis«, segir Indriði ilbreiður við Ólaf Tryggvason. Vér sjáum þá iðka sundfarir við sjó fram, eða í ám, vötnum og laugum, glímur og stökk í stofum inni eða á mörkum úti. Þegar snæ leggur í brekkur og ísa á vötn, liðka þeir og herða líkama sinn við skíðafar, skautahlaup og knattleika. Þá kom það og eigi sjaldan fyrir, að björg og hamrar freistuðu ungra manna til að reyna þar fimleik sinn og áræði. Hugprýði var hverjum karlmanni hin mesta metnaðarsök, og var um að gjöra að glæða þann eiginleika þegar frá blautu barnsbeini, því að

»fár er hvatr,
er hrörast tekr,
ef í barnæsku er blauðr«,

svo sem Sigurður Fáfnisbani er látinn kveða að orði.

Opt og tíðum héldu ungir sveinar fjölmenn leikmót, til þess að reyna með sér á margar lundir. Er það ýmist, að þeir stofna sjálfir til þeirra, en stundum standa þau í sambandi við samkomur fullorðna fólksins, svo sem heimboð, hestavíg, þing, knattleikamót o. s. frv.

Í Ynglingasögu segir Snorri frá konungssonum tveimur barnungum, er efldu til sveinaleiks við blótveizlu að Uppsölum, »og skyldi hvor ráða fyrir sínu liði«. Við knattleikamót á Hvítárvöllum, er Skallagrímur stofnaði til, var samankomið margt smásveina »og gerðu þeir sér annan leik«. Frá æskuárum Þorgils örrabeinsstjúps er sögð svo látandi saga, að eitt sinn fór hann til mannamóts. Þar höfðu sveinar margir stofnað til leiks. Þorgils markar sér völl og kvaðst vilja að vera. Sveinarnir sögðust hafa sammælzt á, að sá einn skyldi að leiknum vera, er nokkuru kvikindi hefði að bana orðið. Réðst Þorgils þá frá leiknum, og þótti þó illa, er hann var fráskila ger. En nóttina eptir, þá er hann var heim kominn, vakir hann og hugsar mál sitt; vildi hann fyrir hvern mun verða eigi optar rækur úr leik með öðrum ungmennum. Þar kemur að hann ris úr rekkju, tekur sér spjót í hönd og gengur til hesthúss; leggur hann spjótinu í kvið hesti þeim, er Illingur nefndist, »var það klár einn ókostugur». — Að vísu er þetta skáldsaga, en rétt lýsir hún engu að síður herskaparandanum, er á þeim tímum gagntók menn frá blautu barnsbeini.

Þessi leikmót ungra sveina í stórum stýl, þar sem þeir stældu orustur í ýmsum leikgervum, stuðluðu mjög að því að gjöra þá að hraustum og kænum hermönnum og dugandi drengjum í þjóðfélaginu. Annars vegar efldu þau þrótt og lipurð líkam-

ans; hins vegar glæddu þau eigi all-lítið sálarþroskann með því að temja hverjum og einum snarræði og reglufesti. Þar átti hver síns hlutverks að gæta. Foringjaefnið æfðist að segja fyrir og stjórna heilli sveit manna, liðsmannaefnin kyntust þar hlýðnisskyldunni og allir lærðu að beita kröptum sínum í samhendri einingu.

Eins og kunnugt er orðið, voru fornmenn hestamenn miklir; enda gegnir það ekki furðu þar sem allar landferðir voru farnar ríðandi, ef því varð við komið, jafnt til hernaðar sem í friðsamlegum erindum. Varð því flestum, bæði konum og körlum, svo að segja jafntamt að sitja á hestbaki og handleika tauma, sem að fara á tveimur jafnfljótum. Klaufafengnir reiðmenn urðu að almennu athlægi. Í íslenzkri löggjöf er það talið órækt fábjánamerki að vita eigi, hvernig söðull skal snúa á hesti, og skyldi enginn slíkra manna vera fjár síns ráðandi. Og í þjóðskáldskap Norðurlanda kemur það atvik þráfaldlega fyrir, að ungir menn, er leyna vilja vitsmunum sínum, til þess að forðast aldurtjón af hálfu illra manna, er óttuðust hefndir þeirra á fullorðinsárum, sýna með því heimsku sína að láta sér farast aulalega í reiðförum. Þannig er um Amlet (Amlóða) í fornsögu Saxa, og um Helga föður Hrólfs kraka. Þeir setjast öfugir á bak flókatryppum og halda í taglið í stað tauma. Hneisa var það hverjum svein, er vel var á legg kominn, að detta af baki. Frá æskuárum Ólafs konungs hins helga er sögð sú saga, að eitt sinn reið hann á dýraveiðar og með honum Halldór nokkur Rannveigarson, ættaður úr Sogni. Halldór datt af baki, og er þeir koma heim,

þreyttir og móðir af veiðiförinni, biður Ólafur móður sína færa sér drykk, og kveður:

Fyll horn, kona!
Fell af hesti
Rannveigarson,
er riðu drengir;
kunnu eigi Sygnir
á söðuldýrum
fullvel fara.
Fær mér ok þér!

Gjörðist af þessu hlátur mikill í stofunni.

Það var því sjálfsagður hlutur, að sveinar voru látnir venjast við reiðar, jafnvel áður en þeir voru fyllilega sjálfbjarga á bak. Þó verður varla sagt, að reiðar væru stundaðar beinlínis sem íþrótt, og á það rót sína í því, að hér á Norðurlöndum tíðkaðist aldrei í heiðni að berjast af hestbaki;. menn riðu til orustu, en áttust við á fæti; það er að eins á herförum norrænna víkinga í Vesturlöndum að riddaraorustum bregður fyrir undir lok víkingaaldarinnar. Hitt er engu að síður víst, að mikla þýðingu hafði reiðlistin fyrir líkamsþroska æskumannsins. Hún er honum hugþekt tilefni til útivistar og skemtifara. Aldrei finnur hann betur en á hestbaki unað þess að vera lifandi vera. Fjörið dunar í æðum hans og sálin fyllist eldmóði. Hann er drottinn hins göfuga dýrs, er ber hann traustum fótum yfir grund og hól, en ekki ósjálfráði og aðgjörðalaus eins og sá, er situr í eimlest. Gesturinn svalar glóðheitum kinnunum, og hvössum augum lítur hann við leiðinni. Það er sem fjöll og hlíðar vilji hlaupa í fang honum, þar til þau fleygjast til hliðar og hverfa að baki. Af og til bregður hann upp boga sínum og beinir ör af streng að dýri, er fyrir augun ber. Eða

hann sleppir lausum fálkanum, er á öxl hans situr, og lætur hund sinn henda veiði hans. Mun eg síðar greina mörg dæmi þess, hversu mjög reiðlist var veiðimönnum til gagns og gleði allvíða á Norðurlöndum, þótt lítið eða ekki gætti þess hér á landi.

Eigi hafði það minni þýðingu fyrir sveina, er síðar skyldu gjörast farmenn eður víkingar, að kunna snemma til sjómensku: að knýja árar, haga seglum og halda á stjórnveli. Enda er þess einatt getið, að unglingar færu skemtiferð á sjó fram til æfingar sér og ánægju.

Snemmindis voru sveinunum fengin vopn í hendur til eignar og meðfara, eigi einungis leikföng, heldur regluleg egghvöss orustuvopn. Ljósvetningasaga segir frá því um þá bræður Guðmund ríka og Einar Þveræing í æsku, að einn góðan veðurdag fóru þeir úti með leik sínum; komu þeir þar að, er fóstri Guðmundar — gamall maður og sköllóttur — lá og svaf í sólskininu; settist mý margt á skalla honum, en Guðmundur rakaði á burt með hendi sinni, því að honum þótti sem fóstra sínum mætti mein að verða. Einar var snemma brögðóttur, og þóttist hann eiga karli grátt að gjalda, notaði hann sér auðtrygni bróður síns og kvað honum bezt að raka mýið af með öxi sinni. Guðmundur brá til öxinni, en tókst ekki höndulegar en svo, að hann skar karlskepnuna í skallann, og vaknaði hann við vondan draum. — Ýms fleiri dæmi þess mætti telja, að sveinar báru vopn á allungum aldri. Bera þau vott um það tvent, hversu snemma bar á öflugri sjálfstæðistilfinningu hjá sveinunum, og hversu mjög forráðendur þeirra skirðust við að bæla þá til-

finningu niður með æðrufullri varasemi og smásmuglegu banni.

»Sjálfur leið þú sjálfan þig«. Þessi orð, er höfundur Grógaldurs lætur hina framliðnu móður segja við son sinn, má telja einkunnarorðin að uppeldisstefnu fornmanna. Foreldrarnir létu sveinana að miklu leyti annast sjálfa uppeldi sitt; þeir létu sig mestu skipta að örva framsóknarhvöt þeirra og opna þeim veginn til sjálfmenningar, sumpart með frásögnum um drengilegt dæmi feðranna, sumpart með því að veita þeim sem mest sjálfræði til útivista og íþróttaæfinga, svo að þeir mættu rækja metnað sinn og búa sig undir framtíðarákvörðun sína, »gunni að heyja og glaða örnu«, eða ráða búi við rausn og mannvirðingar.

Þetta tvent, hin göfuga hetjuhugsjón, er gróðursett var þegar á bernskuskeiði í sálum ungmennanna, og hið frjálsa útivistarlíf í æsku, er lét blóðið duna, stælti vöðvana og styrkti hugann, var forskilyrðið fyrir fræknleik og þreki fullorðinsáranna, framadraumar unglingsins og þoranraunir hans skilyrðið fyrir því, að fullorðnu mennirnir gátu haft að orðtaki: »Eg veit eigi, hvað það er, hræðslan!«

Að vísu má búast við því að jafnvel þær sögur vorar, er sannar eru taldar, séu ekki alls kostar lausar við öfgar, þá er ræða er um bráðþroska hetjanna, enda þótt þær láti staðar numið innan vébanda möguleikans. Hversu snemma unglingarnir máttu láta til sín taka um vitsmuni og karlmensku var vinum þeirra og frændum hin viðkvæmasta metnaðarsök. Hlaut því mörgum að hætta þar til hlutdrægni í frásögn sinni. En látum svo vera, að margt sé ýkt um það efni. Alt um það er þó enginn hörgull á

sönnunum fyrir því, að Norðurlandabúar í fornöld voru flestum þjóðum bráðgervari að líkamsþroska og sjálfstæði í athöfnum. Einróma sýna sögur vorar, að tólf-ára-aldurinn stóð almenningi fyrir hugskotssjónum sem endimark barnæskunnar. Á þeim aldri taka flestar söguhetjurnar að inna af hendi afrek sín. Enda var þetta lögaldursmark um öll Norðurlönd þar til um ár 1000; þá var það fært á Íslandi upp í 16 ár, en annars staðar upp í 15 ár. Líkt er því varið um skáld víkingaaldarinnar í þessu efni og sagnahöfundana. Hvert í kapp við annað víðfrægja þau þá menn, er þau yrkja um, fyrir það hversu ungir þeir lögðu út á herskaparbrautina, er blasti við þeim laðandi fögur í ljóma fortíðarsagna og framtíðardrauma. Um Ólaf Tryggvason tekur Hallfreður vandræðaskáld beinlínis til tólf-ára-aldurinn. Enda mun það hafa átt við fleiri en Harald hárfagra einan, er Þorbjörn hornklofi kvað:

Ungr leiddisk eldvelli
ok inni at sitja,
varma dyngju
eða vöttu dúnsfulla.

Má vera að röskar meyjar hafi einatt farið að dæmi sveinanna og tamið sér líkamsíþróttir. En ekki vitum vér það með neinni vissu. Öll áreiðanleg heimildarrit að menningarsögu víkingaaldarinnar láta það atriði liggja í þagnargildi. Hvergi bregður fyrir ljúflingsmyndum af meyjum við knattleik, eins og hjá Hómer, og að eins ein saga — og hún miður áreiðanleg — getur um syndan kvenmann. Því síður er nokkru sinni bent til þess, að konur hafi kunnað til herskapar. Það er þýðingarlaust að skírskota til annara eins atvika og þess, er Færeyingasaga greinir frá um Þuríði meginekkju: fjandmenn ráðast á bæ hennar og heimilisfólk; hún grípur þá til vopna og »dugir eigi ver en hver annara«.

Af þeim verður ekkert ráðið um kunnáttu kvenna til vopnaburðar; þau sýna að eins þann einfalda og eðlilega sannleika, að hugprúð og kjarkmikil kona kýs heldur að verja líf sitt og sinna, en að ofurselja það hættunni að óreyndu með æðru og kveinstöfum. Það er sjálfsvarnarhvötin, er blossar upp augliti til auglitis við búinn bana. Og auk þess sem hinar einkar auðugu norrænu sagnaheimildir láta ógetið vopnkænna kvenna á víkingaöldinni, bregður þeim hugsunarhætti eigi allsjaldan fyrir, að minsta kosti hjá Íslendingum, að alls konar karlmenskubrögð eru talin konum lítt sæmandi. Saxi segir að vísu, að til hafi verið konur í Danmörku, »er lögðu alla stund á herskaparíþróttir — — guldu bardaga fyrir blíðuatlot og þyrsti meir í blóð en kossa«, og kann hann um þær margar og fagrar frásagnir. En tilvera þeirra kvenna á að hans skoðun heima »í fyrndinni«. Hann er í því efni öldungis sammála íslenzkum skáldum og sagnariturum, er skipa skjaldmeyjum aptur í forneskjuna á bekk með valkyrjum Eddukvæðanna, langt inn í endurminningarökkur fortíðarinnar. Alt um það hafa margir fræðimenn orðið til að halda þeirri skoðun á lopti, að ungar meyjar á víkingaöldinni hafi gefið sig mjög við karlmenskuíþróttum og herskapariðn, enda séu jafnt valkyrjurnar, hinar hervæddu þernur Óðins, sem skjaldmeyjar fornsagnanna, er nær því almenskar eru í eðli sínu, eigi annað en skáldfegraðar eptirmyndir slíkra kvenna. Úr jarðvegi veruleikans hlýtur þessi skáldskapur að vísu að vera runninn. En hverjar sannanir eru fyrir því, að sá veruleiki sé ekki eldri en víkingaöldin? Forvígismenn þessarar skoðunar skírskota einkum til tveggja útlendra heimilda máli sínu til stuðnings. Í írsku sagnariti, sem samið var upphaflega á öndverðri 11. öld en tók síðar mörgum og miklum breytingum, eru taldir nokkrir norrænir víkingaforingjar á Írlandi um miðja 10. öld, og þar á meðal »mærin rauðhærða« (Inghen Ruaidh). Og Kedrenos, grískur sagnaritari á 11. öld, getur þess, að eptir orustu eina á 10. öld milli Grikkja og sænskra nýlendumanna á Rússlandi hafi fundizt í valnum lík af norrænum konum í karlmannsbúningi. Hér eru ekki tök á að ræða þetta efni til hlítar. En geta skal þess, að engu orði er á það minst um meyna rauðhærðu, að hún hafi gengið sjálf til víga. Liggur því

næst að jafna henni til Auðar djúpúðgu eða annara þrekdjarfra kvenna af tignum stigum, er gjörðust valdhafar og leiðtogar ættarinnar að mönnum sínum látnum. Hefur hún að líkindum verið drotning einhvers sækonungs, er fallið hefur vestan hafs, og mun hún síðan hafa haft umsjá með sonum sínum í víkingu, þar til er þeir voru frumvaxta. Til þess bendir það atvik, að tveir synir hennar eru tilnefndir meðal þeirra, er féllu í hinni víðfrægu orustu við Clontarf (=Brjánsbardaga) árið 1014. Aptur á móti gefa ummæli Kedrens beint í skyn, að rússneskar konur gengi til víga. En — hversu mikið er á þau ummæli að treysta, er standa ein sér sem eyðiklettur í reginhafi, viðhöfð af grískum rithöfundi heilli öld eptir að atburðurinn varð og um íbúa þess lands, er í hugmyndaheimi Grikkja hafði frá alda öðli verið hjúpað skýjamekki ramfornra skjaldmeyjasagna. Víst er um það, að einatt hlaut hið hættumhorfna herskaparlíf norrænna manna, er þeir börðust fyrir örygð og fótfesti í framandi löndum, að reyna á kjark kvenna og knýja þær til að liðsinna karlmönnunum, þó fremur með ráðum en dáð, og stöku sinnum, er í krappan kom, tóku þær jafnvel beinan þátt t. d. í virkisvörnum. En að telja hugprýðisatferli elskandi eiginkvenna og ástríkra mæðra, er svo stóð á, sönnun fyrir því, að kvenþjóð víkingaaldarinnar hafi verið svo herská, að ungar meyjar hafi af framagirni tamið sér vopnaburð, í því skyni að keppa síðan við karlmenn um herfrægð, með blóðga branda í höndum — það nær engri átt. Hitt vitum vér aptur á móti með vissu, að á fornheiðnum öldum, áður en saga vor hófst, tíðkaðist sá siður með ýmsum germönskum þjóðflokkum, að konur gengi í orustur. Þangað á skjaldmeyjaskáldskapurinn rót sína að rekja. Þar — á meðal menningarsnauðra fornkynkvísla — verður fyrir oss sá veruleiki, er hann endurspeglar í hillingum.

III. Á fullorðinsárum.

Svo fyrnist list sem leikur. Það hefði verið að láta staðar numið á miðri leið að fullnaðartakmarki uppeldishugsjónarinnar, ef líkamsæfingarnar hefðu verið lagðar á hilluna óðar en æskuárin þraut. Enda fer því fjarri að svo sé. Mannraunir og stritvinna daglega lífsins þóttu ónóg brýning á líkamsatgjörvina. Leikar, og íþróttaæfingar töldust ómissandi, jafnt á fullorðinsárum sem í æsku, hverjum þeim, er vel vildi vera að sér gjör um afl og fimleika, áræði og alla karlmensku. Til þeirra hluta voru því allir boðnir og búnir, meðan fjörið vanst og ellin hafði eigi náð föstum tökum á líkamanum, jafnt tignir menn sem ótignir. Skallagrímur gengur til knattleika á sjötugsaldri, enda er um hann sagt, að hann hendi mikið gaman að aflraunum og leikum, og þótti gott um það að ræða. Jafnvel þegar komið er niður á 12. öld, og íþróttalífinu er allmjög farið að förla, finnum vér dæmi þess, að mikillátir höfðingjar þreyta með sér þess kyns fimleikaraunir, er heldri menn nú á dögum mundu kalla drengjalæti t. d. að stökkva yfir skurði og girðingar, renna upp virkisgarða o. s. frv. Á skoplegan hátt lýsir sér hin fornnorræna íþróttaást í sögn Saxa um Aðils Sviakonung, er leggur í vanda sinn að ganga gríðarveg á hverjum morgni í öllum herbúnaði til styrkingar líkamskröptum sínum.

Arinstöðvar fimleikaæfinganna voru höfðingjasetrin. Þar voru saman komnir röskir menn á ýmsum aldri, bæði gestir og þeir, er gjörst höfðu handgengnir menn höfðingjans. Hversu fjölmenn og harðsnúin sú sveit var, fór mjög eptir örlæti hans og á-

gæti; en hvað sem því leið, skorti þar sjaldan kappgirni og áhuga á að rækja sem bezt atgjörvi sína. »Leikar« á völlum úti í nánd við höfðingjasetrin er ein meðal hinna algengari mynda, er sagnaritin bregða oss fyrir sjónir. Það eru heræfingar hirðarinnar á friðartímum eða alþýðlegar skemtisýningar. Sjálfur rækti höfðinginn æfingarnar af alhuga og tók einatt þátt í þeim, ef þeir menn voru viðstaddir, er honum sómdi við að keppa, eða elli bannaði eigi. Um Hákon konung Aðalsteinsfóstra er þess getið í Fagurskinnu, að hann gæddi þá gjöfum, er báru af öðrum í leikum, og sýndi einatt sjálfur íþróttir sínar í fjölmenni; varð hann af því allra höfðingja vinsælastur.

Víga-Glúmur fór á æskuárum til Noregs að sækja heim afa sinn, Vigfús hersi á Vors; þá er hann kom að bænum, sá hann þar »mikið fjölmenni og margs konar skemtanir og leika«; réð hann af því, að þar mundi á öllum hlutum stórmenska vera«. Vígharður af Hálogalandi vitjar á fund Haralds konungs hárfagra, er hann situr jólaveizlu á konungsbúi í Guðbrandsdölum; voru menn úti að leikum, en konungur horfði á. Einn vordag er frá því sagt á Orkneyjum, að Sigurður jarl hinn digri sat eptir inni í höll sinni við fáa menn, en hirðin fór út til leiks. Sighvatur skáld Þórðarson var í Rómaför, er lánardrottinn hans og hollvinur, Ólafur konungur Haraldsson, féll á Stiklastöðum. Þá er hann var kominn aptur til Niðaróss, varð honum einn dag reikað úti og sá hann, hvar menn Sveins Alfífusonar voru að leikum. Sorgbitinn minnist hann þá í ljóðum liðinna ára: áður skemti eg mér einatt á óðalssetrum í sveit með orðsælum drottni; nú sný eg af leið burt frá leiknum »bleikur sem bast«.

Hinn forni þjóðsagnaskáldskapur notar einatt hirðmannaleiki sem umgjörð um hugmyndasmíðir sínar. Svo er um þjóðsögu þá, er Oddur munkur Snorrason greinir frá á 12. öld um aflvana mót-

spyrnu heiðinna vætta gegn forvígismanni kristninnar í Noregi, Ólafi konungi Tryggvasyni:

Tveir af hirðmönnum konungs urðu eitt sinn í náttmyrkri áheyrsla, er tröll mörg ræddust við og töldu hrakfarir sínar fyrir konungi. Þar tók einn til orða: »Eg átti bygð í Gaulardal skamt frá Hlöðum, og átti eg vingott við Hákon jarl; gaf hann mér góðar gjafir; en þá er hann var ræntur ríki ómaklega, þá kom þessi í stað hans; það barst að einn dag, segir hann, þá er hirðmenn konungs höfðu leik nær bænum, þá þóttumst eg varla bera mega háreysti þeirra og glaum, og þótti mér mikil skapraun í öllu saman; og þá réðumst eg í leikinn með þeim og þó ósýnilega; tók eg þá höndum mann einn, og skildi eg svo við þann, að eg braut hönd á honum; á öðrum degi braut eg fót annars; hinn þriðja daginn kom konungur til leiksins; eg fór og til og vildi eg meiða nokkurn þeirra; stóð eg þá millum þeirra, og þreif eg til eins þeirra; en sá tók mig óvægilega og lagði fast hendur að síðum mér, og eigi myndi þær þá öðruvísi vera, þó að þær væri af glóandi járni gervar; hann tók að þröngva mig mjög, og var við sjálft, að eg mætti eigi standast; komst eg þá nauðulega úr höndum honum, og flýði eg brott þaðan mjög brunninn, og kom eg að óvilja mínum til þessa staðar«.

Í sambandi við konungasetrin eða gisting konunga að stórbændum standa líka flestar norrænar frásagnir, sannar og ósannar, um íþróttaraunir með nafngreindum mönnum. Einkum hefur þjóðarandanum verið tamt að ota Ólafi Tryggvasyni, glæsilegasta fimleikamanni norrænna kynslóða í fornöld, fram á leikvöllinn og láta hann bera sigur úr býtum í kappraun við fræknustu hetjur. Mun eg margsinnis síðar víkja að þeim frásögum, og hirði því ekki að greina dæmi þeirra að svo stöddu.

Sams konar myndir af útileikum hirðmanna verða fyrir oss, er vér lítum til forneskjusagnanna; að eins er munurinn sá, að þar er höfðinginn haf-

inn skör hærra; hann tekur ekki sjálfur þátt í leiknum, heldur situr hann á haugi ættmenna sinna og horfir á, er menn eru á leiki fyrir honum«.

Saxi lætur sendimenn Ellu konungs hitta svo á Ragnarssonu, er þeir flytja þeim fregnina um dauða föður þeirra í ormagarði, að Björn situr inni í höllinni að tafli, en Ívar er úti staddur og horfir á »alþýðlega leika«; mönnum brá mjög við tíðindin, en hann bað þá láta kyrt, þar til er lokið væri leikunum, og sjálfur gjörði hann hvorki að bregða gleðisvip sínum né líta af skemtuninni; »kaus hann heldur að koma almenningi fyrir sjónir sem hugreifur höfðingi en sem syrgjandi sonur«. Haraldur hilditönn lætur kappa sína leggja hina mestu stund á að æfa menn við vopnaburð, til þess að þeir mistu ekki allan dug og djörfung meðan friður sá hinn mikli stóð yfir, er á kom þá er hann hafði lokið sigurvinningum sínum.

Þá lágu íþróttaæfingarnar eigi fremur í láginni úti á herferðum, en heima fyrir á stórbúum. Ekki veitti af að stæla vöðvana og snerpa snarleikann undir hverja raun, þótt einatt væri skamt á milli, í stað þess að láta linast í deyfð og aðgerðaleysi. Vér sjáum, hvar víkingafloti einn liggur í lægi, en herbúðir standa á landi; þar eru leikar úti hjá tjöldunum á sléttum völlum, því að í svipinn eiga menn engum alvarlegum störfum að gegna. Þannig er sjónarsviðið þá er þeir hittast fyrsta sinn Hjálmar hugumstóri og Örvar-Oddur. Þeir bræður Eiríkur málspaki og Hrólfur — er Saxi kann all-langa sögu um — búa lið sitt í Noregi og ætla að halda í hernað til Danmerkur; þá er þeir eru albúnir, ganga þeir upp til bæjar að kveðja föður sinn, en á meðan skemta menn þeirra sér að skipum niðri: »Sumir æfðu krapta sína á stökki, aðrir á hlaupi, sumir vörpuðu þungum steinum, aðrir sveigðu boga sína og beindu ör af streng«. Eða menn kasta klæðum og þreyta sund,

einkum á sólhlýjum sumardögum. Þannig stóð á er Knútur Danaást var skotinn öru til bana á höfninni við Jórvík, að því er forn munnmæli segja.

Þessar myndir af íþróttaiðkunum víkinga, er bregður fyrir í fornum munnmælasögum, eru auðsjáanlega ekki gripnar úr lausu lopti; þær sverja sig í ætt við veruleika þeirra tíma; enda þekkjum vér mörg sams konar atvik frá 12. öld af ritum Snorra og öðrum áreiðanlegum heimildum. Sumarið 1129 hafði Sigurður Jórsalafari eitt sinn lagt skipum sínum í höfn, og lá þar hjá þeim kaupskip nokkurt, Íslandsfar. Einn fagran veðurdag, er skin var heitt, fóru menn á sund margir, bæði af langskipum og af kaupskipinu. Íslenzkur maður einn, er á sundi var, hendi gaman að því að færa niður þá menn, er ver voru syndir. Hlógu menn mjög að því. En er það sá Sigurður konungur, kastaði hann af sér klæðum, hleypur á sund og leggst að Íslendingi; færði konungur hann í kaf hvað eptir annað og mundi hafa banað honum, ef hann hefði verið látinn sjálfráður. Um kvöldið höfðu menn leika á landi uppi. Um Hákon konung herðibreið er þess getið (1162), að hann lagði skipum sínum undir ey nokkra; »var hann sjálfur og menn hans uppi á eyjunni á leiki, en lendir menn hans sátu á haugi nokkrum«. Þá kom honum á óvart Erlingur skakki með her sinn og feldi hann. Sverrissaga minnist og þráfaldlega á leika hermanna í leiðangri. Um menn Magnúsar konungs Erlingssonar er sagt, eitt sinn er hann lá með flota sinn í Þrándheimi, að þeir »vöktu á Eyrum um nóttina og höfðu þar leik« — meðal annars beltadrátt. Á öðrum stað er komizt svo að orði um Heklunga, er þeir sigldu norður með landi:

»Þeir lágu 2 nætur eða 3 í hinni sömu höfn; þeir voru jafnan kátir mjög, voru jafnan í leikum þar er þeir dvöldust«. Mönnum var í þann tíma betur að skapi að treysta afl sitt og fimleika en að kúra í rekkjum sínum liðlangt bjartnættið eða reika um torg og skygnast til kvenna. — Morkinskinna getur þess, að títt hafi verið að hafa leika, er menn sátu um borgir. Að svo hafi einatt verið gjört, er tóm var til, bera hinar svonefndu Fúldaárbækur vott um; þar er greint frá því atviki úr umsát norrænna víkinga um París, veturinn 885—6, að þá er skæðustu mótstöðumenn þeirra, Gauzilin biskup og Hugo ábóti af Tours, voru látnir, »óx víkingum hugur, gjörðu þeir áhlaup úr virkjum sínum, lögðu undir sig alt nágrennið og tóku að stunda veiðar og margs konar leika, án þess nokkur bægði«.

Heræfingar fornmanna voru þannig mestmegnis fólgnar í íþróttaraunum og leikum. En telja má víst, þótt ekki sé þess beint getið í áreiðanlegum heimildum, að einnig hafi tíðkazt reglubundnar æfingar, þar sem foringjar sögðu fyrir heilli sveit manna. Annars kostar hefðu víkingarnir norrænu tæplega borið svo mjög að herkunnáttu af þeim þjóðum, er þeim lenti saman við, sem raun gaf vitni. Liðsveitir þeirra voru að einróma dómi sagnfræðinga síðari alda hinar röskustu í öllum hreyfingum og kunnu að hlíta hiklaust og nákvæmlega fyrirsögn foringja sinna. Ber það vott um eigi all-lítinn heraga. Enda virðist líka sögusögnin um Harald hilditönn, er áður var greind, að benda til slíkra æfinga, því hann lætur k a p p a sína, þ. e. hina ágætustu af hirðmönnum sínum, temja menn við vopnaburð, til þess að þeim förlaðist eigi fræknleikurinn. Til fornra herskipunaræfinga eiga

þær og sjálfsagt rót sína að rekja sagnirnar um Óðinn, er hann kennir tiginna manna sonum að »fylkja hamalt«, svo sem Sigurði Fáfnisbana, Hadding og Haraldi hilditönn.

Þá koma líkamsíþróttirnar eigi síður við sögur sem alþýðleg samkvæmisskemtun bæði heima fyrir og á mannfundum. Framagirni og fræknleiksást var eitthvert áferðarmesta einkennið í lundarfari norrænna þjóða. Og því var það ekki nema eðlilegt, að mönnum væri það skapfeldust dægradvöl að ræða um framaverk eða horfa á kappraunir í þeim íþróttum, er vænlegastar þóttu til þess, að geta int slík verk af hendi. Enda er það viðkvæðið um veizlur í fornöld, að »margs konar leikar voru að því boði«. Á daginn skemtu menn sér undir beru lopti við ýmsar fimleikasýningar, sumir sem áhorfendur, aðrir sem leikendur. »Einn dag veizlunnar voru menn úti staddir á haugum nokkrum, þar sem víðsýnt var, og höfðu margs konar leika«, segir Morkinskinna um samkvæmi eitt í Noregi. Og hversu opt blasa eigi við oss í Íslendingasögum sjónarsvið, þar sem veizlufólk unir úti á víðavangi við fimleikaraunir; mun eg síðar nefna mörg dæmi þess, er tilrætt verður um glímur og knattleika. Opt bar það við, að útileikar gestanna löðuðu fólk að úr grendinni, þannig að boðsveizla eins bónda snerist í kappleikamót fyrir héraðsmenn. Á kvöldin, er boðsmenn sátu í stofu og borð voru upp tekin, drukku menn mjöð og mungát; en dauflega bragðaðist drykkurinn nema eitthvað væri haft að ölmálum, annað tveggja sögur og kvæði, eða leikar; flestir hnigu þessir veizluleikar að manngildismetnaði og urðu því einatt til að hleypa fjöri og kappi í útigleðina næsta dag. Má einkum þar til

nefna þær tegundir mannjafnaðar, er tveir menn í samkvæminu jöfnuðu sér saman, eða þá er hver boðsmanna skyldi greina þá íþrótt, er honum léti bezt, fyrst hinn tignasti og svo hver að öðrum eptir mannvirðingum.

Merkasta dæmi hins forna mannjafnaðarleiks er frásögn Snorra um orðasennu þeirra bræðra Sigurðar konungs Jórsalafara og Eysteins, og skiptir það mestu í þessu máli, hversu mjög hún hnígur að líkamsíþróttum. Eysteinn tekur Sigurð sér til jafnaðarmanns og færir það til, að jafnt nafn hafi þeir báðir og jafna eign, og sé enginn munur ættar þeirra og uppfæðslu. »Manstu eigi það«, spurði Sigurður konungur, »er eg braut þig á bak aptur, ef eg vildi, og varstu vetri eldri«. Þá segir Eysteinn: »Eigi man eg hitt síður, er þú fékst eigi leikið það er mjúkleikur var í«. Sigurður mælti: »Manstu hversu fór um sundið með okkur; eg mátti kefja þig ef eg vildi«. »Ekki svam eg skemra en þú«, kvað Eysteinn, »og eigi var eg ver kafsyndur; eg kunni og á ísleggjum, svo að engan vissi eg þann er það kepti við mig, en þú kunnir það eigi heldur en naut.« Sigurður konungur segir: »Höfðinglegri íþrótt og nytsamlegri þyki mér sú, að kunna vel á boga; ætla eg að þú nýtir eigi boga minn, þótt þú spyrnir fótum í«. Eysteinn svarar: »Ekki er eg bogsterkur, en minna mun skilja beinskeyti okkra, og miklu kann eg betur á skíðum en þú, og hefir það verið enn fyr kölluð góð íþrótt«. Enn metast þeir lengi um ágæti sitt og afrek sem konungar, þar til báðir voru hinir reiðustu. — Um Ólaf konung Haraldsson er það í frásögur fært, að eitt sinn er hann sat veizlu hjá ríkum bónda í Eystridölum, sló hann upp á því til ölteiti, að menn teldu íþróttir sínar; fyrir kurteisis sakir lét hann bónda og sonu hans hefja skemtanina. Þá er röðin kom að Arnbirni Árnasyni mælti hann: »Það mun eg tiltaka, er vera kann að eigi sé satt, að eg þykjumst vel fær vera að bogaskoti; ætla eg að eigi skuli sá bogi finnast hér í Noregi, að mér muni eigi vopnfær«. Þá spyr konungur Kolbjörn bróður hans, hverjar íþróttir hann vill helzt til taka. Kolbjörn svarar: »Þar eru þær íþróttir minar, er eg kalla allar jafnar, en

þó enga betri en góða fyrir sig, beinskeyti og skíðaferð og sund«. Konungur sagði, að eigi tæki hann meira af en hann mætti, — »því að þú ert að þessum íþróttum jafnbúinn þeim, er beztir eru af jafnsterkum«. Þá spurði konungur Árna Árnason, hvað hann vildi tilnefna. Hann svarar: »Ef eg sigli með landi fram snekkju minni, og sit eg í aktaumum, þá skal engin snekkja jafnmikil sigla fyrir mér, eða eg vilji fyrri svipta en þeir«. Því næst var spurður Björn stallari. »Þann hlut mun eg helzt til telja«, kvað hann, »ef eg tala á þingum orð eða erindi lánardrottins míns, að engi skal svo ríkur á heyra, að eg skuli fyrir þá sök mæla lægra eður skelfra, hvort honum þykir vel eða illa«. »Þessu trúi eg vel«, svaraði konungur, »síðan þú varst á Uppsalaþingi og talaðir þar og gjörðir reiðan Ólaf konung sænska, því að flestum mönnum mundi og það verða framaskortur«. Síðan töluðu tveir og tveir sín á milli og tóku til sinna íþrótta; varð að þessu mikil skemtun.

Eptir Harald konung harðráða er til erindi, þar sem hann telur upp íþróttir sínar, en auðsætt er að týnzt hafa tvær síðustu línurnar og öðrum verið skotið inn í staðinn:

Íþróttir kann ek átta:
Yggs fet ek lið at smíða,
færr em ek hvast á hesti,
hefk sund numit stundum,
skríða kann ek á skíðum,
skýt ek ok ræ'k, svá nýtir.
Þó lætr Gerðr í Görðum
gollhrings við mér skolla.

Önnur vísa sama efnis er til eptir Rögnvald jarl Kala á Orkneyjum († 1158), er var norskur að ætt, og er hún stæling á vísu Haralds:

Talf em ek örr at efla,
íþróttir kann ek níu,
týni ek trauðla rúnum,
tíð er mér bók ok smíðir,
skríða kann ek á skíðum,

skýt ek ok ræ'k, svá nýtir,
hvorttveggja kann ek hyggja
harpslátt og bragþáttu.

»Sjón er sögu ríkari«, segir forn málsháttur. Það var ekki nema skaplegt, er slík skemtan var höfð, einkum ef ókunnir menn áttu hlut að máli, að sumir yrðu til að efast um staðhæfingar þeirra, og mæltust til að þeir sýndu list sína í verkinu. Hvern rekur eigi minni til frásagnar Saxa um Hrólf kraka í höll Aðils. Hrólfur telur sér til gildis »þrek«, en Aðils, »örlæti«, og verða báðir að sýna þess raun þegar í stað. Væri kappraunin yfir höfuð að tala þess eðlis, að hún yrði int af hendi í húsum inni, var henni ekki skotið á frest; svo var t. d. um flestar aflraunir. Annars kostar mátti vænta kappleika að morgni, ef veður leyfði.

Enn víðtækari þýðingu höfðu ef til vill íþróttasýningarnar sem eins konar alþýðlegir sjónleikar, ýmist í sambandi við þing eða kaupstefnur, ýmist sem sérstakar samkomur, er haldnar voru íþróttanna sjálfra vegna. Þær voru æskulýðnum nokkurs konar opinber próf, er guldu heiður að launum hverjum þeim, er vel fékk staðizt, en skömm og skaða þeim, er illa var undirbúinn. Bezt er oss kunnugt um þetta atriði hér á landi, af sögum vorum. Alþing hið forna var ekki einungis alvarleg stjórnmálasamkoma, heldur jafnframt alþjóðleg skemtisamkoma. Ungir og gamlir, jafnt konur sem karlar, hvaðanæfa af landinu, streymdu þangað búnir bezta skarti og blönduðu hugum. Var þar margur knár drengur kominn, er fýsti að vita, hvað hann mætti sín, fýsti að reyna orku og íþróttir við menn úr öðrum landsfjórðungum. Er þar getið bæði glímuleika og afl-

rauna; en eflaust hafa fleiri íþróttir verið sýndar þar, svo sem vopnfimi, steinsnar, sund og knattleikar. Sama er að segja bæði um vorþing og haustþing. Þannig er getið um »torfleik« og sund á Þórsnesþingi; og bændaglímur höfðu menn á Hegranesþingi, þá er Grettir kom þangað úr Drangey: — »sátu menn þar lengi á vorið bæði yfir málum og gleði, því að þá var margt gleðimanna í héruðum«. Svo er að sjá, sem tillit hafi verið tekið til þess, er þingstaður var valinn og búðum skipað, að leiksvæði væri gott. Samkomur til sundfara virðast einatt hafa átt sér stað á sumrum við laugar og ár. En annars tíðkuðust sérstök íþróttamót hér á landi einkum á vetrum, er sízt var umsvifamiklum störfum að gegna, og voru það mestmegnis knattleikamót og glímumót. Má nærri geta að slíkir mannfundir gjörðu eigi einungis að efla kappfýsi og starfsþrá æskulýðsins, heldur hlutu þeir einnig að hafa örfandi áhrif á þjóðlífið yfirleitt. — Nú er það svo að vísu, að bókmentirnar geta örsjaldan um alþýðleg íþróttamót annars staðar á Norðurlöndum en á Íslandi. En þess ber að gæta, að þær sögur, er ritaðar eru um þau lönd til forna, eru mestmegnis konungasögur, er greina lítt frá lífi alþýðu. Enda er það ýmislegt annað, er færir oss heim sanninn um það, hversu ástsæl skemtan líkamsíþróttir voru alþýðu manna hvarvetna um Norðurlönd og hversu ríkan stað þær áttu sér í þjóðlífinu. Þar til má t. d. nefna, að enn í dag eimir eptir af þessari fornu alþýðugleði í afskektum bygðarlögum. Á Gotlandi hafa þannig alþýðlegir kappleikar í líkamsíþróttum »haldizt við með fullu fjöri og fornum hátíðablæ frá ómunatíð«, sem aðalskemtan eyjarskeggja. Enda hafa þeir að ýmsu öðru

leyti verið allra manna íheldnastir á fornar venjur. Til gleðinnar er vanalega stofnað á þann hátt, að ein sókn sendir annari áskorunarbéf þess efnis, að koma saman til kappleika á einhverju hinna fornhelgu leiksviða; þreyta menn þar með sér knattleika, hlaup, stökk, reipdrátt og ýmiskonar kastfimi. Hver sem les t. d. lýsingu Bergmanns á »þjóðleikum Gotlendinga« (Om Gotlands Folklekar, Visby 1883), getur eigi varizt þeirri hugsun, að náinn skyldleiki hljóti að vera með þeim og hinum fornislenzku íþróttaæfingum, er settu eigi einungis einkunnarmark sitt á samkvæmislífið árið um í kring, heldur áttu sér auk þess sérstaka leiktíð, veturinn, og skipuðu því svipað sæti í þjóðlífi fornmanna sem leikhússkemtanir í stórbæjalífi nútímans. En skýrasta vottinn um hið fjörmikla íþróttalíf norrænna þjóða á víkingaöldinni lætur oss í té allur sá aragrúi af örnefnum, er auðsjáanlega eiga rót sína að rekja til þess, að þar voru leikmót haldin að staðaldri til forna. Sem dæmi þeirra má nefna, hér á landi, *Leikskálavelli* í Snæfellsnessýslu, *Leikskála* í Dalasýslu, Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, *Leikvelli* í Barðastrandasýslu, *Leikskálaholt* í Skagafirði. Í Danmörku er *Leikaból* á Langalandi; í Svíþjóð t. d. *Leiknes* í Dölum og *Leikásar* í Skarastipti. Langmest ber þó á þess háttar örnefnum í Noregi. *Leikvin* (*vin* = engi, völlur) kemur fyrir hvorki meira né minna en 45 sinnum sunnan Dofrafjalls; auk þess má nefna *Leikalein, Leikvanga, Leikangr, Leiknes, Leikvöll, Knattvelli,* er hvert um sig kemur víða fyrir. Flestum þessara fornu leikstöðva er vel í sveit komið, í fegurstu og fjölmennustu héruðunum, og hafa þær

þá höfuðkosti til að bera, er æskja má um þjóðlega samkomustaði; einkum bera þær vott um víðsýnisást fornmanna og næma tilfinningu fyrir náttúrufegurð. Leiksviðið sjálft voru sléttir vellir, en utan með hæðir, hólar eða brekkur, þaðan er vel mátti sjá yfir; sat þar fjöldi áhorfenda.

Þegar vér, ættniðjar hinnar fornu víkingaþjóðar, erum staddir á slíkum stöðvum, þar sem fell og hæðir kváðu við endur fyrir löngu af dynjandi fagnaðarópi forkynslóða vorra yfir frækilegum karlmenskuraunum, þar sem fyrsti neistinn að mörgum frægðarbjarma kviknaði í sálum vaskra drengja, þar sem lífsaflið barst í öldum frá barmi til barms og skapaði dýrmæta fjársjóðu sameiginlegra tilfinninga og sameiginlegra hugsjóna — fjársjóðu, er komið hafa oss síðan, er aldir liðu, að ómetanlegum notum sem arðmikið starfsfé á ýmsum svæðum lífsins — þá getur ekki hjá því farið, að andi vor verði gagntekinn af hátíðlegri alvöru. Vér vitum, að þar rann áður ein þeirra linda, er forfeður vorir teyguðu úr þrótt og þjóðernistilfinning. Nú er þar alt hljótt og eyðilegt umhorfs; lindin er löngu þornuð. En — nafnið lifir og minningin með; töfravald þess sviptir tjöldum fortíðarinnar til hliðar, og óðar en vér vitum af, stöndum vér og störum í algleymingsdraumi á einhverja hina litprúðustu mynd úr þjóðlífi víkingaaldarinnar. Seint og um síðir röknum vér við oss; vér göngum burt; svæðið hverfur í blámistrið að baki oss — svo sem sveipist það aptur fortíðarhjúpi sínum. Þá getum vér ekki stilt oss um að varpa mæðilega öndinni, því að skapið drúpir við svipaðar hugsanir og þær, er koma fram í orðum Jónasar Hallgrímssonar:

»Nú er hún Snorrabúð stekkur,
og lyngið á lögbergi helga
blánar af berjum hvert ár
börnum og hröfnum að leik«.

En vér huggum oss við þá tilhugsun, að aðrar lindir hafa náð framrás, og hver veit nema þessi hin sama muni innan skamms spretta upp á ný eptir aldahvíld.

Annar þáttur.

Íþróttir og leikar.

I. Vopnaburður.

Sá maður, er fullbúinn væri til orustu, skyldi hafa að hlífðarvopnum *hjálm, skjöld* og *brynju*, og að sóknarvopnum *sverð* (eða *öxi*), *boga* með 2—3 tylftum örva og eitt *spjót* eða fleiri. Var það kallað *alvæpni*. Þess skal þó getið, að brynjur voru fremur sjaldgæfar, einkum framan af víkingaöldinni, nema meðal ríkra manna. Jafnvel svo ágætir menn sem þeir bræður Þórólfur og Egill, synir Skallagríms, gengu brynjulausir í orustur. Má telja lýsingu Eglu á herklæðnaði þeirra dæmi þess, er tíðast var um búning víkinga: »Þórólfur var svo búinn, að hann hafði skjöld víðan og þykkan, hjálm á höfði allsterkan, gyrður sverði því, er hann kallaði Lang; kesju hafði hann í hendi. — — Egill hafði hinn sama búnað sem Þórólfur; hvorugur þeirra hafði brynju«. Um Brjánsbardaga (1014), einhverja hina fjölmennustu og stórfeldustu orustu, er sögur fara af á víkingatímunum, þar sem saman var komið ógrynni liðs af öllum vesturlöndum, er þess enn getið sem nýlundu, að

eitt þúsund brynjaðra manna var í her Norðmanna.*) Flestir hinna fornu víkinga hefðu getað gjört að sínum orðum ummæli Haralds harðráða í orustunni við Stafnfurðubryggju:

Fram göngum vér
í fylkingu
brynjulausir
und bláar eggjar.

Má vera að færri hafi borið brynjur en kost áttu á, sakir þess að þeim hefur þótt það fimlegra og hraustmannlegra að vera án þeirra. »Hrauðsk ór herváðum, hratt á völl brynju«, segir Eyvindur skáldaspillir um Hákon góða á Storð. Eigi allsjaldan er þess getið, að menn höfðu yzt klæða í orustum þófastakka eða dýrafeldi, svo sem bjarnarfeldi (sbr. berserkir), hreinbjálfa, úlfaskinn (sbr. úlfheðnar) eða uxahúðir. Munu þær hlífar hafa verið miklu tíðari en brynjur framan af víkingaöldinni, en langtíðast þó að vera í kyrtli með hjálm og skjöld.

Á hergöngu var vopnunum svo fyrir komið, að skjöldinn báru menn á vinstra armi utanverðum í *skjaldarfatli*, er brugðið var skáhalt upp yfir hægri öxlina (sbr. *að hafa skjöld á hlið*). Sverðið hékk við vinstri mjöðm í *slíðrum* (sbr. *umgörð, skalpr*). Til þess að það skyldi ekki hrökkva úr slíðrunum, var það bundið við þær ofanverðar með böndum, er nefndust *friðbönd;* vanalega voru slíðrarnar áfastar við beltið (sbr. *gyrðr sverði; festa sverð á linda*), en stundum héngu þær eins og skjöldurinn í *(sverð)fatli;* var hann opt og einatt gulli búinn framan á brjóstinu (sbr. *gyldir andfetlar*). Á öxum héldu menn í hendinni eða reiddu þær um öxl. Sama er að segja

*) Annals of Four Masters 1013; Ann. Ulst. 1014.

um spjót og boga. *Örvamalnum* var brugðið í reim upp um herðarnar og féll hann niður ýmist á bak eða í fyrir.

Alvæpni báru menn auðvitað að eins í hernaði eða á ferðalögum, þá er búast mátti við fjandsamlegum árásum á hverri stundu. Aptur á móti ef skamt skyldi fara, ellegar þá er menn voru á ferli heima á búi sínu eða við störf í nánd við bæinn t. d. akuryrkju, heyannir eða garðhleðslu, létu menn sér nægja eitt vopn svo sem sax, öxi eða spjót. Hitt var sjaldgæft, að menn gengi vopnlausir frá húsum. Enda er kveðið í Hávamálum:

Vápnum sínum
skala velli á
feti ganga framar;
óvíst er at vita,
nær verðr á vegum úti
geirs of þörf guma.

Og jafnvel þótt ekki skyldi lengra fara en til dyra að opna fyrir komumanni, er knúði gáttir, þótti varlegra að taka sér áður vopn í hönd, — því að hver vissi með hvaða hug gesturinn kom?

Sömu varúðar er gætt í húsum inni, að hafa vopnin sem næst hendi. Þá er menn matast eða sitja að drykkju, hanga þau yfir sætum manna, og á nóttunni yfir rekkjum þeirra, eða þau liggja við stokk. Og löngum finnast þess dæmi, að húsráðandi fær eigi leyfi til að láta hirða vopn gesta sinna; þeir vilja sjálfir annast þau og koma þeim þar fyrir, er þau megi vera til taks ef þörf gjörist.

Gerðar várar,
kvað enn góði konungr,
viljum vér sjalfir hafa;
hjalm ok brynju

skal hirða vel;
gótt es til görs at taka,

lætur Eyvindur skáldaspillir Hákon konung hinn góða kveða að orði, er Óðinn veitir honum viðtöku í Valhöll.

Vopnin voru þannig óaðskiljanlegir förunautar hvers frjálsborins manns. Hann ann þeim og treystir sem tryggum vini, sem öruggustu vörn lífsláns síns. »Einka gripi vil eg gefa þér«, segir Vigfús hersir við Glúm dótturson sinn, »feld og spjót og sverð, er vér höfum mikinn átrúnað á haft frændur; og meðan þú átt gripina, vænti eg að þú týnir eigi virðingu, en þá em eg hræddur um, ef þú lógar þeim«. Vopnin eru hverjum manni ímynd sóma hans, og við þau sver hann dýrustu eiða sína. Hann talar við þau eins og maður við mann. Enda bregður eigi allsjaldan fyrir þeirri hugmynd, að í þeim búi yfirnáttúrlegar verur. Sum sverð »ganga grenjandi úr sliðrum« og láta sér ekki annað sæma en að verða mannsbani í hvert sinn er þeim er brugðið. Má þar til nefna hin sagnfrægu sverð Tyrfing, Dáinsleif og Sköfnung. Nöfn eiga þau sér eigi síður en menn, og saga þeirra er rakin langt aptur í aldir: »Fylgdi það jafnan eign sverðsins, að hver sagði öðrum nafn þess og svo það, hvaðan það var komið«. Og ekki nóg með það að sverðið er eigandanum trúr förunautur meðan lífið vinst. Mörgum fylgir það út yfir takmörk dauðans inn í annað líf, því þar á það fyrir hverjum röskum dreng að liggja að veita Óðni vígsgengi í lok veraldar gegn úlfinum og öðru illvætti, er starir sí og æ grimmum augum á bústað guðanna. Allir kannast við þann sið fornmanna að leggja vopn og fé í haug með framliðnum. Þótti fræknum drengjum það miklu skipta, að sæmi-

lega væru þeir búnir í sveit með Óðni. Að þessari fornu trúarhugmynd lýtur svar Högna Gunnarssonar, er ámma hans spyr, hvað hann vill með atgeirinn: »Eg ætla að færa hann föður mínum, og hafi hann til Valhallar og beri þar fram á vopnaþingi«. — Þar sem nú svo að segja líf og lán fornmanna var komið undir vopnum þeirra, gegnir eigi furðu, þótt mikil rækt væri við þau lögð og ógrynni fjár varið til þeirra. Flestum var það hin mesta metnaðarsök að eiga skrautleg vopn og haglega gjörð. Öll hin frægustu sverð fornsagnanna eru dvergasmíði. Enda bera jafnt jarðfundnar menjar sem frásagnir rithöfunda þess órækan vott, að prjálsemi manna og fjáraustur til slíkra hluta keyrði einatt langt úr hófi fram. Vér þekkjum hjölt og handföng búin gulli og gimsteinum, myndum greypt blöð og branda, málaða skjöldu, drifna hjálma gulli roðna og faldaða heilsteyptum dýrlíkönum. Og hversu þráfaldlega lýsir sér ekki í sögum og kveðskap fornaldarinnar ást hetjunnar og ræktarsemi við forn vopn og fræg. Vér heyrum hann segja sögu þeirra í fjölmenni og þykjast mikill af eigninni. Vér sjáum hann löngum handleika þau ástúðlega í tómstundum sínum eða vera önnum kafinn að afmá með nærkvæmni hvert far, er tönn tímans hefur látið á þeim sjá. Og á elliárunum lætur hann sér ant um að fela þau á hendur þeim einum af niðjum sínum, er verður sé að bera þau; ella kýs hann heldur að láta þau fylgja sér undir græna torfu.

Eptir notkun og gerð vopnanna gjöra fornbókmentirnar greinarmun á *höggvopnum, lagvopnum* og *skotvopnum*. Í raun réttri verða eigi gjörð glögg skil á þessum flokkum, því að flest höggvopn voru jafn-

framt lagvopn og flest lagvopn jafnframt skotvopn. En flokksheitin tilgreina engu að síður aðaltegundir vopnaviðskiptanna, eptir því hvort barizt var í návígi eða fjarvígi. Samkvæmt því æfðu menn þrenns konar vígfimi: *skylmingar*, *bogfimi* og *kastfimi*.

1. *Skylming*. Þá er lýsa skal skylming fornmanna sem íþrótt og gjöra grein fyrir meginreglum hennar, ber fyrst og fremst að taka tillit til frásagnanna um það, hversu mönnum var kend sú list í æsku. Vopnaburður var, eins og þegar er tekið fram, svo að segja aðalnámsgrein ungmennanna, og sætti það sízt furðu um þjóðfélög, þar sem hnefarétturinn var svo ríkur, að hólmgöngur gátu jafnvel komið til greina sem eins konar æðsti dómstóll í deilumálum. En þrátt fyrir það er ekki því happi að heilsa, að bókmentirnar hafi margar frásagnir á boðstólum um skylmingakenslu, og sízt svo fjölorðar, að annað sé á þeim að græða, er teljandi sé, en það eitt, að slík kensla hafi átt sér stað. Sá er og galli á gjöf Njarðar, að fylstu frásagnirnar eru tiltölulega ungar (frá 12. og 13. öld), svo að hætt er við tímaskekkju ef eptir þeim er farið. Mönnum er því nauðugur einn kostur, er þá fýsir að kynna sér skylmingareglur fornmanna, að beina athyglinni að lýsingum sagnaritanna á alvarlegum vopnaviðskiptum; þar kemur vígfimiskunnátta manna í ljós, og eptir kröfum þeirra var auðvitað kenslan sniðin. En þá kemur önnur hætta til greina, ekki síður varúðarverð. Þá er menn geystust fram til orustu í vígamóði, börðust þeir auðvitað ekki eptir föstum reglum, heldur hugsuðu um það eitt, að bana fjandmönnum sínum eins og bezt gengi. Þar koma því fyrir ýms atvik, sem eiga eingöngu rót sína í því, hvernig ástatt var í augnablikinu, og eru

allsendis óviðkomandi meginreglum skylminga-íþróttarinnar. Af þeim stoðar ekki að leiða ályktanir. Óhultast er í þessu efni að hyggja einkum að vopnaviðskiptum manna í einvígum og hólmgöngum, sérstaklega hinum síðarnefndu, er fara skyldu nokkurn veginn skipulega fram.

Þá er að greina merkustu dæmi skylmingaæfinga, er getið er í fornum ritum:

Höfundur Rígspulu lætur hið tiginborna ungmenni læra að »skelfa lindr (=skjöld) og »bregða sverðum«. Um Gram er þess getið hjá Saxa, að hann hafi stundað vígfimi í æsku með hinni mestu kostgæfni og notið að því námi tilsagnar reyndra kappa. Fróði Friðleifsson fréttir til konungs eins í Noregi, er Freygeir hét og talinn var allra manna vopnfimastur; höfðu hergoðin heitið honum því, að hann skyldi af þeim einum unninn verða, er taka mætti upp mold úr spori hans meðan þeir berðist. Fer Fróði á fund hans, og lætr vilja læra vígfimi af svo ágætum kappa. Freygeir konungur tekur því vel; »byrjar hann á því kensluna, að marka þeim stað, tvo ferhyrnda reiti, hvorn andspænis öðrum, alin á hvern veg; og er því var lokið stiga þeir í sinn reitinn hvor. Þá bað Fróði hann skipta við sig um vopn og stöðu. Freygeir kvaðst það feginn vilja, því að ofbirtu bar í augu hans af búnaði Fróða, er hann hafði hjölt gullbúin og geislar stóðu af brynju hans og hjálmi. Og er því var framgengt, greip Fróði upp mold úr spori hans og þóttist nú hafa sigurinn í hendi sér«. — Harald hilditönn láta fornar sagnir fela helztu köppum sínum að temja liðsmenn við að »greiða högg og bera af sér«; voru sumir þeirra svo vígfimir, að þeim skeikaði eigi að hitta hver annars brár; léti nokkur sér bregða, var hann brottrækur gjör frá hirðinni, segir sagan. — Um Þorgeir Hávarðsson er þess getið, að hann lærði á ungum aldri að hlífa sér með skildi og vega með vopnum. — Einn dag, er Gunnlaugur ormstunga var staddur við hirð Eiríks jarls Hákonarsonar, varð honum reikað frá bænum á völlu nokkra; var þar fyrir honum mannhringur og í hringnum innan tveir menn með vopnum og skylmdust; nefnist annar Hrafn, en annar

Gunnlaugur; þeir sögðu er hjá stóðu, að Íslendingar hyggi smátt og væri seinir til að muna orð sín. Var þetta gjört í háðsskyni við þá Gunnlaug, er frestur varð á um hólmgöngu þeirra. — Sturlunga kveður svo að orði um mann nokkurn, að »hann hafði sverðið undir buklaranum, sem þá er menn skylmdust«. Á öðrum stað í Sturlungu er sagt frá tveim flokkum manna, er lenti saman til bardaga skamt frá þæ einum. Maður, er heima stóð á hlaðinu, og vel vissi, hverjir þar áttust við, telur öðrum heimamönnum trú um, að þar skylmist menn en berjist eigi; vildi hann með því koma í veg fyrir, að skakkaður væri leikurinn. — Konungsskuggsjá, er samin er í Noregi um miðbik 13. aldar gefur svohljóðandi reglur um skylmingar á fæti: »Leita Þér þess félaga, er með þér vilji leik fremja og þú veizt að vel er til þess lærður, að berjast undan skildi eða buklara, hvort sem heldur er útlenzkur eða hérlenzkur. Tak þú og jafnan til þessa leiks þung vopn, annað tveggja brynju eða þungan pansara og haf í hendi þér annað tveggja þungan skjöld eða buklara og þungt sverð. Í þeim leik skalt þú viður leita að nema hæfileg högg og nauðsynleg og haldkvæmleg og góð viðurslög. Kenn þér og að hylja þig vel með þínum skildi, og það, að þú mættir þessa hluti vel varast fá, ef þú átt við óvin þinn að skipta. Ef þér þykir nokkuð undir, að vera vel lærður af þeirri íþrótt, þá haf þenna leik tvisvar um dag ef þú mátt viður komast. En engan dag lát þú svo allan út ganga, að þú leikir eigi þenna leik einu sinni, nema heilagt sé, því að þessi íþrótt er sæmileg að kunna hverjum konungsmanni og þó nauðsynleg, ef til þarf að taka. Ef þú verður móður af þessum leik og fýsir þig að drekka, þá drekk þú smám og tíðum, svo að þig þyrsti eigi«.

Af dæmum þeim, er tilfærð hafa verið úr íslenzkum bókmentum, verður eigi annað ráðið en það — er engum getum þurfti um að leiða — *að* mönnum voru kendar skylmingar í æsku, og *að* fullorðnir menn lögðu einatt stund á slíkar æfingar, þannig að tveir og tveir gengust að og áttust við vopnaskipti til skemtunar sér og til viðhalds vígfimi sinni. Af

frásögn Saxa virðist auk þess mega ráða *að* þess kyns æfingar hafi einatt verið sniðnar eptir hólmgöngusiðum, þannig að vegöndum voru mörkuð svæði, er þeir máttu eigi víkja af einu feti.*) Naumast er ástæða til að vefengja þetta atriði og telja hitt líklegra, að viðureign þeirra Fróða hafi vakað fyrir Saxa fremur sem hólmganga en skylmingaæfing. Hvað er eðlilegra en að þetta tvent færi hvort eptir öðru? Hólmgöngur voru vígfimisraunir, er áttu sér ríkan stað í þjóðlífinu, og hlaut því skylmingakenslan að hafa þær fyrir augum. — Konungsskuggsjá bætir ennfremur við þessum atriðum: *að* hver og einn kaus sér helzt að leikbróður, ef þess var kostur, þann mann, er eigi væri honum ósnjallari, *að* menn beittu eigi einungis skildinum, heldur einnig sóknarvopninu til þess að bera af sér, *að* skylmingarkenslan var sniðin eptir því, hvað fyrir gat komið í alvarlegum vopnaviðskiptum, og *að* skylmingar voru stundaðar af kappi af hverjum þeim, er mikið vildi eiga undir sér. — Öll liggja þessi atriði í hlutarins eðli.

Hitt er aptur á móti ekki í samræmi við heiðinn tíma, er Konungsskuggsjá ræður til að neyta þungra vopna. Það atriði á heima í skylmingatízku riddaraaldanna, er ásamt mörgum öðrum hermenskunýjungum tók að gjöra vart við sig á Norðurlöndum á 12. öld. Öðru máli gegnir það, þótt fornmenn hafi ef til vill stöku sinnum gengið brynjaðir til skylmingaæfinga. Þá sjaldan það kom fyrir viðhöfðu þeir

*) Ýms afbrigði hafa átt sér stað um afmörkun hólmstaða. Auk þess sem Saxi talar um *ferhyrnda reiti*, getur hann þess einnig að *hringur* hafi verið markaður á hólmstefnum. Í Egilssögu er og minst á *hólmhring*, og öðrum íslenzkum sögum verður tíðrætt um *feldi*, einn eða tvo, er breiddir voru undir fætur vegöndum; svara þeir auðsjáanlega til ferhyrninganna í sögu Saxa. Fylst er lýsing Kormakssögu (kap. 9.) á því, hvernig marka skyldi hólmstað, en óljós er hún nokkuð og tortryggileg.

að sjálfsögðu vanaleg egghvöss orustuvopn. Hjá þeim hné leikurinn að því eingöngu að æfa fimleikann; menn hjuggu og lögðu létt og liðlega, þannig að engin hætta var á, að brynjan bilaði fyrir tilræðunum, svo að sár hlytust af. Hitt var þó vafalaust langalmennast, að menn skylmdust brynjulausir og hefðu ekki aðra hlíf en skjöldinn; þá var og barizt með sljóum vopnum, er sérstaklega voru ætluð til slíkra æfinga, til þess að hvorugan mætti saka. Að vísu er þess hvergi getið í fornnorrænum bókmentum, að sljó vopn væru höfð til skylminga, nema í Þiðrikssögu, sem er ónorræn að efni til og eigi samin fyr en á 13. öld; en um handskot og bogaskot er það skýrt tekið fram að notuð voru við æfingar oddlaus spjót *(sköpt)* og sljóar örvar *(bakkakolfar)*, og var þó slíkrar varúðar síður þörf við skotæfingar.

Vér verðum nú að snúa oss að frásögnum fornsagnanna um alvarleg vopnaviðskipti og leitast við að ráða af þeim, að hve miklu leyti fornmenn fylgdu föstum skylmingareglum. En ekki verður hjá því komizt að gjöra fyrst í stuttu máli grein fyrir, hverra vopna var neytt í návígi; undir því var eðli skylmingalistarinnar komið.

Aðal-návígisvopnin voru *öx, sverð* og *spjót*.*) Auk þess voru til ýmsar millitegundir, er sameinuðu að meira eða minna leyti eiginleika þessara þriggja aðaltegunda.

*) Þess er getið um ýms heljarmenni (t. d. Kolbein sterka, Vigfús Víga-Glúmsson, Þorleif skúmu o. fl.) að þeir börðust með *kylfum* (sbr. *klumba, klubba*). Það voru barefli mikil úr tré, ímjó upp í höndina, með digrum haus og hnútóttum, er sviðinn var í eldi eða járni varinn (sbr. *rótarkylfa, gaddakylfa*). Fátækir bændur, er skorti fé til vopnakaupa, báru líka einatt kylfur — og þær víst ekki allar næsta geigvænlegar. Við íþróttir á notkun slíkra vopna ekkert skylt. Til þeirra er því ekkert tillit tekið í kafla þeim, er hér fer á eptir.

Axirnar norrænu, er skutu útlendum þjóðum svo mjög skelk í bringu og taldar voru af þeim einkunnarvopn Norðurlandaþjóða, voru næsta misjafnar að stærð og lögun.*) Léttar axir skammskeptar, er nefndust *handaxir*, báru menn hversdagslega heima fyrir til öryggðar sér; í bardögum er svo að sjá sem þær hafi einkum verið hafðar að kastvopnum. Hinar eiginlegu vígaxir voru stærri og þyngri. Algengasta tegund þeirra var hin svonefnda *breiðöx*. Nafnið miðar einkum til þess að greina hana frá *bolöxum* (þ. e. viðaröxum), er höfðu hátt blað og mjótt, nær því meitilmyndað. Breiðaxarblaðið var aptur á móti fremur lágt á skapti, allþunt, lítið eitt bogadregið fyrir munninn, úthyrnt, en að sér dregið upp undir augað og þyknaði þar mjög; skallinn *(hamarinn)* var flatur, sjaldnar hnúðmyndaður. Eggin var 3—12 þuml. á lengd. Hámarkið hefur þó sjálfsagt verið afarsjaldgæft, að því er ráða má af fornmenjafundum, og ýkjur eru það eflaust, er sagt er í nokkrum sögum, að til hafi verið axir »alnar fyrir munn« (þ. e. 18 þuml.). Þeirra finnast engin örmol meðal fornleifa. Að vísu var þeirri höfuðreglu fylgt með tilliti til þyngdarinnar, að hæð og þykt axarblaðsins

*) Anna Comnena, er ritað hefur sögu Alexius keisara (um 1100), velur »Væringjunum frá Thúle« einkunnarorðin »hinir öxumbúnu útlendingar«. — Í ritum vestrænna höfunda eru norrænir víkingar og geigvænlegar axir óaðskiljanlegar hugmyndir, er helblæ andar af og ekkert fær við risið. Í Fjögrameistara-annálum (árið 891) stendur t. d. þessi vísa um kirkju og klausturránið í Armagh á Írlandi:

Hörmung! Helgi Patrik, hví veittir þú ei vörn,
er vé þín hjuggu niður og drápu þín börn
útlendar þjóðir með öxum?

Jafn iburðarmiklu lofi munu axirnar norrænu hvergi hafa átt að fagna sem í írska ritinu War of the Gaedhill with the Gaill. Þar er þeirra hvað eftir annað getið með ógnarblandinni aðdáun. Á einum stað stendur t. d. þessi óviðjafnanlega klausa: »hinar fagurbúnu, afþrungnu, traustu, igulegu, snarplegu, blikandi, björtu, b r e i ð u, velskeptu víkingaaxir«.

óx eigi að sama skapi sem lengd þess; stór axarblöð voru að tiltölu miklu þynnri en hin smærri. Samt sem áður hlaut »öx alnar fyrir munn« að verða svo mikið bákn — ætti nokkur veigur að vera í henni — að fárra manna meðfæri hefði það verið að vega með henni til lengdar. Nærri lætur að meðalegglengd breiðaxa hafi verið um 5 þumlunga. Væri hyrnurnar slegnar mjög fram og svírabugðurnar krappar — einkum kverkin — nefndist öxin *snaghyrnd öx*. Til breiðaxa töldust ennfremur *skeggaxir;* þær voru snaghyrndar aptur en ekki fram þ. e. höfðu skegg undir kverkinni. Aptur á móti virðist *bryntröllið* hafa verið frábrugðið snaghyrnum einkum að því leyti sem skallinn var sleginn fram í alldigran brodd, hvassan og strendan, er vel var til þess fallinn að rjúfa hjálma og brynjur, eða þá í lítið axarblað, tiltölulega þykkara og sterkara en aðalblaðið; bryntröll er sem sé í norrænum þýðingum látið svara til latneska orðsins *bisacuta* (= tvíblöðuð öx). Þess kyns öxi segja írskir fræðimenn að Bróðir hafi borið í Brjánsbardaga. Stjórn, elzta biblíuþýðingin norræna (um 1250), villist auðsjáanlega á bryntröllu og *brynþvara*, er var höggspjót svipað *atgeir* (Stj. bls. 461: Goliath — — hafði *spjót* í hendi — — svo vaxið að fjöðrin var breið upp að falnum en slegið ferstrent fram; slíkt er nú kallað bryntröll). Villan stafar auðvitað fyrst og fremst af því, hversu lík nöfnin voru, en jafnframt bendir hún ef til vill til hins, að bryntröll hafi haft það sameiginlegt við höggspjót, að strendur fleinn gekk fram af skaftinu. Annars sé það fjarri mér að færast þann vanda í fang að gjöra glögga grein fyrir hinum ýmsu axarheitum og þeim afbrigðum, er þau tákna hvert um

sig. Hins skal aptur á móti getið, er mestu varðar í þessu sambandi, að vígaxirnar voru háskeptar (3—4 fet). Sumpart má ráða það af fornum axarskaptabrotum, er fundizt hafa í jörðu, sumpart af því, að á hergöngum reiddu menn axir sínar um öxl eða höfðu þær að göngustaf. Um stöku mann er þess getið, að hann stóð og studdist fram á öxi sína. Öxunum hlýtur því að hafa verið beitt með báðum höndum. Ennfremur voru þær samkvæmt gerð sinni eingöngu höggvopn. Það eru undantekningar, og þær næsta óvígamannlegar, þá sjaldan getið er um axarlög, enda eiga öll þessi dæmi sammerkt í því, að vegandinn rekur öxi sína í bræði fyrir brjóst óvini sínum vopnlausum eða lítt viðbúnum. Svo var eigi síður um axir en önnur vopn, að þær voru skreyttar á marga lund, hlýrar og gagnaugu gulli greypt eða silfri og sköptin vafin málmþræði; einkum var það títt að vefja sjálft handfangið, svo að það yrði stamara í hendi (sbr. *vafinskepta).* Öx sú er Eirikur konungur sendi Skallagrími »var snaghyrnd og mikil og gullbúin, uppskelt skaptið með silfri, og var það hinn virðulegasti gripur«.

Sverð Norðurlandabúa í fornöld voru stærri og veigameiri en þau, er tíðkuðust um sömu mundir í öðrum löndum.*) *Brandurinn* var beinn, breiður og tvíeggjaður, og gekk eptir honum að endilöngu hryggur, er kallaður var *véttrim,* fram undir *blóðrefilinn,*

*) Sama aðdáunin á sverðunum norrænu sem á öxunum lýsir sér í útlendum miðaldaritum. Eg læt mér nægja að nefna tvö dæmi: Three Fragments (ed. O'Donovan, 1860) bls. 155: »Vikingarnir þrifu til hinna þungu, högg-styrku sverða sinna«. War of Gaedhil, 53: Sverð höfðu þeir hörð, sterkleg og ægileg. Bls. 61: Þeir voru einnig búnir sannnefndum hetjusverðum, höfgum, harðhöggum, traustum, magneflidum, mikilfengum.

en svo nefndist oddur sverðsins. Fletirnir beggja vegna við véttrimina voru kallaðir *valbastir*. Ramgjör þverstöng *(fremra hjalt, höggró, gaddhjalt)* var til hlífðar framan við handfangið *(meðalkaflann)*, en til viðnáms fyrir höndina að aptan var knappur mikill eða hnúður, ýmislega lagaður *(eptra hjalt)*. Hin svonefndu *söx* eða *saxsverð* voru nokkru minni en hin vanalegu sverð, og ekki tvíeggjuð. Meðallengd sverða frá fremra hjalti til blóðrefils mun hafa verið hálft annað fet; að minsta kosti er svo að sjá sem það hafi verið lögboðin lengd hólmgöngusverða í heiðni. En til voru brandar, er námu 30 þuml. eða jafnvel meiru. Meðalkaflinn var ekki lengri en svo, að halda mátti um annari hendi. Sverðin voru því einhendisvopn, og gjörðu menn hvorttveggja að höggva með þeim og leggja. — Opt voru sverðin fagurlega skreytt, búin gimsteinum, gulli og silfri; meðalkaflinn var ætíð vírvafinn, og hjölt og brandar löngum haglega greypt t. d. rúnaletri eða margbrugðnum drekafléttum. Rúnirnar voru til þess ristar, að sigur fylgdi sverðinu:

Sigrúnar skalt kunna,
ef vill sigr hafa,
ok rísta á hjalti hjörs,
sumar á véttrimum,
sumar á valböstum,
ok nefna tvisvar Týr.

Um sverð það, er Sváfa valkyrja vísar Helga Hjörvarðssyni til í Sigarshólmi, kveður hún svo:

Hringr er í hjalti,
hugr er í miðju,
ógn er í oddi,
þeims eiga getr;
liggr með eggju
ormr dreyrfáinn,

en á valhöstu
verpr naðr hala.

Hin eiginlegu spjót voru eingöngu lagvopn eða skotvopn, og optast nær hvorttveggja senn. Almennust voru hin svonefndu *fjaðraspjót*, og höfðu þau nafn sitt af því að oddurinn var fjaðurmyndaður, allangur og breiður, með hrygg eptir miðju; upp frá fjöðrinni gekk hólkur *(falr)*, er smeygt var upp á skaftið framanvert, og treyst með nöglum, er kippa mátti úr ef vildi og kallaðir voru *geirnaglar*; í nótskum lögum eru þau spjót ein talin gild til leiðangurs, sem tveir geirnaglar eru í. Uppi við falinn voru fjaðurrendurnar ýmist afsleppar, ýmist slegnar út í agnhöld, og nefndist þá spjótið *krókaspjót*. Lengd spjótskaftanna var mjög mismunandi. *Skammskept* spjót notuðu menn í návígi á landi og til skotvopna. *Langskept* spjót — jafnvel 6—8 álna — komu aptur á móti einkum að haldi í sjóorustum, er lengra var til að vega. — Eins konar sambandsliður milli axa og almennra spjóta voru *höggspjótin* svonefndu, *atgeirr*, *kesja* og *brynþvari*. Þau voru þannig gerð, að hafa mátti þeirra þreföld not, sem lagvopna, skotvopna og höggvopna. Að öllu leyti voru þau ramgjörðari og stórskornari en önnur spjót, fjöðrin mikil og breið, slegin fram í strendan brodd, en því nær sporöskjulöguð ofanvert, falurinn langur og víður, skaptið alldigurt og ekki lengra en svo, »að taka mátti hendi til fals«, — og er það eflaust svo að skilja, að þá er maður stakk niður spjótshalanum á jörðu gat hann gripið hendi upp um falinn. *Málaspjót* táknar það afbrigði í gjörð höggspjóta, að skaptið var eigi fest einungis með geirnagla, heldur gekk járngaddur gegnum þveran falinn aptan við fjöðrina og skagaði út

til beggja hliða, líkt og gaddhjalt á sverði; gaddarnir nefndust *mál* (= járn) og voru til þess ætlaðir að veita viðnám höggum mótstöðumannsins, alveg eins og sverðshjöltin. Í lýsingu Eglu á vopnabúnaði Þórólfs Skallagrímssonar er sama vopnið nefnt bæði kesja og brynþvari, og jafnframt er gefið í skyn, að þetta vopn hafi að gjörðinni til verið málaspjót. Misbrigði á stærð höggspjóta mun naumast hafa leitt til sérstakra heita. Mér er næst að halda, að hér sé um samnefni að ræða og sé hlutfallið milli vopnanna þetta: *Höggspjót* var vopnið kallað með tilliti til þess, að því mátti beita á annan veg en öðrum spjótum, *brynþvari* með tilliti til þess, að það var einkar vel til þess fallið að rjúfa brynjur, *kesja* og *atgeir* eru samnefnd lánsorð, en *málaspjót* táknar hin áðurnefndu sérstöku afbrigði í gjörðinni (=höggspjót með hjalti). — Skraut mun einkum hafa tíðkazt á þeim spjótum, er lítt voru til þess ætluð að ganga hendi firr. Var það einkum í því fólgið, að falurinn var gullrekinn og fjöðrin greypt. Títt var og um höggspjót að vefja skaptið járni, en ekki var það gert til skarts, heldur til traustleika og góðrar handfestu (sbr. axasköpt og meðalkafla sverða).

Þegar af þessu atriði, að sama vopnið var notað ýmist sem höggvopn eða lagvopn, er auðsætt, að fornmenn gjörðu engan glöggan greinarmun á höggskylming og lagskylming. Vegandinn varð alla jafna að vera við hvorutveggja búinn, að hlífa sér við höggum og lögum, nema því að eins að mótstöðumaðurinn hefði öxi að vopni. Þetta má telja fyrsta aðaleinkenni hinnar fornu skylmingalistar í samanburði við tízku síðari alda, er högg-

skylming og lagskylming eru stranglega aðgreindar, og hvorri tegund um sig ætluð sérstök vopn. Í sambandi við þetta atriði stendur hið alkunna skylmingabragð fornmanna, er þeir beittu löngum í einvígum, að skipta sviplega um vopn, fleygja öxinni eða spjótinu og grípa til sverðsins. Í því skyni bjuggu menn svo um, áður til vígs var gengið, að sverðið hékk nakið í hönk um hægri úlnlið; á þann hátt varð fljótteknara til þess en í slíðrunum, ef þörf gjörðist meðan á viðureigninni stóð.

Örðugt mun að rekja fastar reglur fyrir því, hvernig högg og lög voru greidd. Menn virðast hafa veitt tilræði hvar sem vera skal á líkamann og á hvern hátt, er bezt varð við komið í svipinn. Áverki fyrir neðan kné var ekki talinn ódrengilegri en hver annar. Hins vegar liggur það þó í hlutarins eðli, að þau högg, er svara til nútíðarheitanna prím, ters, kvart og kvint, hlutu að tíðkast mest, af því þau liggja nú einu sinni beinast við. Með öxi varð ekki nauðungarlaust öðrum höggum við komið en prím, háters og hákvart. Skylmingakennarar nútímans leggja einna mesta áherzlu á það atriði, að sveifla vopninu sem minst, sízt út til hliðanna, sakir þess að vegandinn gefur með því höggstað á sér og verður seinni til en ella að bera af sér tilræði. Það er regla, er skylmingamenn á öllum öldum hafa gefið mikinn gaum. En vitanlega kemur hún ekki jafnt til greina í þeirri skylmingalist, þar sem skjöldur er hafður að hlífðarvopni, sem í hinni, er verjast skal með sóknarvopninu einu saman. Sá er skylmist undan skildi, heldur honum með vinstri hendi síviðbúnum við tilræðum mótstöðumanns síns, og getur því sér að hættulausu sett meiri sveiflu á sóknarvopnið, til þess að fylgja

betur högginu; enda var þess opt og tíðum eigi vanþörf, er hlífar voru traustar fyrir. Sérstaklega varð ekki hjá því komizt, er barizt var með öxi, að höggin yrðu strjál og allmjög væri til þeirra reitt. Eigi að síður lögðu fornmenn alla þá stund, er auðið varð, á áðurnefnda varúðarreglu. Lýsir það sér meðal annars í því, að jafnan er það talið einkenni vígfimra manna *að höggva hart og titt*, það er að segja að láta skamt á milli verða tilræðanna.*) Í því var þrefaldur hagnaður fólginn: mótstöðumanninum varð örðugra fyrir að bera af sér; hann hafði ærið eitt að starfa með auga og hönd að hafa gát á atlögubrigðum sækjanda; af því leiddi aptur að hann skorti tóm til sóknar; í þriðja lagi var sækjandi sjálfur síviðbúinn að bera af sér tilræði, er hann reiddi lítt til vopn sitt. Þá er Egill Skallagrímsson gekk á hólm við Ljót berserk, »hjó hann hvert högg að öðru, svo að Ljótur fékk eigi höggvið á móti«. Um Gunnar á Hlíðarenda er mælt, að hann vó svo skjótt með sverði, að þrjú þóttu á lopti að sjá, svo að andstæðingur hans sá eigi hvar hann skyldi sér helzt hlífa. Hér verður fyrir oss það atriði skylmingalistarinnar, er kallað er að »bregða hjá« (sbr. »að vísa«). Þetta orðtak um Gunnar og svipuð orðtök um aðra, að þrjú sýndust sverðin á lopti, sýna að sverðinu var brugðið til fram og aptur, áður en höggið reið á, en til þess var sá leikur gjör að glepja andstæðingnum sjónir. Með öðrum orðum, óðar en maður verður þess var, að

*) Saxi kveður fornmenn eigi hafa hirt svo mjög um að höggva hart og titt; hitt hafi þeim þótt mestu varða, að höggin yrðu sem þyngst. Þetta má til sanns vegar færa um tvíhendisskylming, með öxi eða höggspjóti, en engan veginn um einhendisskylming, með sverði. Hann hefur í þessu efni auðsjáanlega látið glepjast af meðvitund sinni um afburðaafl fornra kappa.

mótstöðumaðurinn muni hlífa sér þar, er fyrst er miðað á, sveiflar hann til sverðinu á ný og bregður til ýmissa átta, unz hann beinir þar að tilræðinu, er berast þykir fyrir /sbr. »*að leita sér höggstaðar á e-m.*«; »*að sjá beran vopnastað á e-m.*/« Hjábrögð eru þannig í rauninni þess eðlis, að þau leiddi af sjálfu sér, og hlutu þau frá upphafi vega að eiga sér stað í skylmingum; hitt gegnir öðru máli, að því fimari sem skylmandinn er, því meir neytir hann þeirra; enda hafa fornmenn ekki skoðað hjábrögð sem sérstakt atriði, því að ekkert nafn hafa þeir á þeim. »Ljúgandi högg«, er Konungsskuggsjá varar við, eiga eflaust ekkert skylt við þau, heldur þýðir það heiti að eins ónýt högg og tilgangslaus. — Sama eðlis og hjábrögð — sem sé glepjandi hreyfing — er það skylmingabragð, að vegandinn reynir að koma á óvart mótstöðumanni sínum með því að skipta um hönd; í einni svipan kastar hann skildinum og sverðinu í lopt upp og grípur með hægri hendi það vopnið, sem áður var í vinstri, en hitt með vinstri, sem hann áður hélt á í hægri. Þetta var talinn vottur um frábæra vígfimi, og kemur þar fram annað aðaleinkenni fornnorrænnar skylmingalistar, að sóknarvopninu var ekki ávalt beitt með hægri hendi, heldur af og til með hinni vinstri. Hver sá, er vel vildi verða að sér gjör um íþróttir, lagði á það alla stund, að temja báðar hendur við hvers kyns vopnaburð. Er það ljóst af því, hversu tíðrætt sögunum verður um þetta atriði, og auk þess tekur Konungsskuggsjá það beinlínis upp sem námsreglu, að vísu í fyrirsögn sinni um kastfimi, en þó með þannig löguðum orðum, að þau hljóta jafnframt að eiga við skylmingaæfingar: »En forðum var sá siður, að allir þeir menn, er

fullkomnir vildu vera í þess kyns íþróttum að vera vel lærðir til vopna og riddaraskaps, þá vöndu þeir báðar hendur jafnkringar í öllu vopnaskipti til að grípa, og viður það leita þú ef þú þykist það finna að þú hefur til þess náttúru; því að þeir eru bezt að sér gjörvir í þeirri íþrótt og hættastir sínum óvinum, er svo eru lærðir«. Jafnvígir á báðar hendur munu þó fæstir hafa orðið; það liggur í hlutarins eðli. Saxi getur þess í fornsögu sinni um Fróða friðgóða, að hann hjó og varðist jafn fimlega báðum höndum. Hið sama segja sögur vorar um Gunnar Hámundarson, Ólaf Tryggvason, Helga Droplaugarson o. fl.

Aðalvarnarvopn fornmanna var skjöldurinn, eins og þegar er tekið fram. Hinir fornnorrænu skildir voru trjákringlur allstórar, einbyrðar eða tvíbyrðar, járnbendar og málmi varðar, einkum á röndunum og framhliðinni. Vanalega var skjöldurinn íhvolfur nokkuð, og til þess að auka enn meir á bunguna og gjöra hana afsleppari, var negld á hana miðja *bóla* mikil eða *bukl*; andspænis að innanverðu var handarhaldið, *mundriðinn*, og var holt undir honum upp undir bóluna, til þess að rúmt væri um hnúana, er um hann var haldið. Skjöldu af annari gerð en kringlótta minnast skáld víkingaaldarinnar ekki á; þeir kenna þá til sólar, mána, hjóla og þess háttar líkama. Aflangir skildir hjartmyndaðir, breiðir upp en mjóir niður, svo sem þeir er liðsmenn Vilhjálms bastarðar bera á Bayeuxtjaldinu fræga, hafa tæplega tíðkazt að nokkru ráði á Norðurlöndum fyr en í lok 10. aldar. Mjórri endinn nefndist *skjaldarsporður*. Mjög skipti í tvö horn um stærð og traustleik skjaldanna. Handhægir smáskildir voru t. d. *törgur*, en telja má víst að þær hafi verið af útlendum upp-

runa. Sumir skildir voru aftur á móti svo stórir um sig, að flytja mátti á þeim særða menn heim af vígvellinum, og mun það einkum eiga við norrænu skildina fornu. Títt var að skreyta skjölduna á marga vegu, með litum, myndum og dýrum málmbúningi, svo sem bent var til hér að framan (bls. 34). — Þá er menn börðust, héldu þeir vinstri hendi um mundriða skjaldarins og brugðu honum fyrir högg og lög andstæðingsins *(hlífa sér með skildi; bera af sér högg, lag; skjóta, ljósta, bregða við skildi)*. Bezt var að bera skjöldinn skáhalt við tilræðinu, til þess að vopnið festi síður á. Stórum skjöldum og þungum, er örðugt var að sveifla, héldu menn mestmegnis kyrrum fyrir sér og báru af sér tilræði, er greidd voru utan skjaldarins, með sóknarvopni sínu. Endra nær brugðu menn einnig opt og tíðum sóknarvopninu fyrir sig, er því varð betur við komið en skildinum, og stundum beittu menn jafnvel hvorutveggja í senn til hlífðar gegn sama tilræðinu, líkt og sagt er eitt sinn um Aron Hjörleifsson, að hann kom fyrir sig buklaranum, en hjó annari hendi spjótið af skapti fyrir mótstöðumanni sínum. Hlífðarhöggin nefndust *viðrslög*. Þá er skjöldurinn var orðinn höggvinn til muna, var auðvitað ekki um annað að gjöra en fleygja honum og hlífa sér með sóknarvopninu einu. Vopnfimir menn börðust einatt skjaldarlausir, einkum er þeim tók að svella móður; þótti þeim þá að honum óþarfur byrðarauki. Með spjótið í vinstri og sverðið í hægri hendi, eða öxi mikla reidda tveim höndum, geystust þeir fram á móti fjandmönnum sínum, og snerust þá einatt við fleirum en einum í senn. Þann sið telur Egill Skallagrímsson Eiriki blóðöx til hreysti í Höfuðlausn:

Verpr broddfleti
af baugseti
hjörleiks hvati;
hann er blóðskati.

Mjög var lofuð hugprýði Hákonar konungs hins góða í orustunni á Rastarkálfi, er hann »gékk ráðsterkur framar merkjum« og vó menn til beggja handa. Fræg eru og orðin ummæli Þormóðs Kolbrúnarskálds á Stiklastöðum: »Það skulu búkarlar finna í dag, at öx mín skal mér bæði skjöldur og brynja«. Sá var lönguin háttur Gunnars á Hlíðarenda, er hann kom ekki við boganum, að hann »tók þá sverðið og vó með annarri hendi, en lagði með atgeirinum annari hendi«. Sama er að segja um Kára Sölmundarson. Ótal fleiri dæmi þess mætti rekja, að vígfimir menn höfðu ekki ávalt skjöld í bardögum. Þessa urðu menn að sjálfsögðu að taka tillit til við skylminganámið; mun því hvorttveggja hafa verið æft jöfnum höndum: viðurslög með skildi og með sóknarvopni einu saman.

Mörg tilræði forðuðust menn á annan hátt en með viðurslögum; það kom sér vel í vopnaskiptum að vera mjúkur í hreyfingum, að kunna að stökkva upp yfir lagið er í nauðirnar rak eða vinda sér snarlega til hliðar. Má í því efni minna á frásagnir Njálu um vígfimi Kára, enda þótt margt sé þar ótrúlega sagt.

Til þessa hef eg eingöngu haft fyrir augum hina eiginlegu skylmingalist, er menn beittu sóknarvopninu með annari hendi. En tvíhendis-skylming hlutu æskumenn einnig að temja sér, því að hún kom þráfaldlega fyrir í mannraunum, einkum framan af víkingaöldinni, er axir virðast hafa verið allra vopna tíðastar. Öxin var í raun réttri tvíhendisvopn, er

greidd voru með geysihögg, svo að alt sundraðist, er fyrir varð: skildir rifnuðu, hjálmþakin höfuð kloínuðu og — búkar flettust sundur að beltisstað! Víst er það ofmælt hið síðasttalda. En ýkjurnar sýna þess ljósastan vottinn, hvílík ógn stóð af því vopni í sterkra manna höndum. Það er ekki ófyrirsynju, að skáldin kenna axir við tröllkonur. Tröllslegri aðfarir var naumast hægt að hugsa sér af menskum mönnum en þær, er heljarmennið reiðir svo greypilega öxi sína báðum höndum, að hamarinn molar höfuðskelina eða hyrnan ristir kverkina á fjandmanni, er að baki honum stendur, í sama tilræðinu og hann klýfur andvígismann sinn í heilastað. Hitt var sjaldgæfara, að sverð voru reidd báðum höndum, en þó finnast þess eigi allfá dæmi. Sverðið var að vísu til þess lagað að beita því með annari hendi; lengd meðalkaflans nam að eins handarbreidd; stór tvíhendissverð tíðkuðust ekki fyr en á riddaraöldinni. Menn urðu því að grípa annari hendi utan um hina, er tvíhenda skyldi sverðið. Þessi notkun sverðsins var hrein og bein undantekning, og kom þá helzt fyrir, er vegandinn átti það eitt vopna eptir, og neytti í vígamóði að leikslokum allrar orku til að yfirbuga fjandmann sinn. Slíkar aðfarir voru þó næsta viðsjálar, því að þegar hátt var reitt og höggin strjál, varð fimum mótstöðumanni, er forðast kunni tilræði, auðvelt að leita sér höggstaðar; sveiflan á tvíhendishöggum varð stundum svo geyst, að ef vegandinn misti höggstaðar, nam vopnið fyrst í jörðu stað, og laut hann þá einatt svo mjög eptir því, að andvígismanninum var innan handar að veita honum banvænan áverka á háls eða herðar, áður hann rétti við.

Efamál er það, hvort tvíhendisskylming geti talizt til íþrótta. En alt um það hlutu ungir menn að temja sér hana, til þess að vera ekki allsendis óviðbúnir, er henni var að mæta í mannraunum. Axar varð hver maður að kunna að neyta, bæði til sóknar og varnar.

Af aðstöðu manna við skylmingar fara engar sögur. En það liggur í hlutarins eðli, að eptir svipuðum reglum hlýtur að hafa verið farið í þessu efni eins og nú á dögum, að minsta kosti að því er til einhendisskylminga kemur; þær reglur gátu og að mestu leyti átt við um tvíhendisskylmingar.

2. *Bogaskot.* Skotfimi hefur frá alda öðli verið eitt af aðaleinkennum fornþjóðarinnar norrænu. Það var um hana eins og flestar aðrar þjóðir í bernsku, að bogi og örvar voru henni nær því jafn frumleg vopn eins og lausagrjót á mörkum úti. Þess bera ljósastan vottinn öll þau ógrynni örvarbrodda úr tinnu og beini, er geymzt hafa frá steinöldinni. Og þegar á þessum ramfornu tímum hafa Norðurlandabúar kunnað að gjöra boga sína svo vel úr garði, að með þeim mátti drepa stór dýr, svo sem hirti. Eldri bogar hafa þó ekki geymzt til vorra tíma en frá ofanverðum þjóðflutningstímunum.

Boga sína gjörðu fornmenn tíðast úr álmi; því er *almr* algengast bogaheiti í skáldamálinu. Í enn meiri metum voru þó *ýbogar* sakir þanþols síns. En óvíst er, hvort mikið hefur verið smíðað af þeim á Norðurlöndum, með því að sú trjátegund, er þeir voru gjörðir úr *(ýr* = taxtré), mun hafa verið litlu algengari þar á þeim tímum en nú, er hún vex óræktuð að eins á stöku stað í Skandinavíu sunnanverðri og á Jótlandi. Eptir að Norðurlandabúar

höfðu náð fótfestu í vesturlöndum, einkum á Írlandi, var þeim aptur á móti hægt um hönd að afla sér efniviðar í ýboga. Smáir bogar úr horni eða treystir hornsveigum, til þess að gjöra þá staðbetri, eru að vísu nefndir í Konungsskuggsjá (á 13. öld), en annars er hvergi á þá minst í norrænum ritum nema í Hervararsögu, en þar er talað um þá í rammasta fyrirlitningarrómi sem vopn Húnaþjóðar. Bjólfskviðan engilsaxneska, er kveðin er nál. 700 e. Kr. um forndanskar sagnir, eignar Dönum á 6. öld hornboga. En hvað sem því líður, þá er víst, að þeirra finnast engin dæmi á víkingaöldinni.

Bogarnir voru þannig gjörðir, að tekin var gallalaus grein af áðurnefndum trjátegundum og skafin ímjó til beggja enda. Greinarendarnir nefndust *boghalsar* og um þá var strengnum brugðið í stall eða skoru. Til *bogastrengs [þinurr;* sbr. skáldheitin *almdróg, ýdróg]* var haft harðtvinnað hörband; í stað þess notuðu menn einnig, einkum snemma á öldum, dýrasinar og dýraþarma. Lengd bogans, harðspenni og gildleiki fór eptir afli bogmannsins. Ákveðins máls er hvergi getið. Í ensku riti frá 15. öld er sú höfuðregla sett, að lengd bogans skuli jöfn hæð skyttunnar, og verður ekki betur séð af bogum þeim, er fundizt hafa í jörðu frá fornum öldum, en að svipuð regla hafi átt sér stað á Norðurlöndum í fornöld. Flestir þeirra boga eru um mannhæð og sumir freklega það.

Missagnir eru það, er getið er *lásboga* í Fornaldarsögum vorum og jafnvel í Ólafssögu Tryggvasonar hinni lengstu, þar sem greint er frá Svoldarorustu. Það er ein af hinum óteljandi menningarsögu-villum, er hin yngri kynslóð íslenzkra sagnaritara á fyrri

öldum gjöra sig seka í. Sú tegund boga fluttist með hinum fyrstu krossfarendum til Norðurálfunnar og gat því ekki verið orðin kunn á Norðurlöndum fyr en um miðbik 12. aldar. Latneska nafnið á þeim bogum, *arbalista, arcubalista,* finst ýmislega afbakað víðs vegar um Norðurlönd eptir miðbik 12. aldar *(arbyst, armbrist, armbröst o. fl.),* en ekki leið á löngu áður en Íslendingar og Norðmenn völdu þessari nýju bogategund heitið *lásbogi* til aðgreiningar frá gamla boganum norræna, er nú hlaut heitið *handbogi.* Aðalmunurinn var sem sé sá, að sjálfum boganum var stungið þvervegis gegnum digurt skepti framanvert; eptir því endilöngu var rás fyrir örina upp undir *lásinn,* er var svipaður byssulás, bógur að ofan og gikkur að neðan. Boginn var vanalega úr stáli og var því ekki auðgjört að spenna strenginn upp á bóginn með handafli einu saman; annað tveggja urðu menn að hjálpa til með fótunum eða nota eins konar vogastangarverkfæri, er til þess var ætlað og bogmenn báru við belti sér. — Sakir þess að lásbogar fluttust svo seint til Norðurlanda og náðu að öllum líkindum aldrei alþýðlegri útbreiðslu, hafa þeir allsendis enga þýðingu haft fyrir þjóðlega skotlist Norðurlandabúa fyr á tímum. Hún er einkaafspringur handboganna fornu.

Örvarnar, er við þá áttu, voru þannig gjörðar, að fjaðurmynduðum járnbroddi var stungið inn í mjótt tréskapt *(örvarskapt, örvarhúnn)* og reyrt að með þræði *(reyrböndj;* sjaldan var svo um búið sem á spjótum að skaptið gengi í fal. Til þess að örin geigaði síður á fluginu, voru opt og tíðum aflangar flögur — úr tinnu eða málmi, eða jafnvel fjaðrir — festar á rönd ofan til á húninn. Örin varð að

vera svo löng, að oddurinn lenti ekki inn fyrir sveiginn, er skyttan dró upp boga sinn (sbr. *at draga ör fyrir odd*); lengd hennar stóð því í réttu hlutfalli við lengd bogans og í öfugu hlutfalli við harðspenni hans. Gulaþingslög mæla svo fyrir, að hver liðsmanna í leiðangri skuli hafa eigi skemri örvarhúna en svari armlengd. Í örvarskeptið aptanvert, er bregða skyldi á strenginn, var gjörð lítil skora *(strengflaug, strenglág)* og þræði vafið um endann, bæði til þess að ekki klofnaði fyrir strengnum og jafnframt til þess að vega á móti þunga örvaroddsins. Í því skyni og jafnframt fyrir traustleika sakir var einatt til þess hafður smágjör málmþráður, jafnvel gullinn, þá er mikið skyldi við hafa *(ör gulli reyrð)*. Annars áttu margs konar afbrigði sér stað um örvar sem önnur vopn, einkum að því er snertir lögun oddsins og hversu vel var til þeirra vandað. Merkustu tegundir örva voru *krókör, fleinn, bildör, broddör* eða *broddr*.

Hætt var við, ef strengurinn var látinn vera á boganum til lengdar, að þanþolið rénaði og raki spilti strengnum; því var það siður flestra að *benda* ekki *boga* sinn fyr en neyta skyldi, og geyma hann strenglausan þess í milli.

Af bogum skutu menn jafnan standandi. Bogmaður sneri vinstri hlið að markinu, steig fram vinstra fæti lítið eitt, hélt boganum lóðréttum fram undan sér í vinstri hendi með beinum handlegg, stakk með hægri hendi örvarskeptinu innan á strenginn *(leggja ör á streng)* og hélt því síðan þannig, að hann klemdi blá-enda þess milli þumalgóms og miðhnúa vísifingurs eða milli miðhnúa vísifingurs og löngutangar, en strenginn hafði hann inni í neipinni; framar hvíldi örvarskeptið á vísifingri vinstri handar, er mundaði

bogann miðjan. Því næst dró hann að sér örina með sígandi krapti upp að hægri öxlinni og slepti ekki sjónar á markinu, unz hann gjörði dálitinn snöggan rykk á örina og hleypti henni af. Almennast mun það hafa verið, eins og hér er sagt, að halda boganum í vinstri hendi en örinni í hægri, enda þótt heitið *örvhönd* (=vinstri hönd) virðist í fljótu bragði að benda til hins gagnstæða. Hægri höndin var, jafnt þá sem nú, margfalt æfðari í tiltökum, traustari og tilfinningarnæmari en hin vinstri, sakir þess hversu mjög henni var beitt í daglega lífinu til flestra hluta. En einmitt þetta, traustleiki og tilfinningarnæmi handarinnar, er á örinni hélt, var ekki þýðingarminna skilyrði fyrir skotfimi en örugt auga. Með boganum varð ekki miðað á sama hátt og með byssu. Og einkum var vandhitt með boga sakir þess, hversu bjúga línu örin markar á fluginu, og því þjúgari sem fjarlægðin er meiri og krapturinn minni. Handartaugarnar urðu beinlínis að finna það á sér nákvæmlega, hversu miklum krapti skyldi verja til skotsins; tilfinningin mældi ósjálfrátt hlutfallið milli krapts og fjarlægðar. Til slíkra hluta hlaut hægri höndin að verða flestum tamari. En hvernig stendur þá á heitinu *örvhönd?* Hefur frumþýðing orðsins ör (eldra *arhwo*=lat. *arcus*, bogi) geymzt í þessari samsetning? Má vera. Líklegri er þó tilgáta K. Kromans, kennara í heimspeki við háskólann í Kaupmannahöfn: Maður sem mikið fór með boga, hlaut að fá sigg á vísifingurinn á þeirri hendinni, er um bogann hélt, því að á honum mæddi örvarskeptið. Örin setti svo að segja innsigli sitt á höndina. Var þá ekki nema eðlilegt, að sú höndin væri kölluð örvhönd. Hins vegar verður því ekki neitað, að til voru menn, er skutu með

vinstri hendi, enda þótt það væri ekki aðalreglan. — Til þess að fljótgripið væri til skeytanna, var tíðast að skyttan hefði örvamalinn hangandi á bringu sér, er hann stóð og skaut. Stundum steypa menn niður örvunum fyrir framan sig, eða stinga þeim jafnvel á oddinn niður í völlinn, til þess að þurfa ekki að beygja sig mjög eptir þeim.

Skotfimin var nú sumpart í því fólgin að vera hæfinn eða beinskeytur — og varðaði það auðvitað mestu — sumpart í því að vera langskeytur og harðskeytur. Hæfnir gátu menn orðið á sæmilegu færi, þótt ekki væru þeir rammir að afli. En til þess þurfti afburðakrapta að hitta vel á löngu færi eða skjóta svo hart, að hvorki stóðust hjálmar né brynjur. Því er þess löngum getið um sterka menn, að þeir kunnu vel við boga, Eilífur skyti í Gnúpufelli »var mikill maður og sterkur og bogmaður góður«, segir í Ljósvetningasögu. Um Einar þambarskelfi kemst Snorri svo að orði: »(Það) er sagt, að Einar hafi verið allra manna sterkastur og beztur bogmaður, er verið hafi í Noregi, og var harðskeyti hans umfram alla menn aðra; hann skaut með bakkakólfi í gegnum uxahúð hráblauta, er hékk á ási einum.« Í Svoldarbardaga stóð hann í krapparúmi á Orminum langa og skaut af boga; var hann að vanda allra manna harðskeytastur. Honum var mjög í mun að vinna bana skæðasta mótstöðumanni höfðingja síns, Eiríki jarli Hákonarsyni. Skaut hann ör að jarli, og laust í stýrishnakkann fyrir ofan höfuð honum, »og gekk alt upp á reyrböndin; jarl leit til og spurði, ef þeir vissu, hver þar skaut; en jafnskjótt kom önnur ör svo nær jarli, að flaug milli síðunnar og handarinnar og svo aptur í höfðafjölina, að langt stóð út

broddurinn. Þá mælti jarl við þann mann, er sumir nefna Finn, en sumir segja að hann væri finskur — sá var hinn mesti bogmaður —: »Skjóttu mann þann hinn mikla í krapparúminu«. Finnur skaut, og kom örin á boga Einars miðjan í því bili, er Einar dró hið þriðja sinn bogann; brast þá boginn í tvo hluti. Þá mælti Ólafur konungur: »Hvað brast þar svo hátt?« Einar svarar: »Noregur úr hendi þér, konungur«. »Eigi mun svo mikill brestur orðinn«, segir konungur, »tak boga minn og skjót af«, — og kastaði boganum til hans. Einar tók bogann og dró þegar fyrir odd örvarinnar og mælti: »Ofveikur, ofveikur alvalds bogi«, — og kastaði aptur boganum, tók þá skjöld sinn og sverð og barðist«. Þá var Einar 18 vetra og hafði hann naumast verið talinn hlutgengur í sveit á konungsskipi fyrir æsku sakir. — Um Birkibeina á 12. öld er og þess getið, að þeir skutu svo hart, að örvar þeirra gengu í tré alt upp á reyrböndin. — Þessir bogsterku menn höfðu því langa og gilda boga, er lítt voru vopnhæfir meðalsterkum mönnum. Arnbjörn Árnason, er var »styrkur maður«, taldi sér það helzt til íþrótta, að hann væri vel fær að bogaskoti, — »ætla eg að eigi skuli sá bogi finnast í Noregi, að mér muni eigi vopnfær«. Væri slíkum afarmennum fenginn skaplegur bogi í hendur, gjörðu þeir annaðtveggja að rykkja honum sundur, óðar en á var tekið, eða draga örina fyrir odd. Einari þambarskelfi þótti lítill veigur í boga Ólafs konungs Tryggvasonar. En engi er einna hvatastur. Þjóðsaga ein forn segir svo frá, að litlu síðar hitti Einar fyrir sér mann, er lítið varð fyrir að bregða ör fyrir odd á boga hans. Það var Ormur Stórólfsson. Hann kom eitt sinn til Gimsa í þann tíð, er

Einar hlýddi messu. Bogi hans var úti fyrir kirkjudyrum. Ormur tók hann upp, lagði ör á streng og dró fyrir odd; lét síðan örina standa í boganum. En er Einar kom út og sá, hversu frá var gengið, spurði hann, hver með bogann mundi hafa farið, og furðaði mjög; kvaðst vita, að það mundi engin skræfa verið hafa, er draga mátti boga hans fyrir odd.

Í bardögum höfðu bogarnir mikla þýðingu. Eins og kunnugt er hófust allar orustur með skotum, bæði örum, spjótum og grjóti. Í sjóorustum skutu margir af bogum alla jafna meðan barizt var, einkum skutbyggjar, þá er menn börðust um stafna. Í landorustum linti heldur örvahríðinni engan veginn að fullu, er fylkingar sigu saman; í fylkingaörmunum eða að fylkinga baki stóðu einatt sveitir bogmanna og steinslöngvara, er voru hinar skæðustu. Þá komu bogarnir eigi síður að góðu haldi þá er setið var um borgir. Löggjöfin forna kvað því allríkt á um, að leiðangursskip væru vel búin að bogum og örvum. Í Noregi skyldu bændur fá til á þóptu hverja tvennar tylftir örva og boga einn. Sum sænsk útboðslög gjöra jafnvel ráð fyrir, að hver liðsmanna hafi handboga og þrennar tylftir örva. Yngra að efni er ákvæði józku laga, að hver stýrimaður skuli með sér hafa armbrist og þrjár tylftir örva. — Þeim mun skæðari urðu örvar í orustum sem örðugra var að gæta sín fyrir þeim en öðrum vopnum. Sterkar bogskyttur »nístu skjöldu, hjálma og brynjur, sem væru menn hlífarlausir fyrir«, eins og Saxi kveður að orði um Gotlendinga í Brávallabardaga. Knálega hefur og sá knúið boga sinn, er kveðið var um:

Svá skaut gegn í gögnum
garð steinfarinn barða,

— sá var gnýstærir geira
gunnarhæfr — sem næfrar.

Aðrir voru að vísu ekki svo harðskeytir, en í þess stað hafði margur, þótt miður væri knár, lag á að hitta þá staði á líkama óvina sinna, er berastir voru fyrir, svo sem andlitið — einkum augun — hálsinn, handarholin o. s. frv. Sá var enn kostur við bogana, að skyttan þurfti einatt ekki að hætta sér á bersvæði; hann gat staðið á öruggum stað og unnið þaðan mein fjandmönnum sínum, og jafnvel kosið feigð á hina fræknustu meðal þeirra. Fyrir örvarskoti féllu margir hinna frægustu af herkonungum Norðurlanda, t. d. Haraldur harðráði. Eitt sinn (árið 866), er sveit norrænna víkinga var á ránsför inn um bygðir á Frakklandi og landsmenn höfðu kvíað þá í steinkirkju nokkurri, kýs einn þeirra foringja Frakka, Ramnúlf greifa af Poitou, til þess að deyja fyrir bogaskoti sínu; skaut hann síðan ör að greifanum og særði hann banasári. Væri tekið hús á manni, var boginn hagfeldasta varnarvopnið. Á kistlinum frá Clermont, sem skorinn er af engilsaxneskum manni á 8. öld, getur að líta Egil, bogskyttuna frægu, bróður Völundar, þar sem hann stendur við glugga á húsi sínu og verst með örvaskotum aðsókn fjandmanna sinna. Á sama hátt bjóst Gunnar Hlífarson til varnar, er þeir sóttu að bæ hans með mikla sveit manna Tungu-Oddur og Þóroddur sonur hans. Hann tók boga sinn og örvar og nam staðar í útidyrum við glugg, er á var hurðinni. Kvaðst hann þess öruggur, að griðkonur sínar mundu stungið hafa nokkra þá félaga svefnþorni áður hann hnigi í gras. Og hverjum er ekki minnisstæð vörn Gunnars á Hlíðarenda,

er þeir Geir goði og Gizur hvíti tóku hús á honum við 40. mann? Fyrst skýtur hann á þá út um skálagluggann og vinnur þeim margan geig; og enn fá þeir engu áorkað, er af var undið þakið af skálanum, unz höggvinn var bogastrengur Gunnars. Hann biður þá Hallgerði gefa sér lokka úr hári sínu »og snúið þið móðir mín saman til bogastrengs mér«. »Liggur þér nokkuð við?« segir hún. »Líf mitt liggur við«, segir hann, »því að þeir munu mig aldrei fá sóttan, meðan eg kem boganum við«. »Þá skal eg nú«, segir hún, »muna þér kinnhestinn, og hirði eg aldrei, hvort þú ver þig lengur eða skemur«. »Hefir hver til síns ágætis nokkuð«, mælti Gunnar og varðist enn frænlega um stund með atgeiri sínum.

Auk þess sem óhjákvæmilegt var fyrir hermenn að kunna vel við boga, kom skotfimin mönnum að margvíslegum notum í atvinnulífinu, til þess að afla sér viðurværis á veiðiförum. Þar við bættist yndi það og eptirlæti, er menn höfðu af þessari íþrótt, og þýðing hennar fyrir manngildisþroskann. Mun þess nánar getið síðar, er tilrætt verður um veiðar.

Það var því ekki furða, þótt menn tæki þegar á unga aldri að temja sér þessa listnæmu íþrótt og stunduðu hana af kappi einnig á fullorðinsárum með því ýmist að skjóta til marks eða fara á veiðar.

Þá er gengið var til skotæfinga reistu menn sér *skotspán* á hæð nokkurri eða bakka *(skotbakki)* og tóku sér stöðu í hæfilegri fjarlægð, eptir því sem hver var bogfær til *(at ætla sér skotmál)*. Sljóar örvar voru einatt notaðar við æfingarnar, og nefndust þær *kolfar* eða *bakkakolfar*, af því að þeirra var neytt þá er gengið var til skotbakka. Að hitta í miðjan spóninn var *frægðarskotið*. Frá skotæfingum

fornmanna er runnið máltækið »að hafa einhvern að skotspæni«; virðist af því mega ráða, að einatt hafi verið farið svo með hertekna menn, er taka skyldi af lífi. Til styrktar því er sögnin um líflát Játmundar hins helga Englakonungs (árið 870). Ívar Ragnarsson lét menn sína taka konung og binda hann við tré; höfðu þeir hann síðan að skotspæni.

Fáar íþróttir munu Norðurlandabúar hafa lagt jafnmikla rækt við sem boglistina, og í engri náð jafnmikilli snilli. Skáldin telja það meðal höfuðíþrótta tiginborinna sveina »að skjóta örum af ýboga«. Fornar sagnir láta hetjurnar í uppvexti *ganga* dag hvern *í skotbakka;* svo er t. d. um Ketil hæng og þá fóstbræður Örvar-Odd og Ásmund. Daglega temur Úlfur bóndi Sigmund Brestisson við skotfimi. Á bak við orð Indriða ilbreiðs við Ólaf konung Tryggvason: »tók eg á boga, þá er aðrir smásveinar skutu til hæfis« vakir fyrir oss skýr mynd af sveinafjöld þeirra tíma, er ógjarna lét sót festa á bogum sínum. Á sama grundvelli hvílir það atriði í goðsögninni um dauða Baldurs, að æsir hafa hann að skotmarki á þingum. Enda eru þau eins og töluð út úr hjarta hins forna æskulýðs orð Snorra Sturlusonar, er hann nefnir boglistina »höfðinglega íþrótt og nytsamlega«. Enn segir í Konungsskuggsjá: »Það er góð íþrótt og þó skemtan, að ganga með boga sinn í skotbakka með öðrum mönnum«. Þess skal þó getið, að bogfimi manna á Norðurlöndum var mjög farið að hnigna um þær mundir er sú bók var rituð.

Boglistina helguðu Norðurlandabúar sérstökum guðdómi. Sá hét Ullur, og var stjúpsonur Þórs. Var hann jafnframt guð veiðifara og skíðfara, og yfir höfuð allra vetraríþrótta *(bogaáss, veiðiáss, önd-*

urásst. »Hann er fagur álitum og hefir hermannsatgjörvi«. Á nokkrum hinna elztu norrænu peninga, er myntaðir voru í víkinganýlendunni á Norðymbralandi, getur að líta Þórshamar öðrum megin, en hinum megin bendan boga með ör á streng. Þar hafa menn þózt kenna mark Ullar.*) En réttara mundi að kveða svo að orði, að bogmerki þetta tákni herskapariðn þjóðarinnar. Báðar til samans þýða myndirnar þetta: *Vér víkingar — Þórsdýrkendur.*

Átakanlegast lýsir sér þó bogfimisást norrænna þjóða í því, hversu mjög þær unnu frásögnum um fræga bogmenn.

Bezt lét mönnum að jafnaði boglistin í þeim héruðum Norðurlanda, þar sem atvinnuhættir voru þannig vaxnir, að karlmenn ólu mestmegnis aldur sinn við veiðifarir á fjöllum uppi eða með ströndum fram. Þess vegna voru Finnar, Háleygir og Þelamerkurbúar taldir allra manna bogfimastir. »Hvatki er þeir skjóta til, þá hæfa þeir«, segir Snorri um Finna. Maður sá, er í Svoldarorustu skaut í sundur bogastrenginn Einars, er ýmist nefndur »finskur« eða norrænn maður af Herlöndum, er Finnur hét. Saxi kveður svo að orði um Finna, að engin þjóð megi jafnast við þá um skotfimi; »hafa þeir örvar miklar og breiðar«.

Í elztu mynd hinnar ramfornu sagnar um bogmanninn Egil, sem geymzt hefur á Norðurlöndum, er hann talinn finskur konungsson; hann »skríður og veiðir dýr í Úlfdölum«. Svo er sagt í inngangsorðunum að Völundarkviðu í Konungsbók, og standa

*) A. Bugge, Vikingerne, II. 290.

þau í fullu samræmi við kviðubrotið. Eyvindur skáldaspillir nefnir örvar sínar »hlaupsíldr Egils gaupna« í vísu, er hann orti hallærisveturinn 969.*) Annar finskur bogsnillingur innan landamæra sagnaheimsins er Gusir konungur. Við hann þreytir Ketill hængur úr Hrafnistu, og lætur þeim svo vel listin, að örvarnar mætast á fluginu *(at skjótask í odda)*; fór svo tylft örva hvors, áð niður féllu! Enn má tilnefna Möttul Finnakonung, er getið er um í Ragnars þætti loðbrókar hjá Saxa. — Fremst í röð háleygskra bogmanna skipa sagnirnar Hrafnistumönnum, Katli hæng, syni hans Grími loðinkinna, hans syni Örvar-Oddi — að því er Íslendingar telja — og dótturdóttursyni Ketils, Áni bogsveigi.

Af skotfimi Áns fer sú sögn meðal annara, að hann mátti hæfa hnífsskepti, er aptur stóð úr hendi manns, án þess að vinna honum mein. Saxi segir og þá sögu um hann, að þá er Björn fóstbróðir Friðleifs Danakonungs

---

*) Annars þekkjum vér bezt sögnina um Egil af Þiðrekssögu:

Í þann tíma kemur hinn ungi Egill til hirðar Niðungs konungs, bróðir Velents, fyrir því að Velent hafði honum orð sent. Egill er allra manna friðastur, og einn hlut hefir hann fyrir alla menn fram, hann skýtur betur af handboga en engi maður annar. Konungur tekur vel við honum, og er Egill þar langar hríðir. Konungur vill reyna, hvort Egill skýtur svo vel sem sagt er eða eigi. Hann lætur taka son Egils þrevetran, og lætur leggja eitt epli á höfuð honum, og bað Egil skjóta, svo að eigi færi fyrir ofan höfuðið né vinstra veg né hægra veg. Eplið eitt skyldi hann hæfa. En ekki var honum fyrirboðið að skjóta sveininn, fyrir því, að það þóttist hann vita, að það mundi hann fyrir engan mun gera, ef hann mætti sjálfur ráða. Og einni ör skyldi hann skjóta en eigi fleirum. Egill tekur þrjár örvar og strýkur fiðrið á og leggur á streng og skýtur á mitt eplið; hafði örin brott með sér hálft eplið og kom alt í senn á jörð. Þetta frægðarskot hefir lengi uppi verið. Og mikið finst konunginum um hann, og allra manna er hann frægastur og þenna kalla menn Ölrúnar-Egil. Niðungur konungur spyr Egil, hví hann tók þrjár örvar, með því ein var til skilin að skjóta með. Egill svaraði: »Herra«, sagði hann, »eigi vil eg ljúga að yður; ef eg hefði lostið sveininn með einni örinni, þá hafði eg yður þessar tvær ætlað«. En konungurinn virði það vel fyrir honum, og þótti öllum hann djarflega mæla.

vildi ganga til einvígis við hann í stað konungs, freistaði Án að skjóta honum skelk í bringu með því að sýna honum bogfimi sína; skaut hann að honum þrem örum; kom hin fyrsta í bogastrenginn, önnur í knúa hans á bogskeptinu; hin þriðja laust örina Bjarnar, er á strengnum lá.

Langt af öðrum Hrafnistumönnnum bar þó Örvar-Oddur, er skeikaði aldrei í skoti. Í æsku lætur hann hvern mann, er hann finnur hagan, gjöra sér skeyti og safnar hann þeim í hafurbelg einn, er hann hafði að örvamal og dragnaðist með alla jafna. Þær sagnir, er vér nú höfum um skotfimi Odds eru lítt merkar og síðla tilorðnar, enda þótt bogmannsfrægð hans sé forn. En þó virðist svo sem þær beri þess vott, að Oddur sé elzti arfþegi Egils að hinni fornfrægu bogfimissögn, er síðar er eignuð ýmsum öðrum norrænum mönnum: Tóka í Danmörku, Indriða ilbreið í Þrándheimi — eða öllu heldur Ólafi konungi Tryggvasyni — og Háleygjanum Hemingi Áslákssyni. Öllum er þessum sögnum það sameiginlegt — nema Örvar-Oddssögninni — að konungurinn lætur setja töfl (epli) í höfuð ungum sveini, syni eða bróður bogmannsins, og skipar honum að hæfa það mark, ella skuli hann engu fyrir týna nema lífinu. Sögnina má rekja víðs vegar meðal germanskra þjóða. Frægust afbrigði hennar utan Norðurlanda eru frásagnirnar um Vilhjálm Cloudesly á Norðymbralandi, er varð fyrir ónáð Vilhjálms bastarðar (í lok 11. aldar), og um Svisslendinginn Vilhjálm Tell á dögum Albrekts keisara († 1308). Hér yrði það oflangt mál að greina þetta efni til hlítar. En sá er aðalmunurinn á hinum útlendu og norrænu afbrigðum sagnarinnar, að hinar síðarnefndu fella bogfimisraunina inn á meðal annara fimleikarauna sem einn lið í samfeldri íþróttasýningu

og setja þá sýningu í samband við veizluhöld; þetta er alleinkennilegt og í nánu samræmi við eðli norrænna þjóðskemtana. Í fjölskrúðugustu gervi kemur sögnin fram í Indriða þætti ilbreiðs og í Hemingsþætti, og leyfi eg mér að tilfæra hér þau afbrigði hennar — ekki sem söguleg skilríki,' heldur sem einkennilegar hillingar af íþróttalífi fornmanna:

Inni í Þrándheimi bjó á dögum Ólafs konungs Tryggvasonar ungur bóndi og stórættaður, að nafni Indriði ilbreiður. Eitt sinn gisti konungur hann í þeim erindum að boða honum rétta trú; var þar fyrirbúin hin veglegasta veizla. Sagan lætur nú Ólaf gjöra svofeldan samning við Indriða, að hann skuli láta skírast, ef sá maður, er konungur fær til að reyna við hann íþróttir, ber hærra hlut af viðskiptum þeirra, en verða frjáls fyrir öllu ákalsi að öðrum kosti. Indriði tók lítt á um íþróttir sínar, en spyr þó, hvern konungur vilji láta til móts við sig. Konungur sagðist sjálfur mundu til ganga. Indriði kvað sér ofraun að þreyta við konung, þótt hann kynni manna bezt allar íþróttir. Lét þá konungur þess enn kost, að hann kallaðist yfirkominn að óreyndu. Það vildi Indriði eigi; kvaðst fyrst mega sjá fimleika hans. Reyna þeir síðan með sér, hvern daginn eptir annan, sund, skot og handsaxaleik utanborðs á árum. Frá skotfimisrauninni er sagt svo: »Þeir gengu til skógar, er skamt var frá bænum; lagði konungur af sér skikkjuna; setti hann þá spón í bakka, og ætlaði langt skotmál; síðan var honum fenginn bogi og ör, skaut hann og kom örin í utanverðan spóninn og stóð þar. Skaut þá Indriði innar í spóninn og þó eigi í miðjan. Konungur skaut í annað sinn, var þá til gengið og stóð örin í miðjum spæninum; kölluðu allir það frægðarskot. Indriði lofaði og hæfni konungs og kvaðst ætla, að honum gerði ekki eptir að skjóta. Konungur bað hann frá ganga, ef hann vildi, og segjast yfirkominn um þessa íþrótt. Indriði segir að þess mundi kostur, þó að hann freistaði áður. Indriði skaut þá, og kom sú ör í strengflaugina á þeirri ör konungs, er hann skaut síðar, og stóðu svo báðar. Þá mælti konungur: »Mikill frægðarmaður ert þú, Indriði, um íþróttir, en þó er þessi enn eigi

reynd til fullnaðar. Nú skal taka svein þann hinn fagra, er þú sagðist mest unna, og setja hann að skotspæni eptir því sem eg segi fyrir. Var þá svo gjört. Lét konungur þá taka eina hneftöfl og koma í höfuð sveininum. »Nú skulu við hér skjóta töflina úr höfði sveinsins«, segir konungur, »svo að sveininn saki eigi«. »Það munuð þér mega gera, ef þér viljið«, segir Indriði, »en vilja mundi eg hefna, ef sveininum er veittur skaði«. Konungur lét þá binda líndúki löngum um höfuð sveininum og lét 2 menn halda endum dúksins, svo að sveinninn mætti hvergi víkja höfðinu, þá er hann heyrði hvin örvarinnar. Gekk konungur þá til þess staðar, er hann skyldi standa, signdi sig og gjörði krossmark fyrir oddi örvarinnar, áður en hann skaut. En Indriði roðnaði mjög. Örin flaug undir töflina og setti aptur af höfði sveininum, og svo nær hafði hausnum, að heldur en eigi dreyrði úr hvirflinum. Konungur bað þá Indriða til ganga og skjóta eptir, ef hann vildi, en í annan stað gengu að Indriða móðir hans og systir og báðu hann með miklum gráti eigi til ráða. Indriði mælti til konungs: »Eigi er eg hræddur um, þó að eg hætti til að skjóta, að eg gjöri sveininum mein, en þó skal nú eigi skjóta að sinni«. »Þá þyki mér segir«, konungur, »sem þú sért yfirkominn«. Indriði svarar: »Það skuluð þér nú virða, sem yður líkar«.

Í Hemingsþætti segir frá því, að í Torgum á Hálogalandi bjó ríkur bóndi, er Áslákur hét. Var konungur honum reiður af þeim sökum, að hann lét uppfóstra á laun annan sona sinna, er nefndist Hemingur; kvaðst konungur í því svikinn um leiðangursskyldu. Gisti hann Áslák þrívegis og heimtaði að sjá Heming son hans; ella skyldu þeir feðgar sæta afarkostum. Áslákur fór undan, en ekki mýktist konungur, þótt veizla væri stórmannleg. Loks var sent eptir Hemingi. Bauð hann konungi þjónustu sína, ef hann mætti með því leysa líf föður síns og bróður. »Ert þú nokkur íþróttamaður?« spurði konungur. Hemingur segir: »Svo þótti þeim karli og kerlingu sem eg kynni margt vel, en eg hefi eigi öðrum mönnum mína kurteisi sýnda; en lítið get eg yður muni um finnast. Eina íþrótt þykist eg kunna fyrir yður að fremja«, segir Hemingur. Konungur fréttir: »Hver er sú?« »Skíðaferð hirði eg eigi við hvern eg reyni, því að það skal engi um mig vinna«. Konungur svarar: «Sjá skulu

vér leika þína og vita, hver slægur oss þykir til vera«. Hemingur svarar: »Við skal eg leita að leika eptir það er þér látið leika fyrir«.» Vér skulum nú út ganga«, segir konungur, »og leikast við«, — — Eyin var skógótt mjög og gengu menn til skógarins. Konungur tók eitt spjót og setur niður í völlinn odd spjótsins. Þá leggur hann ör á streng og skýtur í lopt upp. Örin snerist í loptinu og kemur niður örvaroddurinn í spjótshalann og stóð rétt upp. Hemingur leggur ör á streng og skýtur eptir; og sú var örin upp horfin lengi og þar kemur niður örvaroddurinn í strenglág hinnar örvarinnar. Þá tekur konungur spjótið og skýtur af hendi; hann skýtur svo hart og langt, að allir höfðu að orði, og þó gegnt. Þá bauð hann Hemingi þar til eptir að skjóta. Hemingur skýtur eptir og um fram öllu svo, að örfalurinn lá á spjótsoddi konungs.*) Konungur tekur spjótið og skýtur annað sinn, og skýtur yfir fram skot Hemings öllu spjóti. »Nú vildi eg eigi eptir skjóta«, segir Hemingur, »því að eg sé að eg get eigi int«. »Þú skalt skjóta«, segir konungur, »og hafa einurð við að skjóta lengra, ef þú mátt; það er alls máls sannast, að angráður er gumi hver, ef vegur með vopnum þeim, er hann hefur til«. »Nú mun eg skjóta; verður sem má«, segir Hemingur. Nú skýtur hann, og langt um fram. Þá leggur konungur ör á streng, og hann tók hníf og stingur í eikina. Hann skýtur aptan á knífskeptið, svo að örin stendur föst. Þá tekur Hemingur örvar sínar. Konungur stóð hjá honum. »Gulli eru reyrðar örvar þínar, og ertu metnaðarmaður mikill«, segir konungur. »Engar hefi eg þessar örvar gera látið, gefnar hafa mér verið og hefi eg engan búning af þeim tekið«. Hemingur skaut eptir, og kom í knífskeptið og stökk í sundur heftið; örvaroddurinn stóð í tanganum. Þá mælti konungur: »Lengra skulu við nú skjóta«, — og tók ör eina og var reiðulegur og leggur ör á streng og dregur svo bogann, að saman þótti bera hálsana. Örin flaug all-langt af boganum og nemur staðar á einum kvisti allmjóum. Þá mæla allir að

*) Hér virðist einhver skekkja í sögninni, því engin frægð er það, að skjóta lengra með boga en spjóti. Mundi eigi svo hafa verið upphaflega í sögninni, að Hemingur hafi átt að hæfa á lopti spjót það, er konungur skaut?

þetta þótti hið mesta afreksskot. Þá skýtur Hemingur og nokkru lengra og þá stóð örin í gegnum eina hnot. Þetta undruðust allir, þeir er hjá voru. Konungur mælti: »Nú skal taka hnotina og láta í höfuð Birni bróður þínum, og þar skaltu hæfa hnotina. Eigi skaltu nú skemra til skjóta en áður. En ef þú missir, þá skal þar liggja við líf þitt«. »Þér verðið lífi að ráða, en ekki mun eg þetta skot skjóta«, segir Hemingur. Björn mælti: »Heldur skaltu skjóta en þú takir dauða á þig, af því það er hverjum boðið að lengja líf sitt meðan hann má«. »Ertu ráðinn til að standa kyr og skjótast hvergi undan, ef eg skýt hnotina?« »Efalaust skal það«, segir Björn. »Þá standi konungur hjá«, segir Hemingur, »og hyggi að, hvort eg hæfi hnotina«. Konungur svarar: »Hjá þér mun eg standa«, en kvaddi til Odd Ófeigsson. Hann gekk þangað, og kvað sér hæfis mannraun að halda þar einurð um. Þá gengur Hemingur þangað, er konungur vill að hann standi og signir sig. »Guð nefni eg í vitni, að eg fel alla ábyrgð á hendur konungi, að eg vil eigi bróður mínum mein gjöra«. Þá skýtur Hemingur. Spjótið fer skjótt og rennur aptur yfir hvirfilinn og nam undir hnotina, og hann skeindist ekki; hnotin valt aptur af höfðinu, en spjótið fór lengra og stöðvaðist eigi fyr en niður kom. Þá kom konungur að og spyr, hvort á kæmi hnotina. »Skulu þér nokkuð því trúa, er eg segi frá?« segir Oddur. Konungur svarar: »Sá hlýtur að bera, er veit«. »Betur þótti mér en hann hæfði«, segir Oddur, »er hann skaut undir hnotina en hún valt ofan en hann sakaði ekki«. »Eigi virðist mér að hann hafi svo skotið, sem eg bauð,» segir konungur«.

3. *Kastfimi (»at skjóta skapti ok varpa steini«).* Ekki var það óhaldkvæmara en bogfimin að kunna vel að skjóta spjóti, og eins hitt að vera leikinn í að henda spjót á lopti, er á mann var stefnt. Samfara skotfimisæfingunum voru því einnig stundaðar kastfimisæfingar. Leitaðist hver um sig við að hitta sem næst miðju í *skotspón* eða *skottein*, er reistur var þar sem vel mátti til sjá. Og jafnframt æfðu menn sig í að geta kastað sem lengst. Eins og nafn æfing-

arinnar bendir til — »að skjóta skapti« — var það tiðast, þá er menn gengu í skotbakka að æfa kastfimi sína, að við hafa kollótt *sköpt*, er nefnd voru *skotvendir* sérstöku nafni. Enda er beinlínis mælt svo fyrir í Konungsskuggsjá. Skotvendirnir skyldu vera »heldur þyngri« en spjótsköpt, eða með öðrum orðum sem ápekkastir að þyngd reglulegum spjótum, svo að bugða kastlínunnar yrði svipuð. Þó er eigi ólíklegt að menn hafi af og til haft til þessara æfinga vanaleg stríðsspjót, einkum er skotið var í spón, því að örðugt var þá að greina hvar á kom, er með skapti var skotið; og auk þess virðist nauðsyn hafa borið til að venjast nákvæmlega kastlínu spjótanna og jafnvægiseðli, er ætið hlaut að vera nokkuð með öðrum hætti en skotvandanna. Aptur á móti var sjálfsagt fyrir varúðar sakir að viðhafa skotvendi þá er menn æfðu sig að henda spjót á lopti. Sú æfing fór fram á þann hátt, að tveir menn námu staðar hvor andspænis öðrum, með all-löngu millibili, og skutust á. Má vera að máltækið »að koma í kast við einhvern« eigi þangað rót sína að rekja. Þess er getið í Gunnars þætti Þiðrandabana um Kórekssonu og fylgdarmenn þeirra í stefnuförinni til Ásbjarnar veggharnars í Njarðvík, að þá er þeir komu í skóg einn í nánd við bæinn, áðu þeir um stund, »gjörðust í leik og skutu skógvöndum í milli sín«. Þeir bjargast við viðarteinunga í stað reglulegra skotvanda, sakir þess að öðru var ekki til að dreifa á ferðinni.

Það þótti góð atgjörvi að vera fimur að grípa vopn á lopti, og víst er um það, að opt gat það komið sér vel. »Handgóður er Ljótur, og er slíkum mönnum vel farið«, sagði Guðmundur ríki um Valla-Ljót. Þau orð eru eitt dæmi þess meðal ótal ann-

ara, hversu mikið dálæti fornmenn höfðu á þess kyns fimleikum. Sögurnar hafa hið mesta yndi af að lýsa leikni vígfimra manna í þeim efnum, eins og flestum mun kunnugt t. d. af frásögnum Njálu um vígfimi Gunnars og Kára. Enda stefndu í þessa átt ýmsar fleiri æfingar, er síðar mun getið, svo sem handsaxaleikur, hnútukast, knattleikar o. fl.

Eins og áður er ritað ræður Konungsskuggsjá mönnum til að venja báðar hendur jafnkringar í öllu vopnaskipti til að grípa. Má vera að það sé undirskilið hjá höfundinum að menn skuli einnig temja sér að *skjóta jafnt báðum höndum*. Að minsta kosti á söguöldinni voru margir leiknir í þeirri list, t. d. Gunnar Hámundarson. Hins er jafnvel getið um stöku mann, að hann *skaut tveim spjótum senn*, sinu hvorri hendi. Þá íþrótt er mælt að Ólafur Tryggvason hafi leikið og kent hana Tryggva syni sínum; enda kvað Tryggvi svo að orði, er hann beitti fimleik þessum í síðustu orustunni, sem hann háði: »Svo kendi faðir minn mér að messa«. Örugt hefur þó kastið aldrei getað orðið, er skotið var tveim spjótum, nema því að eins að öðru væri fleygt litlu fyr, því að sjónin gat eigi miðað glögt beggja stefnu í senn.

Auk almennra návígisspjóta voru til ýmsar sérstakar tegundir skotspjóta. *Gaflök (gaflok)* voru grönn spjót og léttfleyg, eins konar handörvar, með stjörnfönum. *Snærisspjót* höfðu lykkju á skaptinu; smeygðu menn þar í fingri og ráku á sveiflu um leið og slept var spjótinu; jók það mjög flughraðann og gjörði skotið öruggara og áverkameira. *Pálstafir* voru allþykkir, íflatir skotmeitlar á lágu skapti, er til þess voru gjörðir að rjúfa brynjur og skildi; höfðu þeir

fremur skotaxa eðli en spjóta. Hér skal ekki gjörð nánari grein fyrir afbrigðum skotspjóta, enda eru á því mörg vandkvæði að svo stöddu. En geta má þess um skotspjót yfir höfuð, að mjög voru þau vönduð að efni og gjörð; voru sköptin vanalega smíðuð úr aski, teinrétt, svo að eigi skimuðu þau á fluginu, og skafin sem bezt, til þess að því minni yrði núningsmótstaða loptsins. Því eru spjót kölluð »askar« í norrænum kveðskap og sannkend með orðinu »skafinn«. Enn bar þess að gæta, að spjótsoddurinn bæri eigi skaptið of mjög ofurliði að þunganum til; ella gjörðist kastlínan svo bjúg, að örðugt var að hæfa á löngu færi. Á það bendir orðtakið forna »eigi eru auðskept almannaspjör«, að spjótasmíð hefur þótt ekki vandalaust verk.

Steinsnar kemur og mjög við sögur í orustum fornmanna. Þá er víkingaforinginn hefur orðið skipa var annars vegar undir nesinu, lætur hann flytja í snatri helztu fjármuni á land og hlaða skipin grjóti; og svo byrjar atlagan óvörum, með dynjandi grjóthríð og skotum. Þá er flokkur gönguliðs eða almennra ferðamanna er orðinn þess vísari, að fjandmenn fara í gegn þeim með ófriði, leitar hann sér helzt vígis á holt eða mel, þar sem grjót er auðfengið, en þó slétt aðstöðu, og brýtur upp steina meðan kostur er. Það er því ekki að kynja, þótt steinkast teldist til námsgreina æskumanna og væri jafnvel stundað, sem íþrótt. Voru kappraunirnar sumpart í því fólgnar, að varpa sem lengst þungum steinum, sumpart að hæfa tiltekið mark. Þessa list lætur Saxi menn Eiríks málspaka þreyta sér til dægrastyttingar, ásamt öðrum íþróttum, er þeir biðu höfðingja síns að skipum niðri. Eirík eygóða kveður hann hafa

kastað betur grjóti og spjótum sitjandi en aðra menn standandi. Frá ferðum Gísla Súrssonar er það sagt, þá er hann flýði bú sitt í Haukadal, að hann kom við land vestur undir Laugabólshlíð og gekk upp til bæjar á Húsanesi. Átti hann tal við smalamann, og spyr sá, hver hann sé. Gísli segir til slíkt er honum sýndist en ekki sem var. Síðan tekur Gísli upp stein og snarar út í hólm einn, er þar var fyrir landi, og bað bóndason gjöra það eptir, þá er hann kæmi heim; kvað hann þá renna mundu grun í, hver komið hefði. »En það var einskis manns kast annars, því að hann var betur búinn að íþróttum, en flestir menn aðrir«. — Um Sturlu Sighvatsson er það mælt, að »hann kastaði allra manna bezt steini og var hæfinn«.

Eigi köstuðu fornmenn ávalt með hendinni einni saman, heldur viðhöfðu þeir ýmiskonar áhöld, er nefndust einu nafni *slöngur*. Sá er æfður var orðinn að kasta með slöngu, mátti gjöra kast sitt lengra, áhrifameira og öruggara en ella. »Sú skemtan er og góð og haldkvæm«, segir í Konungsskuggsjá, »ef maður venur sig að kasta af slöngu, hvorttveggja langt og þó beint, bæði af stafslöngu og handslöngu, eður vopnsteini vel að kasta«.

Handslöngvan var þannig gjörð, að tveim snærum var fest sínu í hvorn enda á aflangri leðurpjötlu, sporöskjulagaðri og ídjúpri nokkuð um miðjuna. Optast nær munu snærin hafa verið lítið eitt mislöng og lykkjur á báðum endum, er smeygja mátti upp á vísifingurinn, svo sem kunnugt er að tíðkaðist á Englandi snemma á öldum. Þá er slöngva skyldi, lagði maður steininn í blöðkuna, hélt báðum snærisendunum í hendi sér, eða smeygði þeim upp á vísifing-

urinn, og veifaði síðan slöngunni nokkrum sinnum yfir höfði sér með vaxandi hraða, þannig að leðurpjatlan með steininum í markaði hring í loptinu var miðdepill hans í hendi manns en snærið geisli hringsins; loks sleppti maður öðrum endanum í því augnabliki, er steinninn var í aptanverði hringbrautinni ofan til; þeyttist hann þá út í loptið eptir fleygbogalínu, er var framhald af viðlínu þess depils hringbrautarinnar, er steinninn var staddur í, þá er slept var bandinu.

Stafslöngvan var mjór stafur sívalur, 3—4 feta langur, með handslöngu á öðrum endanum. Snærið milli stafsendans og blöðkunnar var örstutt, en hitt alt að því jafnlangt skaptinu. Menn lögðu nú steininn í blöðkuna, létu lausa bandið falla niður með skaptinu og gripu utan um hvorttveggja báðum höndum. Síðan hófu menn upp slönguna aptur yfir höfuð sér, reiddu hana þar til lítils háttar upp og niður, brugðu henni því næst örsnögt fram, af alefli, og sleptu bandinu í sömu svipan og stafurinn reis lóðréttur yfir hvirflinum, eða því sem nær.

Flettiskeptur eða *skeptiflettur* voru líka eins konar stafslöngur, en frábugðnar hinum að því leyti, að á þeim var hvorki strengur né blaðka. Í þess stað var — eins og nafnið bendir til — klufa gjörð í annan enda stafsins nægilega við til þess, að stinga mátti í hana hæfilega stórum steini á hlið til við stafsendann. Til þess voru bezt fallnir aflangir, meitilmyndaðir steinar, íþunnir til beggja enda og hálir áferðar; voru þeir gjarna tilhöggnir í því skyni *(vápnsteinar, flettugrjót)*. Með flettiskeptum var fleygt á sama hátt og með almennri stafslöngu; en vandasamari voru þær viðfangs; varð þess vel að gæta, að

steinninn hlypi úr skeptinu á réttu augnabliki, og þurfti til þess allmikla æfingu. Hins vegar gat sá, er vel kunni með að fara, neytt þessa verkfæris með ótrúlegri leikni og kastað með því bæði langt og örugt. — Enn í dag eru flettiskeptur tíðkaðar af drengjum víðsvegar um lönd sem leikfang. Á Englandi neyttu íþróttamenn þeirra að minsta kosti alt fram á 18. öld. J. Strutt († 1802) segir svo frá í bók sinni Sports and Pastimes, að þær hafi verið almennar í ungdæmi sínu, en á fullorðinsárum hafi hann eigi orðið þeirra var. — Enn almennari sem leikföng drengja í ýmsum löndum nú á dögum eru handslöngurnar.

Slöngur komu fornmönnum einkum að liði, er vinna skyldi vígi eða borgir, og tíðkuðust þær því allmjög í hernaði. Til veiða kusu menn heldur spjót og boga. Á Íslandi hafa þær vafalaust verið sjaldsén vopn, nema þá sem leikfang drengja, enda er aldrei á þær minst í hinum eldri Íslendingasögum, og eigi fyr en í Kjalnesingasögu; segir þar margt af ást Búa Andríðarsonar á þessu vopni; vildi hann aldrei með önnur vopn fara í æsku, heldur fór hann með slöngu eina og knýtti henni um sig jafnan; og er hann eltist og átti óvinum að mæta, vissi mannsbana óðar en þaut í slöngu hans, því að mann hafði hann fyrir hverjum steini og þurfti enginn um að binda áverkann.

II. Dýraveiðar.

Í sambandi við skotfimi er ekki illa tilfallið að minnast lítils háttar á veiðar, að svo miklu leyti sem menn stunduðu þær sem íþrótt. Þess er áður getið, að

fornskáldin töldu veiðifarir meðal hinna merkari uppeldisatriða, og það ekki um skör fram. Annars vegar juku þær líkamanum lipurð og þol, fjör og fegurð, því að þar tók ekki til skotfiminnar einnar saman — þótt hún væri aðalatriðið — heldur reyndi líka mjög á ýmsa aðra líkamsatgjörvi svo sem afl, fráleik, stökkfimi og brattgengi; ennfremur reiðlist, er á hestbaki var veitt, eða skíðafarskunnáttu, þá er farið var til veiða á vetrardegi um snævi þakin firnindi. Hins vegar miðuðu veiðifarir mjög til þess að skerpa skilningarvitin. Veiðimaðurinn varð að leggja hlustir við hverju hljóði; sérhver hreyfing, sérhver tilbrigði í náttúrunni umhverfis ertu athygli hans. Þannig er þess getið um veiðimenn, að þeir væru manna veðurskygnastir. Völundur er nefndur *veðureygur skyti.*

Kom þar af veiði
veðreygr skyti,
Völundr líðandi
of langan veg.

Og ekki nóg með það, að þessar útivistir til dýraveiða um víðan vang, í hressandi lopti, hefðu heilnæm og styrkjandi áhrif á líkamsþroskann. Þær voru mönnum jafnframt gagnlegur skóli til eflingar ýmiskonar andlegri atgjörvi, er koma mátti að góðu haldi á öðrum sviðum mannlífsins. Með skerping skilningarvitanna óx mönnum athyggja, forsjá og snarræði. Löngum átti veiðimaðurinn um lífið að tefla, og víst var leikurinn opt og tíðum eigi hættuminni fyrir því, þótt hann ætti sér stað milli dýra og manna; hugprýði, karlmensku og ráðkænsku var þar eigi síður þörf en þá er menskum óvini var að mæta.

Vitaskuld skipti mjög í tvö horn um það, hversu mjög veiðar voru stundaðar í ýmsum héruðum Norðurlanda, og á hvern hátt þær voru reknar. Hlaut það að fara eptir eðlisháttum lands og lagar, dýralífi og atvinnubrögðum. Um norðurhluta Skandinavíuskagans stóðu íbúarnir enn á jafnlágu stigi í lifnaðarháttum og hinir rómversku sagnaritarar Júlíus Caesar og Tacítus eigna öllum germönskum þjóðum skömmu fyrir og eptir Kristsburð. Þar var veðurfar kalt og gróður lítill, en gnægð veiðidýra; má þar til einkum nefna marðartegundir margar, er verðmæt skinn fengust af, svo sem fjallfressar, hreysikettir, safalar og otrar; ennfremur voru þar bjórar, refar, úlfar, gaupur, hreindýr og birnir. Og fyrir landi frammi úði og grúði af fiskum, selum, rostungum og hvölum. Þar við bættist urmullinn allur af sæfugli og allmikið af landfugli, sérstaklega rjúpum. Líf íbúanna varð því svo að segja látlaust veiðilíf. Vér sjáum þá á faraldsfæti um merkur uppi með spjót sín og boga, er þeir kunna manna bezt með að fara; þeir hvarfla um í dölum niðri við áveiðar, gildruveiðar eða skot; þeir fara að selveiði og fuglaveiði með fjörum fram, — eða þeir hrinda fari á flot og sækja sjófang, jafnvel rostungaveiði og hvalveiði. Rostungatennur, er alla jafna hafa verið taldar verðmætt efni í smíðisgripi, og rostungahúðir, er notaðar voru til reipa t. d. í skipareiða, telja fornir rithöfundar meðal helztu vörutegunda frá norðanverðum Noregi. En slíkar veiðifarir áttu sér ekkert annað markmið en arðinn einan; þær voru ekki reknar íþróttarinnar vegna né með tilliti til líkamsþroskans, heldur sem atvinnuvegur. Þær eru oss því óviðkomandi í þessu sambandi, enda þótt marg-

ir menn, er upp óxu í þeim héruðum, ætti veiðimannalífi sínu á æskuárum marga haldkvæma atgjörvi að þakka, er varð þeim vel að notum hvar á land sem þeir komu. Þá er sunnar dró, einkum um suðurhluta Skandínavíuskagans og Danmörku, þar sem markir voru víðar og fjöldi skógdýra, bar að vísu enn mikið á bjargveiðum; en aðrir atvinnuvegir stóðu þó framar, svo sem landbúnaður, verzlun og víking. Um þær slóðir tíðkuðust mjög veiðifarir til skemtunar, einkum meðal tiginborinna manna. Þaðan er runnin urmull sagna um konunga eða göfgar hetjur, er skemtu sér á skógum úti með sveitir sínar og fóru að veiðidýrum, björnum, göltum, hjörtum, elgjum, refum, úlfum, íkornum, hérum og fuglum. — Á Íslandi var aptur á móti dýralíf og landsháttum þannig varið, að veiðar hlutu að verða meir stundaðar í bjargræðisskyni en til íþróttaiðkana.

Í Eddukvæðunum er veiðifara víða getið. Sigrún spyr Helga, er hún hittir hann fyrsta sinn, hvað hann hafi haft fyrir stafni, áður en fundum þeirra bar saman. Hann svarar:

Þat vann næst nýs
niðr Ylfinga
fyr vestan ver,
ef þik vita lystir,
at ek björnu tók
í Bragalundi
ok ætt ara
oddum saddak.

Hernaður og veiðar hafði starf hans verið. Völundur og bræður hans »skriðu og veiddu dýr«. Níðaðssynir eru á veiðum þá er Völundur ginnir þá til smiðju sinnar og ræður þeim bana, o. s. frv.

Hin norræna goðatrú á sér og sérstakan veiðiguð, eins og fyr er ritað.

Hjá Saxa og í fornaldarsögum Norðurlanda kemur það atvik þráfaldlega fyrir, að sögukappinn villist frá mönnum sínum á veiðiför og ratar á þann hátt í nýstárleg æfintýri.

Af veiðiförum er líkingin dregin í Bjarkamálum, er Böðvar kveður svo að orði um fall Agnars, að sér sé sem hafi hann lagt að velli hvassan hjört með spjóti sínu. — Á æskuárum er Skildi eitt sinn leyft að horfa á sér til gamans, er menn voru á dýraveiðum; þá er það að hann bindur björninn. Starkaður vitjar heim aptur frá Svíþjóð á fund Ingjalds konungs fóstra síns; hann gengur í höllina í það mund, er konungs var heim von af dýraveiðum. — Örvar-Oddssaga segir margt frá veiðiför Herröðar konungs og hirðmanna hans; skyldu þeir reyna skotfimi sína. En um kvöldið, er menn komu heim, voru hvers manns skeyti fram borin á borð fyrir konung, og hafði hver markað sín skeyti, til þess að konungur mætti sjá, hversu mörgum dýrum hver hafði að bana orðið um daginn. — Svipaðri mynd af veiðiförum hirðmanna bregður fyrir í Hálfssögu; en sá er munurinn, að þar eru konur með í förinni; fara þær á hnotskóg meðan karlmennirnir hyggja að dýrum. — Snorri skilur svo frásögn Ynglingatals um afdrif Egils Tunnadólgs, er uxi varð að bana, sem sá atburður hafi átt sér stað á dýraveiðum. — Enn má minna á auknefnið *veiðikonungr*, er bar Guðröður Hálfdanarson, afi Haralds konungs hárfagra.

Þessi dæmi, ásamt þeim, er síðar munu verða tilgreind um fálkaveiðar, nægja til þess að gefa í skyn, hversu ríkan stað veiðar eiga sér í fornum sögnum.

Úr sannsögulegum ritum læt eg mér lynda að geta þeirra frásagna, er nú skal greina. Um Ólaf skautkonung segir Snorri svolátandi sögukorn:

»Það var einn dag snemma, að konungur reið út með hauka sína og hunda og með honum menn hans. En er

þeir fleygðu haukunum, þá drap konungs-haukur í einu rensli tvo orra; og þegar eptir það rendi hann enn fram og drap þá þrjá orra; hundarnir hljópu undir og tóku hvern fuglinn, er á jörð kom. Konungur hleypti eptir og tók sjálfur veiði sína og hældist mjög, segir svo: »Langt mun yður flestum til, áður þér veiðið svo«. Þeir sönnuðu það og segja, að þeir ætluðu, að engi konungur myndi svo mikla gæfu til bera um veiði sína. Reið þá konungur heim og allir þeir; var hann þá allglaður. Ingigerður konungsdóttir gekk út úr herberginu; en er hún sá, að konungur reið í garðinn, snerist hún þangað og heilsaði honum. Hann fagnaði henni hlæjandi og bar þegar fram fuglana og segir frá veiði sinni og mælti: »Hvar veiztu þann konung, er svo mikla veiði hafi fengið á svo litilli stundu?« Hún svarar: »Góð morgunveiði er þetta, herra, er þér hafið veitt fimm orra; en meira er það, er Ólafur Noregskonungur tók á einum morgni fimm konunga og eignaðist alt ríki þeirra«. Og er hann heyrði þetta, þá hljóp hann af hestinum og snerist við og mælti: »Vittu það, Ingigerður, að svo mikla ást sem þú hefur lagt við þann inn digra mann, þá skaltu hans aldregi njóta, og hvorki ykkar annars. – Að veiðimannsmetnaði Ólafs konungs lýtur og ein af skopsögum Emundar lögmanns af Skörum, er hann fór með erindum Gauta á konungsfund og sneiddi honum fyrir óviturlegt stjórnarfar. Það var í það mund, er konungur vildi seilast til ríkis í Noregi í hendur Ólafi Haraldssyni, en lét lönd ganga undan sér í austurvegi »fyrir eljanleysi og þrekleysi«. Emundur gekk þar að, er konungur sat á stefnu fjölmennri, hneig honum og kvaddi hann. Konungur sá í móti honum og heilsaði honum og spurði hann að tiðindum. Emundur svarar: »Smá ein tiðindi eru með oss Gautum; en það þykir oss nýnæmi, er Atti hinn dælski*) á Vermalandi fór í vetur upp á markir með skiði sín og boga; hann köllum vér mestan veiðimann. Hann hafði fengið á fjalli svo mikla grávöru, að hann hafði fylt skiðsleða sinn, svo sem mest gat hann flutt eptir sér. Þá sneri hann heim af mörkinni; hann sá einn íkorna í viðinum og skaut að honum og misti; þá

*) Orðið er tvírætt,=[1]) sá maður, er heima á í Dalabygð, [2]) sá er ætlar sér of mikið; heimskur.

varð hann reiður og lét lausan sleðann og rendi eptir íkornanum; en íkorninn fór jafnan þar, sem þrengstur var skógurinn, en stundum í viðarræturnar, stundum í limar upp; þá sigldi hann milli limanna í annað tré; en er Atti skaut að honum, þá fló æ fyrir ofan eða neðan; en aldrei fór íkorni svo, að eigi sá Atti hann. Honum gjörðist svo mikið kapp á þessi veiði, að hann skreið þar eptir allan dag, en eigi að heldur gat hann veitt þann íkorna. En er myrkva tók, kastaði hann sér niður á snæ, sem hann var vanur, og lá þar um nóttina. Veður var drífandi. Eptir um daginn fór Atti að leita skíðsleða síns og fann aldregi síðan og fór heim við svo búið. Slík eru mín tíðindi, herra«. — Þá er Þorkell þurrafrost, bóndi af göfgum ættum, er bjó til fjalla í Noregi, segir fóstra sínum Sigmundi Brestissyni æfisögu sína, hefur hann þar máls, er hann óx upp með föður sínum á Heiðmörk; »var eg kallaður í æsku mikill og styrkur; vandi faðir minn mig snemma við fimleika og skotfimi, og gjörðist eg brátt eigi allóbeinskeytur; það lagði eg fyrir mig, þegar eg hafði aldur til og þroska, að hvern vetur þegar ér ísa lagði á vötn og þurrafrost gerði, að eg lagðist út á merkur með leiksveina mína að veiða dýr; var eg því kallaður Þorkell þurrafrost«. — Gott dæmi algleymingsákafa þess, er grípur einatt veiðimenn, er frásögnin um banamein Hákonar konungs Magnússonar, Þórisfóstra (ár 1094). Hann elti rjúpu mestan hluta dags og fékk af því banvænan sjúkdóm. — Vatnsdæla kemst svo að orði um jarl einn gauzkan, að hann »var farinn á veiðar að ríkra manna sið«. —

Á sænskum rúnasteini, í Balingstasókn á Upplandi, er til mynd af veiðiför, höggvin um aldamótin 1000. Í miðjum fleti fyrir innan rúnaböndin getur að líta mann á hestbaki með spjót í hendi; hann eltir elg og tylgja honum hundar tveir. Í fjarsýni vinstra megin, neðar á steininum, fer maður á skíðum með bendan boga og ör á streng. Fyrir utan rúnabandið, efst á steininum til hægri handar og beint yfir elgn-

um, er höggvin mynd af hauk, sem er að renna sér niður.

Í ritum erlendra höfunda kemur og veiðiást Norðurlandabúa mjög við sögur. Þannig er þeim t. d. lýst á þessa leið af Gaufred af Malaterra, sikileyskum höfundi á 10. öld; einkar óljúgfróðum: »Þeir eru manna veiðigjarnastir og tíðka mjög að renna haukum; af hestum og öllum herbúnaði hafa þeir hið mesta yndi, og sundurgerðarmenn miklir eru þeir um klæðaburð«. Veiðiskemtana norrænna víkinga, er þeir sátu um París (886), hefur áður verið getið.

Með tilliti til þess, hvern útbúnað veiðimaðurinn hafði, má gjöra greinarmun á tvenns konar veiðiíþrótt: [1]) skotveiðum og [2]) fálkaveiðum. Hunda *(veiðihundar, dýrhundar, etjuhundar)* höfðu menn optast nær með sér á veiðar, og var það títt um heldri menn, að þeir ólu á búum sínum fjölda dýrhunda; voru settir til sérstakir þjónar að gæta þeirra *(hundasveinar)*. Hitt lýtur aðallega að bjargveiðum, er menn veiddu dýr í grafir eða garða, eða gjörðu til þeirra ýmsar aðrar veiðivélar, lögðu snörur, settu gildrur, fálu örvar eða spjót á vegi dýra ellegar hengdu upp fellibákn í trjálimar. Þess kyns veiðar verða því ekki gjörðar hér frekar að umtalsefni.

Skotveiðum, með spjótum og örvum, var misjafnlega háttað; kom það undir ýmsum atvikum og ekki síst því, hver dýr skyldi veiða. Spjótum beittu menn einkum við hin stærri dýr, svo sem hirti, villigelti og birni *(sbr. bjarnsviða)*, en örvum við hin smærri, svo sem héra, íkorna og fugla. Mikið mannsbragð var það talið og góðum drengjum samboðið að verða björnum að bana, bæði sakir þess, að bjarnveiðar voru allhættulegar með þeim tækjum, er tíðk-

uðust í þá daga, og jafnframt sakir þess, að birnir úlfar og refar voru allra dýra skaðvænastir búsmala manna. Lýstu lögin óhelgi þeirra og lögðu jafnvel fé til höfuðs þeim; skyldu þeir réttdræpir í hvers manns landareign jafnt sem á almenningum, nema þar að eins, er björn var í híði horfinn. Enda báru menn opt til veiðiminja bjarna tennur eða úlfa á bandi um háls sér og höfðu þær að verndargripum. Allur veiðiréttur annar utan almenninga var aptur á móti áskilinn jarðeiganda einum, að nokkrum smávægilegum atriðum undanskildum*). — Optast nær fór hver veiðimaður einn sér; stundum var hann hundlaus og læddist í skotfæri við dýrin eða hændi þau með því að herma eptir hljóði þeirra. Til þess er bent í Rígsþulu:

Reið Konr ungr
kjarr ok skóg,
kolfi fleygði,
kyrði fugla.

Stundum hafði veiðimaðurinn með sér hunda, er þefa skyldu uppi dýrin og fæla þau úr fylgsnum sínum *(at reisa dýr)*; sigaði hann þeim þá á þau og hepti með því för þeirra *(at renna hundum at dýrum)*. Sótti nú veiðimaður eptir, ýmist fótgangandi, ríðandi eða á skíðum, og áfram barst leikurinn á óðaferð yfir holt og hæðir, unz skyttan kom skoti á dýrið eða það hné niður máttvana af bitsárum og mæði. Ærið langvinnur gat sá eltingaleikur orðið á stundum, ekki sízt þá er gengið var á elgjaslóðir á vetrardegi; bar

*) Í lögum Vestur-Gauta eru til leifar af eldri og frjálslegri veiðirétti:

Sá á héra, er hendir, sá á björn, er beitir,
sá á ref, er reisir, sá á elg, er fellir,
sá á varg, er vinnur, sá á otur, er úr á tekur.

það þá við, að veiðimenn fóru eptir dýrum dögum saman, áður yfir tók með þeim. Samkvæmt Gulaþingslögum hinum fornu, misti sá eigi veiðirétt sinn, er reist hafði dýr, meðan hann vildi eptir því fara, enda þótt annar maður veiddi; en skothlut fékk sá af veiðinni. Í mörgum sænskum sveitalögum var það ákvæði til um elgjaveiðar, að þá er veiðimaður varð að hætta eptirförinni einhverra hluta vegna, skyldi hann setja ör í sporið og helga sér það; var þá engum heimilt að ganga á þá slóð, áður þrjár nætur væru liðnar.

Líkindi eru til að skelliveiðar hafi og tíðkazt í fornöld; að minsta kosti er þeirra getið í lögunum. Sænsk sveitalög mæla svo fyrir, að bændur skuli efna til skelliveiða fyrir úlfa og birni, ekki sjaldnar en fimm sinnum á ári. Voru þá einkum viðhöfð net *(varganet)*. Til skelliveiða með örvum og boga virðist bent í Örvar-Oddssögu, þar sem skýrt er frá veiðiför Herröðar konungs og manna hans, því að þess er þar getið, að bogmenn stóðu dreift og biðu þess, að dýrin hlypu fram hjá þeim í skotfæri.

Fálkaveiðar tíðkuðust snemmindis á Norðurlöndum. Höfundur Bjólfskviðu lýsir með svofeldum orðum harmi Geata, þá er þeir syrgðu konung sinn látinn:

Horfið er firðum
hörpu yndi,
gaman glýtrjáa,
né góðir haukar
svífa framar
um salakynni,
né bráðir jóar
borgvöll sporna.

Má vera að sumir telji þetta atriði í lýsingu hins

engilsaxneska skálds ónorrænt og ætli, að fremur eigi það rót sína í átthagasiðum höfundarins en í frumsögninni sjálfri eða forndönsku þjóðlífi. Haukveiða er sem sé getið í enskum og frakkneskum ritum þegar um miðbik 8. aldar. En ólíkleg er sú skoðun, því að allur siðmenningarblær kviðunnar er ramnorrænn jafnt og sögnin sjálf, og engum getur dulizt, að skáldið hlýtur að hafa verið nákunnugt norrænu þjóðlífi og sjálfsagt átthagavant með Dönum eða Gautum. Vel má þó láta þetta dæmi liggja á milli hluta. Það vill svo vel til, að aðrir vottar jafn fornir og allsendis óyggjandi eru til um þetta efni. Fálkabein hafa sem sé fundizt meðal beina úr öðrum húsdýrum í leiðum fornmanna; hafa dýrin verið drepin og lögð í skip með eiganda sínum látnum. Á Vendli í Svíþjóð eru t. d. höfðingja-leiði afarforn, frá því um 500 e. Kr., og einkarauðug að merkum menjum, er hafa aukið mjög þekkingu manna á menningu næstu alda áður norræn saga hófst; að minsta kosti í einu af skipunum sáust þess glögg merki, að geirfálki hefur verið lagður á þilfarið, skamt þaðan, er búið var um lík hins framliðna. En einmitt þessi fálkategund, geirfálkinn eða öðru nafni »íslenzki« fálkinn, hefur jafnan þótt bezt fallinn til veiða, og lítt sæmdu aðrir fálkar tignum mönnum. Í fullu samræmi við þessar fornmenjar er lýsing Sigurðarkviðu hinnar skömmu á bálför Sigurðar Fáfnisbana. Brynhildur skipar svo fyrir:

Brenni hinum húnska
á hlið aðra
mína þjóna
menjum göfga,
tveir at höfði
ok tveir haukar,

þá er öllu skipt
til jafnaðar.

Víðar er bent til haukveiða í Eddukvæðunum. Í Goðrúnarkviðu hinni fornu er það talin skemtun ungra öðlinga »hesti at ríða, hauki fleygja, örum at skjóta af ýboga«. Í sama kvæði segir svo, að einn morgun snemma vakna þau Atli í sæng sinni og tekur hann að telja fyrir Guðrúnu illa drauma, er sig hafi dreymt; þótti honum sem þeir mundu boða dauða sinn og sona sinna. Hann kveður:

Hugðak mér af hendi
hauka fljúga
bráðalausa
bölranna til.
Hjörtu hugðak þeira
við hunang tuggin,
sorgmóðs sefa,
sollin blóði.

Haukarnir eru í draumnum ímynd sona hans; hann þykist sjá þá fljúga af öxlum sér veiðivana heim til hallar, þar sem þeim er böl (þ. e. bani) búið. Frægur hefur hann verið í fornum sögnum haukurinn Hábrók, er getið er um í Grímnismálum:

Askr Yggdrasils
hann er æðstr viða,
en Skíðblaðnir skipa,
Óðinn ása,
en jóa Sleipnir,
Bifröst brúa,
en Bragi skalda,
Hábrók hauka,
en hunda Garmr.

Að vísu mun það satt vera, að erindið eigi frá upphafi ekki heima í Grímnismálum og sé að líkindum yngra en

það kvæði. Hitt er engu að síður víst, að sögnin um þenna hauk er ævagömul; að minsta kosti hefur hún verið til þegar á 9. öld, því Haukur hábrók nefndist einn af hirðmönnum Haralds konungs hárfagra. Enda sýna skáldakvæðin það bezt, að þessar haukveiðamyndir, er bregður fyrir í alþýðukveðsskapnum, eru ekki síðfæddar heldur gripnar úr menningarlífi víkingaaldarinnar. Þegar á 9. öld er það tízka skálda að kenna hendur, arma og axlir til hauka. Egill Skallagrímsson kallar arm sinn *hauki troðinn heiðis vingameið;* hann viðhefur og kenningarnar *haukaströnd, haukaklif og hauks háfjöll.* Og þannig má rekja dæmi úr kvæðum flestra skálda fram eptir öldum. Hrafnakenningin *Óðins haukar* felur einnig að baki sér mynd af hetju með hauka á öxlum, því að á öxlum Óðins sátu hrafnar tveir, Huginn og Muninn.

Þá er og getið haukveiða á Norðurlöndum í sannsögulegum ritum. Í Noregi bar það við árið 997, að Erlingur Skjálgsson bað Ástríðar, systur Ólafs konungs Tryggvasonar, og var konungur sjálfur flytjandi þess máls. Ástríður synjaði og kvaðst lítt njóta þess að hún væri konungsdóttir og konungssystir, ef hana skyldi gipta ótignum manni. Er þá mælt, að konungur léti taka hauk, er hún átti, og reyta af honum fjaðrirnar allar og senda henni síðan, til merkis um, að metorð og mannaforráð í Noregi væru á konungs valdi. Árið 1019 er þess getið um Ólaf skautkonung, að hann fór á haukveiðar, svo sem fyr er ritað. Slíkt hið sama er í frásögur fært um Magnús konung góða, að hann reið á veiðar með hauka sína og hunda.

Í fornsögnunum er þó um langauðugastan garð að gresja í þessu efni.

Um afdrif Goðröðar Danakonungs, þess er átti í höggi

við Karl mikla og líklega er sami maðurinn og Goðröður veiðikonungur, segir svo frá í fornriti einu þýzku, að sonur hans hafi myrt hann er hann beitti hauki sínum, af þeim sökum, að hann hafði látið móður hans eina. Í Jarmereks-sögninni hjá Saxa, er telja má ævagamla, koma hundar og haukar fram sem fylgidýr göfugrar hetju. Þá er Jarmerek konungur hefur látið leiða son sinn Bróður til gálgans, sakir grunsemdar um ástir við stjúpu sína unga, koma þangað, er konungur situr, hundur og haukur hins unga manns og bera sig aumlega; hundurinn ýlir ámátlega, en haukurinn reytir af sér fiðrið; þótti þá konungi sem atferli hauksins gæfi þá spá í skyn, að sonlaus og varnarvana mundi hann verða í elli sinni, ef hann þyrmdi nú eigi lífi sonar síns. Á sama hátt kemur veiðihaukurinn fram í íslenzku sögninni um Jörmunrek. Þá er Randver var leiddur til gálga fyrir ástir við Svanhildi, tók hann hauk sinn, reytti af honum fjaðrirnar og bað færa hann föður sínum. Þá er Jörmunrekur sá haukinn, kom honum í hug að svo sem haukurinn var ófleygur og fjaðralaus svo var og ríki hans ófært er hann var gamall og sonlaus. En þá var Randver dauður. Jörmunrekur leit Svanhildi, er hann kom úr skógi frá veiðum, hvar hún sat að haddbliki; þá riðu þeir á hana og tróðu hana undir hestfótum til bana. — Þá er Haraldur Gormsson hefur felt Knút bróður sinn í orustu, gjörir hann að undirlagi móður sinnar föður sínum aðvart um sonarmissinn á þann hátt, að hann segir honum frá tveim veiðihaukum, hvítum og gráum, er flugust á, unz hinn hvíti hné dauður niður, — »og þótti það mikill skaði«. En því valdi hann dulmælin, að Gormur hafði strengt þess heit, að verða þess manns bani, er honum segði lát Knúts sonar síns. —»Rjúka mun um hauka vora nú«, segir sá er fyrstur vaknaði af Hálfsrekkum í höll Ásmundar konungs og sá að höllin var full af reyk; hafði Ásmundur látið bera eld að húsum og vildi brenna þá Hálf inni. — Eptir andlát drotningar sinnar situr Gautrekur konungur hvern dag á haugi hennar og gjörir sér af því skemtan og dægrastytting að beita þaðan hauki sínum. Þar hittir Gjafa-Refur hann og sætir lagi, að stinga heinbrýni sínu í hönd konungi, er hann

þreifaði aptur fyrir sig eptir einhverju, er hann mætti kasta til hauks síns, því hann fór jafnan að letjast er líða tók á daginn. — Um Gauta konung, föður Gautreks, er komist svo að orði, að hann fór optlega með hauka sína og hunda á mörkina, því hann var veiðimaður mikill. — Íslenzku sagnirnar um Hrólf kraka láta hann og kappa hans ganga í höll Aðils Svíakonungs með hauka á öxlum. Þar er haukurinn Hábrók, er ágætastur þótti allra fornhauka, eignaður Hrólfi, er Snorri kallar ágætastan fornkonunga. Og eins og Aðils varð að lúta í lágina fyrir Hrólfi, þannig vinnur og Hábrók bug á öllum haukum Svíakonungs, 30 að tölu. — Blind hinn bölvísa, í Hrómundarsögu, dreymir, að honum þykja haukar margir sitja í einu húsi; þekti hann þar fálka herra síns; var hann allur fjaðralaus og flettur hamnum.

Margar þessara mynda sverja sig að vísu í ættina við hið sundurleita litskrúð, er seinni alda höfundar lögðu í vanda sinn að skreyta með gamlar sagnir. Um nokkrar þeirra er þó óhætt að fullyrða, að þær eiga sér ævagamlan stað; svo nátengdar eru þær meginatriðum efnisins. En vel má vera án sönnunargildis þeirra fyrir haukveiðum á víkingaöldinni. Skáldakvæðin og sagnaritin bera þeim órækt vitni.

Hitt er auðvitað mál, að lítið eða ekkert hefur verið um haukveiðasport annarsstaðar á Norðurlöndum en þar sem veiðimarkir voru góðar og hestum eða vögnum varð vel við komið, t. d. í Danmörku, Svíþjóð og sunnanfjalls í Noregi. Hér á landi kemur það ekki við sögur að öðru leyti en því, að Íslendingar kyntust þessari skemtun á utanförum sínum, og margir veiddu hér hauka og tömdu í því skyni, að senda þá síðan úr landi eða gefa þá vinum sínum.

Haukana tóku menn annaðhvort fullorðna með varpsnörum, eða menn bundu ungana í hreiðrinu,

til þess að þeir mættu eigi fljúga burt, er þeir uxu. Hvernig tamningunni var háttað, er hvergi getið um í norrænum ritum. En telja má víst, að svipaðri aðferð hafi verið beitt og þeirri, er síðar tíðkaðist á riddaratímunum um alla Norðurálfuna, þar sem haukveiðar áttu sér stað. Var hún í því fólgin, að haukarnir voru sveltir og sviptir sýn á einhvern hátt, þar til þeir voru orðnir vel leiðitamir, annaðtveggja með því að draga hettu á höfuð þeim eða að gjöra efri augnalokin óhreyfanleg. Tamdir haukar sátu á hendi manns eða öxlum; beindu þeir þaðan fluginu að tilvísun herra síns, er fugla bar fyrir, og rendu að þeim í loptinu. Veiðimaðurinn sótti eptir ríðandi eða akandi sem hraðast hann mátti; lét hann hunda sína tína upp veiðina, jafnótt og hún kom á jörðu. Af frásögninni um Ástríði Tryggvadóttur virðist mega ráða, að jafnvel konur skemtu sér á haukaveiðum. Góðir veiðihaukar voru í hinum mestu metum, enda var það ekki allra manna færi að eignast slíkar gersimar. Ágætastur þótti íslenzki fálkinn hvíti. Oflæti var það talið ótignum mönnum að skreyta axlir sínar jafn göfugu skrúði sem veiðihaukum. Enda er svo að sjá af fornum lagaákvæðum sem öfundsöm hafi mörgum orðið sú axlaprýði. »Ef maður drepur hauk á hendi manni«, segir í Frostaþingslögum, »gjaldi mörk talda silfurmetna og öfundarbót, en hálfa mörk, ef í öðrum stað drepur«. Í skáldskap eru haukar eðlisímynd ágætrar hetju. Göfugra heiti gat ekkert skáld valið þeim manni, er hann vildi mæra, en að kalla hann hauk, eða kenna hann á einhvern hátt til þessara hugprúðu, flugsnöru fugla.

Haukr réttr ert þú, Hörða dróttinn,
hverr gramr er þér stórum verri;

meiri verði þinn en þeira
þrifnuðr allr, unz himinn rifnar.

Þannig ávarpar Arnór jarlaskáld Magnús konung góða í Hrynhendu, einhverju hinu prúðasta kvæði, er ort hefur verið á íslenzka tungu. *Hauklyndr*, *hauksnjallr* o. s. frv. eru altíðar sannkenningar í íslenzkum skáldskap úr því kemur niður á 11. öld. Sama hugsunin lýsir sér og í viðhafnarheitinu *haukey Haralds*, er Sighvatur Þórðarson velur Noregi í Bersöglisvísum.

Samkvæmt dönskum og sænskum sveitalögum hafði engu að síður hver maður óskerðan rétt til að veiða hauka. Þeir töldust til skaðræðisdýra og voru því réttdræpir hvervetna hverjum er vildi, jafnt í umgirðum skógi annars manns, að spellvirkjalausu, sem á almenningum. Í elztu löggjöf Norðmanna og Íslendinga, er geymzt hefur til vorra daga, telst haukatak aptur á móti til bjargræðisveiða, og er því áskilið hverjum landsdrotni í hans landeign, en frjálst öllum á almenningum. Að eins smyrla telur Grágás með skaðsemdarfuglum svo sem örnum og hröfnum. En ekki leið á löngu, áður sverfa tók að rétti almennings í þessu efni, sakir þess að voldugustu stórmennin í hverju landi — konungar og biskupar — leituðust snemma við að tryggja sér færi á að afla sér þessara höfðinglegu gersema með því að áskilja sér forkaupsrétt að fálkum og frjálsa veiði hvarvetna í landinu. Samkepnina um þessi hlunnindi milli hins veraldlega og andlega valds má meðal annars marka af páfabréfi einu frá 1194; bréfið ber það og með sér, að hún hefur þá þegar átt sér stað um langan aldur, því að páfinn (Celestinus III) staðfestir þar rétt erkibiskupsins í Noregi til frjálsra

fálkakaupa, bæði geirfálka og gáshauka, »þann er haft hafa fyrirrennarar hans«. Í sáttabréfi Magnúsar konungs Hákonarsonar og Jóns erkibiskups (1273) játar konungur þenna rétt til handa erkibiskupi og eptirmönnum hans. Árið 1279 verða íslenzku biskuparnir hans einnig aðnjótandi. Eptirsóknin eptir slíkum hlunnindum átti þó ekki rót sína í því, að þessir stórhöfðingjar þörfnuðust svo mjög hauka til eigin yndis og afnota, heldur var hitt, að haukarnir gengu gjöfum og sölum mann frá manni og land úr landi og reyndust fyrirtaks tálbeita til þess að koma sér í mjúkinn hjá erlendu stórmenni; enga hauka þótti veiðigjörnum riddurum og frúm þeirra jafn mikils um vert sem hina norrænu. »Allra hauka beztir eru íslenzku haukarnir«, segir Friðrik mikli Þýzkalandskeisari († 1250) í bók þeirri, er hann reit um haukveiðar, og má af því marka viðfrægi þeirra. Hér á landi er hauka getið sem virðulegra gjafa til handa höfðingjum þegar árið 1024, er Einar Þveræingur leggur það til á alþingi, að senda Ólafi konungi Haraldssyni vingjafir, »hauka, hesta, tjöld eða segl«, í stað þess að ljá honum nokkurs fangstaðar á Íslandi. Síðar er slíkra gjafa margopt getið, einkum í ritum frá 13. öld.

III. Sund.

Með því að sundlistinni hefur jafnan verið eins háttað á öllum öldum og tilgangur hennar æ hinn sami, gjörist þess eigi þörf að lýsa henni í sjálfri sér. Hitt er aptur á móti mismunandi, hvar og hvenær mest rækt hefur verið lögð við hana. Norðurlandabúar

áttu flestir bygð við sjó; atvinnulíf þeirra var ekki síður rekið á sjó en landi. Þess vegna stunduðu þeir sundlistina fyrst og fremst af nauðsyn, til þess að geta borgið lífi sínu, er skipi hvolfdi eða flýja þurfti skipsfjöl fyrir fjandmannastyrk. En svo sem títt er um hverja þá íþrótt, er sprottin er af kröfum atvinnulífsins, óx sundlistin og magnaðist langt fram yfir brýnar þarfir; menn tóku hana ekki einungis í þjónustu líkamsuppeldisins yfirleitt, heldur iðkuðu hana beinlínis sem listmæta íþrótt, er átti sjálfa sig að markmiði. Voru optsinnis haldnar sundsýningar í viðurvist fjölda áhorfenda. Enda þykir mega fullyrða, að fornöldin hafi staðið nútímanum eigi all-litlu framar í sundkunnáttu, einkum að því, hve almenn hún var. Ekki einungis frjálsbornir menn, heldur jafnvel þrælar af lakara tæginu kunnu sund. Um sundfæra konu er getið í Harðarsögu. Helga kona Harðar syndir með sonu sína unga til lands utan úr Geirshólma.

Fornmenn tömdu sér sundlistina frá blautu barnsbeini. Hópum saman sóttu unglingarnir til sundæfinga í sjó og vötnum, laugum og ám. Rígsþula telur sund meðal aðalíþrótta ungra höfðingjasona, bæði í erindinu um æskuiðju Jarls, og þar sem taldir eru synir hans.

Burr var enn elzti,
en Barn annat,
Jóð ok Aðal,
Arfi, Mögr,
Niðr ok Niðjungr
— námu leika —
Sonr ok Sveinn
— sund ok tafl —.

Orðin »námu leika, sund ok tafl« kveða við á bak

við nafnaþuluna eins og öflugur undirhreimur, er leiðir fram í huga áheyrandans myndir af æskuleikum hinna ungu öðlinga. — Þess er getið í Laxdælu, að þá er Ólafur pá fylgdi Gesti hinum spaka Oddleifssyni úr garði og reið með honum til Laxár, voru þar fyrir þeir fóstbræður, Ólafssynir og Bolli, með mikla sveit ungra manna víðs vegar af bæjum; skemtu þeir sér á sundi í ánni. Mörg fleiri dæmi um sundæfingar æskumanna mætti telja ef þörf gerðist.

Hér á landi komu laugarnar að góðu haldi til sundæfinga; enda voru þar einhverjir hinir mannkvæmustu samkomustaðir á sumrum; mátti þar sjá fólk á öllum aldri, er kom til að skemta sér á ýmsa lund, þótt ekki færu allir á sund. Glögt dæmi þess, að fleira var aðhafst á þessum mannfundum en að synda, er svolátandi frásögn í Glúmssögu:

Einn dag, er menn vóru að Hrafnagilslaugu, kom þar Þorvarður (Örnólfsson úr Kristnesi). Hann var gleðimaður mikill og hendi að mörgu gaman. Hann mælti: »Hvað er komið þeirra manna, er skemta kunni nýjum fræðum?« Þeir segja: »Þar er skemtan öll og gaman, er þú ert«. Hann segir: »Ekki þyki mér nú meira gaman en kveða vísur Glúms«.

Dæmi þess má lesa í Kormakssögu, að sundleikar voru framdir á þingum. Frá Þórsnesþingi (976?) er svo sagt, að einn dag var kallað að menn skyldu á sund. Skoraði þá Steinar Sjónason, móðurbróðir Kormaks, á Hólmgöngu-Bersa að reyna sund við sig. Bersi var þá hniginn að aldri, og kvaðst hann niður hafa lagt sundleika, — »en þó mun eg til fara«. Reis hann mjög á sundinu og lagðist hart. Steinar neytti þá færis að ná lyfsteini af hálsi Bersa; í því skyni hafði hann skorað á hann til kappraunarinnar, og ætlaði að þá skyldi honum miður ganga

hólmgangan, er þeir áttu fyrir hendi. Þórsnesþingstaður var sérstaklega vel til þess fallinn að menn mættu skemta sér á sundi, er á milli varð alvarlegra starfa. Enda er þeirrar skemtunar hvergi getið á öðrum þingstöðum. Þó má telja víst, að víðar hafi hún átt sér stað, einkum á alþingi. Mætti það undarlegt heita, ef Öxarárhylur og Þingvallavatn hefðu ekki freistað leikgjarnra manna til sundfara.

Frá sundskemtan manna í siglingum, þá er skip lágu í höfn og veður var gott, er áður greint.

Víðs vegar um Norðurlönd bera örnefni það með sér, að þar hafi alþýðlegar skemtisamkomur verið haldnar til forna. Margir þeirra staða liggja við sjó frammi, í sólhlýjum fjörðum, þar sem spegilfagur sævarflöturinn hlaut að laða menn að sér til sundleika. Liggur því nær að halda að sundlistin hafi skipað heldur æðri sess en lægri meðal þeirra íþrótta, er röskvir drengir sýndu þar, öðrum til gamans og sjálfum sér til mannraunar og frama. Eptir að borgir fóru að koma upp með ströndum fram hlutu sundlist og siglingar að verða einhverjar helztu greinarnar í íþróttalífi íbúanna að sumrinu til. Anda fornmanna var nú einu sinni þannig varið, að aðrar skemtanir voru þeim ekki betur að skapi en íþróttir. Má meðal annars marka það af ýmsum frásögnum um lífshætti Niðarósbúa, eptir að Ólafur Tryggvason hafði gjört þann bæ að höfuðstað Noregs. Var þar allfjörugt, er konungur og hirð hans höfðu aðsetur í bænum, og margt manna var aðkomandi; höfðu menn þá margt til skemtunar, eigi sízt íþróttir. Frá dvöl Kjartans Ólafssonar í Niðarósi er sögð svolátandi saga í Laxdælu:

»Það var um haustið einn góðan veðurdag, að menn

fóru úr bænum til sunds á ána Nið. Þeir Kjartan sjá þetta. Þá mælti Kjartan til sinna félaga, að þeir mundu fara til sundsins að skemta sér um daginn. Þeir gera svo. Einn maður lék þar miklu bezt. Þá spyr Kjartan Bolla, ef hann vilji freista sunds við bæjarmanninn. Bolli svarar: »Ekki ætla eg það mitt færi« »Eigi veit eg, hvar kapp þitt er nú komið«, segir Kjartan, »og skal eg þá til«. Bolli svarar: »Það máttu gera, ef þér líkar«. Kjartan fleygir sér nú út á ána og að þessum manni, er bezt er sundfær, og færir niður þegar og heldur niðri um hrið; lætur Kjartan þenna upp. Og er þeir hafa eigi lengi uppi verið, þá þrífur sá maður til Kjartans og keyrir hann niður, og eru niðri eigi skemur, en Kjartani þótti hóf að; koma enn upp. Engi höfðust þeir orð við. Hið þriðja sinn fara þeir niður, og eru þeir þá miklu lengst niðri; þykist Kjartan nú eigi skilja, hversu sá leikur muni fara, og þykist aldrei komið hafa í jafnrakkan stað fyrr. Þar kemur að lyktum, að þeir koma upp og leggjast til lands. Þá mælti bæjarmaðurinn: »Hver er þessi maður?« Kjartan sagði nafn sitt. Bæjarmaður mælti: »Þú ert sundfær vel, eða ertu að öðrum íþróttum jafnvel búinn sem að þessari?« Kjartan svarar, og heldur seint: »Það var orð á, þá er eg var á Íslandi, að þar færi aðrar eptir, en nú er lítils um þessa vert«. Bæjarmaður mælti: »Það skiptir nokkru, við hvern þú hefur átt, eða hví spyr þú mig einskis?« Kjartan mælti: »Ekki hirði eg um nafn þitt«. Bæjarmaður segir: »Bæði er, að þú ert gervilegur maður, enda lætur þú allstórlega; en eigi því síður skaltu vita nafn mitt, eða við hvern þú hefur sundið þreytt; hér er Ólafur konungur Tryggvason«. Kjartan svarar engu og snýr þegar í brott skikkjulaus; hann var í skarlatskyrtli rauðum. Konungur var þá mjög klæddur; hann kallar á Kjartan og bað hann eigi svo skjótt fara. Kjartan víkur aptur og heldur seint. Þá tekur konungur af herðum sér skikkju góða og gaf Kjartani; kvað hann eigi skikkjulausan skyldu ganga til sinna manna.

Þá kemur sundlistin eigi síður við sögu en aðrar íþróttir í sagnaskáldskap Norðurlandaþjóða.

Elzta sundfararsögn af norrænum rótum, sem

geymzt hefur til vorra daga, er frásögn Bjólfskviðu um kappsund þeirra Bjólfs og Breka:

Bjólfur kemur til Hróðgeirs konungs í Hjartarhöll á Sjálandi í þeim erindum að bana ófreskjunni Grendel, er numið hefur brott um hríð einn af hirðmönnum konungs á hverri nóttu. Þar er fyrir hetja sú, er Húnfröður heitir, ofláti mikill; lítur hann komumann illu auga, því hann ann þess engum manni nema sjálfum sér »að vera mærstur talinn und miðgarði«. Hann talar storkunarorðum til Bjólfs:

Hvort ert þú Bjólfur,
er við Breka nam
á víðum sævi
sundleik þreyta,
er þér af afli
unnir knúðuð
og með ofdirfð Rán
ögrað létuð?

Ljúfur né leiður
letja máttat
— bjugguð of dul —
bölfarar þeirrar,
þá ér of ögurstraum
arma þönduð,
mælduð marvegu,
mundum brugðuð,
renduð of sjá
römmum tökum.

Svo svall brim
sem boðar á vetrum;
þreyttuð sjö daga
við sævarríki.
Hann þig á sundi
sigri næmdi,
því megins Breki
meira mátti.

Kveðst Húnfröður vænta þess, að ekki muni Bjólfi betur farnast, ef hann dirfist að bíða Grendlar úr stað næturlangt. Bjólfur kvað:

Fjöld mælir þú
um farir Breka,
bjóri drukkinn;
því bregði mér engi,
að eg marar-þrek
minna ætti
eður afl við unnum
en aðrir menn.

Það kváðum við Breki
á knapaaldri,
og hétum því báðir
á bernskuskeiði,
að við óðar en
yxi þróttur
skyldum á haf út
hætta lífi.

Lögðumst á sund,
höfðum sverð brugðin
hörð í höndum,
gegn hvalfiskum.
Máttat Breki
á marbárum,
sæhraður,
mér synda fjarri.

Né vildi eg heldur
við hann skilja.
Fórum um sæ
fimm nætur saman,
unz öflgir straumar,
ólmar hrannir,
hjúpul nótt
hollvini skildu.

Grimmum svalviðrum
sveipti á móti,
návígsgjörnum
norðanvindum;
hrjúfar gerðust hrannir,
svall hvalfiskum

móður illur
í marardjúpi.

Barg mér við leiðum
lagardýrum
harður höðserkur,
höndum slunginn;
brugðin böðklæði
á brjóstum lágu,
gulli fjölluð
af góðkvendum.

Dró mig að grunni
grimmur hati,
læsti helgreipum
hetju unga;
þó varð mér auðið
oddi hvössum
hafdýr ámáttugt
til hjarta nista.

Enn segir Bjólfur nokkru gjör af ferð sinni, hversu hann varðist sæskrýmslum á reginhafi og galt þeim grimman dauða í stað þess að verða þeim máltíð á mararbotni. Og loks er bárurnar lægði og guð lét sólina skína yfir æginn, sá hann hvar land reis úr sæ. Það var Finnland. Þangað lét hann berast.

Sögnin er orðin næsta ævintýraleg. Bjólfur gjörir hvorki meira né minna en að synda með brugðinn brand í hendi þvert yfir Eystrasalt, frá Svíþjóð til Finnlands, og drepa níu sætröll á leiðinni. En merkileg er hún engu að síður. Hún varpar bjarma inn í forneskjurökkrið og sýnir oss hjá forfeðrum víkingakynslóðarinnar þær skapferliseinkunnir, er mestan þátt hafa átt í að hrinda Norðurlandabúum fram á sjónarsviðið sem stórvirkri söguþjóð, sem sé íþróttaástina og atorkuþrána. Vér sjáum tvö norræn ungmenni, konungborna öðlinga, er fara með leik sínum við sjó fram. Báðir hafa þeir stundað íþróttir af kappi;

þeir finna kraptana kvikna í sér; orkan krefst athafna; sama viðfangslöngunin svellur í sálum þeirra — þótt af öðrum ástæðum sé — sem hjá Agli, er hann vill fara »andvígr ægis mani«. Þeir strengja þess heit, að eigi skuli langt um líða, áður þeir bjóði byrginn þessari voldugu höfuðskepnu, er felur ævintýraheiminn að baki sér. Og þeir efna heit sitt. Sögnin ber það með sér, að sundför Bjólfs, er síðar varð skáldunum að yrkisefni, varð honum sjálfum sú eldraun, er vígði hann til hetjufrægðarinnar. Er það ekki sem hér bregði fyrir morgunbjarma sögualdarinnar, er gjörði Norðurlandabúa að víðfrægri söguþjóð? Æskudraumar víkinganna bentu einnig þeim út yfir hafið; fyrir handan það beið þeirra þyrnigerðið, sem þeim var ætlað að rjúfa.

Úr goðafræði Norðurlanda þekkjum vér, þótt ójóst sé, sögusögn um sundraun milli Heimdallar og Loka við Singastein; þeir keptu um Brísingamen og voru í selalíkjum.

Í Fornaldarsögunum og öðrum fornum þjóðsögum bregður sundfararsögnum víða fyrir, og æra mætti það óstöðugan að telja þær allar. Einna merkastar eru skáldsagnirnar um sundraun Örvar-Odds, Indriða ilbreiðs og Hemings Áslákssonar.

Örvar-Oddur þreytir sund við tvo hirðmenn Herröðar konungs og kaffærir þá þrem sinnum; stökk þá blóð úr nösum þeirra og voru þeir eigi sjálfbjarga til lands; kastar Oddur þeim á land upp. »Síðan gekk hann á sund og lék marga leika, þá er mönnum var títt að leika á sundi«. — Öllu ævintýralegri er kappraun þeirra Ólafs konungs og Indriða ilbreiðs. Eptir all-langa viðureign, þannig að ýmsir voru í kafi, legst Ólafur til lands og tekur hvíld. En Indriða sá engi fyr en löng stund var liðin; hafði hann þá fengið sér reiðskjóta; sat hann á baki gransel einum miklum og hélt

tveim megin í kampa honum! Konungur spratt þá upp og lagðist út á móti honum, tærði hann þegar í kaf og hélt honum lengi niðri; þá er þeir komu upp, sneri konungur til lands, en Indriði var svo máttfarinn, að hann varð eigi sjálfbjarga og varð konungur að hjálpa honum. — Frá Hemingi Áslákssyni er það sagt, að morguninn eptir skotraunina, er áður var greind, þá er lokið var drykkjumáli, skorar Haraldur konungur á ýmsa af hirðmönnum sínum að fyrirkoma Hemingi á sundi. Loks varð til Nikulás Þorbergsson, mágur konungs. Nú afklæðast þeir og fara á sund. Þá spurði Nikulás: »Hvort skulum við reyna kappsund áfram langt?« »Þess er kostur«, segir Hemingur, »að reyna kappsund, er þú hefur mig fyrirlagt á hinu áður«. Þá legst Hemingur undan landi. Nikulás fréttir, þá er þeir hafa lengi lagizt: »Sýnist þér eigi að við hverfum aptur?« Hemingur svarar: »Framar get eg að þér viljið konungsmágarnir lykkju gjöra á leiðinni«. Hann legst sem áður. Nikulás legst hóti seinna, og fréttir litlu seinna: »Ertu ráðinn til að leggjast lengra?« Hann svarar: »Einfær hugði eg að þú mundir, þótt vildir, að landi; en fara mun eg lengra«. »Vel þykir mér það ætlað vera; á það mun eg hætta aptur að hverfa«. Nikulás hverfur þaðan aptur, og hefur eigi lengi lagizt, áður honum dapraðist sundið, og þar kemur að Hemingur legst að honum og fréttir hversu gangi sundið. »Engu skiptir þig það; fara máttu leið þína«. Hemingur svarar: »Hafa þættir mér þú maklegleika til þess, en þó megum við nú flytjast báðir saman«. »Ekki skal neita því«, segir Nikulás. »Tak þú nú heldinni á bak mér og styð þig svo«. Og við þetta flytjast þeir til lands. Nikulás gengur sjálfur á land upp og var orðinn allstirður, en Hemingur settist á stein úti í flæðarmáli. Konungur fréttir Nikulás, hversu að hefði farið um sundið. Nikulás svarar: »Engi tíðindi mundi eg segja til lands, ef Hemingur yrði mér eigi betri drengur en þú«. »Nú skaltu, Halldór, fyrirkoma Hemingi«. »Það mun eg eigi gjöra«, segir Halldór; »mér þykir sem þeim hafi lítið áunnizt, er fyrri reyndi sundið«. Konungur kastar klæðum. En Áslákur gengur til fundar við Heming (son sinn) og segir: »Haltu undan og forða þér; nú vill konungur þig feigan, en skamt er á skóginn«. Hemingur svarar: »Öndverðir skulu ernir klóast, en

þann má eigi kefja, er guð vill hefja; fari hann þegar er hann vill«. Þá reis Hemingur af steininum, en konungur í annan stað. Og þegar er þeir finnast, þá legst konungur að honum og rekur hann í kaf. Þá sáu aðrir ekki til þeirra atgangs, en sjóinn gerir mjög ókyrran yfir þeim; þá tók að líða að aptninum, og þá er lítið skorti, var myrkt orðið. Þá kyrrir sjóinn, og legst konungur að landi. Hann var svo reiðulegur, að engi maður þorði við hann að mæla. Konungi voru fengin þur klæði; en engir sáu Heming og allir ætluðu hann dauðan, en engi þorði að spyrja. Konungur gengur heim og hans menn. Þar var lítil öltéiti. Konungur var hryggur af reiði, en Áslákur var hryggur af harmi. Log voru kveikt í skálanum og konungur í sæti kominn. Þá gengur Hemingur inn í skálann fyrir konung og og leggur knif í kné honum, þann er konungur hafði haft á beltinu. Þóttust allir vita, að hann mundi af honum knífinn tekið hafa í þeirra viðskiptum á sundinu.

Sundæfingarnar hlutu fyrst og fremst að hafa það að markmiði, að menn yrðu bæði fljótir og þolgóðir á sundinu, svo að þeir mættu synda sem lengst á sem styztum tíma. En þar næst lögðu menn mikla stund á að verða góðir kafarar. »Eigi svam eg skemra en þú, og eigi var eg ver kafsyndur«, svarar Eysteinn konungur Sigurði bróður sínum, er hann hældist um að hann mátti kefja hann, ef hann vildi, þá er þeir æfðu sund í æsku. Hins vegar lýsir það sér í orðum Sigurðar konungs og yfir höfuð að tala í sundfarasögum bókmentanna, að þá er kappsund var haldið fyrir áhorfendum, miðaði samkepnin sjaldnast að því, að reyna flýti sinn og þrótt á langsundi — sem þó mætti ætla að verið hefði aðalatriðið —, heldur að hinu að kaffæra hver annan, unz annanhvorn þraut máttinn. Urðu með mönnum allharðar sviptingar, er fremur máttu heita fangbrögð í sjó en sund. Tökin voru ekki sem

reglubundnust; stundum hefst viðureignin jafnvel á því, að sundmaðurinn seilist til og grípur um fót keppinaut sínum! Þannig fer t. d. Kjartan Ólafsson að við Ólaf konung Tryggvason, að frásögn Odds munks. Þessar sviptingar í sundförum eru í fullu samræmi við atgjörvishugsjónir fornmanna. Það var aflið er mest þótti um vert í hverjum leik. Á þenna hátt urðu og úrslitin fljótséð; en þeirra beið áhorfendafjöldinn með óþreyju. Loks er annar keppinautanna var orðinn svo að fram kominn, að hann gat með naumindum dregizt í land, sýndi sigurvegarinn sundfimi sína á ýmsa lund, eptir því sem þá tíðkaðist eða hann var hugkvæmdarmaður til. Svo er að sjá sem menn hafi einatt haft sérstök *sundföt* við þessa opinberu sundleika, og þá að líkindum helzt er einkenna þurfti fyrir áhorfendurna tvo andvíga flokka með sundurleitum búnaði. Tíðast munu menn þó hafa bjargast við línklæði sín, eða synt allsnaktir.

Reyndar má ganga að því visu, að jafnvel frásagnir góðra og gildra sagnarita um sundfimi einstakra manna í fornöld séu ekki allsendis ýkjulausar, og sumar þeirra meira að segja hreinn og beinn skáldskapur. En samt sem áður verður því ekki neitað, þegar öll kurl koma til grafar, að sundlist fornmanna hlýtur að hafa náð frábærlega háu stigi. Er það bein afleiðing af ræktarsemi fornþjóðarinnar við þessa íþrótt, en um það dálæti ber beztan vottinn, hversu opt hana ber á góma í gömlum sögum. Iðulega er þess getið, að menn syntu svo langar leiðir eða frömdu slíkar þrekraunir í kafförum, að fæstir af ágætustu sundmönnum nútímans mundu geta leikið það eptir, að því er eg frekast þekki til um há-

mark þeirrar íþróttar nú á dögum. Sigmundur Brestisson syndir vígamóður viku sjávar, frá Skúfey til til Suðureyjar, og það með félaga sinn á bakinu mikinn hluta leiðarinnar. Svipaða vegalengd syndir Grettir á haustkvöldi, úr Drangey inn til Reykjaness; er mælt að hann byggist svo til sundsins, að hann var í söluvoðarkufli gyrðum í brækur og hafði fitjað saman fingurna. Enn tíðræddara hefur alþýðu manna orðið um eyjarförina frægu, er Grettir sótti eld til vermis félögum sínum í hríðarveðri; var sjókuldi svo mikill að kuflinn sýldi á sundinu. Grettir er og látinn þreyta kappsund við Björn Hítdælakappa í Hítará. Átti hann þar jafningja að mæta. Um Björn er þess getið, að hann varpar sér í Hítará um hávetur og syndir yfir um með skjöld sinn á bakinu til hlífðar við spjótum fjandmanna sinna, er létu staðar numið við ána. Ber sú frásögn þess vott, jafnt og eyfararsaga Grettis, að fornmenn brugðu sér lítt við kæluna. Það þrekvirki er eignað Skallagrími, að hann kafaði eptir steini einum miklum á mararbotn, og hafði hann síðan til að lýja við járn í smiðju sinni. Mest orð fer þó í fornum ritum af sundfimi Ólafs konungs Tryggvasonar. Hann kafar eptir akkerisstreng Hallfreðar í stormviðri. Hann er látinn þreyta sund við mestu íþróttamenn þeirra tíma, svo sem Kjartan Ólafsson og Sigmund Brestisson. Um hann segir Oddur munkur, að hann var opt því vanur að synda í brynju sinni og fara úr henni í kafi. Þessi ummæli eiga ef til vill rót sína að rekja til frásagnarinnar um undankomu konungs úr Svoldarbardaga; þó má vel vera, að þau séu sönn að efninu til, því að engin ofraun er það leiknum sundmanni, sem þar segir. Enda er þess getið í áreiðanlegum heimildum um

Sigurð slembi, að hann hljóp af skipi sínu í orustunni við Hólminn grá (1139), steypti af sér brynjunni í kafi og svam síðan brott með skjöld yfir sér. Sigurður var hinn mesti afburðamaður um allar íþróttir, og einkum virðist mikið orð hafa farið af sundfimi hans. Íslenzkir sagnaritarar, er hafa auðsjáanlega vitneskju sína um úrslit orustunnar við Hólminn grá eptir sjónarvottum, segja frá stutt og laggott, eins og áður er greint. En hjá Saxa er þetta orðið að heillangri sögu, er lýsir með aðdáun hraustmannlegum tilraunum Sigurðar til að komast undan á sundi burt frá skipi sínu og villa fjandmönnum sínum sjónir:

Sigurður stekkur fyrir borð í öllum herbúnaði, »treystandi frábærri sundfimi sinni«, og steypir af sér brynjunni í kafi og öðrum herklæðum; kom síðan upp fjarri skipinu. Verður hann þess þá var, að menn báru kensl á hann. Þóttist hann vita, að kyrtli sínum væri um að kenna; stingur hann sér því aptur og fer úr kyrtlinum og sveimar enn lengi í kafi. En brátt kom það í ljós, að ekki dugði þetta ráð; fer hann þá úr öllu nema skyrtu sinni. Þó leið ekki á löngu, áður hann varð þess áskynja, að óvinir hann veittu honum eptirtekt. Tekur hann þá það til bragðs, að hann lézt druknaður, og var svo lengi í kafi, að þeir er í eptirleitinni voru vissu í raun og veru ekki, hvað halda skyldi. Meðan þeir voru í þessum hvörfum, kafar hann undir skip þeirra og tekur dauðahaldi í stýrið; lá þar um stund og lét ekki á sér bæra. »Eflaust mundi þessi hugprúða hetja hafa gjört fleiri tilraunir til að bjargast undan, ef honum hefðu eigi daprast kraptarnir sakir vetrarkuldans«. Svo fór um síðir, að einhver skipverja gægðist út fyrir borðstokkinn og kom auga á hann, þar sem hann hélt sér í stýrið; var hann þá handtekinn.

Einnig í útlendum ritum eru norrænir víkingar frægir fyrir sundfimi sína. Þannig segir írskt skáld um Dyflinni: »Sonu hennar tel eg mesta sundgarpa, dætur hennar kvenna fríðastar«.

IV. Hlaup *(skeið; rás)*.

Hlaup hefur alla jafna, hvervetna á bygðu bóli, verið aðalþátturinn í fyrstu útileikum barna, fyrsta kappraunin, er þau hættu sér í; og svo mun það jafnan verða hjá öllum kynkvíslum. Það er því sjálfgefinn hlutur, að ósjaldan hefur kveðið við í barnleikum forfeðra vorra þessi sama áskorun, er vér þekkjum svo raunvel frá drengjaárunum: »Eigum við að reyna okkur?« eða »Kondu í kapphlaup«. En sá er munurinn, að fornmenn létu hvorki af leti, hirðuleysi, hégómaskap, ímynduðu annríki né öðru verra leiðast til að snúa gjörsamlega baki við skeiðvellinum, er til fullorðinsáranna kom. Þeir lögðu alla jafna stund á skeið eigi síður en aðrar hollar og þróandi líkamsæfingar. Þeir vissu það vel, hversu mikið hnoss það er hverjum manni að eiga þolgott brjóst og styrka fætur, og þeir höfðu reynslu fyrir því, að kapphlaupin stuðla mjög að hvorutveggja, ef skynsamlega er á haldið. Allvíða í sögunum er getið um menn, er voru svo fráir á fæti, að skjótustu hestar höfðu trauðla við þeim*). Þegar svo mikið kvað að fráleikanum, var hann vitanlega talinn til íþrótta, er vel var þess verð, að þreyta um kappraun í viðurvist fjölmennis. Var þar til stikaður skeiðvöllur *(skeið)* fyrir keppinauta. Í goðsögninni um för Þórs til Útgarða-Loka kemur fram skáldleg endurspeglun af slíkum veðhlaupum eins og þau áttu sér stað við kappleika.

Þá er þeir Þór gengu í höll Útgarða-Loka spyr hann þá, hverjar íþróttir þeir megi inna, — »engi skal hér

*) Meðal nafnkendra manna í sögunni eru þeir taldir allra manna fóthvatastir Ólafur Tryggvason og Haraldur gilli. Af ómerkari mönnum má nefna Finn litla af Upplöndum, Björn í Mörk og Helga selseista.

vera með oss, sá er eigi kunni nokkurs konar list eða kunnandi um fram flesta menn«. Þór býðst til að þreyta drykkju og Loki kappát. En Þjálfi segir að hann muni freista að renna skeið nokkur við einhvern þann, er Útgarða-Loki fær til. Þá segir Útgarða-Loki, að þetta er góð íþrótt, og kallar þess meiri von, að hann sé vel að sér búinn um skjótleikinn, ef hann skal þessa íþrótt inna, en þó lætur hann skjótt skulu þessa freista, Stendur þá upp Útgarða-Loki og gengur út, og var gott skeið að renna eptir sléttum velli. Þá kallar Útgarða-Loki til sín sveinsstaula nokkurn, er nefndur er Hugi, og bað hann renna í köpp við Þjálfa. Þá taka þeir hið fyrsta skeið, og er Hugi því framar, að hann snýst aptur í móti honum að skeiðsenda. Þá mælti Útgarða-Loki: »Þurfa muntu, Þjálfi, að leggja þig meir fram, ef þú skalt vinna leikinn, en þó er það satt, að ekki hafa hér komið þeir menn, er mér þykja fóthvatari en svo«. Þá taka þeir aptur annað skeið, og þá er Hugi kemur til skeiðsenda og hann snýst aptur, þá var langt kólfskot til Þjálfa. Þá mælti Útgarða-Loki: »Vel þykir mér Þjálfi renna skeiðið, en eigi trúi eg honum nú, að hann vinni leikinn, en nú mun reyna, er þeir renna hið þriðja skeiðið«. Þá taka þeir enn skeið; en er Hugi er kominn til skeiðsenda og snýst aptur, og er Þjálfi eigi þá kominn á mitt skeið. Þá segja allir, að reynt er um þenna leik.

Svo er að sjá sem menn hafi einatt tíðkað, er þeir þreyttu skeið, að hafa staf í höndum til þess að létta undir hlaupið. Snorri getur þess um Harald gilla, að hann hafði *spjótskapt* í hendi, þá er hann rann í köpp við Magnús bróður sinn; reið Magnús gauzkum hesti, er hann átti, gæðingi miklum; en þeim mun fljótari varð þó Haraldur til skeiðsenda í þriðju atrennu, að hann lagðist niður og spratt upp og heilsaði Magnúsi er hann kom. Saxi, er lætur Harald reyna sig við tvo ágætustu hesta Eiríks konungs eymuna, kveður svo að orði, að »hann studdist á stafi tvo og hentist áfram á stökki«. Engin ástæða er til að halda, að þetta háttalag Haralds eigi rót

sína í því, að hann var uppalinn á Írlandi. Að hafa langan staf, til þess að stinga fyrir sig fram og lypta sér á hlaupinu, svo sem sagt er um þá Króka-Ref og Kolvið (á 14. öld), hefur eflaust verið alsiða jafnt á Norðurlöndum sem svo víða annars staðar, enda er það háttur íslenzkra fjallgöngumanna enn þann dag í dag.

Meðal erlendra þjóða fór það orð af Norðurlandabúum frá fornu fari, að þeir væru allra manna fóthvatastir. Þegar á 6. öld kallar gotneski sagnaritarinn Jordanes Herúla »þjóðina fóthvötu« *(gens velox)*, og lætur þess getið, að hvarvetna í löndum sækist herforingjar eptir að hafa í liði sínu léttvopnaðar sveitir Herúla. Sama sannkenningin verður fyrir oss víðs vegar í ritum miðaldahöfunda um norrænar þjóðir á víkingaöldinni. Í kvæði sínu um Lúðvík hinn gæfa kveður frakkneska skáldið Ermoldus Nigellus svo að orði um Dani, að þeir séu »fráir á fæti, fimir við leika, manna vopndjarfastir, fríðir sýnum og snyrtimenn miklir um látbragð og limaburð«. Ítalskir landfræðingar á 9. og 10. öld segja svo um Danmörku að hún framleiði fóthvatasta menn. Thietmar biskup af Merseburg († 1018) lætur þess getið, að flestir íbúar Kitawa (= Kiew þ. e. Kænugarðar) teljist til hinnar «fóthvötu Danaþjóðar«.*) Írsk rit velja norrænum víkingum þráfaldlega einkunnarorðin »röskvir«, »fimir« o. þ. h. Höfundur Emmuspegils, er ritaður var á öndverðri 11. öld af einhverjum vildarmanni Emmu drotningar á Englandi, telur liðsmönnum Knúts ríka á sigurförinni til Englands meðal

*) Hér, sem víðar í miðaldaritum, er þjóðarnafnið Danir haft um norrænar þjóðir yfir höfuð; sérstaklega er hér um Svía að ræða.

annars það til atgjörvis, að svo hafi þeir verið fráir á fæti, að engin var þeim ofraun að þreyta við reiðmenn. Fyrir sakir fráleiks síns mun Haraldur sonur Knúts hafa hlotið auknefnið hérafótur.

Það verður þannig ekki annað séð af erlendum sagnaritum en að einkunnin *frár* hafi blátt áfram verið orðin sannkenningarheiti Norðurlandabúa. Enda er það þessi eiginleiki, er einna mest vekur athygli hvers þess, er rekur herfarasögu norrænna víkinga á söguöldinni. Það er eitthvað svipað með þeim og snarvindunum heima í átthögum þeirra, er hvarfa í einu vetfangi um fjallsröðina, geysast inn um fjörðu og dali og eru þotnir út í bláinn óðar en nokkur fær áttað sig. Þannig lögðu og víkingarnir í vanda sinn að koma erlendum þjóðum að óvörum og forðast með því að þeim yrði samtaka viðnám veitt.

V. Skrið.

1. *Fótskriða.* Flestar þjóðir, er í köldu fjall-lendi búa, temja sér þessa íþrótt að meira eða minna leyti. Svo var og um Norðmenn og Íslendinga í fornöld. Á vetrum, er hjarn og harðfenni þekur ójöfnurnar, er það siður fjallvanra ferðamanna að flýta með því för sinni að leggjast á staf sinn og renna sér fótskriðu á fleygiferð niður brekkurnar. Úr daglegu lífi Íslendinga er það tekið, er Þórðar saga hreðu — þjóðsaga ein forn — lætur Þórð og förunaut hans Eyvind leita vígis við aðsókn fjandmanna sinna af Skeggjahamri niður á Sviðgrímshóla, á þann hátt, að þeir settu spjótin milli fóta sér og riðu svo af hamrinum niður á jöfnu; skafl var fram af hamr-

inum, ákaflega brattur, og hin mesta mannhætta ofan að fara. Og eins og það var gott að geta brugðið sér á fótskriðu um harðfenni eða ysjuhjarn í hlíðum uppi, þannig kom það sér ekki síður vel, þeim er fimir voru, á svellum niðri á jafnsléttu. Mátti opt renna þar yfir fótskriðu, er áris var ótraustur, þótt lítt væri þar fært gangandi manni.

Í Valla-Ljótssögu er frá því sagt, að Eyjólfur nokkur Þorsteinsson, snarmenni mikið, þrífur einn mann úr liði fjandmanna sinna og rennir með hann fótskriðu yfir í sinn flokk, áður en nokkur fékk að gjört. Flestum mun kunnugt snarræðisbragð Skarphéðins, er hann vó Þráin á Markarfljóti. Það var um vetur. Fljótið féll milli skara og voru á smáar spengur hér og þar. Skarphéðni dvaldist eptir, er flokkur hans sneri niður að ánni að spöng nokkurri. Batt hann skóþveng sinn. »Hann spratt upp þegar er hann hafði bundið skóinn og hafði uppi öxina Rimmugýgi; en fljótið var svo djúpt, að langt var um ófært; mikið svell var hlaupið upp fyrir austan fljótið og svo hált sem gler, og stóðu þeir Þráinn á miðju svellinu. Skarphéðinn hefur sig á lopt og hleypur yfir fljótið meðal höfuðísa og stöðvar sig ekki og rennir þegar af fram fótskriðu; svellið var hált mjög og fór hann svo hart sem fugl flygi. Þráinn ætlaði í því að setja á sig hjálminn. Skarphéðin bar nú að fyrr og heggur til Þráins með öxinni Rimmugýgi og kom í höfuðið og klauf ofan í jaxlana, svo að þeir féllu niður á ísinn. Þessi atburður varð með svo skjótri svipan, að enginn kom höggi á hann; hann rendi þegar frá ofan óðfluga. Tjörfi rendi fyrir hann törgu(skildi), og steðjaði hann yfir upp og stóðst þó og rennir á enda svellsins.

Af þessum dæmum má marka, að jafnvel svo einföld íþrótt sem fótskriða mátti einatt koma að beinu gagni í daglega lífinu. — Til einfaldrar fótskriðu eiga leggjahlaup og skíðafar rót sína að rekja.

2. *Leggjahlaup (at kunna á ísleggjum).* Eiginlega skauta þektu menn ekki í fornöld. En

snemma á tímum tóku Norðurlandabúar að iðka þá list að renna sér á svellum með dýraleggi bundna undir fætur sér; höfðu menn broddstaf mikinn í höndum, stungu honum við svellinu og hrundu sér þannig áfram.

Það er kunnugt um Saxa, að hann hallar mjög á hin gömlu goð, gjörir þau að fjölkunnugu illþýði og eignar öll afrek þeirra, er greint er frá í fornum sögnum, djöfullegum kyngikrapti. Hann segir svo um Ull, guð norrænna vetraríþrótta: »Svo var hann leikinn í göldrum, að hann mátti fara yfir sæinn á beini, er hann hafði rist á rammögnuð kvæði, og var hann eigi seinni í förum en þeir, er á skipum fara«. Það er auðsætt, að hér vakir fyrir honum leggjahlaup veiðiguðsins á ísum. Við sömu íþrótt er og átt í Hávamálum, þar sem svo er kveðið að orði:

Við eld skal öl drekka,
en á ísi skríða.

Eysteinn konungur telur sér það til gildis í orðasennu við Sigurð Jórsalafara bróður sinn, þá er þeir vöktu máls á æskuíþróttum sínum, að hann kunni svo vel á ísleggjum, að enginn mátti við hann keppa —»en þú kunnir það eigi heldur en naut!« Það liggur í augum uppi, að allmikinn mjúkleik þurfti til að fara vel á ísleggjum. En Sigurði var betur gefið afl og áræði en lipurð í hreyfingum. Sneiðir Eysteinn honum fyrir það og kveður hann aldrei hafa mátt leika neitt það, er mjúkleikur var í.

Til ísleggja völdu menn einkum apturfótaleggi af hjörtum, nautum eða hestum. Voru þeir klofnir að endilöngu, tilhöggnir í báða enda og gjörðir sem beinastir og hálastir; optast nær voru tvö göt

boruð gegnum legginn og þvengir dregnir í, til þess að binda mætti upp um fótinn, bæði að framan og aptan.

Þessi skriðfæri tíðkuðust um öll Norðurlönd þar til snemma á öldinni sem leið, og hér á Íslandi jafnvel langt fram yfir miðbik aldarinnar, að minsta kosti í stöku bygðarlögum. Hvenær skautar úr járni eða stáli koma fyrst til sögunnar skal eg láta ósagt. Hér á landi gætir þeirra lítið fyr en eptir aldamótin 1800. Í Svíþjóð getur Olaus Magnus þeirra um miðbik 16. aldar. En ef til vill þekkir hann þá að eins af afspurn hjá öðrum þjóðum, og ekki kann hann betur að meta þá en svo, að hann telur hjartarleggi og nautsleggi miklu rennilegri sakir »náttúrlegrar hálku sinnar«, er auka megi á enn meir með því að bera á þá feiti t. d. svínafeiti. Hann kveður það algenga skemtun með Svíum að fjölmenna til kapphlaupa á skriðleggjum á hálum svellum, og keppi menn þá einatt um verðlaunagripi, svo sem silfurskeiðar, eirker, sverð, klæði og þó einkum hesta. Löngum beri það og við, þá er fiskimenn sitji að dorgi við ísvakir, að unglingar flykkist að þeim og fái hjá þeim fiska til þess að renna um skeið á ísleggjum. Gotlendingar hafa tíðkað þann sið frá fornu fari til skamms tíma að fara á ísleggjum að fiskiveiðum á glæjum ísi; hafa þeir kylfu í höndum og rota með þeim fiskana undir ísnum.

Á Englandi er leggjafara getið að minsta kosti þegar á 12. öld. Fitz-Stephen († um 1200), er ritaði lýsingu á Lundúnaborg, segir að þar iðki ungir menn þá list, að þeir bindi dýraleggi undir fætur sér, taki sér broddstaf í hönd, er þeir ljósti við svellinu, og komist þannig á svo mikla fleygiferð, að þeim

megi helzt líkja við fuglinn fljúgandi eða ör af lásboga.

3. *Skíðafar.* Elzta heimildin sem til er um skíðafar á Norðurlöndum er þjóðarheitið Skrið-Finnar. Svo nefna þeir gríski sagnaritarinn Prókóp og gotneski rithöfundurinn Jordanes Finn-Lappa þá, er heima áttu á Skandinavíuskaganum. Báðir rita þessir menn á 6. öld e. Kr. Flestum Íslendingum mun þegar renna í hug, er þetta heiti verður fyrir þeim, orðtakið í griðamálum hinum fornu:

Finnr skríðr,
fura vex,
valr flýgr vorlangan dag,
stendr honum byrr beinn
und báða vængi.

Og ennfremur erindið fagra, sem enginn þekkir höfundinn að:

Erum á leið frá láði
liðnir Finnum skriðnu;
austr sék fjöll af flausta
ferli geisla merluð.

Finnar bjuggu svo sem kunnugt er norður og austur á útkjálkum álfunnar, inni í vetrarríkinu. En feður þeirra höfðu lært að koma því svo fyrir, að í stað þess að snjókyngin yrðu þeim að farartálma og fjártapi stuðluðu þau þvert á móti að því að létta þeim atvinnu þeirra og samgöngur. Þeir höfðu lært að fleyta sér ofan á fönnunum. Fyrir meðvitund nágrannaþjóðanna germönsku, er þeir áttu lítið samneyti við, stóðu þeir eins og samvaxnir skíðunum; þau voru þeim jafn eðlileg og ómissandi farartæki sem vængirnir valnum. Snemma á öldum hafa þær því valið þeim heitið Skrið-Finnar. Síðan hefur það borizt til rithöfunda suðrænna þjóða, er þótti það

kostuleg nýlunda að heyra sagt frá slíkum fararhátt-um. Á 8. öld kveður Paulus Diaconus svo að orði í Langbarðasögu sinni, að heitið Skrið-Finnar, er nágrannar Norðmanna beri, sé dregið af »barbarisku« (ɔ: norrænu) orði, sem þýði að stökkva(!) — »því að þeir fara á stökki að villidýrum og beita til þess með kunnandi mikilli bogmynduðum fjölum«. »Landfræðingurinn frá Ravenna« (á 7. öld) og Elfráður hinn ríki Englakonungur († 901) nota báðir nafnið Skrið-Finnar í ritum sínum. Sömuleiðis Adam Brimabiskup (um 1075), er hefur mestan fróðleik sinn um Norðurlönd frá Sveini konungi Úlfssyni, og lætur hann þess við getið, að svo sé sagt um Skrið-Finna, að þeir séu hraðfærari en hvötustu villidýr. Í norrænum bókmentum fer mikið orð af skíðfimi Finna. Saxi dáir hana með mikilli mærð í formálanum að sögu sinni, auk þess sem hann drepur endranær stuttlega á hana: »Skrið-Finnar eru veiðiþjóð; þeir neyta nýstárlegra farartækja *(»inusitata vehicula«)* og renna á þeim yfir fjöll og firnindi, er ókleif væru á annan hátt. Með því að fara í snarbugum og sneiðingum komast þeir hvert sem þeir vilja, því engin hamrafell eru svo há, að þeir hafi ekki lag á að skásneiða upp á efstu tinda; neðan úr dölunum vinda þeir sér í einlægum bugðum upp hlíðarnar og gjöra ótal lykkjur á leiðina, unz þeir ná upp þangað, er þeir ætla sér.« Í ágripi einu af sögu Norðmanna í fornöld, er ritað var um 1200 og kunnugt er undir nafninu »Historia Norwegiæ«, segir svo frá Finnum að þeir séu ágætir veiðimenn, er flakka um víðs vegar með hreindýrahjarðir sínar; skinntjöld sín reyra þeir í bagga á bak sér og binda fágaðar fjalir *(levigati asseres)* undir fætur sér — það

kalla þeir andra *(ondri)* — og áfram þjóta þeir hraðar en fuglinn fljúgandi um snæviþaktar fjallahlíðar. — Áður eru tilgreind hin einkar efnisríku orðtök »Finnr skríðr« og »Finnum skriðit láð«. Snorri kveður svo að orði um Finna: »Þeir kunna svo vel á skíðum, að ekki má forðast þá, hvorki menn né dýr, en hvatki er þeir skjóta til þá hæfa þeir«. Í orðskviðnum »snælega snuggir, sveinar, kváðu Finnar, áttu andra fala« koma þeir fram sem skíðasmiðir, er hafa gripi sína á boðstólum við nágrannaþjóðirnar með ísmeygilegum kaupmannafortölum. — Og einatt leiða fornar þjóðsagnir fram á sjónarsviðið finska höfðingja svo sem ágæta veiðimenn skyttur og skíðfara, t. d. Völund og bræður hans, er kallaðir eru »synir Finnakonungs«. — Goðsögn ein gömul lætur Finna og Kveni blóta Þorra til þess að snjóa gerði og gott skíðfæri; »það var ár þeirra«.

Það er nú ekki ólíklegt að Svíar og Norðmenn hafi einhvern tíma í fyrndinni numið þessa íþrótt af hinni fornfrægu skíðaþjóð, Finnunum, enda kemur hún við sögu í fornsögninni um, hvernig Noregur bygðist. Norr og förunautar hans eru látnir koma á skíðum austan af Kvenlandi.*)

Þá er saga Norðurlandaþjóða hefst voru skíði eflaust kunn um allan Noreg. Elzta norrænt skáld, sem kvæði eru til eptir enn í dag, Bragi Boddason, kennir skip á þann hátt, að hann kallar það »*Eynefis öndur*« þ. e. skíði þau, er sækonungar renna sér á

*) Á þessa skoðun hefur Friðþjófur Nansen fallizt í bók sinni På Ski over Grönland (3. kap.); hann leitast þar við að finna henni stað með því að rannsaka skíðaheiti hjá ýmsum þjóðum; þykist hann mega eptir þeim rekja uppruna skíðanna til mongólskra þjóða um norðurhálendi Asíu. Rök hans eru að vísu næsta hæpin, en þar fyrir má vel vera, að niðurstaðan sé rétt.

yfir hafið. Bragi var uppi á öndverðri 9. öld. Alt þykir benda til, að átthagar hans hafi verið vestanfjalls í Noregi — í snæsnauðasta hluta landsins —, og hann dvèlur löngum á fullorðinsárum við hirðir norrænna höfðingja um suðurhluta Skandínavíu. Samt sem áður gjörir hann auðsjáanlega ráð fyrir, að áheyrendasveit sinni séu kunnar skíðfarir. Hann skoðar skíðin sem hvern annan alþektan hlut í daglega lífinu, er hafa megi að efniviði til samlíkinga í kveðskap, svo að myndirnar verði skýrari og litskrúðugri. Sama er að segja um öll helztu skáld Norðmanna og Íslendinga frá hans dögum og langt fram um aldir, að þau kalla skip skíð eða andra sævar eða sækonunga, t. d. lagarskíð, svanvangsskíð, elfarskíð, Endilsöndur, eybaugsöndur; einstæð að samsetningunni til eru búlkaskíð (Eyvindur) og andness öndurr (Gunnlaugur ormstunga).*

Kveðskapur Braga ber þess einnig vott, að þegar svo snemma á tímum áttu Norðmenn sér skíðadís *(öndurdís)*, og það jafnvel þeir, er bjuggu í suðlægustu héruðum landsins. Hann kveður í Ragnarsdrápu:

Hinn er varp á víða
vinda öndurdísar
of manna sjöt margra
mundlaug föður augum.**)

*) Má vera að sumum detti í hug að telja slíkar kenningar óviðkomandi skíðafari og því marklaus gögn í þessu máli, sakir þess að skíði í því sambandi þýði að eins *tré* eða *fjöl*. En sú mótbára nær engri átt. Að t. d. Endils öndurr þýði »tré sækonungs« getur eigi staðizt af þeirri ástæðu, að þá væri ekki um neina samlíkingu að ræða, og þá heldur ekki um neina kenningu; það er fararskjóta-hugmyndin í orðinu öndurr, sem felur í sér samlíkinguna; enda veit eg ekki til, að *tré*, *viður* eða annað samþýtt heiti sé nokkurs staðar látið tákna skip í sambandi við sækonungsnafn.

**) Þ. e. Hinn er varp augum föður öndurdísar á víða vindamundlaug (= upp á himininn) of sjöt (= yfir bústað) margra manna.

Þetta eru elztu menjar goðsagnarinnar um sættargjörð Skaði skíðadísar við æsi, er þeir höfðu drepið föður hennar, Þjaza jötun. Hún kom vígbúin til Ásgarðs að hefna hans og gerði Óðinn það til yfirbótar við hana, að hann tók augu Þjaza, kastaði upp á himininn og gerði af stjörnur tvær.

Snorri kann þessa sögu miklu lengri, og bætir við þeim tveim atriðum í sættargjörðinni, að Skaði skyldi kjósa sér mann af ásum eptir fótum þeirra, og sjá ekki meira af, og að æsir skyldu hlægja hana. Hún sá þá eins manns fætur forkunnar fagra og mælti: »Þenna kýs eg; fátt mun ljótt á Baldri!« — en það var Njörður úr Nóatúnum. Svo var hún sorgþrungin af missi föður síns, að hún hugði það ofraun Ásum að hlægja sig. En Loka varð ekki skotaskuld úr því, svo sem kunnugt er orðið.

Þessu næst er Skaði getið í kvæðinu Haustlöng eptir Þjóðólf í Hvini (um 900); kallar hann þar Þjaza jötun *fóstra* (ɔ: föður) *öndurgoðs* (ɔ: Skaði). — Enn er svo sagt í Háleygjatali Eyvindar skáldaspillis (um 990), að Óðinn gat við Skaði marga sonu, þar á meðal Sæming þann, er Hákon jarl hinn ríki taldi til langfeðgakyn sitt:

Þann skjaldblœtr
skattfæri gat
Ásaniðr
við járnviðju,
þás þau meir
í manheimum
skatnavinr
ok Skaði bygðu
— — — —
— — — —
sævarbeins
ok sunu marga
öndurdís
við Óðni gat.

Auk þess, er þannig má ráða af fornum kveðskap um skíðafar í Noregi á víkinga-öldinni, láta sagnaritin þess víða við getið alt frá dögum Haralds hárfagra, svo sem sjá má af því, er hér fer á eptir. Einkum voru það Háleygir og Upplendingar er reyndust Finnum skæðir keppinautar um skíðfararfrægðina.

Svo er mælt, að eitt sinn er Haraldur hárfagri sat jólaveizlu í Guðbrandsdölum var hann úti staddur og horfði á leik hirðmanna sinna. Honum verður þá litið til fjalls og sér, hvar snjómökkur mikill þyrlast upp hátt í hlíðinni; hyggur hann að, hvort hvirfilbylur muni vera eða þar fari maður á skíðum; þótti hið síðara næsta ótrúlegt, því að áður hafði enginn þorað þar ofan að fara, svo að menn vissu til. Þó varð sú raunin á; manninn bar brátt ofan og var þar kominn Vígharður nokkur, ættaður af Hálogalandi. Háleygskur að ætt var og Hemingur Áslákssón, er kjörinn var til þess á síðari tímum (12. eða 13. öld) að vera eins konar hugsjónafyrirmynd norrænna ungmenna í sagnaheiminum um flestar þjóðlegar íþróttir. Að boði Haralds harðráða sýnir hann skíðfimi sína í fjalli einu miklu — sumir segja í Smalsarhorni (sbr. sögnina um brattgengni Ólafs konungs Tryggvasonar) — þar sem hengiflug voru með sjónum, en upp af snarbrött hlíð, klettótt og svellrunnin. Hemingur sté á skíðin og rennir fram um hlíðina, ýmist upp eða ofan, og mæltu allir að engan mann hefðu þeir séð jafn mjúklega fara. En ekki lét konungur sér það lynda; lagði hann við það höfuðsök, að Hemingur færi þvers upp á fjallið og rendi ofan fyrir; skyldi hann stöðva sig á framanverðum björgunum. Kvað Hemingur sér þykja að því lítil dauðadvöl. En heilan á hófi lætur sögnin hann þó ljúka rauninni. Hann gengur upp á fjallið og stígur á skíði sín og rennir ofan; fór hann svo hratt, að ólíkindi þóttu; honum kastaði aldrei svo, að eigi yrðu undir honum skíðin; þá er hann kemur fram á björgin, þar sem konungur var fyrir með sveit sína, styður hann niður stafnum og hleypur í lopt upp, en skíðin renna undan honum; hann kemur fótum undir sig á framanverðu bjarginu og þrífur í skikkju konungs til þess að taka af sér ferðina; en konungur hafði tekið úr

dálkinn; laut hann nú undan snarlega og lét lausa skikkjuna fram af höfðinu; við það steyptist Hemingur ofan fyrir brúnina, — en dúkur hins helga Stefáns, er einn af vinum hans hafði brugðið um hann áður hann sté á skíðin, festist á snös nokkurri ofan til í berginu, og varð það Hemingi til lífs. Sögnin hlakkar yfir því að lokum, að hefndin kæmi Haraldi í koll fyrir fjörráðin; því að Hemingur á það að hafa verið og enginn annar, er varð banamaður konungs í orustunni við Stafnfurðubryggju. — Þá er þeir Þóroddur Snorrason og félagi hans flúðu úr greipum Jamta í skattheimtuferðinni góðu, þágu þeir fararbeina að Arnljóti gellini, upplenzkum stigamanni, er frægur er orðinn í fornum sögum; lánaði hann þeim skíði og réðst sjálfur í förina. Hann sté á skíði sín, er bæði voru breið og löng, en þegar er Arnljótur laust við geislanum, þá var hann hvar fjarri þeim; þá beið hann og mælti, að þeir myndu hvergi komast að svo búnu; bað þá stíga á skíðin með sér. Þeir gerðu svo; fór Þóroddur nærri honum og hélt sér undir belti Arnljóts, en förunautur Þórodds stóð aptastur. Skreið Arnljótur þá svo hart, sem hann færi laus. Meir en svo munaði hann ekki um byrðaraukann, að því er þeim virtist!

Að hálendið var aðalheimkynni skíðaíþróttarinnar lýsir sér enn í því að guðir þeirrar listar, skíðadísin Skaði og veiði- og skíðfararguðinn Ullur, eru fjallabúar. Skaði er ættuð úr Þrymheimi, »það er á fjöllum nokkrum«. Henni fer sem Finnum og Upplendingum, að hún reikar víða um fjöll á skíðum sínum með boga og skýtur dýr. Var því ekki að kynja þótt illa kynni hún strandvistinni í Nóatúnum með bónda sínum:

Sofa ek né máttak
sævarbeðjum á
fugls jarmi fyrir;
sá mik vekr,
er af viði kemr
morgin hverjan már.

Og eigi undi Njörður betur fjallvistinni:

Leið erumk fjöll,
varka lengi á,
nætr einar níu;
úlfa þytr
mér þótti illr vera
hjá söngvi svana.

Þau sættust á það, að níu nætur skyldu þau vera í Þrymheimi, en aðrar níu að Nóatúnum (Sn. Ed. 28). — Ullur, sonur Sifjar, en stjúpsonur Þórs, á heima í Ýdölum (þ. e. Bogadölum), svo sem segir í Grímnismálum:

Ýdalir heita
þars Ullr of hefir
sér of görva sali.

Hann skríður á skíðum um firnindin, fer á ísleggjum um ár og vötn og rennir sér á skildi sínum niður í dalhvörfin.*)

Eigi ótíðari en í Noregi hlýtur skíðfararlistin að hafa verið að minsta kosti í uppsveitum Svíþjóðar, og kunn hefur hún eflaust verið þar í landi í flestum bygðarlögum. Íslendingurinn Þorvaldur Hjaltason viðhefur kenninguna *elfarskíð* (=skip) í vísu, er hann kveður í liði Eiríks konungs sigursæla eptir Fýrisvallaorustu. Emundur lögmaður af Skörum notar veiðifarir skíðamanns úr Dalabygð fyrir efnivið í háðglettusögu um Ólaf konung sænska. Bogaskyttu á skíðum getur enn fremur að líta á rúnasteini þeim hinum sænska (frá því um aldamótin 1000), er áður var um getið.

Í Danmörku var skíðfara sjaldan þörf, og má svo að orði kveða að þar vantaði þá íþrótt öll tilveruskilyrði. Enda munu Danir í fornöld hafa þekt

*) Þannig ber líklega að skilja þá kenningu fornskálda, að þau kalla skjöld *skip Ullar*.

hana að eins af afspurn. Saxi umritar skíð og skíðfarir á ýmsan hátt *(pandæ trabes*=bogfjalir; *lubrici stipites*=hálar fjalir; *ars qua Finni nivales saltus peragrant* =sú íþrótt, er Finnar neyta þá er þeir reika um snævi þakin fjöll), en aldrei lætur hann við getið til skýringar hinna norrænu heita, eins og t. d. höfundurinn að Noregssögu (Historia Norvegiæ). Einkum sýnir orðtak hans í formálanum, er hann kallar skíðin *inusitata vehicula* (þ. e. fágæt farartæki), hversu ókunnuglega hann lítur á skíðaíþróttina. Af sögn Saxa um skíðfararraun Tóka »í hamrafelli því er Kollur nefnist« og raupyrðum Haraldar blátannar um kunnáttu sína í þeirri grein verður varla neitt ráðið um það, að einnig í Danmörku hafi verið til frábærir skíðamenn. Aðalþáttur þessarar farsagnar er skotfimisraunin, og einmitt hún hefur valdið því að sögnin var bendluð við Tóka.

Skíðafars á Íslandi í fornöld er að vísu hvergi getið beinlínis. En engu að síður má það heita gefinn hlutur, að Norðmenn hafi flutt þá list með sér út hingað og kent hana niðjum sínum í hinum nýju átthögum, þar sem eðlisfar lopts og lands gjörði hana jafn þarfa sem í hinum fyrri heimkynnum þeirra. Enda nota líka íslenzk skáld á víkingaöldinni orðin *skíð* og *öndurr* í kenningum sínum, ekki einungis þá er þau kveða í áheyrn Norðmanna, heldur einnig í tækifærisvísum ortum heima í sveit á Íslandi. Svo er t. d. um Steinunni skáldkonu, móður Hofgarða-Refs; hún kallar skip Þangbrands Atalsgrundarskíð. Og enn má þess gæta, að það eru einmitt íslenzkir sagnaritarar, er frætt hafa oss um flest það, er vér vitum um skíðfarir fornþjóða Norðurlanda, og þeir rita um þær á þá leið, er sýnir glögt að þeir höfðu

nánari kynni af þeirri list en afspurnarkynni ein saman. Hitt er víst, að snemma mun hafa dofnað yfir skíðaíþróttinni hér á landi, eins og reyndar öllum íþróttum, nema helzt glímunum. Úr því líður ritöldina hina fornu nefna íslenzkir höfundar, að því er eg frekast veit til, ekki skíði á nafn fyr en á öndverði 17. öld, er síra Magnús Ólafsson í Laufási lét St. Stephaniusi, er samdi athugagreinar við Danasögu Saxa, í té lýsingu á skíðum, og virðist hún bera vott um, að honum hafi verið þau farartæki kunn af eigin reynslu. Bendir það til að skíðaíþróttin hafi hjarað, þótt með litlu lífsmarki væri, öld fram af öld í stöku bygðarlögum, og þá helzt á Norðurlandi, þar sem snjókyngi eru mest og skíðfarir koma mönnum helzt í þarfir. Um miðbik 18. aldar er þess getið af Jóni Þorkelssyni skólameistara, í viðbót hans við dönsku þýðinguna á riti Andersons um Ísland, að skíðaferðir væru orðnar mjög sjaldgæfar nema helzt í Þingeyjarsýslu. Litlu síðar kveður Eggert Ólafsson jafnvel svo ramt að orði í ferðabók sinni (bls. 740), að skíðafar megi telja g l e y m d a íþrótt hér á landi, því að hana kunni að eins fáeinir menn norðanlands svo teljandi sé; nefnir hann þar til síra Þorgrím Jónsson á Hálsi í Fnjóskadal († 1739) og síra Jón son hans. »sem nú er prestur að Hálsi og vel er kunnur skíðfararreglum«. Um Eggert sjálfan vita menn með vissu, að hann var allra manna bezt skíðfær; í æfisögu hans, er prentuð var í Hrappsey 1784, segir svo, að »hann fór hraðara á öndrum en nokkur maður mætti fylgja honum á hlaupi«. Undir lok aldarinnar tók stjórnin að gjöra gangskör að því að endurlífga skíðfararlistina hér á landi; var Norðmanni einum, Buch að nafni, er var verzlunarþjónn á Húsavík, heitið verðlaunum til handa

þeim, er hann kendi, og lærisveinum þeirra ef nokkrir yrðu. Úr því fór nokkuð að rakna úr fyrir þessari íþrótt á Norðurlandi, þótt hægt færi.*) Ef til vill var aldan runnin undir þessa viðleitni frá eldmóði og ötulum forverknaði Eggerts til viðreisnar öllu því, er þjóðlegt var og til nytsemdar mátti horfa, enda þótt hann væri látinn nokkrum árum áður en fyrsta tilskipun stjórnarinnar um þetta efni kom út.

Fornmenn lögðu ekki einungis stund á skíðafar sakir beinnar nytsemi þess, heldur æfðu þeir það einnig sem sjálfgilda íþrótt. Það var talið með göfgustu listum, er menn máttu nema, og mun þeim, er nú á dögum kalla það »íþrótt íþróttanna«, ekki þykja það furðu gegna. Einari þambarskelfi er meðal annars talið það til lofs að hann var allra manna bezt skíðfær. Kolbirni Árnasyni þótti mest koma til skíðfararkunnáttu sinnar, bogfimi og sunds. Haraldur harðráði telur það með helztu íþróttum sínum að hann kunni að »skríða á skíðum«, og sömuleiðis Rögnvaldur jarl Kali, er fæddur var og uppalinn í Noregi, í stælingu sinni á vísu Haralds. »Miklu kann eg betur á skíðum en þú, og hafði það enn fyr verið kölluð góð íþrótt«, kvað Eysteinn konungur Magnússon að orði í mannjafnaðardeilunni við Sigurð bróður sinn. Af sögnunum um Heming og Tóka má ef til vill ráða, að títt hafi verið um íþróttamenn, að þeir sýndu fimleik sinn í skíðahlaupi fyrir áhorfendum, svo sem alsiða var um aðrar íþróttir. Á dögum Olaus Magnus (— fyrri hluta 16. aldar —) tíðkuðu ungir menn í Svíþjóð að mæla sér mót til kappleika í skíðförum, og voru þeir sæmdir verðlaunum, er best

*) Ó. Davíðsson, Ísl. Sk. 84.

voru að sér í þeirri list. Liggur næst að ætla, að þess háttar kappleikar hafi haldizt þar í landi frá fornu fari, því að engin framfara-alda í öðrum íþróttum en skylmingum og burtreiðum hafði runnið yfir Svíþjóð á næstu öldum fyrir daga Olaus Magnus.

Af skíðastökki, er íþróttamenn nú á dögum stunda svo mjög, fara engar sögur í fornöld, því að ekki er að henda reiður á orðtaki því, er haft er um Heming, er hann fór niður fjallshlíðina, að honum kastaði aldrei svo, að eigi yrðu undir honum skíðin.

Svo er að vísu að sjá sem höfundur Konungsskuggsjár hafi eigi verið skíðamaður; að minsta kosti tekur hann helzt til djúpt í árinni um lengd skíðanna. En nokkuð má þó ráða af ummælum hans um skíðfimi Norðmanna á hans dögum (fyrra helmingi 13. aldar):

»Það mun þykja meira undur er svo er frá sagt um þá menn, er það kunnu að temja tré eða fjalir til þess að sá maður, er hann er eigi fimari á fæti en menn aðrir meðan hann hefir eigi annað á fótum en skúa sína eða ellegar bera fætur, en jafnskjótt sem hann bindur fjalir undir fætur sér annaðtveggja sjö álna langar eða átta (þ. e. 5¼—6 ál.), þá sigrar hann fugla að flaug eða mjóhunda að rás, þá sem mest megu hlaupa, eða hrein er hleypur hálfu meira en hjörtur, því að sá er mikill fjöldi manna, er svo kann vel á skíðum, að hann stingur í einni rend sinni níu hreina með spjóti sínu eða þaðan fleiri. Nú mun þessi hlutur þykja tortryggilegur og óliklegur og undarlegur í öllum þeim löndum, er eigi vitu menn með hverri vél eða list slikt má vera að fjölin má tömd vera til svo mikils fljótleiks, að á fjöllum uppi þá má ekki vætta forðast rás þess manns og skjótleik, er fjalir hefir á fótum sér, það sem jörðunni fylgir; en þegar hann lætur fjalirnar af fótum sér

þá er hann eigi fimari en aðrir menn. En í öðrum stöðum, þar sem menn eru eigi slíku vanir, þá mun varla finnast svo fimur maður, að eigi þyki af honum taka allan fimleika þegar er slík tré eru bundin við fætur honum, sem nú höfum vér um rætt. Nú vitum vér þessa hluti til viss og eigum kost, þegar um vetrum er snjór er, að sjá gnótt þeirra manna, er þessar vélar og listir kunnu«.

Þar sem nú skíðafarsíþróttin stóð á svo háu stigi í Noregi og Svíþjóð, sem bent hefur verið til, má það undarlegt heita hversu lítt hún kemur við sögu í hernaði. Þess finnast engin dæmi, að skíðamannasveitir væru í herliði Norðmanna eða Svía fyrr en um 1700. Aptur á móti fóru sendimenn, njósnarar og útverðir konunga og herforingja löngum á skíðum að vetrarlagi. Sigtryggur snarfari og Hallvarður harðfari, er löngum voru í sendiförum fyrir Harald hárfagra, »voru allra manna bezt færir bæði á fæti og á skíðum«. Fylgdarmenn þeir, er Hákon góði fékk Agli Skallagrímssyni í Vermalandsförina frægu, laumast frá honum þegar þangað er komið og skotta heim aptur á skíðum sínum um Upplönd og Dofrafjöll. Á sama hátt ferðast sendimenn Ólafs konungs helga, er Arnljótur gellini veitir fararbeina. Um daga Sverris konungs er þráfaldlega getið njósnarsveita á skíðum. Hákon gamli er í barnæsku fluttur yfir Dofrafjöll á skíðum af Birkibeinum.

Í aðaldráttunum voru skíði fornmanna auðvitað svipuð því, er nú tíðkast, sem sé 3—5 álna langar og 4—5 þumlunga breiðar fjalir, beygðar upp að framanverðu og sléttur skriðflötur að neðan; hanki var gjörður um þvert skíðið ofanvert, framanvið þungamiðju þess, úr streng, leðri eða viðjum, til þess að smeygja í fætinum. Menn munu hafa tekið eptir því, að tvenns konar skíðaheiti eru við höfð í fornbókmentunum,

sem sé *skíð* og *andrar* (eint. *öndurr*). En tákna þau bæði sömu gerð? Eða hver er munurinn? Hið fyrra heitið er lang-algengast og alríkjandi í óbundnu máli. Hið síðarnefnda kemur eingöngu fyrir í skáldskap: í skipakenningum — jöfnum höndum við skíð —, í goðaheitunum *öndurgoð*, *öndurdís* og *önduráss*, og loks um skíði Finna bæði í orðskviðnum »snælega snuggir, kváðu Finnar, áttu andra fala« og í síðla tilorðinni vísu, er Gusir Finnakonungur er látinn kveða til Ketils hængs á Hálogalandi:

Hverr er á öndrum
öndverðan dag,
gjarn til gunnar
í grimmum hug?

Í óbundnu máli kemur *öndurr* alls eigi fyrir í íslenzkum ritum, heldur að eins í Hist. Norw. um skíði Finna. Með öðrum orðum, eptir bókmentunum að dæma svífur þetta heiti, eða réttara sagt sá hlutur er það táknar, í einhverju forneskjurökkri utan vébanda hins norræna þjóðlífs, og á sér átthaga í heimi goða og — Finna.

Af norskum og sænskum nútíðarmállýzkum má hins vegar ráða, að heitin *skíð* og *andrar* voru ekki frá upphafi vega sömu merkingar, heldur táknuðu sitt hvað, óskinndregin skíði og skinndregin; þar er sem sé orðið *andør (onder, andra, andur)* sérstaklega haft um stutt hægrifótarskíði, er optast nær er skinndregið og á við langt og bert vinstrifótarskíði. Algengasta merking hinna margháttuðu nýbrigða orðsins *öndurr* er þó »sleðadrag«; sú merking er til um öll Norðurlönd — nema á Íslandi — og sömuleiðis í lánsorðinu *antura, andur* eða *andôr* í tungum vestfinskra þjóða, en það orð þýðir einnig »bátskjölur« og

»skósóli«. Grundvallarmerkingin í orðinu *öndurr* virðist því að hafa verið »drag« eða »sóli« yfir höfuð. Upphaflega var það því að eins skinndragið undir skíðinu, er réttu lagi nefndist öndurr, en eins og opt vill verða kom brátt svo, að heitið var látið grípa yfir skíðið í heild sinni, er það var skinni dregið, en aptur á móti hélzt upphaflega merkingin að því er til annara tækja kom t. d. sleða. En menn höfðu ekki einungis óskinndregin skriðfæri, er kölluð voru *skíð*, og skinndregin skriðfæri, er nefndust *andrar* og áttu ættir að rekja til Finna. Snemma á tímum komu einnig upp — ef til vill fyrst hjá Finnum — þau millibilsafbrigði, að hafa annað skíðið skinndregið og nokkru styttra, hitt bert og nokkru lengra. Var þá öll von á, að mönnum þætti það vafstursamt að greina réttnefni á hvoru um sig og kysu heldur að hafa eitt orð í fleirtölu um bæði tækin, er saman áttu. Varð þá ýmist ofan á skíð eða andrar. Á þann hátt mun sá ruglingur hafa komið upp á merkingu orðsins öndurr, er víða gægist fram í norrænum mállýzkum. Höfundur Noregssögu nefnir að vísu skíði Finna andra (ondri), en þýðir það heiti á latínu með orðum, er að eins geta átt við óskinndregin skíði (*levigati asseres*=fágaðar fjalir). Þessi ónákvæmni hans hlýtur að eiga rót sína í öðru af tvennu, fáfræði hans um skíðagjörð Finna, eða ruglingi á heitunum andrar og skíð í hans bygðarlagi.

O. Magnus lýsir skíðum Finn-Lappa á sinni tíð á þá leið, að það voru sléttar fjalir uppbjúgar framanvert og dregnar að neðan þunnri hreinkálfahúð órakaðri, mislangar nokkuð, önnur jafnlöng hæð skíðamannsins, hin feti lengri. Þetta er í fullu samræmi við það, er ráðið varð af mállýzkunum, og

getum vér sagt að þetta sé elzta lýsingin á öndrum, sem til er.

Tilgangurinn með því að skinna skíðin var sumpart sá, að þau rynnu betur; þvalan snjó festir síður við hárram en trjáflöt. Sumpart gjörðu menn það í því skyni að létta sér göngu um jafnsléttu eða upp í móti, því að hárin veita góða viðspyrnu og varna skíðinu að renna aptur á bak. Mislengdarafbrigðin í skíðagerðinni eru eflaust sprottin af tilliti til þess, hvað haganlegast var, er skásneiða skyldi brattar hlíðar, og einkum er sækja skyldi mjög á brekkuna. Af þeim leiddi aptur, að hreyfingar skíðamannsins urðu nokkuð með öðrum hætti; hann notaði styttra skíðið einkum til þess að spyrna sér áfram — því hefur það á sænsku verið kallað *sparkskida* — en á hinu hvíldi líkamsþunginn og var það skíðamanninum hið eiginlega rennitæki. Til þess að renniskíðið mætti halda sem bezt uppi, gjörðu menn það einatt mjög langt, en höfðu það hins vegar óskinndregið, til léttisauka. Á styttra skíðinu hélzt aptur á móti skinndragið, með því að það þótti hentugra til viðspyrnu.

Þess háttar skíðafarir eru það, er gefið hafa tilefni til hinna skringilegu hugmynda suðrænna þjóða um göngulag Norðurlandabúa, er lýsa sér t. d. í skáldritinu »Persiles og Sigismunda« (1617) eptir Cervantes. Persiles situr fastur með skip sitt í ís »undir norðurstjörnunni í nánd við Noreg«. Eitt sinn er þeir skipverjar voru í óðaönn að ræna annað skip, er þar lá innifrosið, sáu þeir hvar herlið mikið fór að þeim af landi ofan, eigi minna en 4000 manna. »Gengu þar allir menn á öðrum fæti á þann hátt, að þeir spörkuðu með hægra fætinum á vinstra hæl sér, ýttu sér þannig áfram og runnu góðan spöl áleiðis; því næst endurtóku þeir sparkið og runnu enn kippkorn áfram«.

Sá var þó hængur á skinndregnum skíðum, að

þau voru tiltölulega þyngri, og auk þess sýndi reynslan að yfirburða þeirra á göngu um jafnsléttu og upp í móti gætti að eins fyrir þá, er skorti listhæfa æfingu á berum skíðum. Með öðrum orðum, eptir því sem skíðafarsíþróttin dafnaði, tóku skinndregnu skíðin smátt og smátt að detta úr sögunni. Jafnvel þegar í fornöld er svo að sjá sem *skíð* — óskinndregin — hafi verið miklu algengari en *andrar*, og hafi þeir einkum tíðkazt á Finnmörk og Hálogalandi, þar sem skinnavara var nóg, en ilt til viðarfanga. Nú á dögum gætir þeirra tæplega annars staðar á Norðurlöndum. Millibilsafbrigðin — langt skíði bert og stutt skíði skinndregið — eru aptur á móti enn til í ýmsum héruðum Finnlands og Svíþjóðar (t. d. á Vermalandi og í Dalabygð), en óðum eru þau að hverfa.

Annars vita menn ekkert nánara um skíðagerð fornmanna, t. d. hvernig varið var hlutfallinu á milli lengdar og breiddar, hversu kröpp bugðan var, hversu mikil þyktin um miðjuna, né heldur hvort menn á þeim tímum höfðu fengið auga fyrir því tvennu, er nú þykir næsta miklu skipta um útbúnað skíða, að festa megi þau á fætur sér með hælviðjum eða hælreimum og að ein eða tvær mjóar hvolfrennur séu gjörðar eptir endilöngum skriðfletinum, svo að skíðin séu fastari í rásinni og hlaupi eigi út undan.

Staf höfðu fornmenn er þeir fóru á skíðum, nefndist hann *skíðageisl[i]*; neyttu þeir hans bæði til að styðjast við og stýra sér með, og eigi sízt til þess, að létta undir skriðið er um jafnsléttu var að fara; laust skíðamaður þá af og til geislanum við snjónum, um leið og hann rendi sér áfram öðrum fæti, knjáboginn nokkuð og áhallur, og spyrnti við

með hinum. Geislinn og skíðin nefndust einu nafni *skriðfæri* eða *skíðfæri*, í fleirtölu, en í eintölu þýddu þau orð góða færð til skíðafars eins og enn er títt.

VI. Stökk *(hlaup)*.

Nú á dögum, er hetjurnar vega með tungunni, pennanum eða ýmiskonar hégómadaðri, þykir mikið til koma digurmælgi og bústinna búka. Sá þykir mestur maðurinn, er hæst hrópar og fyrirferðarmestur er á mannamótum. Á hitt er síður litið, hvort vit, einlægni og hugprýði býr á bak við orðaglamrið, eða hvort líkami sá hinn mikli sé annað en ónýt byrði eigandanum og óhæft verkfæri til snarmannlegra framkvæmda. Í fornöld báru menn litla virðingu fyrir orðahetjum, er gjörðust neffölir af angist ef í krappan kom, og menn hæddu þá eða aumkuðu, er trauðla gátu valdið líkama sínum. Enda var eðlilegt um þá tíma, er dauðinn glotti við hverjum manni úr ótal eggjum axa og sverða, að minna væri þá um það hirt að sýnast en vera, og að hver léti sér ant um af megni að temja líkama sinn og sál við þrek og snarfengi. Nú er stökkfimi einmitt ein af þeim íþróttum, er verkar alhliða á þroska líkamans, eykur honum samræmi í vaxtarlagi og hreyfingum, stælir vöðvana, styrkir taugarnar og gerir þær tilkendarnæmari. Og þá má nærri geta, hversu mjög sú íþrótt miðar til að auka mönnum kjark. Sá sem finnur aflið vaka í vöðvum sér og finst hann geti lypt sér yfir hverja torfæru, er á vegi hans verður, er jafnaðarlega bjartsýnni, áræðismeiri og atorkusamari en hinn, er kennir sér deyfðar og þunga. Stökkfimi hlaut því að verða vinsæl íþrótt meðal

fornmanna svo mjög sem þeir unnu tápi og snarmensku. Ungir menn stunduðu hana af kappi og fullorðnir héldu henni við í lengstu lög. Enda kom það sér opt vel á hinum fornu svaðilfaratímum að vera léttur á sér og kunna að bregða sér á lopt í viðlögum. Einkum gjörðist þess einatt þörf í hernaði. Þá er menn áttust við vopnaskipti og annar vegandinn fékk eigi svigrúm til að bera af sér högg eða lag, t. d. ef margir sóttu að honum í senn, átti hann eigi annað undanfæri en að stökkva undan tilræðinu eða upp yfir það. Þannig er þess t. d. getið í ýmsum orustulýsingum, að þá er vegandi sá spjóti skotið að sér og hann barðist í óðaönn við annan, svo að hann sá sér eigi fært að grípa það, hljóp hann í lopt upp og lét það fljúga á milli fóta sér. Þá er á skipi var barizt, forðaðist margur bráðan bana með því að stökkva öfugur aptur á bak yfir rá eða þóptu; vildi þá opt svo til að sækjandinn festi þar í vopn sitt og laut svo mjög eptir tilræðinu, að hinn er undan stökk átti þess kost að veita honum banahögg. Í sjóorustum, er menn vildu ráða til uppgöngu á skip óvina sinna, í umsát um borgir, er sækja átti upp á virkisgarða, var auðvitað mikils um vert léttleika í hreyfingum. Og mörg önnur atvik mætti nefna, er stökkfimi kom mönnum að beinum notum. Þá er vatnsföll, gljúfur eða aðrar torfærur urðu á vegi vegfarenda, er hafa þurftu hraðan við, gátu stökkfimir menn brugðið sér þar yfir viðdvalarlaust, er aðrir urðu að gjöra lykkju á leið sína eða tefjast við á annan hátt og jafnvel lenda í klóm ofureflisflokks óvina sinna, er eptir sóttu.

Í samræmi við kröfur hversdagslífsins æfðu menn því ýmiskonar stökk: langstökk, hástökk,

ofanstökk, öfugt stökk, og jafnvel stangarstökk. Um Skarphéðin er það í frásögur fært, að hann »hljóp 12 álna yfir Markarfljót meðal höfuðísa«. Þegar þess er gætt, að hér ræðir um 18 þumlunga alin, er það hlaup — 9 álnir að voru tali — ekki lengra en beztu fimleikamenn nú á dögum mega auðveldlega inna. Hitt er ótrúlegra er mælt er um Gunnar á Hlíðarenda, að hann mátti hlaupa »meira en hæð sína í öllum herklæðum og eigi skemmra aptur en fram fyrir sig«. Að minsta kosti nær hið síðara atriðið engri átt, af þeirri einföldu ástæðu, að maðurinn er nú einu sinni skapaður með tærnar fram og hælana aptur, svo að ólíkt öflugra viðspyrnubragð má gera, er áfram skal stökkva en aptur á bak; hlýtur því hverjum og einum að láta betur hið fyrnefnda. Eigi er það síður ýkjulegt, er sagt er frá um Hörð Hólmverjakappa, að hann stökk yfir þrefaldan mannhringinn, enda þótt æsingin auki huguðum mönnum orku um helming, þá er þeir eiga líf sitt að leysa. Svipuð er frásögnin um Sigurð Íslending, er Ólafur Tryggvason sigaði á hundi sínum í hefndarskyni fyrir dráp hirðmanns síns; með holrifinn kviðinn hefst hann á lopt út yfir mannhringinn og fellur dauður til jarðar. Tilhæfulaust ævintýri og naumast nefnandi á nafn er sögnin um stökk Bósa, er hann hljóp 15 álnir (=$11^1/_4$ alin) af björgum fram út á skip Herröðar og kom niður á stýrissveifinni. Dugandi fimleikamenn voru forfeður vorir óneitanlega, en trauðla svo.

Hlaup var það stökk kallað í fornöld, er menn snertu hvorki með höndum né fótum það sem yfir var stokkið. Ella hét það að *stikla* (sbr. gotl. *stikel* =stökk), og var það orð einnig haft um jafnvægis-

göngu. Sá er stökkva vildi t. d. yfir gerði, úr moldu, grjóti eða tré, er voru heldur há til þess að hlaupa mætti yfir þau í lausu lopti, fór einatt þannig að — eins og enn er títt — að hann hóf sig fyrst á lopt af tilhlaupi og gjörði svo annað af tvennu í miðju stökki, að hann spyrnti við öðrum fæti uppi á gerðinu eða studdi þar niður báðum lófum og sveifl-aði sér því næst inn yfir *(sbr. það sem nú er kall-að skeiðstökk og handstökk)*. Væri skíðgarður svo hár, að með engu móti varð yfir hann stokkið, runnu menn til, kræktu axarhyrnu sinni upp á brúnina og lásu sig svo upp eptir skaptinu.

Náskyld skeiðstökki er sú fimleiksraun að renna upp brattan skáflöt; kom sú list einkum að haldi í umsátum. Frá því er sagt í Sturlungu, að eitt sinn er höfðingjarnir Kolbeinn ungi og Sturla Sighvats-son voru staddir á Víðimýri við kastala þann, er Snorri Sturluson hafði látið gera, skemtu þeir sér með því að renna skeið að kastalaveggnum og vita hvor lengst fengi runnið upp í vegginn. Þeim fimleika átti Kári líf sitt að launa er hann komst af úr brenn-unni; hann rann upp þvertré, er niður var fallið í öðrum enda skálans, og steypti sér svo út af þekjunni.

VII. Jafnvægisganga *(stikl)*.

Að ganga fimlega og með öruggu jafnvægi eptir láréttum eða höllum ásum, rám eða brúnum ofar jörðu, að hoppa mjúklega af litlum undirstöðufleti á annan var einnig kallað að *stikla*. Dæmi þess, hversu leiknir fornmenn voru við slíkar fimleikaraunir eru hinar alkunnu frásagnir um hlaup manna ekki ein-

ungis eptir borðstokkum, heldur jafnvel eptir árum utanborðs er róið var skipi eða bát. Saxi telur árahlaup með íþróttum Haralds gilla og lýsir því með svofeldum orðum: »Opt var hann því vanur á siglingum að hlaupa úr skutnum á skipi sínu og renna ár af ár með endilöngu borði og upp í framstafninn; þaðan hélt hann áfram hlaupinu eptir árunum með hinni hlið skipsins og þar til, er hann hafði stokkið út«. Enn betur lék Ólafur konungur Tryggvason; hann gjörði hvorttveggja senn, að hann gekk eptir árum utanborðs, er menn hans reru á Orminum langa, og lék *handsaxaleik*, þrem söxum, svo að jafnan var eitt á lopti, og hendi æ meðalkaflann. Um það kveður Hallar-Steinn í Rekstefju (í lok 12. aldar):

Tvær senn — tyggja vinnur
tel ek þær, er ek veit færri
gunnelds geymirunna —
gramr íþróttir framði:
Hnigbaldr hvítra skjalda
handsöxum lék vandla,
fleinrjóðr flestra dáða
frár, ok gekk á árum.

Ögn dýpra er tekið í árinni í sögninni um fimleikaraunir þeirra Indriða ilbreiðs; þar er mælt að konungur gekk af árunum fram fyrir barðið á skipinu, svo að eigi feldi hann niður handsöxin og varð eigi skóvotur; enda er Ólafur þar ekki einn í verki, heldur er frá þessu sagt sem dásamlegri jartegn fyrir tilstyrk guðs almáttugs (sbr. göngu Péturs postula á Genesaretvatni). Enn eina jafnvægisæfingu fornmanna hillir undir í heiðmyrkri sagnaheimsins. Hálfur konungur setur Útsteini þann kost, er hann beiðist fars af sævarströndu, *að standa á stýrisslöngu* til kvölds. Sama fimleiksraunin gægist og fram í sögninni um stökk Bósa, er áður er frá sagt. Hefur hún eflaust verið altíð meðal

sæfara, líkt og árahlaup. Úr daglega lífinu hafa sagnirnar lypt henni upp í æðra veldi.

Að forfeður vorir kunnu eigi síður en fimleikamenn nútímans að bregða því fyrir sig að ganga á höndunum í staðinn fyrir á fótunum má lesa dæmi til í Morkinskinnu um Magnús konung góða. Þar er þess getið að hann hendi gaman að því á æskuárum í höll Jarislafs konungs að »hann gekk á höndum eptir borðum með miklum fimleik og sýndi í því mikla atgervi«. Í Hrokkinskinnu (Fms. II 5) eru orðin »á höndum« fallin burtu einhverra orsaka vegna; þar stendur að eins: »Hann gekk eptir borðum með miklum fimleik«. En fáum mun þykja mikil frægð í því.

Í ritgerð sinni um skemtanir fornmanna hefur R. Keyser misskilið þetta dæmi á þann hátt, að þeir er til borðs sátu hafi rétt fram handleggina og Magnús hlaupið eptir lófum þeirra með endilöngum borðum; fyrir því lítur hann svo á sem hér sé um eins konar undirbúningsæfingu að ræða undir árahlaup.

Sami höfundur telur handahlaup meðal líkamsæfinga fornmanna, án þess að tilfæra fyrir því nokkra heimild. En mér er óhætt að fullyrða að þeirrar æfingar er hvergi getið í fornum heimildum. Hins vegar er það ekki ólíklegt að þessi íþrótt, sem svo er fræg orðin í íslenzkum þjóðsögnum og iðkuð hefur verið að mun til skamms tíma, eigi aldur að rekja til heiðinna tíma. Næst glímunum má telja hana þjóðlegustu íþrótt Íslendinga á seinni öldum. Allir þekkja sagnirnar um þá Fjalla-Eyvind, er kunni svo vel handahlaup, að hann dró undan fljótustu hestum, og Eirík, einn af Hellismönnum, er rann upp Eiríksjökul, eptir að hann hafði látið fót sinn, og kvað vísuna frægu:

Hjartað mitt er hlaðið kurt,
hvergi náir að skeika:

með fótinn annan fór eg á burt;
fáir munu eptir leika.

Enn er eigi ótítt að hitta fyrir sér gamla menn, er komast allir á lopt ef minst er við þá á handahlaup, líkt og glímuskjálfti grípur knjábogna öldunga, er í æsku kunnu að beita brögðum, þegar tilrætt verður um bændaglímur.

VIII. Brattgengni *(at klífa, ganga í björg).*

Til þess er tekið um Ólaf konung Tryggvason, hve fimur klettamaður hann var, og fór það eptir öðrum íþróttum hans. Eitt sinn kleif hann í Smalsarhorn — segir sagan — og festi upp skjöld sinn í ofanverðu berginu; er það hátt fjall og torsóttlegt og sýnist nálega skúta fram yfir sjóinn. Annað sinn, er konungur lá með flota sinn undir hömrum nokkrum, tóku tveir af hirðmönnum hans að metast um íþróttir sínar; þóttist hvor öðrum meiri og kunna fleiri fimleika; þar kom að þeir höfðu kappmæli um, hvor þeirra mundi brattgengari í björg; deildu þeir það mál um síðir með svo miklum þótta, að þeir veðjuðu um; lagði annar við gullhring, en annar höfuð sitt. Síðan bjuggust þeir til uppgöngu. En ekki höfðu þeir langt farið, er annan þeirra þraut loptmegin; sneri hann við hið bráðasta og komst nauðulega niður aptur. Hinn kleif upp í mitt bergið, en þá þorði hann hvorki að ganga þaðan upp né ofan, og til hvorugrar handar þorði hann að líta; stóð hann þar skjálfandi af ugg og ótta og æpti á konung og menn hans, að þeir skyldu hjálpa sér. Konungur leit til manna sinna og kvað það drengsbót mikla, ef nokkur væri svo frækn, að það fengi gjört. En

er hann sá að enginn vildi til verða, lagði hann af sér skikkju sína og gyrði sig dúki; rann síðan upp bergið að manninum, tók hann undir hönd sér og gekk með hann nokkru lengra upp í fjallið áður hann sneri við og bar hann til skips. »Mæltu það allir, þeir er við voru, að þetta væri mikið þrekvirki, og er víðfrægt síðan«. Um það kvað Hallarsteinn í Rekstefju.

Frá öðrum ágætum klettamanni er sagt í Grettlu, Hæringi Norðmanni; hann komst þar upp á Drangey, er enginn hefur farið áður né síðan, enda er svo að orði kveðið um hann í sögunni, að hann mátti klífa hvert bjarg.

IX. Fang; glíma.

Fang eða *fangbrögð* í víðtækasta skilningi var hver sú viðureign vopnlausra manna, er þeir tókust tökum og leituðust við að leggja hvor annan að velli. Viðureignin gat auðvitað verið meira eða minna reglubundin. Lausatök eru það nú kölluð þegar viðureignin er af handahófi og hver beitir þeim tökum og tilræðum, er bezt verður við komið í svipinn; í fornmálinu var það nefnt ýmsum nöfnum svo sem *sviptingar, ryskingar, hnykkingar* o. s. frv. Þar til má telja axlatök, sem svo eru nefnd nú á dögum, er tveir menn gengust að öndverðir, tóku tökum hvor í annars axlir og leituðust við að sveifla eða hnykkja hvor öðrum af fótunum. Og þá eigi síður þann atgang, er tveir eða fleiri réðust á einn. Þannig segir Saxi t. d. frá því um Eirík konung eygóða, að hann fékst sitjandi við tvo fullefla menn og batt að lokum hendur þeirra á bak aptur. Í glímuleik á Hegranes-

þingi, er annars fór reglulega fram, ráðast tveir menn á móti Gretti, þá er hann hefur felt hvern að öðrum. Slíkt köllum vér nú tusk eða áflog, og metum það til aflrauna en eigi til íþrótta.

Í þrengri merkingu tákna orðin *fang* og *fangbrögð* reglubundna viðureign tveggja manna, er tókust á, og voru til í fornöld tvær tegundir reglubundinna fangbragða, sem sé *hryggspenning* og *glíma*.

Hryggspenning (so. *at hryggspenna*) var eins og enn í dag með þeim hætti, að tveir menn tóku hvor utan um annan og spentu saman höndum um spjaldhrygginn, þannig að þumalknúinn á þeirri hendinni, er undir var, vissi inn í bakið á mótstöðumanninum. Hægast og vænlegast til sigurs var að hafa undirtökin *(neðri tök)* báðum örmum, en jafnast og því réttlátast að hvor um sig hefði annað yfirtakið. Lipurð og leikni máttu reyndar koma nokkuð að notum í hryggspennu, því að ekki var þess alls kostar varnað að beita sveiflum og einstaka bragði með fótum og mjöðmum. En aflið réð þó mestu um úrslitin, bæði bakstyrkur og handafl; menn knúðust að fanginu, lögðu fast að rifjunum og treystu mjóhrygginn.*) Varð þá að jafnaði lítið svigrúm til fimleiksbragða með fótunum. Byltan stafaði því vanalega af því, að að annarhvor fangfélaganna kiknaði undan og var *brotinn á bak* aptur. Stundum kom hún líka til af því, að hann lét rekast að steini, trjábol, þúfu eða annari ójöfnu, er á vellinum kunni að vera, svo að hann rak í hælana og féll aptur á bak. Eða sá, er

*) Sbr. Hrimgerðarmál 11:

Rifja rétti
muntu rekkr fáa,
ef mér í krummur kemr.

undan lét rekast, brá sér snarlega öfugur yfir ójöfnuna og kipti mótstöðumanni sínum áfram á grúfu.

Þessi tegund fangbragða var sameiginleg öllum Norðurlandaþjóðum. Hún var í miklum metum þegar á öndverðri víkingaöldinni, ekki sem fimleiksraun, heldur sem aflraun, er nytsamleg þótti til æfingar líkamskröptunum. Þegar á 9. öld höfum vér þess dæmi, að skáldin leiða Þór, »hinn almátka ás«, fram á sjónarsviðið sem fangbragðaguð. Hann þreytir fang við jötna og illar vættir. Bragi kallar hann *fangboða* flotna forns Litar (þ. e. jötna). Jafnforn er goðsögnin um fang Þórs við Elli. Kveldúlfur harmar það í vísu þeirri, er hann kvað, þá er hann frétti fall Þórólfs sonar síns (árið 877), hversu mjög *fangvina* Þórs (þ. e. ellin) gjöri sig þungfæran til hefnda. Árið 1005 heitir bóndason einn á Melrakkasléttu á Þór til fulltingis sér, er hann skyldi ganga til glímu við Gunnlaug ormstungu. Og í sögn einni, er að vísu er síðla til orðin, í Ólafssögu Tryggvasonar, kemur Þór enn fram sem fangbragðaguð. Hann er þar sem optar í gervi ungs manns, rauðbirkinn á hár og skegg. Hann kallar af sjáfarhömrum út á konungsskip og biður sér fars. Óðar en hann er stiginn á skipsfjöl, bregður hann á glens og glímur við konungsmenn og þótti honum þeir ærið litlir fyrir sér. — Saxi talar á tveim stöðum í fornsögu sinni um *cæstuum peritia* (=hnefleikalist), í lýsingunum á þeim Heði og Vestmarssonum. Þetta latneska heiti á að öllum líkindum að tákna fangbrögð, því að hnefleika er annars hvergi getið í fornöld, og ber það þá annað tveggja vott um, að Saxi hefur lítið skyn borið á eðli fangbragða, eða hann hefur ætlað sér með því að lypta orðstír þessara norrænu aflrauna jafn

hátt fornfrægum íþróttum suðrænna þjóða. Hann telur sem sé þann leik með skotfimi, sundi og öðrum göfgum íþróttum sem vott um mikla líkamsment. Þá sjaldan getið er fangbragða í Noregi í hinum eldri og áreiðanlegri heimildaritum er auðsjáanlega átt við hryggspennu. Svo er t. d. um viðureign Egils og Atla hins skamma, Hallfreðar og Þorleifs hins spaka o. fl. Sérstaklega kemur það glögglega fram í orðasennu þeirra Eysteins og Sigurðar Jórsalafara, hvaða tegund fangbragða ungir menn í Noregi tömdu sér í þann tíð. »Manstu eigi«, segir Sigurður, »er eg braut þig á bak aptur, ef eg vildi, og varstu vetri eldri«. Enda lýsir það sér líka í svari Eysteins, að sá leikur var eigi talinn nein fimleiksraun: »Eigi man eg hitt síður, er þú fékst eigi leikið það, er mjúkleikur var í«. Á 13. og 14. öld vakir það enn skýrt fyrir íslenzkum sagnahöfundum, að hryggspenna hafi verið sú tegund fangbragða, er tíðkaðist annars staðar á Norðurlöndum. Í ævintýrasögum þeirra tíma eru hetjurnar löngum látnar þreyta við blámenn eða berserki í augsýn norrænna konunga, og þó að sú viðureign sé jafn opt kölluð glíma sem fang, þá bera lýsingarnar það ljóslega með sér að átt er við hryggspennu. Leikslokin urðu ávalt þau, að sigurvegarinn — auðvitað söguhetjan — braut fangfélaga sinn á bak aptur yfir stein einn mikinn og uppþunnan, er reistur var á leikvellinum og nefndist *fanghella*. Svipaðar fangbragða frásagnir verða einnig fyrir manni í ævintýrablöndnum fornsögnum. Þannig er þess t. d. getið um Án bogsveigi, að hann kom eitt sinn til stigamanns nokkurs og sá þar tvo steina misháa fyrir skáladyrum. Án spyr, hvað þeir skyldu. Stigamað-

urinn svarar: »Þar hefi eg reynt hryggafl nokkurra manna, er mig hafa heimsótt.

Glímur er aptur á móti hvergi getið um annars staðar en á Íslandi. Reyndar ber það eigi allsjaldan við, svo sem þegar er sagt, að höfundar fornaldarsagnanna og hinna yngri Íslendingasagna láti hetjur sínar »glíma« við blámenn, flögð og berserki í öðrum löndum. En það er ekkert að marka. Því að þó nú svo væri, að þessir höfundar, er áttu svo mjög glímum að venjast í átthögum sínum, léti þær víðar við koma í svona löguðum sögnum, þá væri engar reiður á því að henda. En nú er ekki sem svo sé, að þeir ætlist til að frásagnir sínar séu þann veg teknar. Þær bera það flestar ljóslega með sér, að þessi fangbrögð stóðu sögumönnunum sjálfum fyrir hugskotssjónum sem hryggspenna eða sem hrein og bein áflog. En hitt er það, að glímumálið var svo ríkt í hugum þeirra, að það setti ósjálfrátt svip sinn á lýsingarnar.

Nú kunna menn að segja, að það geti vel verið tilviljun ein að glímunnar er hvergi getið nema á Íslandi; þar með sé alls eigi sannað að hún sé íslenzk að uppruna. Það er nú svo. Undarlegt má það heita, svo framarlega sem glíman hefur verið sameiginleg Norðurlandaþjóðum í heiðni, að hennar skuli þá engin örmul sjást utan Íslands, hvorki að fornu né nýju. Svo einkennileg er sú þögn, að einhverja átyllu ætti að þurfa til þess að eigna hana tómri tilviljun. En þó skal eg til vonar og vara minnast á atriði, sem mér finst taka af skarið í þessu efni.

Öll önnur íþróttaheiti eru til vor komin handan um haf. Orðið glíma er aptur á móti hvergi til í líkri merkingu og í íslenzku máli, merkingu er átt

gæti rót sína að rekja til þess, að það hafi verið fornt íþróttaheiti á Norðurlöndum. En í eldri og frumlegri merkingu verður það fyrir oss víðs vegar um hinn germanska heim, bæði í nútíð og fornöld, og frændsystkin á það óteljandi í öllum ariskum málum. Að eins að þýðingunni til stendur orðið eitt síns liðs úti á norðurhjara veraldar, og sú þýðing ber þess glögg merki, að hún er í knérunn komin af frumþýðingu þessa mikla sifjaliðs. Þetta heiti er sem sé runnið af arisku rótinni ghlei- (sbr. ghlê-, ghlo-), er dreifst hefur afarvíða í frændmálum vorum. Grundvallarmerkingin er *leiptur* eða *ljósblik*, er bregður snögglega fyrir. Í nýnorskum mállýzkum er orðið algengt í sömu mynd og með sama kynferði sem í íslenzku, en með frumlegri merkingu, einkum í samsetningunum *solglîma* og *snjoglîma* (sbr. sagno. *glîma*= leiptra, gljá, blika). Hvorugkyns er það í sænsku, að fornu og nýju, og í ensku: *glîm (glim), gleam;* karlkyns í engilsaxn., fháþ. og mháþ.: *gleám, glîmo (gleimo), glime (gleime).* Alls staðar er merkingin því nær hin sama: snögt ljósblik. Nánustu frændsystkin orðsins glíma í íslenzku máli er *glý* (= gleði), sem að eins kemur fyrir í skáldskap, *glit, glitra, gljá, glámur* (upphafl. nafn á tunglinu), *gláma* (= ljósleitur blettur, skræma; hamragljúfur með fönn í; sbr. lýso. *glámóttur*, t. d. um hest). Í fljótu bragði kann sumum að virðast það nokkuð fjarstætt að grundvallarmerking fangbragðaheitisins glíma geti verið leiptur. En það er skakt álitið. Þýðingarskyldleikinn er einmitt mjög nákominn. Menn eru löngum vanir að líkja hreyfingum, sem svo eru hraðar, að varla má auga á festa, við snögg ljósfyrirbrigði, af því að sjónin hefur sams konar kend af hvorutveggja. Vér segjum t. d. um

mann, sem snar er í snúningunum, að hann sé (eins og) snæljós eða elding (sbr. eldsnar). En nú var það einmitt aðalfrábrigði glímunnar frá hinni eldri tegund fangbragða, hryggspennunni, að allar hreyfingar voru fljótari, fimlegri og mýkri, ef rétt var að farið. Glíman var miklu fremur fimleiksraun en aflraun. Sá er minni máttar var gat vel borið sigur úr býtum af ofjarli sínum að kröptum, ef hann var honum fremri að mjúkleik og bragðfimi; enda er í sögunum einkum tekið til þess eiginleika þeirra manna, er vel þóttu *glímufœrir*, að þeir voru *(fót)mjúkir*. Verður því ekki annað sagt en að nafnið sé vel til fundið og sæmandi jafn göfugri íþrótt.

Á Íslandi hlýtur þetta heiti að vera komið upp; það sýnir sérstaða þýðingarinnar. Og þá verður heldur ekki annað séð en að það atriði sé jafnframt traust sönnun fyrir innlendum uppruna þeirrar íþróttar, er heitið táknar.

Nú kunna menn að segja, að enda þótt fimleiksraunin væri aðalatriði þeirrar glímu, er sögur vorar geta um, þá sé ekki þar fyrir víst, að hún hafi verið með sama hætti og íslenzka glíman á síðari öldum. Þeirri efasemd læt eg mér nægja að svara á þann hátt, að greina frá, hvað lesa má út úr fornritunum um glímuna gömlu, og vona eg að þá verði öllum ljóst, að bæði aðstaðan og brögðin, sem þar er getið um, taka af allan vafa um þetta efni. Hitt liggur engan veginn í hlutverki mínu að sinni að lýsa glímunni eins og hún er nú eða eins og hún á að vera í sem fullkomnastri mynd.

Glíman var með þeim hætti, að tveir menn *gengust að* á sléttum velli — annaðhvort á gólfi í stofum inni eða á harðvellisbala, sandflöt eða hjarni

undir beru lopti — og *tókust til* á þá leið, að hvor um sig greip hægri hendi í brækur *glímufélaga* síns ofan við vinstri mjöðmina, vanalega í sjálfan *bróklindann*, en með vinstri hendi tók hann taki á hægra læri félaga síns utanverðu, neðan við lærhnútuna. Þeir stóðu nú nokkuð á snið hvor við annan, lítið eitt álútir í herðum, þannig að hægri öxl nam við hægri öxl og vangarnir hægri vissu saman. Illa þótti það sæma að vera mjög áboginn um mjaðmirnar og reka út stjölinn. Það er nú kallað að *bola* eða *bolast*, og þykir ámátlegt atferli.*) Bæði er sú staða ófögur og ófimleg í sjálfu sér, og auk þess ber hún vott um, að sá er gerir sig sekan í jafn óglímumannlegu athæfi þykist undir niðri valtur fyrir og bezt kominn sem first fótum félaga síns. — Leikurinn var nú í því fólginn að *glímumenn* leituðust við hvor um sig, með svipsnöggum og óvæntum hreyfingum, er nefndust *brögð*, að svipta viðfangsmann sinn jafnvæginu og leggja hann að velli *(fella, reka niður)*. Brögðin lögðu menn á mestmegnis með fótunum, eða neðri hluta líkamans yfir höfuð, en handanna neytti glímumaðurinn til þess að halda félaga sínum að sér, kippa honum í færi við brögð sín og setja á hann sveiflur. Sérstakra handbragða er eigi getið í fornum ritum, en þar fyrir má vel vera að þau hafi tíðkazt í viðlögum. Milli bragðanna, og sömuleiðis í leiksbyrjun, stikluðu glímufélagarnir léttlega til og frá um völlinn, með hægri fótinn ögn framar en hinn vinstra,

*) Alþýða manna hefur löngum skilið þetta orð svo, sem væri það dregið af *boli* (= naut), og því hefur það verið kallað *bolabragð*, er beinast liggur við að beita, þegar svona stendur á. Sbr. S. Sigfússon, Íslenzka glíman, Tímar. Bókm. 1900, bls. 137. En í raun réttri mun orðið myndað af *bolur* (= búkur), og er sennilega fornt í glímumálinu.

með því að honum var einkum beitt til bragðanna. Þessi stígandi er eitt af aðaleinkennum íslenzku glímunnar að fornu og nýju.*) Hún er ekki ósvipaðs eðlis og atferli rándýra, er þau eru að búast til að stökkva á bráð sína. Glímumennirnir eru að sækja í sig veðrið til atlögunnar og undirbúa hana. Hvor um sig gætir þess af megni að gefa ekki færi á sér og leitast jafnframt við að þoka hinum úr öruggum stellingum til lags við brögð sín; allar taugar titra; tilkendin er hin næmasta; glímumaðurinn verður var hinna minstu tilbrigða í jafnvægisstöðu félaga síns og situr um það með allri athygli sinni, ef nokkur mistök verða á um hana; og óðar en hann finnur þar bilbug á, *leitar hann til bragða.* Einmitt á þetta, að kunna *að leika* félaga sínum *bragð, þá er minst varði,* er aðaláherzlan lögð í glímufrásögnum fornritanna. En mishepnaðist tilræðið, varð sækjandi vel að gæta þess að ná þegar aptur jafnvægisstöðu sinni, því að búast mátti hann við að hinn mundi sæta færi samstundis. Svona var leiknum haldið áfram, með smástígandi og snörum hreyfingum á mis, fimlegum brögðum og mjúklegri vörn, unz annar lá flatur á jörðu óðar en af vissi. Þegar líkt var á komið með glímufélögunum gat leikurinn staðið lengi; glímdu menn þá einatt í *lotum* og tóku hvíldir á milli. Hyggilegast þótti fyrir þann, er eigi gat talið sér sigurinn vísan, einkum þá er við þrekmeiri mann var að skipta, að ætla sér af í fyrstu, leita eigi til bragða í tvísýnu, heldur verjast eða *fara undan* — sem svo var nefnt — og lofa hinum að *sækja,* ef vildi; en jafnskjótt sem hann tók að *mæð-*

*) Tímar. 1900, bls. 137—8.

ast eða *gangast fyrir*, þá var tími til kominn að neyta allrar orku til atlögunnar.

Bragða er fárra getið í fornritunum. Kemur það eflaust sumpart til af því, að fastar íþróttareglur lágu mönnum í þá daga ekki í jafnmiklu rúmi sem nú, er menn hafa svo að segja gjört íþróttirnar að vísindum. Fimlegar aðfarir kunnu menn að vísu vel að meta, en þær fáu reglur, er festu náðu, voru meira og minna ósjálfrátt runnar af eðli hverrar íþróttar; annars lék hver listina að mestu leyti eptir eigin tilfinning og smekkvísi. Hreyfingarnar voru sjaldnast vísvitandi útreiknaðar, og áttu sér því fæstar sérstök heiti. Áhorfendunum mun því vanalega fremur hafa orðið að umtalsefni, hver niðurlögunum réð, heldur en hitt, hvernig þeim var ráðið, svo framarlega sem það var með skaplegu móti. Sumpart er um að kenna þeim sið íslenzkra sögumanna í fornöld að hlaupa yfir öll aukaatriði; þeim fer líkt um glímurnar eins og t. d. um knattleika; hvernig leikurinn fór fram hirða þeir eigi að greina, nema að því leyti sem þar komu fyrir einhver atvik, er snertu þráðinn í sögunni eða brugðu að einhverju leyti birtu yfir skapferli eða atgjörvi þeirra manna, er að leiknum voru. Leikslokin sjálf eru þeim fyrir mestu. Um glímurnar kveður jafnvel svo ramt að þessu, að brögð eru nærri því ekki nefnd á nafn nema í yngstu og óáreiðanlegustu fornsögunum. Þessi bragðaheiti koma fyrir:

Sveifla. Hún var í því fólgin, að sækjandi dró félaga sinn að sér, brá honum á lopt af handafli og veifaði honum í hring, ef vera skyldi að hann misti jafnvægið. Þetta hefur aldrei verið talið neitt hættubragð nema þá því stirðari mönnum, enda má

ganga að því vísu, að jafnt í fornöld sem nú hafi því sjaldan verið beitt öðruvísi en til undirbúnings undir eitthvert aðalbragð eða í sambandi við það. En til þeirra hluta kemur sveiflan sér mætavel, og þegar henni er þannig beitt, miðar hún ekki einungis til að gjöra bragðið skæðara, heldur gefur hún jafnframt glímunni fimlegri og snarlegri blæ. Sveifla til vinstri í sambandi við öfugan mjaðmahnykk eða sniðglímu er það auðsjáanlega, sem vakað hefur fyrir þeim, er skrásetti Grettissögu, þar sem hann segir svo um Gretti, að hann brá tröllkonunni til sveiflu og varð laus hægri höndin.

Loptmjöðm (mjaðmarbragð, mjöðm; lausamjöðm). Um Grím loðinkinna er sagt, að hann »brá henni (Hyrju kerlingu) á loptmjöðm, svo að hún féll. Í sumum handritum sögunnar stendur í stað orðanna »á loptmjöðm« ýmist »mjaðmarbragð« eða »til mjaðmar« (sbr. »að bregða *til* sveiflu«). Afritarar sögunnar hafa skipt um þessi þrjú heiti eptir vild og talið þau samnefnd. Enda er ekki um það að villast, að öll tákna þau sama bragðið, það sem nú er kallað *mjaðmarhnykkur.* Hver rök liggja til nafnsins *loptmjöðm* lýsir sér glögt í Bárðarsögu: »Gestur leiddi hann á mjöðm og brá honum á lopt með svo miklu afli, að höfuðið kom fyrst niður á honum«. Bragðið var með öðrum orðum í því fólgið, að sækjandi vatt sér um vinstra fót, er hann spyrnti traustlega við jörðu, rak hægri mjöðmina aptur fyrir hægri mjöðm leikbróður síns, reigðist við á hlið og lítið eitt áfram með snöggu kasti og brá honum snarlega á lopt með mjöðminni. Sá er fyrir bragðinu varð sveif nú augnablik upp í lopt um mjöðm bregðanda — vissi höfðahlutinn fram fyrir sækjanda,

en fótahlutinn aptur — þar til er hann snaraðist niður á bakið eða herðarnar (sbr. »höfuðið kom fyrst niður«). Bragðið mátti líka leika með vinstri mjöðm (sbr. *öfugur* mjaðmahnykkur). — *Lausamjöðm* er enn eitt nafnið á sama bragðinu, og stafar það af því, að glímumanni verður laus önnur höndin um leið og hann vindur sér fyrir mjöðm félaga síns. Til þess að geta lagt bragðið vel á, varð sækjandi að koma því svo fyrir, að hinn stæði lítið eitt hliðhalt við hann; í því skyni hnykti hann honum eða sveiflaði í færi við mjöðm sína, eða gjörði honum látalætisbragð á þann fótinn, er við átti, svo að hann hvikkaði sér sjálfur til hliðar; í sama bili reið mjaðmarbragðið á.

Sniðglíma. Nafnið kemur fyrir á tveim stöðum í bókmentunum fornu, auðsjáanlega hartnær í sömu merkingu, enda þótt sumir hafi viljað líta öðruvísi á, sem sé svo, að á öðrum staðnum væri það heiti á bragði en á hinum staðnum nafn á íþróttinni sjálfri (=glíma). Í Þorsteins þætti bæjarmagns, þar sem segir frá fangbrögðum í höll Geirröðar risakonungs, er kveðið svo að orði um Agða jarl og Goðmund á Glasisvöllum, þá er viðureign þeirra stóð sem hæst, að »Goðmundur brá jarli til sniðglímu og sneri honum vakurlega«. Það er greinilegt að hér er orðið beinlínis nafn á glímubragði; og svo mun það eingöngu hafa verið notað, eins og líka enn þann dag í dag. Sveifla er hér látin fylgja þessu bragði; en það er ekkert séreinkenni, og gefur því það atriði enga bendingu um, hvernig bragðið hefur verið. En það gildir einu. Nafnið eitt er næg upplýsing. Það hlýtur að hafa táknað sama bragðið og enn þann dag í dag.

Séra Þorsteinn Pálsson lýsir því svo:*) »Ef hinn misstígur ekki fæti og gefur þannig kost á því, að bragð þetta sé lagt á hann, þá hnykkir maður leikbróður sínum snarpt til hægri handar, svo hægri fótur hans breyti stöðu sinni, bregður síðan hægra fætinum aptur fyrir hægra fót hans, að utanverðu, gengur svo fast á lagið og sveigir hann á sama augabragði aptur á bak með öllu afli hægri handar sinnar«. Í því augnabliki, er bragðið ríður á, standa glímufélagarnir með hægri lærin skáhalt í kross, hvor á snið við annan. Af því stafar nafnið. Bragðið er náskylt mjaðmarhnykk; munurinn er aðallega sá, að beitt er til þess lærinu, ofan við miðju, en ekki mjöðminni; vindi sækjandi sér ögn lengra aptur á bug við félaga sinn getur hann brugðið honum til mjaðmar. Enda er svo að sjá í Jökuls þætti Búasonar sem þar sé meint með sniðglímu undirbúningsbragð til mjaðmarhnykks, öllu heldur en fullkomið sniðglímubragð:

»Í því kom Gnípa að og réð á Jökul, tókst þar hin harðasta glíma . . . Gnípa gekk allfast fram, svo Jökull varð orkuvana fyrir henni, — sá Jökull að eigi mátti svo lengi fram fara, og sló til sniðglímu við Gnípu; [en er hana varði minst, brá hann henni lausamjöðm og kom fyrst niður höfuðið og síðan búkurinn. (Eða: [og lagði á hana mjaðmarbragð, svo að hún fékk allmikla skjóðu.«

Í glímulýsingum frá seinni tíð kennir þess líka að ruglað er saman þessum tveim bragðaheitum, mjaðmarhnykk og sniðglímu (Ísl. Skemt. 62; 64).

Fótarbragð. Í nútíðar-glímumáli táknar þetta orð ekki neitt sérstakt bragð heldur er það sameignar-

*) Í þessari lýsingu hefi eg sett alstaðar »hægri« fyrir »vinstri«, því séra Þorsteinn miðar við vinstrihandar-glímu. Ísl. Skemt. 64. Sbr. Tímar, 1900, 152—3.

heiti allra þeirra bragða, er leikin eru á fótinn fyrir neðan ökla. Svipaða þýðingu mun það hafa haft í fornmálinu. Af þessum flokki glímubragða er *hælkrókr* nefndur á tveim stöðum í fornritum. En ekkert verður um það sagt, hvers konar hælkrók þar er átt við; enda skiptir það litlu. Svo nefndist hvert það bragð, þar sem bregðandi krækir hælnum aptur fyrir hæl mótstöðumanns síns; hann getur beitt til þess hvorum fæti sem vill og lagt bragðið á að utanverðu eða innanverðu, og jafnt á hægri sem vinstra fót leikbróður síns. Það eru því til 8 afbrigði af hælkrók, sín 4 með hvorum fæti. Til þess að koma bragðinu vel á, verður bregðandi að kippa hinum snögglega að sér; en jafnskjótt sem hann hefur náð krækjunni, leitast hann við að keyra hann af handafli á bak aptur eða snara honum um hæl sér til hliðar. — Löngum hefur hælkrókur þótt staurslegt bragð og óglímumannlegt, enda allsendis hættulaust öðrum en stirðum mönnum og viðvaningum.

Magabragð er naumast teljandi. Það er nefnt í Hjalmtés sögu og Ölvis í lýsingu á áflogum, er snúast upp í hryggspennu: »Stólpi einn lágur stóð í höllinni; þangað bar blámaðurinn Hörð, en hann snerist við glímumannlega og fær neðri tökin; við þessu sá blámaðurinn ekki; hann þreif hann upp á bringu sína, og brá honum magabragð og rak hann niður á stólpann svo að hryggurinn brotnaði«. Að vísu er glímubrögðum opt blandað inn í slíkar lýsingar, en þetta magabragð get eg eigi séð að eigi heima í þeirra flokki; og svo er helzt að sjá sem með því sé ekki átt við annað en það, að þá er Hörður hefur lypt blámanninum á bringu sér, reigist hann sem bezt inn undir hann með magann, til þess að þoka honum til hliðar úr jafnvægi og reiða hann til falls um lend sína.

Fleiri glímubragða er eigi getið með nafni. En ganga má að því vísu að til hafi verið mörg fleiri.

Hjá því gat ekki farið, samkvæmt eðli glímunnar, að fjöldi bragða kæmi upp, jafn kappsamlega sem sú íþrótt var stunduð af fornmönnum. Enda má finna dæmi ýmsra fleiri bragða en þeirra, sem þegar hafa verið talin, með því að veita athygli hreyfingum þeim, er frásagnirnar fornu láta glímumennina gjöra. Um Gretti í glímuleiknum á Hegranesþingi er sagt svo frá, að hann »seildist aptur yfir bak Þórði og tók svo í brækurnar og kipti upp fótunum og kastaði honum aptur yfir höfuð sér«. Þetta er ekki ósvipað *draugasveiflu**); munurinn er að eins sá, að fyrir afls sakir þarf Grettir ekki að hlaupa fyrst í fang mótstöðumanni sínum og varpa sér síðan á kné, áður hann kippir honum yfir höfuð sér. Víða kemur það fyrir, að annar glímumaðurinn vegur hinn upp á bringu sér og reiðir hann til falls á þann hátt, að hann kemur skáhalt niður á herðarnar eða jafnvel á höfuðið. Virðist það benda á að beitt hafi verið *klofbragði*, er telja má glímumannlegast og skæðast allra bragða, ef það er vel leikið. Til *leggjarbragðs* er bent greinilega í Gunnlaugssögu, þar sem svo er að orði komizt, að Gunnlaugur »laust báða fætur undan Þórði«. Hið svo nefnda *bolabragð* eða *hálsbragð*, sem títt er að beita við ábogna menn og ófima, kemur fyrir í skáldsögunni um Króka-Ref (um miðbik 14. aldar); þar er sagt svo frá um glímu þeirra Gellis og Refs: »Refur forðast meðan Gellir sækir sem mest; en er Gellir linar sóknina, tekur Refur undir bróklindahaldið Gellis annari hendi, en annari milli herðanna og skýtur honum á klakann stund þá hjá sér«.

Flest þessara bragða eru þess eðlis, að í hrygg-

---

*) Tímar. 1900, 145 (sbr. *skessubragð*, Ísl. Skemt. 63).

spennu geta þau ekki átt heima. Þau eru með öðrum orðum fullgild sönnun fyrir því, að sú glímulist, er kemur fram í fornritunum, er ein og hin sama og enn tíðkast.

Hitt er annað mál, hve snemma á tímum þessi tegund fangbragða hafi náð svo miklum sérþroska, að telja mátti hana sjálfstæða íþrótt, er hljóta varð sérstakt heiti. Þeirri spurningu treysti eg mér ekki til að svara með fullri vissu. Allar þær sögur, er glímubragða geta, eru tiltölulega síðla tilorðnar, og auk þess þannig lagaðar, flestallar, að þær hvíla ekki á gömlum sannindum, er formfastar sagnir höfðu geymzt um — svo sem hinar eldri sögur vorar — heldur eru þær þjóðsögur og jafnvel sumar hverjar í aðra röndina óvandaður ævintýra-samsetningur. Hinar elztu þeirra eru samdar um 1300, t. d. Grettissaga. Það eitt verður af þeim ráðið með vissu, að glímurnar voru orðnar almennar í tíð höfundanna, eða réttara sagt á næstu mannsöldrum á undan, því að þeir eru þeirrar skoðunar að glímurnar séu forníslenzk þjóðskemtun. En vér getum rakið tilveru þeirra enn lengra aptur í tímann en til 1300. Um 1200 lýsir Snorri fangbrögðum Þórs og Elli og talar þar bæði um *brögð* og *að falla á kné öðrum fæti*. Hvorugt getur vel átt sér stað í hryggspennu. Glíman hefur auðsjáanlega vakað svo ríkt fyrir honum, að lýsingin hefur dregið dám af henni. Meiru skiptir þó hitt, að sjálft heiti íþróttarinnar kemur fyrir í elztu sögum vorum, á 12. öld, t. d. í Egilssögu. Aptur á móti finnast þess engin dæmi í eldri heimildum t. d. skáldakvæðum og Eddukvæðum. Á því atriði er þó ekkert að byggja. Orðið er

svo þröngrar merkingar og á heima á svo sérstöku sviði, að þar verður varla við því búizt. *Fang* var miklu víðtækari merkingar og átti heima um öll Norðurlönd, og þó kemur það að eins tvisvar sinnum fyrir í kveðskap, í lausavísu eptir Skallagrím og í Ragnarsdrápu Braga. Og enda þótt orðið glíma í þessari merkingu væri ekki eldra en frá 12. öld — sem vitanlega er ómögulegt að sanna og er í sjálfu sér mjög ólíklegt, þar sem allra áreiðanlegustu sögur vorar nota það í þjóðlífslýsingum fornra tíma — þá eru menn ekki þar með komnir fyrir upptök íþróttarinnar sjálfrar. Hún má vel vera töluvert eldri en nafnið. Það er jafnvel eigi líklegt, að þau nýbrigði frá fangbrögðunum fornu — hryggspennunni — hafi þegar hlotið sérstakt heiti. Hitt er eðlilegra að hið gamla heiti, *fang*, hafi lengi verið látið nægja til að tákna hvorttveggja, og sérheitin *glíma* og *hryggspenning* eigi komið upp fyr en frá leið. Víga-Glúmssaga, einhver hin áreiðanlegasta af Íslendingasögum, segir frá fangbragðaleik á alþingi í lok 10. aldar; þar er skipað til leiks á sama hátt og í bændaglímu. Um viðfangsaðferðina sjálfa er að vísu ekkert greint í frásögninni, en það ber hún með sér, að þar er um tilkomumikla og göfuga íþrótt að ræða, eitthvað annað og meira en einfalda aflraun, því að ungmennaval heilla fjórðunga þreytir þar með sér, undir forustu ágætustu höfðingjasona. Tel eg það líklegt, að þar sé um glímu-leik að ræða. — En hvað sem líður þögn eða sögn fornritanna, þá er víst um það, að eptir þeim kjörum sem líkamsíþróttirnar gátu átt að fagna á hinum ýmsu þroskaskeiðum þjóðfélagslífsins, eru meiri líkur til að glímulistin eigi upptök sín í heiðni, á söguöldinni, þá er fimleiksástin og rækt

manna við líkamsmentir stóð sem hæst, heldur en síðar, á fyrstu öldum kristninnar, er íþróttunum fór óðum að hnigna. Eg þykist jafnvel mega hafa það fyrir satt, að glímuíþróttin sé afspringur þjóðlegustu skemtunar Íslendinga á söguöldinni, knattleikanna, eins og síðar mun drepið á nokkru nánar.

Eptir því sem sögurnar segja frá átti fangbragðaíþróttin, og allra helzt glímurnar, miklu dálæti að fagna í þjóðlífi fornmanna. Enda var hún gagnleg í tvennu tilliti. Annars vegar var uppeldisþýðing hennar; hún miðaði mjög til þess að gjöra líkamann styrkan, fiman og þolgóðan til allrar áreynzlu, og efldi hugprýði manna, þrek og snarræði. Hins vegar mátti hún einatt koma að beinum notum í lífsbaráttunni, þá er hættu bar að höndum. Það bar eigi sjaldan við að vopnin brugðust eða voru fjarri, þá er óvini var að mæta; var það þá löngum úrræði þess, er sóttur var, að hlaupa undir högg fjandmanns síns og fela fjör sitt fangbragðalist sinni. Fyrir því lögðu menn stund á fangbrögð frá blautu barnsbeini. Um Egil Skallagrímsson er þess getið, að »hann var mjög að glímum« í æsku, og sviplíkar frásagnir eru til um marga aðra unglinga í fornöld bæði hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Mest ber þó á fangbragðaíþróttinni í þjóðlífi Íslendinga, allar sjálfstjórnaraldirnar niður í gegn, og kemur það eflaust til af því, að hin nýja fangbragðategund, er Íslendingar höfðu upp fundið, sem sé glíman, var miklu tilkomumeiri en hin eldri og betur til þess fallin að ná alþýðuhylli sem sjálfgild og aðlaðandi íþrótt.

Á sumrum, er kaupmenn og aðrir sæfarar lágu skipum sínum í höfn, stunduðu þeir glímur af tómi

og skoruðu þá einatt á vaska drengi úr grendinni til kappleiks við sig: Þá er Gunnlaugur ormstunga kom úr utanför sinni hinni fyrstu, tóku þeir félagar land í Hraunhöfn á Melrakkasléttu og skipuðu þar upp vörum sínum. Þar á Sléttunni var ungur maður, Þórður að nafni, er gekk mjög í glímur við þá kaupmennina; var hann þeim erfiður í leiknum. Nóttina áður en hann skyldi glíma við Gunnlaug hét hann á Þór til sigurs sér. Um morguninn, er þeir glímdu, laust Gunnlaugur báða fætur undan Þórði og féll hann mikið fall, en fótur Gunnlaugs sá er hann stóð á, stökk úr liði, svo að hann féll við. Má vera, að Gunnlaugur hefði komið nógu snemma til að hremma brúðina frá Hrafni, ef þetta óhapp hefði eigi hent hann. Hann kom að Gilsbakka sama daginn og brúðkaupið skyldi standa að Borg, en lét þar staðar numið sakir þess að fóturinn hafðist illa við.

Heima í sveitinni stefndu ungir menn opt til glímufunda, einkum á vetrum, og var tilefnið einatt það, að einhver einn hafði skorað á annan til kappleiks við sig. Sérstaklega virðast slík leikmót hafa komizt mjög í tízku eptir því sem dofna fór yfir knattleikunum. Hinar yngri sögur skipa þeim ríkan sess meðal þjóðlegra skemtisamkvæma. Svarfdæla segir frá því um Þórð nokkurn, er nefndur var *fangari* og var á vist með Ljótólfi goða, að hann sendi mann með rúnakefli á fund Klaufa og bauð honum til glímu við ragmæli. Eptir það stofna þeir fjölmennan fund að Hofi, því að Þórður vildi hvergi glíma nema þar. Margt fólk var í stofu og horfði á leik þeirra. Áttust þeir við lengi, svo að ekki mátti í milli sjá, þar til er ambátt ein kom í stofudyrnar

og kallar þetta ambáttafang, er hvorugur féll; bað hún þá kyssast og hætta síðan. Við þetta reiddist Klaufi, hóf Þórð á bringu sér og keyrði hann niður fall mikið, svo að honum hélt við meiðslum. Sannaðist á Þórði hið fornkveðna, að »opt fellur sá er fangið býður«. Klaufi gekk út, en hvarf inn aptur skömmu síðar og færði öxi í höfuð Þórði; kvaðst vilja svo banna honum að *bjóða* fleirum mönnum *fang*.

Frá svipaðri samkomu segir í Finnbogasögu: Einn dag er Gunnbjörn reið vestur til Hvamms til leiks og 4 húskarlar með honum — — var kominn fjöldi leikmanna — — og var talað margt um glímur. Eptir þetta taka menn til leiks; var Gunnbirni skipað í móti Jökli; gengust þeir að fast og gerðu langa lotu og féll Jökull á kné. — Króka-Refssaga getur um glímuleika í Haga á Barðaströnd. — Hvort átt er við glímur eða knattleika í Þórðar sögu kakala (Sturl. I. 340), þar sem kveðið er svo að orði um Þórð (haustið 1235), að hann var kominn til leiks á Víðimýri, þá er Órækja reið þar um á ferð úr Eyjafirði, skal eg láta ósagt.

Mjög var mannkvæmt á slíkum leikmótum eptir því sem sögurnar segja frá, og sýnir það bezt almenningshylli glímnanna; öllum þótti yndi að horfa á leikinn, þótt eigi tæki þeir þátt í honum. Enda koma þær líka við sögu sem alþýðleg veizlugleði við brúðkaup og önnur gestaboð. Um brúðkaupið fræga, er stóð á Reykhólum árið 1119, kemst Sturlunga svo að orði: »Þar var nú glaumur og gleði mikil og skemtan góð og margs konar leikar, bæði dans, glímur og sagnaskemtan«.

Þar sem margir voru saman á landferðum — en þá er Íslendingum löngum létt í skapi og gjarnt til gleðskapar — skemtu menn sér einatt við glímuleika á áfangastöðum; þótti mönnum gott að liðka

þannig limi sina eptir reiðina og láta sér hitna í hamsi, ef svalt var í veðri.

Sérstaka þýðingu fyrir þjóðlífið höfðu glímurnar að því leyti er þær tíðkuðust sem alþýðugleði á þingum, bæði á alþingi og á héraðsþingum.

Grettissaga kveður svo að orði um vorþing eitt í Hegranesi, að »menn sátu þar lengi á vorið bæði yfir málum og gleði, því að þá var margt gleðimanna í héruðum«. Þar var saman komið fjölmenni mikið úr öllum þeim héruðum, er þangað áttu að sækja. Einn fagran veðurdag, er menn gengu heim til búða frá lögréttu, töluðu ungir menn um, að nú væri gott að hafa glímur og skemtan. Fóru menn þá og settust niður »fram frá búðunum«. Fyrir skemtaninni gengust mest þeir Þórðarsynir, Hjalti og Þorbjörn öngull, er þá voru mestir virðingamenn í Skagafirði. Þorbjörn öngull var uppvöðslumikill og ruddi fast til gleði; varð hver til að fara sem hann vildi; tók hann í herðar hverjum manni og hnykti fram á völlinn. Nú glímdu fyrst þeir, sem ósterkastir voru, og þá hver að öðrum, og gerðist af þessu mikil gleði; en er flestir höfðu glímt nema þeir, sem sterkastir voru, áttu bændur um að tala, hver til mundi verða að taka á öðrum hvorum þeirra Þórðanna«, — það voru bræður tveir frá Breiðá í Sléttuhlíð, orðlagðir afburðamenn, en svo jafnir að raun í glímu, að hvorugur bar af öðrum, — »en þar varð engi til. Þeir gengu þá fyrir ýmsa menn og buðu sig fram; en því firr fór sem nær kallaði«. Þennan dag hinn sama hafði Grettir leitað til lands úr Drangey, til þess að afla sér fanga. Hann spurði að gleði mikil var á þinginu; bjóst hann þá dulargervi og hætti sér þangað, þótt sekur væri. Menn lögðu fast að hinum ókenda manni að taka þátt í skemtaninni. Hann kvaðst niður hafa lagt að *rjá*, — »en gaman þótti mér að því um skeið«. Þar kom, að hann lét tilleiðast fyrir bænastað manna. En eigi kastaði hann dulargervinu fyrr en honum höfðu verið handsöluð full grið. Varð þá bændum bilt, er þeir sáu þar kominn Gretti Ásmundarson, og þóttust þeir illa gabbaðir er þeir höfðu selt grið sekum skógarmanni. En svo búið varð nú að standa. Grettir

gekk í leikinn og bar þar sigur af hverjum manni; máttu þeir Þórðarnir ekki við, þótt báðir gengi að honum í senn.

Á alþingi lágu vegir saman hvaðanæva af landinu. Mætti svo að orði kveða, að þar væri á sumri hverju mannsýning þjóðarinnar. Hverju héraði var það hin mesta metnaðarsök að eiga sem glæsilegast mannval, bæði að andlegri og líkamlegri atgjörvi, á þessari alþjóðarsamkomu landsins. Og hverjum ungum manni, sem eitthvert æðra lífsmark vakti fyrir en það eitt að vinna sér matbjörg, honum brann sú löngun í brjósti að komast að raun um, hversu mikið hann ætti undir sér. Enginn er einna hvatastur. Þótt hann væri ef til vill fremstur sinna félaga heima í héraði í ýmsum greinum, þá var eptir að vita, hversu vel hann fengi staðizt mannjöfnuðinn, er við fleiri var um að keppa. Nú bauðst honum tækifæri til að reyna sig og gjöra sitt til að halda á lopti atgjörvisorðstír sveitunga sinna og ættmenna. Það var því engin furða, þótt ærið væri saman komið af leikfúsum æskulýð á alþingi, — enda varð ungmeyjafjöldinn fagurbúni, er þar gat að líta, eigi til að draga úr löngun röskra drengja til að sýna afl sitt og fimleika. Að glímur voru altíð skemtun á alþjóðarsamkomu Íslendinga við Öxará sýnir bezt örnefnið *Fangabrekka,* sem getið er um í fornum sögum. Tvívegis er glímuleika þar líka beinlínis getið. Í Víga-Glúmssögu segir svo: »Það gerist eitt sumar á alþingi, að í Fangabrekku gengust menn að sveitum, Norðlendingar og Vestfirðingar; gekk Norðlendingum þyngra; var fyrir sveit þeirra Már, sonur Glúms; kemur þar að maður einn, er Ingólfur hét, Þorvaldsson. Már mælti: »Þú ert þreklegur maður, muntu vera sterkur; veit mér atgang að fangs«. Hann svarar: »Það mun

eg gera fyrir þínar sakir«. Sá féll er í móti var; gengur til annar og hinn þriðji og fór svo. Nú hugnaði Norðlendingum. Þá mælti Már: »Ef þú þarft míns formælis, skal eg þér að liði verða!« Sýna þau ummæli Más, að honum þótti góðra launa verður glímusigurinn.

Árið 1234 er enn getið glímuskemtana á alþingi. Þá er sagt svo frá um Órækju Snorrason, að hann var eitt sinn með flokk sinn upp frá Lögréttu og hendi skemtan að glímum. — Fangabrekka hefur að líkindum verið neðan til á Völlunum efri. Í brekkuna sjálfa skipuðust áhorfendurnir en neðar frá á grundinni fór leikurinn fram. Svipað mun leiksviðum hafa verið háttað á héraðsþingum; þau voru jafnan valin þar, er áhorfendur máttu vel sjá yfir. Til þess að gjöra þessar íþróttasýningar sem viðhafnarmestar var þeim fyrir komið sem eptirlíkingu á bardaga: leikmönnum var skipað í tvær sveitir, er horfðust við öndverðar sín hvorum megin við sviðið eins og herfylkingar. Fyrirliðar voru sinn fyrir hvorri sveit, og nefndust þeir *bændur* eins og enn er títt í glímuleik. Til þess voru jafnan kjörnir mikils metnir atgjörvismenn. Af Víga-Glúmssögu má sjá, að á alþingi var það einatt svo, að ungmennasveitir úr ýmsum fjórðungum þreyttu með sér. En leiddi eigi tvískiptinguna þannig af sjálfu sér, skiptu fyrirliðarnir til leiks, en hvergi er þess getið, á hvern hátt það var gjört. Einhvers konar hlutkesti hefur að sjálfsögðu verið látið ráða. Að Már tekur Ingólf tafarlaust í sína sveit, kemur til af því, að foringjarnir munu hafa haft þann sið, eins og enn er títt, að kjósa á víxl til liðs við sig hvern þann, er kom aðvífandi eptir leikbyrjun og taka vildi þátt í kapprauninni.

Leikurinn hófst nú með því að bændurnir sendu fyrst fram á sviðið þá sem liðléttastir þóttu. Jafnótt og einhver féll, gekk til annar í hans stað, unz sigurvegarinn var að velli lagður. Að sjálfsögðu var bændum heimilt að leyfa þeim hvíld, er felt hafði viðfangsmann sinn, ef hann þóttist þess við þurfa, og láta annan leysa hann af hólmi í svip. Svona gekk það koll af kolli, þar til er enginn stóð uppi af öðru hvoru liðinu nema foringinn einn. Varð hann þá sjálfur að ganga í leikinn og fella alla þá, er uppi stóðu, og fyrirliðann sjálfan að síðustu, svo framarlega sem hann vildi ganga frá með glæsilegu sigurorði. En það var hægra ort en gjört, er mörgum var að mæta. Að sá, er mist hafði alla menn sína, hafi mátt skora þá þegar á hinn fyrirliðann til fangs og láta viðureign þeirra ráða leikslokum — svo sem sumir tíðka í bændaglímu nú á dögum — þykir mér næsta ólíklegt.

Ekki er þess getið, að menn hafi búizt á sérstakan hátt til glímunnar, að öðru leyti en því, að menn köstuðu hinum ytri bolklæðum. *Fangastakka* er að vísu talað um í ýmsum fornum skáldsögum, þar sem ræða er um hryggspennu, og munu þeir hafa verið ætlaðir til hlífðar við hörðum kreistingum um bak og síður; en til hverra þæginda það fat gat verið í glímu fæ eg ekki skilið. Enginn flugufótur er fyrir því, er sumir hafa haldið fram, að fornmenn hafi glímt berir niður að beltisstað og jafnvel »smurt búk sinn allan úr feiti«. Enda er slíkur viðbúnaður í ósamræmi við eðli norrænna fangbragða.

Ósjaldan mun það hafa til borið við fangbragðaleika í fornöld, enda þótt þeir væru haldnir í gamni, að kappfýsin kæmi ófimum mönnum og áköfum til

að beita svo mjög afli, að leikurinn snerist upp í áflog og fólskubrögð og leiddi til meiðsla eða jafnvel bana fyrir þann, er í lægra haldi laut. Einkanlega var hætt við því í hryggspennu að mein hlytist af byltunni. Fyrir því voru fyrirmæli tekin upp í löggjöfina um það efni. Í landslögunum norsku er mælt svo fyrir, að ef maður gengur til fangs eða skinndráttar að vilja sínum, ábyrgist sá sig sjálfur að öllu. Enn strangara er ákvæði hinna íslenzku fornlaga: »Hvar þess er maður gengur til fangs að vilja sínum eða leiks, og sé hann eigi lengur að en hann vill, þá skal hann sjálfur sig ábyrgjast, ef hinn vill honum eigi mein gera, nema hann fái örkuml eða bana, og mezt þá sem engi leikur sé«.

Engin er sú íþrótt feðra vorra, er átt hafi jafnmiklu ástfóstri að fagna hjá niðjum þeirra sem glímurnar. Öldum saman hafa þær haldizt við eptir að flestar aðrar fornar líkamsæfingar voru undir lok liðnar. Að vísu hefur árað misjafnlega um rækt manna við þær, en alla jafna hafa þær þó látið töluvert til sín taka víðs vegar um land sem drengjaleikur, sem alþýðleg veizluskemtan, sem dægrastytting sjómanna í fiskiverum, á landlegudögum þeirra, og sem öndvegisíþrótt skólasveina í æðstu skólum landsins. Enda koma þær mjög við sögu í þjóðsagnaskáldskap Íslendinga. Þá er bygðamaður rekst á útilegumann á fjöllum uppi, á hann sér engrar undankomu von nema hann beri af honum í glímu; en það var að jafnaði enginn hægðarleikur, því að vel lét fjallabúum glímulistin. Jafnvel draugarnir, sem þó eru vanir að vera heldur daufir í dálkinn um allar sálarástríður, verða gagnteknir af heimþrá til jarðlífsins, er þeir heyra kveða við gegnum nátt-

myrkrið glaðværðarlæti glímumannanna og dansfólksins heima á bæjunum. Má í því efni minna á sögnina um drauginn undir Jökli, er kvað:

Leiðist mér að lifa hér í ljótum helli;
betra er heima á Helgafelli,
að hafa þar dans og glímuskelli.

X. Knattleikar.

Eins og drepið hefur verið á hér að framan, þótti það mikilsverð atgervi með fornmönnum að vera handviss bæði til kasts og til grips. Gjörðu menn sér því mikið far um að æfa þann fimleik á ýmsa lund. Menn skutu sköptum hver að öðrum og hendu þau á lopti. Menn skiptu um vopn í hendi sér; köstuðu t. d. sverðinu og skildinum báðum senn í lopt upp og gripu það með hægri, er þeir höfðu áður í vinstri o. s. frv. Urðu margir svo leiknir í því, að þeir gjörðu það skeikunarlaust með svo skjótri svipan, að varla mátti auga á festa. Opt bregður því og fyrir í sögunum, að vér sjáum mann sitja í stofu inni í góðu tómi og leika sér að handsaxi eða öðru vopni. Þar vottar fyrir tildrögunum til handsaxaleiksins fræga, er Ólafur Tryggvason lék á árum, þrem söxum senn, svo að ætíð var eitt á lopti. — Alt hnígur þetta að því sama, að æfa gripfimi sína, en stendur þó jafnframt í nánasta sambandi við vígfimisæfingarnar.

En fornþjóðin norræna átti sér líka frá ómunatíð ýmsa sjálfstæða leika, er lutu að þessari atgjörvi án þess að hafa vígfimina beinlínis að markmiði; tilgangur þeirra var augnabliks yndi og jafnframt efling líkamsfimleikans yfir höfuð. Hinir elztu

þeirra voru óbrotnar gripfimis og kastfimis æfingar, þar sem menn hentu einhverjum hlut á milli sín. En af þeim leikum spruttu, er fram liðu stundir, aðrir fjölskrúðugri og tilkomumeiri, með föstu skipulagi og breytilegu verkefni fyrir hluttakendur.

Gullhornin miklu, frá 5. öld e. Kr., er fundust á Suður-Jótlandi fyrir rúmlega hundrað árum, eru eins og flestum mun kunnugt greypt margs konar myndum. Þar á meðal getur að líta mann, sem er að senda af hendi einhvers konar knött, en tveir aðrir standa með útréttar hendur, viðbúnir að grípa. Þetta er elzti vottur einfaldra gripleika á Norðurlöndum.*)

Í hinum eldri og áreiðanlegri sögum vorum er *torfleikurinn* þeirra Álptfirðinga á Þórsnesþingi, sem Eyrbyggja getur um, einasta dæmi einfaldra kastleika með öðru en skotvöndum. En það sýna gamlar sagnir og ævintýri, að til hafa verið ýmsir fleiri gripleikar til forna. Það hillir undir þessa fyrirrennara knattleiksins íslenzka úti í jötunheimum eða í umhverfi ramfornra sagnkonunga. Svo hefur farið um þá sem svo marga aðra þjóðsiði, að þegar þeir féllu úr tigninni í mannheimum fyrir öðrum leikum, sem meira þótti til koma, endurfæddust þeir — í tröllaukinni mynd — úti í hjátrúarveröldinni hjá flögðum og forynjum eða tóku sér bólfestu inni í forneskjurökkrinu, á bak við dagsbrún sögunnar. Með öðrum orðum, þeir héldu áfram tilveru sinni í skáldskap þjóðarinnar, löngu eptir að þeir voru undir lok liðnir í veruleikanum. Þar til má nefna *hnútukast*. Í fyrndinni var það títt, er menn sátu að máltíð, að

*) Sbr. A. Olrik, Danske Studier 1906, bls. 102.

kasta beinunum í hrúgu á gólfið (sbr. *beinasorp*). Lá þá nærri að mörgum kesknum karli yrði það fyrir, að senda einhverjum andbýlinga sinna hnútu og vita, hversu karlmannlega væri á móti tekið. Svo kom loks, að úr þessu varð alvanalegt veizlugaman; greip hver sem bezt hann kunni og sendi aptur hnútuna jafnharðan. Saxi getur þess í frásögn sinni um brúðkaup Agnars Ingjaldssonar, er haldið var í höll Hrólfs kraka, að kapparnir gjörðust kátir og tóku upp þann leik til ölteiti sér að henda hnútum að manni þeim, er Hjalti nefndist, — líklega af því að hann hefur verið flestum mönnum handfimari. Þá vildi svo til, að ein hnútan, sem Hjalta var ætluð, kom í höfuð Bjarka sessunaut hans. Hann brást reiður við og snaraði aptur hnútunni á vanga þeim, er kastað hafði, með svo miklu afli, að höfuðið snerist á bolnum! Brúðgumanum féll illa, er Bjarki spilti friðnum og barði á gestum hans, og skoraði hann á hólm.

Íslenzka sögnin er mjög á annan veg. Hjalti er þar orðinn að huglausum kotkarlssyni, er nefnist Höttur. Og hnútukastið kemur þar eigi fram sem veizlugaman, heldur sem illkvitnis-ertni hirðmanna við þenna fáráðling, er venur komur sínar til hallarinnar; þeir setja hann í beinasorp á hallargólfi og hafa hann að skotspæni fyrir hnútum sínum. Bjarki hittir kerlingu móður hans á leið sinni til konungsbæjar og biður hún hann hæversklega »að kasta minna beini heldur en meira« til Hattar sonar síns. Ekki var nú freklega í farið! Bjarki hét honum fullri vernd, og batt svo enda á loforð sitt, að hann drap ekki einungis niður þeim vanda hirðmanna að kasta beinum á Hött, heldur gjörði hann úr honum, áður en lauk, hina harðfengustu hetju, er hlaut nafnið Hjalti hinn hugprúði.

Enn er getið um hnútukast í Bárðarsögu sem veizlugleði við brúðkaupið í helli Kolbjarnar risa;

stóð þar leikurinn milli beggja bekksagna, annars vegar menskra manna, og hins vegar jötna.

Vist var hnútukast harla ruddafengin veizlugleði og þannig vaxin, að lítið þurfti út af að bera til þess að gamanið gránaði; sízt var við góðum leikslokum að búast þar sem sundurleitar sveitir kappgjarnra ofláta tóku upp slíka ölteiti. Enda mun hún snemma hafa liðið undir lok, jafnvel fyrir upphaf víkingaaldarinnar, og aðrir gripleikar komið í staðinn, með skaplegri leiktólum en ótilhöggnum legghnútum, t. d. beinkúlum, tréknöttum eða holum málmkúlum.*)

Í Þórsdrápu Eilífs Goðrúnarsonar (á 10. öld) um ferð Þórs til Geirröðargarða segir frá því, að þá er gestirnir voru seztir að drykkju með Geirröði risakonungi og sveit hans, *kendi* Þór þeim *fátíða fræði*, er þeim þótti gott að hafa til ölteiti. Urðu jötnarnir mjög áfjáðir um leikinn. Að þessi »fátíða fræði« var einhvers konar kastleikur sézt á því sem eptir fer. Þá er leikurinn hefur staðið um stund, kastar Geirröður glóandi járnsíu (járnbút) að Þór og stefnir beint í andlit honum. Þór hafði járnglófa sína; hann hendir síuna á lopti; Geirröður vill þá forða sér bak við súlu eina, en Þór snarar þegar síunni af hendi og hittir í höfuð jötninum, svo að í jöxlum nam staðar.

Til grundvallar fyrir þessu atriði goðsagnarinnar, kastleik þeirra Þórs og Geirröðar, liggur auðvitað hugmyndin um eldingaguðinn með járnhamarinn, sem löngum dundi úr fjarska á hausamótum hrímþursa.

*) Það sýnir alþýðuorðið *kast* (= lærhnúta), að ekki þóttu allar hnútur jafn vel fallnar til leiks; þetta virðist einnig benda til þess, að eptir að hnútukast fór að tíðkast sem reglulegur leikur hafi mestu ójöfnurnar verið höggnar af hnútunni t. d. leggurinn sjálfur, til þess að hún færi betur í hendi og væri ekki jafn ákomuill.

Þess vegna er leiksoppurinn glóandi járnbútur. En sú hugmynd er hér sett í umgjörð, sem gripin er úr samkvæmislífi menskra manna. Frásögnin er sniðin eptir einhvers konar knattleik, er títt hefur verið að leika í stofum inni, til ölteiti.

Tvær aðrar sagnir eru til um leika í Geirröðargörðum. Önnur í Útgarðaþætti Saxa; þar hafa risarnir það til skemtunar að togast á um geitaskinn (sbr. bls. 230). Hin í Þorsteins þætti bæjarmagns.

Goðmundur á Glasisvöllum er kominn í kynnisför til Geirröðargarða, og í liði með honum Þorsteinn bæjarmagn, hirðmaður Ólafs konungs Tryggvasonar. Hið fyrsta kvöld veizlunnar, er menn tóku að kætast við mungátið, hefur einn af köppum Geirröðar konungs hnútukast, með þeim hætti að hann varpar uxahnútu í lið Goðmundar yfir á hinn óæðra bekk. Hún var óðar send aptur, og hlaut sá nefbrot, er kastað hafði. Goðmundur bregzt reiður við og spyr, hver dirfist að berja menn beinum yfir borðum sínum; kvað hann það reynt skyldu verða, áður lyki, hver sterkastur væri í steinkastinu. Hann kallar þá til sín tvo menn, Drött og Hösvi, og bað þá bera þangað gullknött sinn. Var það reyndar selshöfuð eitt glóandi, er stóð vætt(!); sindraði af því sem úr afli, en fitan draup niður sem glóandi bik. Konungur bað menn nú taka knöttinn og kasta hver að öðrum — »hver sem niður fellir, skal fara útlægur og missa eignir sínar; en hver sem eigi þorir að henda, skal heita níðingur«. Nú skipuðust menn til leiks í höllinni á þá leið, að kapparnir stóðu fremstir við hvorntveggja bekkinn. Voru þeir hvor gegnt öðrum Fullsterkur og Frosti, Allsterkur og Agði, Goðmundur og Geirröður. Þorsteinn var ósýnilegur sem fyr. »Nú kastar Dröttur knettinum að Fullsterk; hann greip á móti annari hendi; Þorsteinn sá að honum varð orkufátt og hljóp undir knöttinn. Þeir snöruðu að Frosta. Frosti tók móti sterklega, og kom svo nær andliti hans, að kinnbeinið rifnaði. Hann kastar knettinum að Allsterk; hann tók í móti báðum höndum, og lá við að hann mundi kikna, áður Þorsteinn studdi

hann. Allsterkur snaraði að Agða jarli, en hann greip móti báðum höndum; fitan kom í skeggið á honum og logaði það alt, og var honum til þess annast að afhenda knöttinn, og fleygir að Goðmundi konungi; en Goðmundur snaraði að Geirröði konungi, en hann vék sér undan, og urðu þeir fyrir Dröttur og Hösvir, og fengu þeir bana; en knötturinn kom á glerglugg einn, og svo út í díki það, sem grafið var um borgina, og hljóp upp eldur logandi. Var nú lokið þessu gamni og tóku menn til drykkju.

Hér koma ýms einkennileg atriði til greina: Geirröði konungi þykir hnútukastið óvirðulegt veizlugaman; í stað þess lætur hann taka upp eins konar knattleik. Lýsing sagnarinnar á þessari skemtun í höll risakonungsins er að vísu mjög svo tröllaukin, en glögt má þó sjá gegnum kyngihjúpinn aðaleinkenni leiksins, sem á bak við liggur. Hann er mjög svo óbrotinn, en fer þó fram eptir föstum reglum: Leikendurnir skipast í tvær raðir, beggja vegna við leiksviðið, þannig að maður stendur manni mót; hverjum tveim andstæðingum er sérstaklega ætlað að leika saman; þetta lýsir sér jafnvel í nafnavali sagnarinnar: *F*ullsterkur—*F*rosti, *A*llsterkur—*A*gði, *G*oðmundur—*G*eirröður. Dröttur er knattvörður; hann er útkastari í upphafi leiks. Að því verkefni loknu gengur hann að baki Geirröðar, líklega til þess að vera viðbúinn að aðstoða hann ef þörf gerðist. Leiktól eru engin nema e i n n knöttur, harður og þungur, er nefnist *gullknöttur*.*) Menn kasta honum á milli sín, þannig að hann gengur í krákustíg upp og niður milli raðanna. Hver grípur sem bezt hann getur, með annari hendi eða báðum, eptir því sem orka leyfði, og snarar aptur

*) Þetta knattarheiti telur Axel Olrik líklegt að hafi átt heima í leiknum eins og hann var leikinn af mönskum mönnum í verulega lifinu, líkt og heitið *gulltafl* táknaði sérstaka tafltegund. D. Studier 1906, bls. 101.

knettinum að andstæðing sínum, eða að þeim næsta í röðinni ef hinn hafði síðast kastað. Þau leiklög eru sett, að hver sá skal útlægur vera (og missa eignir sínar), er niður felli knöttinn, og þýðir það óefað í þessu sambandi, að hann sé úr leiknum (og verði af því, er við lá, ef um viðurlögur var leikið); en sá er lætur þess ófreistað að henda knöttinn, fyrir hræðslu sakir, hann skal rækur úr leiknum með níðingsorði. — Allsvaðalegur hlaut leikur þessi að vera, þar sem henda átti á lopti þungan knött og harðan, og einmitt þess vegna lá hann svo vel við þjóðskáldskapnum sem efniviður í jötnagaman. Afl og áræði réð þar meiru en fimleikar, og löngum munu meiðsl hafa af leiknum hlotizt; til þess bendir sögnin, enda leggur hún hann til jafns við steinkast.

Að þessir einföldu gripleikar, er vottar þannig fyrir í fornum sögnum, hafi verið sameiginlegir öllum Norðurlandaþjóðum snemma á öldum, er varla vafamál. En hvernig knattleikarnir þróuðust síðan í hinum ýmsu löndum er enn sem komið er að mestu leyti dulið mál. Elztu heimildir vorar, kveðskapurinn heiðni og rúnaristurnar, minnast aldrei á neitt, er að þeim lýtur. Sagnabókmentirnar elztu, alt fram undir lok 13. aldar, láta einnig ógetið knattleika annars staðar en hér á landi. Hitt er satt, að Fornaldarsögurnar láta sams konar leik og þann, er Íslendingar hófu svo mjög til vegs og virðingar í þjóðlífi sínu, koma við víðs vegar með frændþjóðum vorum. En enda þótt einhvers konar leikur kunni að hafa verið samvaxinn efninu frá öndverðu, þá er allsendis óvíst að það hafi verið sá, er höfundarnir íslenzku tilgreina; hann var þeim kunnastur og tilkomumestur í þeirra augum, og lá því nærri að þeir settu

hann inn í sagnirnar. Frásögn þeirra er því engin sönnun fyrir tilveru íslenzka knattleiksins hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Reyndar sýna gömul örnefni í Noregi, að snemma á tímum hafa tíðkazt þar í landi einhvers konar knattleikar, er þóttu þess verðir, að menn fjölmentu til þeirra úti á víðavangi. Vestanvert við Víkina eru t. d. þrír bæir, er nefnast Knattvellir. En til grundvallar fyrir þeim örnefnum geta vel legið svipaðir leikar og sá, er áður var getið í Geirröðargörðum, því enda þótt oss þyki hann hafa ærið lítið íþróttagildi, þá mátti hann þó vel lynda þeim mönnum, er þektu eigi annan betri; og víst var hann að ýmsu leyti vel til þess fallinn að æfa afl manna, hugrekki og gripfimi. Þess ber líka að gæta, að á víkingaöldinni skipuðu menn aflinu öllu æðra sæti en fimleikanum. Í þessa átt benda og þjóðvísurnar norsku. Þá er þær láta unga menn þreyta með sér á leikvöllum, er höfuðraunin jafnan hættumikill og svaðilfarasamur kastleikur með hörðum og þungum knetti. Á knatttré er þar aldrei minst, né neitt annað atriði, er bendi til þess að sá leikur hafi verið sams konar og hinn íslenzki.*) Hafi nokkur fullkomnari útileikur að knetti tíðkazt í Noregi á þeim tímum, er vísurnar urðu til, eða á eldri tímum, þá má það undarlegt heita að hann skuli hvergi gægjast fram, heldur láta nánasta nið steinkastsins forna halda einan velli.

Í Danmörku eru hinir fornu hættumiklu kastleikar með þungum knetti gleymdir á þjóðvísnatímabilinu. Danskar þjóðvísur láta ekki kappa sína hafa knattleik að höfuðraun á leikvöllum, heldur

*) A. Olrik, Danske Studier 1906.

þreyta þeir steinkast og skotæfingar með skapti. Knattleika er þar að vísu getið stöku sinnum, en ekki sem karlmenskuraunar í hetjulífinu, heldur sem þýðlegrar skemtanar í samkvæmislífinu; menn og meyjar leika saman að knetti. En tæplega mun sá leikur af norrænum rótum runninn. Hann mun vera kominn til Danmerkur sunnan úr löndum, á riddaratímunum, og er sennilega sami leikurinn eða eldri tegund þess leiks, er kemur mjög við sögur á 15.—17. öld við hirðir þjóðhöfðingja, eigi sízt á Norðurlöndum. Hann nefnist á frönsku *jeu de paume* og liggur til grundvallar fyrir *lawn tennis*. Var hann leikinn með mjúkum knetti og handhægum, er menn slógu á milli sín með lófunum. Allsnemma hefur þó verið til í Danmörku tveggjamannaleikur með tré og knetti; á það bendir máltækið »hvo som haver Bold og Stav, han får Stalbroder«, er kemur fyrir þegar í elztu útgáfunni af málsháttasafni P. Låle (1506). En hvort hann á rætur að rekja til fornaldar Norðurlanda verður ekkert um sagt að svo komnu.

Eitt atriði kynni þó að benda til þess, að knattleikurinn íslenzki sé fornnorrænn að uppruna: Sögur vorar telja hann altíða þjóðskemtun þegar á landnámsöldinni. Ýmsir landnámsmenn stunda knattleika af kappi. Egilssaga segir t. d. svo frá um Skallagrím, að hann efldi til leika á Hvítárvöllum þá er hausta tók, og sóttu þar til menn úr næstu héruðum. Sé þetta rétt hermt af sögunum, hljóta landnámsmennirnir að hafa vanizt leiknum í æsku heima í átthögum sínum. En mér er næst að halda, samkvæmt því er áður er ritað, að sögurnar séu hér sekar um lítils háttar tímaskekkju, að því er sjálfa leikaðferðina snertir. Knattleikur sá, er Norðmenn

fluttu með sér hingað, mun hafa verið kastleikurinn forni, er kemur fram í sögninni um Geirröðargarða og þjóðvísurnar norsku benda til. Þar var að eins eitt leikáhald: knötturinn. En von bráðar hefur þessi leikur tekið því framþróunurstigi hjá Íslendingum, að nýtt leiktól kom til sögunnar: knatttréð, og hlaut það að leiða til ýmsra breytinga um leikaðferðina, eins og síðar mun sýnt verða. Þessi leikur náði brátt svo risavaxinni þjóðhylli, að hún varp skugga á föður hans og hratt honum fjær í tíma og rúmi; munnmælin þektu hann að vísu, en létu hann eiga bólfestu fyrir handan haf á bak við landnámsöldina. Þessi skekkja sagnanna er ofboð eðlileg og lá svo nærri, að varla gat hjá henni farið þar sem um þriggja alda bil var að ræða, eða jafnvel meira.

Þess gerist eigi þörf að fjölyrða um, hversu mjög knattleikar koma við sögur á Íslandi í fornöld. Hver sem lesið hefur sögurnar kannast við þá sem höfuðþjóðskemtun feðra vorra á sjálfstjórnartímunum, einkum á vetrum. Varla er svo nokkur saga, þeirra er á Íslandi gerast til forna, að hún drepi eigi á þennan óskleik þjóðarinnar. Sem dæmi þess læt eg mér nægja að tilgreina knattleikafrásagnir Gíslasögu, sem eru einhverjar hinar merkustu í sinni röð:

Dag þann um haustið, er Vésteinn var heygður, hét Gísli því fyrir tilmæli Þorkels bróður síns að eiga þátt í leikum með þeim Þorgrími, og láta þannig niður falla fæð þá, er á hafði lagst með þeim af drápi Vésteins. »Tókust nú upp leikar sem ekki hefði í orðið. Eiga þeir mágar optast leik saman, Gísli og Þorgrímur; og verða menn eigi á eitt sáttir, hvor sterkari er; en þó ætla flestir Gísla aflameira. Þeir leika knattleikinn á tjörn þeirri, er Seftjörn heitir, og fer margt manna til leiksins, því að það þótti þá

mikið gaman. Það var einn dag, þá er flesta lagi var komið, að Gísli bað jafnlega skipta til leiksins. »Það viljum vér víst«, segir Þorkell, »og það með, að þú sparir eigi af við Þorgrím, því að það orð leikur á, að þú sparist við; en eg ann þér vel, að þú fáir af sæmd og virðing ef þú ert sterkari«. »Ekki höfum við það reynt hér til«, segir Gísli, »en þó má vera að þar komi, að við reynum«. Þeir leika nú um daginn, og hefur Þorgrímur víst eigi við, [og fellur hann drjúgum; ber Gísli og út knöttinn. Þá hleypur Þorgrímur að honum*) og lætur hann ekki því ná. Gísli fellir hann þá við svellinu, svo að af gekk skinnið af knúunum en blóð stökk úr nösunum. Þorgrímur stóð seint upp; og hann leit til haugsins Vésteins og mælti:

Geirr í gumna sárum
gnast; ek kann ei lasta.

Gísli tók knöttinn á skeiði og rekur milli herða Þorgrími, svo að hann steyptist áfram, og mælti:

Böllr á byrðarstalli
brast; en ek kann ei lasta.

Þorkell sprettur upp og mælti: »Nú reyndi, hver sterkastur er og mestur atgervismaður, og hættum nú«. Og svo gjörðu þeir. Takast nú af leikarnir og liður af veturinn.

Næsta haust eptir að veturnóttum vegur Gísli Þorgrím mág sinn á laun, til hefnda eptir Véstein. Á heimleiðinni frá hauglagning hins vegna sömdu þeir bræður enn sem fyrr með sér, að taka skyldi upp leika og láta engan brest sjá á vinfenginu. Börkur hinn digri bróðir Þorgríms gekk að eiga ekkju hans Þórdísi, systur Gísla. Var hann að leikum með þeim bræðrum um veturinn. Þorsteinn son Þorkels annmarka »var einhver sterkastur maður að leikunum, annar en Gísli. Þeir eru jafnan sér í leik Gísli og Þorsteinn, en þeir til móts Börkur og Þorkell. Einn góðan veðurdag var fjölmenni mikið að leikum, því að mörgum var mikil forvitni á að sjá leikinn og vita, hver

*) Lesmunur frá [: feldi Gísli hann og bar út knöttinn. Þá vill Gísli taka knöttinn, en Þorgrímur heldur honum.

sterkastur væri eða leikmaður beztur. En þar var sem víða annars staðar, að mönnum er þess meira kapp á sem fleiri koma til leikanna. Þeir lékust þá við Börkur og Þorsteinn, og hafði Börkur ekki við; þá reiddist Börkur og braut í sundur knatttré Þorsteins, en Þorsteinn feldi hann og rak niður við svellinu. En er Gísli sá það, þá mælti hann, að hann skyldi leika sem hann hefði mátt til við Börk — »og mun eg skipta trjám við þig«. Svo gjörðu þeir. Gísli sezt niður og gjörir að trénu; hann horfir á hauginn Þorgríms; snjór var á jörðu annars staðar en í útsuður á hauginum; þar var snjólaust og þítt sem á sumardag; en konurnar sátu meir upp í brekkuna; var þar Þórdís og margar konur aðrar, er gaman þótti að horfa á leikinn«. Þá var það að Gísli kvað vísuna »Teina sá eg í túni«, er Þórdís mátti ráða af að hann var banamaður bónda hennar.

Enda þótt víða sé minst á knattleika í sögum vorum og sumstaðar jafnvel í all-löngu máli, svo sem nú voru sýnd dæmi til, þá er þó leikaðferðinni hvergi greinilega lýst. Frásagnirnar stefna einkum að þess háttar atvikum við leikana, er höfðu í för með sér afdrifamikil eptirköst fyrir einn eða fleiri af leikmönnum; þær rekja örlagaþræði söguhetjanna og láta þar við sitja, en alt um það hafa allmargar verulegar upplýsingar um leikreglurnar slæðst með í slíkum frásögnum, og tíni maður saman brotin á einn stað og beri þau saman, má fá nokkurn veginn heillega mynd af þessari fornu þjóðskemtun, án þess að skapa þurfi í skörðin að nokkru ráði.

Knattleikar gátu að líkindum átt sér stað á öllum tímum árs t. d. á þjóðsamkomum. En sérstaklega var þó veturinn árstíð þeirra, líkt og dansleikanna og sjónleikanna nú á dögum. Um flestöll knattleikamót, sem sagt er frá í sögunum, er þess getið, beinlínis eða óbeinlínis, að þau áttu sér stað að haust-

lagi eða vetrarlagi. Þetta atriði á sjálfsagt ekki svo mjög rót sína í sumarannríki manna, þingstörfum, bjargvinnu, víking og verzlun — því að gjarnan gáfu fornmenn sér tómstundir til að fjörga líkama sinn og sál við íþróttir og leika — heldur mun það stafa miklu fremur af hinu, að mönnum þótti sléttur og víðáttumikill ísflötur bezt fallinn til leikvallar.

Optast nær voru það ungu mennirnir í hverju bygðarlagi, er gengust fyrir leikunum, og þá helzt þeir, er mestir voru atgjörvismennirnir. Þess finnast og eigi allfá dæmi, að einmitt rosknu mennirnir áttu ötulastan þátttinn í að stofna til leikanna, t. d. með því að efna til gestaboðs í því skyni. Hve lengi leikarnir stóðu var auðvitað ýmsum atvikum háð, svo sem friðsæld manna á milli, verkönnum og veðurfari, og þá eigi sízt því, hversu gott var til leikfúsra manna í héraðinu. Alvanalegt var það, að æfingarnar héldist vetrarlangt, þannig að menn komu saman á ákveðnum stað, er tóm og tíðarfar leyfði, lékust við og héldu svo heim að kvöldi. Slíkir stöðuleikar gátu þó ekki átt sér stað nema meðal þeirra, er í nábýli bjuggu, svo að skamt var til að sækja. Miklu skammvinnari hlutu æfingarnar að verða, er menn sóttu til sama leikmóts um alt héraðið. Það var þá títt, að þeir er lengst voru að komnir reistu sér skála við leiksviðið og lágu við, jafnvel vikum saman; var það þeim mun eðlilegra sem einatt var stofnað til slíkra leikmóta á sama stað ár eptir ár. »Það var siður Breiðvíkinga á haustum«, segir í Eyrbyggju, »að þeir höfðu knattleika um veturnáttaskeið undir Öxl suður frá Knerri — þar heita síðan Leikskálavellir — og sóttu menn þangað um alla sveitina; voru þar gjörðir leikskálar miklir; vistuðust menn þangað og sátu

hálfan mánuð eða lengur«. Stundum stóðu leikarnir aptur á móti ekki yfir nema einn dag eða örfáa. En þá voru þeir jafnaðarlega þeim mun fjölsóttari, eins konar alþýðlegar skemtisamkomur eða almenn kappleikamót, er menn sóttu til »víða um héruð«. Gildir bændur eða heldri manna synir gengust fyrir slíkum leikmótum og ákváðu samkomustað í námunda við bæ sinn, ef staðhættir leyfðu. Lét bóndi einatt veita gestum góðan beina á sinn kostnað. Þess er getið í Laxdælu, að hinn auðugi bóndason Hallur Guðmundarson í Ásbjarnarnesi stofnaði til knattleika við bæ föður síns. Kom þar til mikið fjölmenni »vestan úr Miðfirði, af Vatnsnesi, úr Vatnsdal og austan úr Langadal«. Og um kvöldið, er leik var lokið, stendur Hallur upp og segir það boð föður síns að allir þeir, er lengst hafi til sótt, dvelji þar næturlangt, til þess að taka megi til skemtunar þegar að morgni, »Var þar aukið hundrað manna (þ. e. rúmlega 120) á búi um nóttina«. Slík fjölmenn knattleikamót voru löngum í sambandi við haustboð stórbændanna eða leiðarþingin.

Leikvöll völdu menn sér sem sléttastan og harðastan, til þess að knötturinn mætti renna og stökkva sem bezt. Tíðast var leikið á ísi, á tjörnum, fljótum og fjörðum, því á ísnum voru ójöfnur minstar. Væri íss eigi kostur, fór leikurinn fram á sléttum harðvellisbala. Áhorfendur skorti sjaldnast, því að »mörgum var forvitni á að sjá leikinn og vita, hver sterkastur væri eður leikmaður beztur«. Skipuðust þeir umhverfis svæðið á hóla og börð, þar sem vel mátti sjá yfir; sátu menn þar á bekkjum og stólum, ef vott var á jörðu. Hversu mikið fjölmenni einatt var viðstatt má ráða af leikmótinu í Ásbjarnarnesi,

og ótal öðrum heimildum. Sízt lét kvenþjóðin sín saknað; löngunin til að sjá hraustlegt atferli fríðra sveina heillaði hana; og einatt réð ástin förinni. Það var við knattleika í Grímstungum, að saman bar fundum þeirra Valgerðar og Ingólfs fagra, er kveðið var um: »Allar vildu meyjar með Ingólfi ganga«, o. s. frv. Og gamlir menn, sem orðnir voru of stirðfættir og ellimóðir til að þreyta leik við brjóstheilan æskulýðinn, töldu eigi eptir sér að koma á mótin, er kostur gafst; þeir unnu íþróttunum sem í æsku og þótti gaman að sjá, hverjir knástir væru ungu mannanna. Meðal áhorfendanna voru auðvitað margir aðrir, er af ýmsum ástæðum tóku eigi þátt í leiknum.

Þá er á leikvöllinn var komið og menn höfðu búizt sem léttlegast til leiksins, var fyrst fyrir að velja leikstjóra eða *fyrirmann*, sem kallað var; var þar einkum tekið tillit til örleiks og atgjörvi eða þá til mannvirðinga. Hefði einhver einn stofnað til leikanna t. d. með því að hafa boð inni á bæ sínum, var hann talinn sjálfkjörinn. Formaðurinn skyldi stýra leiknum og sjá um að hann færi fram skipulega og friðsamlega. Því næst var markað leiksvið; tvær merkilínur voru dregnar jafnhliða hvor annari, með all-löngu millibili, í því skyni að miða við þær sigur og ósigur (sbr. borgir í nútíðarleikum vorum). Bæði liggur það í hlutarins eðli, að svo hafi verið gjört, og auk þess má ráða það af orðtökunum »að bera *út* knöttinn« (eða einpers.: »knöttinn ber út«) og »slá *út* knöttinn«, er jafnan tákna leikslok, þannig að sá vann, er kom út knettinum. Þess er hvergi getið, hve langt bilið var á milli línanna, en sjálfsagt hefur það verið allmjög af handahófi, eptir því sem formanninum

þótti við eiga í það og það skiptið, enda hlaut það að miklu leyti að vera undir gæðum leikvallarins komið. Enn fremur var það hlutverk formannsins að *skipta til leiks*. Hann skipti leikmönnum í tvær jafnar sveitir, nema slíka tvískiptingu leiddi af sjálfu sér, svo sem þá er íbúar tveggja héraða reyndu með sér; því næst var skipað saman tveimur og tveimur, sínum úr hvorri sveit, — því ávalt voru tveir menn sér í leik, og er það eitt af höfuðeinkennum knattleikanna fornu. Stilti hann þá svo til, að svo miklu leyti sem því varð við komið, að sem jafnast væri ákomið um afl og fimleika, enda er það viðkvæðið í sögunum, að þeim var skipað til móts er jafnsterkastir voru. Væri einhver sá meðal leikmanna, er langt bar af hinum að styrkleika, var gjört annað af tvennu, að hann var látinn sitja hjá eða leika á móti tveimur. Þannig er þess getið um þá bræður Björn Breiðvíkingakappa og Arinbjörn, að »þeir þóttu eigi að leiknum hæfir fyrir afls sakir, nema þeir lékist við sjálfir«. Í leiknum á Hvítárvöllum, er Skallagrímur stofnaði til, voru tveir menn látnir ganga til móts við hann, þótt gamall væri. Hins vegar var og einatt þeim mönnum, er kunnir voru að ofstopa, meinuð hluttaka í leiknum, þótt eigi væru þeir afarmenni að burðum; var það í því skyni gjört að firra menn vandræðum. Eyrbyggja getur þess t. d. tvívegis um Þórð blíg, að hann sat hjá leiknum; »mátti hann eigi að vera fyrir kapps sakir, en eigi var hann svo sterkur, að hann mætti eigi fyrir þá sök að vera«.

Eins og þegar er gefið í skyn, voru jafnan tveir menn sér um leik. Hvergi finst þess nokkurt dæmi, að þriðji maður skerist í viðureign tvímenninganna til þess að bjarga þeim við, er halloka fór; lendi þeim

saman í glímu, liggur knötturinn jafnan óhreyfður, þar til er sá, er felt hefur leikbróður sinn, víkur að honum og keyrir hann út yfir markið; það er úrslitaatriðið í viðureigninni. Nú liggur nærri að spyrja, hvað þessi tvískipting í tvær öndverðar sveitir hafi eiginlega átt að þýða, úr því ekki var um neinn samleik að ræða milli flokkanna. Til þess er því að svara, að leikurinn í heild sinni skyldi vera eptirlíking á bardaga milli tveggja hersveita, þó þannig að hver átti sínum manni að mæta. Sú sveitin, er flesta átti sigurvegarana að lokum, var talin að hafa borið hærra hlut af viðskiptunum. Eins og bardagamaðurinn réð að öðrum, er hann hafði lagt einn að velli, þannig átti það sér líka stöku sinnum stað í knattleikum, að einn gekk í annars stað, þá er afarmenni var að mæta. Við leikana í Ásbjarnarnesi ganga þeir, er sterkastir voru, á móti Kjartani Ólafssyni, — sjálfsagt hver að öðrum —, en enginn maður hafði þar við honum hvorki afl né fimleik. »Daginn eptir sat Kjartan hjá leik og sá á«. — Hvort allir tvímenningarnir hafi leikizt við í senn eða að eins einir, tvennir eða þrennir, eptir því sem henta þótti, svo sem síður var í bændaglímu, um það þori eg ekki að segja með vissu. En síðar mun eg geta þess, hvað mér þykir líklegast í því efni.

Leiktólin voru *knöttur* og *knatt-tré* (öðru nafni *knattgildra* eða *knattdrepa*). Knötturinn hefur líklega verið úr tré, og þá að sjálfsögðu óholur innan; svo mikið er víst, að harður var hann viðkomu, því að meiðsl hlutust af er hann kom framan í menn; enda mundi knöttur úr mjúku efni fljótt hafa orðið gegndrepa og óviðfeldinn í meðförum, þá er leikið var á ís eða þelajörð. Um stærð knattarins má fara nærri

af því, hvernig hans var neytt í leiknum. Hann var sleginn með trénu, ýmist á jörðu, ýmist í lausu lopti, en þó svo, að honum var ætlað að skoppa eptir vellinum álengdar; að slá hann svo hátt, að ekki náðist til hans, var talið »að gjöra leik« til þess er í móti var. (sbr Grettiss.: »Auðun sló knöttinn yfir höfuð Gretti, og hann gat ekki náð; stökk hann langt eptir ísnum. Grettir varð reiður við þetta og þótti Auðun vilja leika á sig«.) Enn fremur var knettinum kastað með hendinni, og var það að sínu leyti talið jafn ódrengilegt að kasta honum sem að slá hann hátt yfir höfuð andstæðingsins (sbr, Fornaldars. II. 406). Hann var og gripinn á lopti. Og loks var það löngum, að menn ráku knöttinn á undan sér eptir leikvellinum á hlaupi, og þá að líkindum með fótasparki. Þrjú fyrsttöldu atriðin í meðferð knattarins bera það með sér, að mjög stór gat knötturinn ekki verið, tæplega meira en 3 þumlungar að þvermáli. — Lögun og lengd knatt-trésins láta sögurnar einnig liggja í þagnargildi. En til þess benda heitin knattdrepa og knattgildra, að tréð hafi verið notað á tvennan hátt, ýmist til þess að slá með því knöttinn *(drepa*= slá*)*, ýmist til þess að taka á móti honum á ferð eða flugi, stöðva hann og senda hann aptur (*gildra*=veiða). Það hefur að líkindum verið öllu gildara í annan endann; í þeirri gerð var það hentugra sem móttökutól og riðameira til höggs á knöttinn, er hlaut að vera allþungur.

Sumir hafa viljað halda því fram, að hver leikmanna hafi haft knatt-tré út af fyrir sig, og byggja þeir þá skoðun sína sumpart á þeim rökum, að með þeim hætti hafi leikurinn orðið tilkomumeiri sem íþrótt, og sumpart á því atriði í Gíslasögu, að Gísli

ljær Þorsteini sitt tré, er hans hafði brotnað í viðureigninni við Börk.*) En því fer fjarri, að sá sögustaður gefi nokkra átyllu til þeirrar skoðunar. Hvarvetna í sögunum kemur knattleikurinn fram sem eins konar tvímenningur, þ. e. tveir og tveir leikast við. Og það liggur næst að halda, að svipuð meginregla hafi átt sér stað í leiknum eins og sú, er tíðkast í bændaglímu, og það því heldur sem einmitt fangabrögð voru höfuðviðfangsatriðið; enda taka líka glímurnar við af knattleiknum sem aðalíþrótt Íslendinga og virðast beinlínis vera afspringur hans. Væru margir leikmenn mættir og leikvöllur rúmur, er sjálfsagt að einatt hafi fleiri en einir keppinautar ázt við í senn, alveg eins og í glímuleiknum. Hafði þá vitanlega hver tvímenningur leiktól út af fyrir sig. Gísli og Þorsteinn eru hvor í sínum tvímenning, og er því ekkert undarlegt þótt báðir hafi knatt-tré. Í þeim svifum er tré Þorsteins bilar er Gísli aðgjörðalaus; þeir Þorkell hafa lokið leik sínum og horfa nú á hina. Nú er svo að vísu, að nokkrir ætla að knattleikurinn forni hafi verið samleikur milli tveggja sveita, þannig að

*) Sjá Fr. Knudsen, Den isl. Boldleg, Danske Studier 1906, bls. 70. Þessari ritgjörð, er mér nýlega hefur borist í hendur, kveðst höf. beina aðallega gegn frásögn minni um knattleikinn forna í Nordboernes legemlige Uddannelse i Oldtiden. En eg get ekki séð, að hann hafi komið fram með eitt einasta verulegt atriði, er skýri betur en áður eðli þessa leiks. Tala knatttrjánna er það, sem þar ber helzt á milli, en í því efni þykist eg mega fullyrða að höf. veður reyk. Sú aðdróttun hans, að eg sé »auðsjáanlega« í vandræðum með að gjöra grein fyrir, hvers vegna helzt hafi verið leikið á ísum, er líklega sprottin af augnabliks misgáningi. Um það hefi eg aldrei verið í neinum vafa (sbr. Tímar. Bókm.fél. 1904, bls. 71 — »að knötturinn mætti skökkva sem bezt«) og Nordb. legeml. Udd. bls. 118[7] og 119[16] (»isens jævne flade«). Höf., sem er nafnkunnur leikfimiskennari og manna fróðastur um íþróttir, kemst að þeirri niðurstöðu um uppruna leiksins, að hann sé afspringur fornra knattleika vestan hafs. Að sinni skal eg hvorki játa því né neita; röksemdirnar eru — sem eðlilegt er — mjög í lausu lopti.

allir hafi verið í önn í senn, en þó svo, að hver einstaklingur átti vissan andstæðing. En jafnvel þótt sú skoðun væri rétt — og eg skal eigi neita með vissu að eigi votti fyrir framþróun í þá átt upp á síðkastið — þá er þó áðurgreint atvik, trjálánið Gísla, engin sönnun fyrir því, að leikið hafi verið með trjám á báða bóga, því að þeir Gísli og Þorsteinn eru auðsjáanlega í sama flokki, enda bendir það sízt til samleiks í þessu tilfelli, að Gísli — einmitt sá maðurinn er mest var liðið í — stendur og hefst eigi að, og það ekki einungis um stundar sakir; hann sezt niður í makindum og fer að gjöra að trénu. Skárri er það áhuginn um leikslokin!

Hins vegar er margt sem bendir til þess, að eigi var leikið með tré nema öðrum megin. Sögurnar, er beina ávalt athyglinu að leik tveggja manna, tala jafnan um knöttinn og knatt-*tréð*; enda er þess aldrei getið, þá er einhver hefur slegið knöttinn frá sér, að leikbróðir hans slái hann aptur til baka, heldur kastar hann honum jafnan eða rekur hann undan sér. Opt bar það við að leikandi, er halloka fór eða þótti leikið á sig, sló andstæðing sinn í bræði með knatt-trénu, en hvergi finst þess dæmi að sá, er fyrir tilræðinu varð, bæri af sér höggið með öðru tré, heldur greip hann til sama úrræðisins og hver annar vopnlaus maður, að hann hljóp undir höggið, ef svigrúm gafst, og tók andstæðing sinn glímutökum; stundum varð hann að láta bíða að hefna sín, þar til hann hafði náð í knöttinn; því vitanlega hafði hann ekki knöttinn í höndum á því augnabliki, er viðleikandanum rann í skap; bræði hans átti auðvitað rót sína í því, að hinn hafði þeytt út knettinum á þann hátt, að hann átti engan kost varnar, t. d.

hátt yfir höfuð honum, og það var að gjöra leik til hans. — Hins vegar skal því ekki neitað, að víst hefði það mátt gefa leiknum fimlegri og tilbreytingarmeiri blæ ef báðir andstæðingarnir hefðu haft tré, eins og t. d. í lawn-tennis. En hvað stoðar það að vilja laga knattleikinn forna eptir því sem fagurlegast þykir og samkvæmast íþróttasmekk nútímans, þegar til þess vantar allan stuðning heimildarritanna?

Eg verð því enn sem fyrr að halda fram þeirri skoðun, að báðir andstæðingarnir hafi haft einn knött og eitt knatt-tré í samlögum.

Nú kemur þrautin þyngsta, en það er að gjöra grein fyrir sjálfri leikaðferðinni í einstökum atriðum. Eg dreg enga dul á, að fullri vissu hef eg ekki getað komizt að í öllum greinum.

Ótvíræð höfuðatriði eru þessi:

1. Menn marka sér völl.
2. Tveir og tveir leikast við.
3. Þeir hafa einn knött og eitt knatttré.
4. Sá er byrjar leikinn hefur knatttréð, og gæti hann kallast verjandi í leiknum, en hinn sækjandi.
5. Menn slá knöttinn, grípa hann, kasta honum eða reka hann á undan sér.
6. Menn eltast um hann á hlaupi.
7. Fangbrögð og ryskingar koma mjög við sögu í leiknum, enda eru þeir taldir beztir leikmenn sem sterkastir eru.
8. Sigurinn er í því fólginn að koma knettinum út yfir merkilínu andstæðingsins.

Eg hugsa mér að vanalega leikaðferðin hafi verið með þeim hætti, er nú skal greina: Í upphafi leiks er A inni og hefur bæði knöttinn og knatttréð. Hann

nemur staðar kippkorn fyrir innan marklínuna sín megin, þannig að hann snýr vinstri hlið inn á við að leiksviðinu. Andstæðingur hans, **a**, er úti og býst til að veita knettinum viðnám innan marklínu sinnar. **A** slær knöttinn með trénu, hægri hendi, þannig að hann megi skoppa sem lengst eptir leikvellinum; væri leikið á hálum ísi var bezt að beina högginu sem láréttast inn á knöttinn. Sjaldan mun það hafa komið fyrir, að hann gæti slegið knöttinn alla leið frá marklínu sinni yfir útmarkið; menn hafa eflaust gætt þess, að marka svo víðan völl, að hvortveggi keppinauturinn þyrfti nokkuð fyrir að hafa. Það var og sjaldgæft að sækjandi (**a**) hendi knöttinn á lopti áður hann kæmi á jörðu, því að bæði var það örðugt fyrir sakir hörku hans og þyngdar, og auk þess sló verjandi (**A**) ógjarna knöttinn í lopt upp. En færi svo, að sækjanda hepnaðist að grípa hann á fluginu, hafði hann að líkindum unnið leikinn og átti hann þá að taka við trénu og gjörast verjandi í næsta (hálf)leik. Að öðrum kosti varð **a** að reyna að stöðva knöttinn á stökkinu, áður en hann bæri út yfir markið, og því næst kasta honum, hlaupa með hann eða reka hann undan sér inn yfir mark verjanda og ónýta með því vörn hans. Hallfreðarsaga sviptir einmitt tjaldinu frá leikmótinu í Grímstungum í því augnabliki, er Ingólfur fagri hleypur á eptir knettinum og snarar honum alt í einu út yfir markið, svo að hann fló þangað, er Valgerður sat, Óttarsdóttir; hún brá knettinum undir skikkju sína »og það þann sækja, er k a s t a ð hafði«; gekk þá Ingólfur úr leiknum sigri hrósandi (sbr. orðin »*og sýndi þá enn algervi sína*«). Hins vegar var það hlutverk verjanda *að hafa knöttinn* sem lengst þ. e. verja mark sitt sem

örugglegast með trénu, og jafnframt varð hann sí og æ að vera við því búinn að bregða á rás, ef knötturinn skoppaði fyrir höggi hans, að vísu eigi út yfir andmarkið, en þó svo langt fram hjá sækjanda, að tök urðu á að hann mætti verða fyrri til að komast að honum og reka hann út alla leið. Á þann hátt varð löngum eltingaleikur um knöttinn. Nú er það talið ódrengilegt, í áþekkum leikum, og jafnvel allsendis óleyfilegt að aptra andstæðing sínum með handalögmáli. En öðru máli var að gegna til forna. Þá var aflið látið ráða úrslitum, jafnt í knattleik sem í hverri annari viðureign. Keppinautarnir höfðu sig alla við með ryskingum og hrindingum, fangbrögðum og alls konar handalögmáli að meina hvor öðrum að ná knettinum á sitt vald. Yrði nú A hlutskarpari í eltingaleiknum og ræki út knöttinn, hafði hann *unnið* þann *leik* og skyldi vera inni á ný. Bæri andstæðingur hans a aptur á móti hærra hlut og kæmi út knettinum, hafði A *látið leikinn* og varð þá að láta af hendi knöttinn og knatttréð við keppinaut sinn, er skyldi vera inni. Á sama hátt lékust þeir við B b, C c, D d, o. s. frv. A B C D teljast allir til sama flokks og allir leikir, er þeir vinna, reiknast þeim flokki til sigurs. Nánari reglur fyrir viðureigninni munu vandfundnar, t. d. hvort það var nokkrum skilyrðum bundið, hvenær eða hvernig beita mátti höggum, kasti eða sparki. Reglufestin virðist að hafa verið næsta lítil, enda mundu fangbrögðin að öðrum kosti naumast hafa getað orðið aðalatriði leiksins.

Það liggur í augum uppi að í knattleik, er þannig var háttað sem nú var greint, hlaut að reyna bæði á röskleik og lipurð leikenda, en þó sér í lagi á krapta. Því afrendari sem maðurinn var að afli, því

lengra mátti hann draga í höggi og kasti, að öðru jöfnu. Og því betur sem fylgt var á eptir knettinum, því örðugra var fyrir andstæðinginn að stemma stigu fyrir honum og því sigurvænlegra fyrir þann, er sló. Til eltingaleiksins var gott að vera mjúkur og frár, en einhlítt var það eigi. Kraptamaðurinn gjörði sér lítið fyrir að varpa þeim til jarðar, er minni máttar var, og svo gat hann leikið með knöttinn sem hann vildi. Fáir voru svo drenglyndir að þeir hlífðust við í leiknum, ef þeir fundu að mótstöðumaðurinn var máttarminni og óstiltur í skapi. Einkum var hætt við að kappgirnin keyrði úr hófi fram þá er leikið var fyrir fjölmenni — mestmegnis konum, er löngum er annað tamara en að spara lof og last. Þá þótti mönnum, sem um sæmdina væri að tefla, og gáfu fæstir sér tóm til að hyggja að því, hvort þeir byggju keppinaut sínum mjúka byltu eða eigi, enda bar það til að gamanið gránaði svo, að úr hófi keyrði. Að bera heim frá knattleik blóðga knúa, marin kné og kúlótt enni þótti engin nýlunda. Hitt var verra að margur hlaut örkuml í leiknum, braut arm eða fót, eða beið líftjón með öllu. Þó er þess tiltölulega sjaldan getið í hinum áreiðanlegri sögum vorum. Ef nokkurn veginn jafnt var ákomið og báðir fóru vel með leik sínum, lá það í eðli leiksins, að úr honum gat spunnizt fjörleg og tilbreytingarmikil viðfangsraun, þannig að knötturinn fló fram og aptur milli leikenda í ýmsum stöðum eða þeir eltust um hann á hlaupi.

Svo sem áður er sagt finnast þess dæmi, að einn maður var látinn leika við tvo, ef orkumunur var mikill (a_1 a_2 : A). Hvernig þeir hafi staðið að leiknum verður auðvitað ekki sagt með neinni vissu.

En eðlilegast virðist, að a_1 a_2 hafi báðir tekið sér stöðu andspænis A með nokkru millibili, þá er þeir áttu að sækja, en annar að baki hans og hinn gagnvart honum á innmarki, þá er þeir skyldu verjast.

Til þessa afbrigðis — að einn leikur við fleiri — má að líkindum telja sveinaleikinn á Hvítárvöllum, sem lýst er í Egilssögu. Sumum hefur fundizt sú lýsing koma í bága við það sem áður er sagt um höfuð-leikaðferðina, og hafa þeir viljað byggja á henni þá skoðun, að knattleikurinn hafi verið fólginn í fjölbreytilegum samleik margra manna. En fyrst og fremst væri það ærið hvatvíslegt, að telja hana eina þyngri á metunum en allar aðrar fornar leiklýsingar og leiða það af henni, sem enginn flugufótur er fyrir í hinum og kemur meira að segja í beina mótsögn við þær. Og enn ber þess að gæta, að búast má við um unga sveina að þeir bregði út af föstum leikreglum. Þetta tvent væri í rauninni nóg til þess — *ef* um tvent væri að velja — að láta þessa lýsingu lúta fyrir hinum. En ég fæ ekki séð að hún komi í bága við hinar né gefi nokkra átyllu til áðurnefndrar kenningar. Það er tekið beint fram, jafnt þar sem annars staðar, að skipt var til tvímenninga, og hlaut Egill að leika við sveininn Grím, er var miklu eldri og sterkari. Grímur fer illa með leik sínum, svo að Egill reiðist og lýstur hann með trénu. Grímur hefur hann undir og þjakar honum. Gengur þá Egill úr leiknum og hyggur á hefndir. Þá er hann vitjaði þangað aptur með öxi í hendi, stóð svo á leik, að »Grímur hafði þá hent knöttinn og rak undan, en aðrir sveinarnir sóttu eptir«. Nú liggur beint við að ætla, að þá er Egill gekk úr leiknum hafi fleirum en einum verið skipað til móts

við Grím, því að frásögnin gefur í skyn, að hann hafi verið langsterkastur allra sveinnanna og beztur leikmaður. Orðin »aðrir sveinarnir« þurfa alls ekki að þýða »allir hinir sveinarnir«, heldur gætu þau vel átt við andstæðinga Gríms sérstaklega. En enda þótt þau séu tekin í hinni merkingunni — og eg játa að það liggur beinast við — þá verður þó engin samleikskenning á þeim bygð með rökum, sakir þess að það er eðli drengja að hlaupa eptir þeim, er við eigast, til þess að horfa á; þeir eira því ekki, er leikurinn berst fjarri, að bíða þess úr stað, hvernig honum lyktar.

Leikurinn, er sagt er frá í Göngu-Hrólfssögu — einni hinna yngri af Fornaldarsögum Norðurlanda (frá öndverðri 14. öld) — er töluvert frábrugðinn knattleiknum forna í sinni vanalegu mynd, en virðist þó vera afspringur hans og einu menjarnar um frambróun hans úr tvímenningaleik til fjölmennisleiks: »Annan dag eptir gengu þeir Hrólfur og Stefnir til leiksins; voru þeir bræður og þar komnir. Hrafn tók knöttinn, en Krákur knatt-tréð og léku að vanda þeirra. Jarl sat á stóli, og horfði á leikinn; en er þeir höfðu leikið um hríð, fær Hrólfur náð knettinum; hann grípur knatt-tréð af Kráki og fær Stefni; leika þeir svo lengi, að þeir bræður náðu eigi knettinum. Það var eitt sinn er Hrafn hljóp eptir knettinum, að maður einn rétti fyrir hann fót. Hrafn — — greip þann — — og keyrði niður að höfðinu. Hrólfur hljóp þá að Hrafni, og þreif til hans; í annan stað tókust þeir á Krákur og Stefnir«. Þeir Hrólfur báru hærra hlut, og við það lýkur leiknum.

Meðal sameiginlegra höfuðatriða er einkum eptirtektarvert þetta tvent: *að* leikið er með *einu* knatt-

tré og einum knetti, er menn slá, henda og reka fram og aptur á milli sín, og *að* fangbrögð greiða leikendum leið til sigurs. Hitt eru aðalafbrigðin, að 4 menn leikast við (2 : 2), og standa aðrir leiknautarnir — verjendurnir — sinn hvorum megin á sviðinu, og hinir líklega hvor í nánd við sinn keppinaut; af hendi hinna fyrri er eingöngu vörn, af hendi hinna síðari eingöngu sókn, því að leikslokin virðast ekki í því fólgin að koma knettinum út yfir ákveðin mörk, heldur í því að sækjendur nái honum frá hinum (sbr. *hráskinnsleik* bls. 232). Hepnist það, öðlast þeir réttinn til leiktólanna og gjörast verjendur í næsta leik.

Sköfuleikurinn, í Harðar sögu Grímkelssonar, ber einkenni hins forna knattleiks og virðist eigi hafa verið frábrugðinn að öðru leyti en því, að annar flokksforinginn lætur menn sína nota tól þau, er nefndust *sköfur*. (»Nú lét Hörðr göra sér hornsköfur um nóttina«). Hafa þau auðsjáanlega ekki haft í för með sér neina breytingu á leikaðferðinni, heldur að eins miðað til að gjöra menn öruggari og harðvítugri í leiknum. Eg hef áður getið þess til, að sköfurnar Harðar hafi verið einhvers konar fótabúnaður, t. d. legghlífar (Nordb. leg. Udd. bls. 131); þykir mér það líklegra en hitt, að með því heiti sé átt við sérstakan útbúnað á knatt-trjánum, því að svo sem áður er sagt gengu knatt-trén flokka á milli, og gátu þá sköfurnar ekki komið annari sveitinni einni saman að gagni, en það er þó glögt gefið í skyn í sögunni.

Soppleikur er hvergi nefndur í gömlum íslenzkum ritum nema í Bósasögu. Auðsætt er að

soppur er yngra leiktólsheiti en knöttur, og skyldu menn ætla, samkvæmt grundvallarþýðingu orðsins, að þau nafnabrigði hafi komið upp, þá er menn kyntust knöttum úr mjúku efni *(soppr=svöppr =svampr)*, þannig að leikknettir úr mjúku efni hafi verið kallaðir soppar, en hinir knettir, er harðir voru. Því til styrktar er það atvik, að í kafla einum í Karla-Magnússögu, er þýddur er úr ensku af Norðmanni einum á Skotlandi í lok 13. aldar, er það orð einmitt haft um mjúkan knött. En frá því hefur brátt verið vikið aptur, sumpart vegna þess að menn hafa eigi hugsað út í hina eiginlegu merkingu orðsins, og sumpart sakir þess, að leikir með mjúkum knöttum náðu eigi neinni festu um langan aldur í Noregi né á Íslandi; mönnum hefur að líkindum þótt þeir of áhættulitlir og kveifarlegir. Þjóðvísurnar norsku nota einmitt eingöngu orðið sopp(ur) um harðan og þungan knött, er menn köstuðu milli sín og skeindust einatt allmjög á. Og um Bósasögu leynir það sér ekki, að þar er ekki átt við neinn mjúkleiksgrip, er tekið varð á með silkihöndum, heldur harðan knött og ákomuillan; leikurinn er hinn illvígasti; Bósi fótbrýtur, handleggsbrýtur og hálsbrýtur konungsmenn (í fangbrögðum?) og úr einum slær hann augað með soppinum. Annað tveggja dylst bakvið þessa hrottalegu frásögn sami leikurinn og hinn fornnorræni kastleikur, eða hún er ekkert annað en fáráðleg skrípamynd af knattleiknum íslenzka með breyttu heiti. En hvað sem því líður, þá sýnir þó sagan, að höf. hennar, er verið mun hafa uppi um miðbik 14. aldar, hefur skilið orðið soppleikur um leik með knetti úr hörðu efni, enda kemur orðið fyrir einmitt í þeirri

merkingu í íslenzkum leikmenjum seinni alda (Ó. Davíðsson, Ísl. Skemt. 137).

Eg þykist nú vita að sumum muni hætta til að líta smáum augum á knattleikinn forna og telja hann lítið íþróttagildi hafa í samanburði við helztu knattleika nútímans. En svo er um hann sem hvert annað menningaratriði á æfiferli þjóðanna, að það stoðar ekki að slíta hann út úr réttri tímaröð, og vega hann út af fyrir sig á nútíðarmetaskálar. Alt gildi er undir afstöðunni komið. Þennan forna leik verða menn vitanlega að meta í nánasta sambandi við atgjörvishugsjónir feðra vorra, skapferliseinkunnir og þjóðlíf. Það er harðneskjubragurinn, meiðslahættan, hin vægðarlausa notkun líkamskraptanna, sem oss fellur miður. Slíkar aðfarir í leikum kalla menn nú á dögum þjösnahátt. Allri hættu lífs og lima er útskúfað, fimleikinn einn er íþrótt. Og víst megum vér fagna þeirri framþróun. En hins vegar vitum vér, að afl og áræði voru aðalatriði manngildishugsjónarinnar, eins og hún vakti fyrir alþýðu manna til forna. Og til að efla þá eiginleika var knattleikurinn einkar vel fallinn. Þeirri kynslóð, er átti löngum lífsbaráttu sína undir sverðseggjar að sækja, var það yndi að leika að hættunni. Þess vegna varð knattleikurinn svo vinsæll, sem raun er á orðin. Og lýðhylli hans gjörði það að verkum, að gildi hans fyrir þjóðþroska feðra vorra varð ólíkt meira en gildi nútíðarleikanna fyrir oss, þrátt fyrir fjölskrúð þeirra og fimleiksbrag. Það er svo margt sem heillar huga manna nú á dögum og dreifir hvötum þeirra, að sá íþróttaleikur, sem á að geta laðað menn að sér unnvörpum til lengdar, verður að vera næsta tilkomumikill í sjálfu sér. En einmitt þetta, hve mikilli

ræktarsemi einhver íþrótt á að fagna, er aðalskilyrðið fyrir þjóðmenningargildi hennar. Knattleikurinn forni hafði því hin víðtækustu áhrif á þjóðlíf Íslendinga. Hann var þeim vörn gegn vetrardrunganum, skapfeldið tilefni til mannamóta; hann stælti kraptana, hélt fjörinu kviku og kveikti þroskametnað manna á meðal víðs vegar um sveitir. Og auk þess voru knattleikamótin einkar þýðingarmikil fyrir viðskiptalífið; menn hittust þar að máli og réðu ráðum sínum, seldu og keyptu, sömdu um giptingar o. s. frv.

XI. Aflraunir. Skinnleikar.

Það má nærri geta að sögurnar kunna frá mörgum aflraunum að segja af kynslóðunum fornu, er unnu svo mjög allri karlmensku, en æra mætti það óstöðugan að rekja þær frásagnir. Menn spreittu sig á að taka upp stóra steina eða aðra þunga hluti, höggva stór högg, togast á o. s. frv. Svo er að sjá sem aflraunir hafi tíðkazt á þingum, enda lætur það að líkindum. Frægastir kraptamenn að fornu hér á landi virðast hafa verið þeir Grettir Ásmundarson og Ormur Stórólfsson, er stórkostlegar kynjasögur fóru af fram eptir öllum öldum: Í æsku kastar Ormur heyhlassi með hesti og öllum akfærum upp á lönina í fang karli föður sínum, skárar saman í múga þúfum öllum á 8 stakka velli með ljá einum miklum, er hann hafði gjört sér úr 2 fjórðungum járns, reyrir í 10 hesta reipi heykleggja Dufþaks karls, er voru ekki næsta litlir, og labbar með þá til Stórólfshvols, annan á baki en hinn í fyrir(!). Seinasta aflraun hans var sú, er hann axlaði siglutréð af Orminum langa. — Aflraunir Skallagríms voru og mjög í munn-

mælum hafðar; til marks um það er frásögnin um smiðjusteininn, og hin önnur, er hann hjó í einu höggi með öxinni Eiríksnaut höfuð af tveim uxum; leiddi hann þá undir húsvegg, þannig að höfuðin gengu á víxl, og skaut hellusteini undir hálsana. — Slíkar ýkjusagnir sýna glögt dálæti fornmanna á aflraunasögum.

Færeyingasaga lætur Hafgrím bónda í Suðurey gorta af því, að jafnan muni Suðureyingar bera hærra hlut, er þeir Skúfeyingar *krækist til* (=eigist við). Hvort þetta orðtak á rót sína að rekja til hinnar alkunnu aflraunar »*að fara í krók*«, verður eigi sagt með vissu, en ekki er það ólíklegt.

»*Að koma höndum úr höfði e—s*« nefndist aflraunaleikur einn, er ræðir um í Ljósvetningasögu: Hárekur í Ási kom einn dag til fundar við Skegg-Brodda og mælti: »Forvitni er mér á um, hversu sterkur þú ert, því að mikið er af því sagt; eg er kallaður aflmaður, en þó mun eg eigi við þér hafa; en vit þú fyrst, hvort þú kemur höndum úr höfði mér«. Skegg-Broddi svarar: »Óskylt ætla eg það«, — en tók þó til og sviptir þegar í brott höndum hans. Hárekur gekk þá að Skegg-Brodda, er stóð fyrir og hafði hendur í höfði sér. En hvergi fékk Hárekur þeim hreyft — og mátti af því marka, hvor þeirra var meiri. Þá mælti Skegg-Broddi: »Eigi þykir mér þú sterkur, en drengur ert þú góður«.

Annars voru hinir svonefndu *skinnleikar* aðal-aflraunaleikar fornmanna, að frátöldum fangbrögðunum (hryggspennu).

Þeir voru með ýmsum hætti, og má telja höfuðtegundir þeirra þrjár:

1. Skinndráttur *(hráskinnsleikur)*. Tveir menn,

er þreyta vildu afl með sér, tóku hvor í sinn enda á hráblautri húð eða skinni og sviptust á standandi. Á fornnorrænum tímum er svo að sjá sem einkum hafi verið til þess höfð geitaskinn. Hvor um sig neytti allrar orku og ýmsra bragða til þess að ná skinninu af leikbróður sínum: hann hnykti honum að sér, svipti honum til ýmsra hliða eða gaf snöggleg eptir á skinninu, ef vera kynni að hann hröklaðist af fótunum eða léti laust skinnið er ramlega var rykt í á ný. Var því um hvorttveggja að gjöra, afl og mjúkleik. Sá bar sigur úr býtum, er húðinni hélt að leikslokum, enda þótt hann félli við um leið og laust var látið (sbr. orðtakið hjá Saxa, V. 203: »corium meretur, qui corio concidit«=»Sá á skinn, er með skinn fellur«). Til þess að gjöra leikinn áhættumeiri, og átakanlegri fyrir áhorfendurna, stóðu aflraunamennirnir stundum sinn hvorum megin við eldstóna, þar sem bál og glæður glottu við þeim geigvænlega, reiðubúin að verma þeim, er eigi kunni að gæta sín (sbr. leiksheitið »*at toga geitstöku um eld*«). Enda gránaði þá einatt gamanið svo, að um lífið var að tefla; urðu þá leikslokin löngum með þeim hætti, að öðrum hvorum var hnykt fram á eldinn. Þessi leikaðferð mun þó tæplega hafa tíðkazt nema snemma á öldum; henni bregður að eins fyrir í fornum þjóðsögum. Saxi segir t. d. frá því um hallarsveit Geirröðar risakonungs, »að sumir gjörðu hávaða mikinn með stafaknippum, aðrir þreyttu ófagran kappleik um geitaskinn«. Annars greinir glöggast frá skinndrætti í ævintýrasögnìnni um Hjálmþé og Ölvi:

Hörður, fóstbróðir Hjálmþés, drap mann í glímu fyrir Hundingi konungi. Konungur kvað hann hafa með því gjört sér mikinn skaða — »og því skulum við toga geitstöku

um eld hér í höllinni á morgun, ella sá sem eg skipa til«. Hann fékk til þann mann, er Hástigi hét. »Vel er það, að við skulum reyna skinndráttinn, og bú þig til, Hástigi,« segir Hörður. Hann fór af öllum klæðum sínum, en ekki fór Hörður af loðkápu sinni. Þeim var fenginn í hendur svörður allsterkur; koma þá í átök stór og miklar sviptingar, og voru uppi á þeim ýmsir endar; kiptu þeir brátt í sundur sverðinum á milli sín; bað konungur sækja uxahúð og fá þeim. Tóku þeir þá á með öllu afli og voru hnykkingar ramlegar, svo að ýmsum var búið að hrjóta fram á bálið; var Hástigi sterkari, en Hörður hepnari og mjúkari. Svo lauk, að Hörður kipti keppinaut sínum fram á bálið og fleygði húðinni á hann ofan.

Reipdráttur. Nafnið kemur eigi fyrir í fornritunum, en það vakir glögt á bak við talsháttinn »vant er við ramman reip að draga«, er algengur var um öll Norðurlönd til forna (sbr. Saxi: *arduum contra fortem fune contendere«); sýnir orðsháttur*inn bezt, hve almenn aflraun þessi hefur verið. Á þeim tímum gjörðu menn sér reip og reiða úr skinni (sbr. *svörðr, svarðreip*), og því var aflraunin rétt-talin til skinnleika. Vanalega þreyttu menn togstreitu þessa standandi, tveir eða fleiri, líkt og leikfimismenn nú á dögum þreyta strengdrátt. En við bar það, að annar aflraunamaðurinn sat í sæti sínu; var þá sigurinn unninn, er hann hafði kipt keppinaut sínum að knjám sér, en hröklaðist hann sjálfur upp úr sæti sínu, hafði hann látið leikinn. Um Eirík eygóða Danakonung er það í frásögur fært, að hann sat í öndvegi og togaðist á við fjóra sterka menn hvorri hendi og gjörði annað tveggja, að rykkja af þeim reipunum eða draga þá til skiptis upp að knjám sér. — Svipuð aflraun var að toga hönk; tveir menn tóku hring úr tág eða reipi, settust flötum beinum á gólfið, spyrntust í iljar og streittust við báðum höndum, unz annar

misti eða hrökk upp (sbr. nýísl. *hnapphelda*). Opt notuðu menn belti, með því að þau voru tíðast við höndina, og nefndist þá aflraunin beltadráttur. Eða menn toguðust á um kefli í stað hrings. — Allar þessar aflraunir tíðkast enn í dag víðs vegar um lönd með ýmsum nöfnum og með ýmsum smávægilegum afbrigðum.

3. Hornaskinnleikur (hráskinnsleikur; skinnleikur). Leikur þessi var samtvinningur úr knattleik, glímum og einföldum skinndrætti; hann var leikinn í húsum inni, einkum á vetrum, og tóku fimm menn þátt í honum. Fjórir þeirra tóku sér stöðu sinn í hverju horni ferhyrnings, og til þess að hafa nægilegt svigrúm mun sjaldnast hafa veitt af að láta gólfrúm stofunnar ráða leiksviðsstærðinni, þannig að hver þeirra félaga stóð í sínu horni hennar. Af því stafar nafnið. Fimti leikmaðurinn nam staðar frammi á gólfinu; hann »var úti«, sem svo var nefnt. Til leiksins var haft hráblautt skinn, er vafið var saman í hnoða, svo að kasta mátti því á milli sín sem knetti. Við risabrúðkaupið í Bárðarsögu er leiksoppurinn hvorki meira né minna en heill bjarnarfeldur; en slíkt eru auðvitað skáldaýkjur, í því skyni að gefa leiknum tröllslegri blæ, í samræmi við jötnaeðli leikendanna. Tíðast mun hafa verið að nota sauðskinn eða geitskinn. Leikurinn hófst nú með þeim hætti, að hornbúarnir köstuðu skinninu milli sín fram og aptur, en sá skyldi *ná* því, er úti var. Hann hljóp nú til og reyndi að henda skinnið á lopti; en það var hægra ort en gjört, því að í mörg horn var að líta og hátt kastað. Vænlegast var honum að standa sem næst miðju þar til er hann sá, hvert miðað var, taka þá

snögt viðbragð og ráða að þeim, er til var kastað, henda frá honum skinnið á lopti eða svipta því af honum ella, áður hann fengi sent það öðrum. Komu honum þá ýms brögð í góðar þarfir, og voru þau einu nafni nefnd skinnleiksbrögð. Ýmist hratt hann keppinaut sínum til hliðar eða beygði sig snögt niður, ef hinn sat, greip í fætur honum og dró hann fram á gólfið burt frá skinninu. Ýmist brá hann honum til glímu. Næðu báðir í bjórinn, sviptust þeir um hann á þann hátt, sem áður er getið um skinndrátt. Það er auðsætt, að leikurinn var ærið umsvifamikill og þreytandi, einkum fyrir þann, er úti var, enda tóku menn hvíldir af og til (sbr. talsháttinn forna »*at taka hvíldir sem í skinnleik*«). Áhorfendurnir hörfuðu löngum undan fyrir þessum aðgangi upp í bekkina. Og margur leikandi hlaut meiðsl af gamninu. Þannig er þess getið um Árna biskup Þorlákssson, er hann var eitt sinn í æsku við skinnleika í Kirkjubæ, að hann datt á arinhellu og meiddi sig í kné.

Leikur þessi er að líkindum yngstur hinna fornu skinnleika; hans verður eigi vart með vissu fyrr en á 12. öld, en svo er að sjá sem hann hafi úr því verið mjög tíðkaður hér á landi um all-langt skeið sem alþýðugleði, er menn fjölmentu til á vetrum. Hans er iðulega getið í Sturlungu og Biskupasögunum hinum eldri, en aldrei er hann nefndur þar annað en skinnleikur; tegundarheitið hornaskinnleikur kemur hvergi fyrir nema í Bárðarsögu, er samin mun vera á öndverðri 14. öld, eptir gömlum þjóðsögnum. Helzt er mér í mun að halda að leikurinn sé íslenzkur í aðalatriðum, en þó sniðinn

eptir knattleik, er Íslendingar hafi kynst í útlöndum. Honum svipar einkennilega til knattleiks þess, er Þjóðverjar kalla *eckball* (= horna-knattleikur).

Niðurlag.

Hér að framan hef eg leitast við að draga saman í eina heild alt hið helzta um líkamsmentir fornmanna, er mér hefur verið unt að finna í gömlum heimildum. Að vísu hefur mér eigi tekizt í frásögn minni að gefa hinum dreifðu og fornfálegu menjum líf og lit, er í nokkurn handa máta megi vekja fullglögga hugmynd um hið fjöruga íþróttalíf fornkynslóðanna, en engu að síður vænti eg þess, að hún sýni ljóslega að telja má rækt feðra vorra við líkamsmenning sína eina af aðalorsökunum til þjóðþroska þeirra, bæði í andlegu og líkamlegu tilliti. Markmið uppeldisins var hjá þeim eitt og hið sama og hjá Spartverjum forðum: að framleiða hrausta og þrekdjarfa kynslóð. En munurinn var sá — og hann er næsta eptirtektarverður — að forfeður vorir beittu ekki laganauðung til að ná takmarkinu, heldur löðuðu þeir unglingana til sjálfmenningar með glæsilegu eptirdæmi, frjálslyndum leiðbeiningum og alvarlegum hvataorðum. Sjálfstæðistilfinningu ungviðisins hlúðu þeir að eptir megni, og leituðust við að beina henni í holla stefnu, til þess að hún yxi ekki út í öfgar sínar, þvergirðingsskapinn. Sjálfhælnin, öfundsýkin og alt annað sifjalið sérgæðingsháttarins, er getur ekki af sér fengið að láta aðra njóta sannmælis, var talið meðal hinna fyrirlitlegustu eiginleika. Drengirnir teyguðu svo að segja í sig með andrúmsloptinu þá hugsun, að drenglyndar hetjur skyldu þeir verða. Herskaparfrægðin var það markmið, er vakti þeim fyrir hugskotssjónum í vafurloga framtíð-

ardraumanna. En enginn kemst sofandi að sigri. Þeim var það ljóst, að ættu draumarnir að geta rætt, máttu þeir einskis láta ófreistað til að efla sem bezt atgjörvi sína; þeir urðu að temja líkama sinn við fimleika og aflraunir, sál sína við þrek og snarræði. Að svo öflug þroskalöngun, sem raun er á orðin, brann í brjósti æskulýðnum á þeim tímum, var að miklu leyti bein afleiðing af því, að mentaiðkanirnar voru mestmegnis fólgnar í leik og líkamsæfingum, er unglingar verða seint þreyttir á, en ekki í kyrsetum yfir utanbókar-lærdómi; framsóknarþráin fékk aldrei svigrúm til að kulna; hún átti sér arineld og viðhaldsforða þar sem var eptirbreytnisvert dæmi fullorðna fólksins og einkum frásagnirnar fögru um drengileg afrek feðranna, er jafnan hljómuðu fyrir eyrum hinnar upprennandi kynslóðar og heillaði huga hennar. Og ekki einungis á æskuárunum og fullorðinsskeiðinu, meðan menn stóðu í blóma lífsins, heldur jafnvel enn er fjöri og kröptum tók að förla fyrir elli sakir, voru íþróttaæfingarnar hvers manns yndi. Enda kvað mjög að þeim sem samkvæmisskemtunum og tilefni til mannamóta. Þar lærðu einstaklingarnir að meta atgjörvi sína í samanburði við aðra, og margur hvarf heim þaðan aptur með öflugri hvatir í brjósti en áður til frekari fullkomnunar. Og jafnframt voru þessar samkomur nokkurs konar menningarleiðarar í þjóðfélaginu, sendu hressandi andvara bygð úr bygð, er hratt kyrstöðunni og hélt mönnum glaðvakandi.

Þegar nú þess er gætt, að fyrir hugskotssjónum Norðurlandabúa stóð ímynd sigursællar hetju sem uppeldismarkmið, einmitt á þeim tímum er nágrannaþjóðirnar, einkanlega í vesturlöndum, lítilsvirtu lík-

amsmentirnar fyrir sakir ranghverfra trúarskoðana, töldu mannlega skynsemi og mannlegan mátt aflvana fyrir einræði forsjónarinnar og kiptu með því vexti úr þroska sínum og persónulegu sjálfstæði, létu fallast í makindum niður á hægindin og vörpuðu allri sinni áhyggju upp á guð almáttugan — þá sýnist það ekki furðu gegna, þótt Norðurlandabúar bæru langt af þessum þjóðum í hernaði. Á þeim tímum var sigurinn fremur kominn undir hugprýði, afli og vígfimi einstaklinganna en herkænsku fyrirliðans. Enda eru líkamlegir yfirburðir norrænna víkinga fyllilega viðurkendir af annálahöfundum og sagnariturum þeirra þjóða, er þeim lenti saman við. Þegar þeir eru í bezta gæti að svala heipt sinni með því að hlaða víkingunum minnisvarða úr verstu fúkyrðunum, sem þeir eiga til í fórum sínum, svo að óbornum öldum gefist á að líta fúlmensku þeirra, geta þeir ekki dulið, hve innilega hrifnir þeir eru af atgjörvi þessara fjandmanna sinna: líkamsfegurð, hugrekki, afli, íþróttum, snyrtimensku í framgöngu og klæðaburði o. s. frv. Hvarvetna er þeim lýst á svipaðan hátt og fornskáld Grikkja lýsa þjóðfrægum aflrauna- og fimleikamönnum, er borið höfðu sigur úr býtum í olympsku leikunum: þeir eru háir og beinvaxnir »sem pálmaviðir«, svara sér vel, fríðir sýnum, snareygðir og frjálsmannlegir, afrendir að afli og allra manna fimastir.

Forfeður vorir höfðu eigi einungis borið gæfu til þess að skapa sér hollar og stórfeldar atgjörvishugsjónir, heldur hafði þeim einnig auðnazt að gjöra þær að verkandi krapti í framþróun þjóðarinnar yfirleitt; þær voru, jafnvel í sinni glæsilegustu mynd, orðnar að holdi og blóði hjá göfugustu kynþáttunum. Sögur

vorar leiða fram á sjónarsviðið heilan herskara svo ágætra atgjörvismanna, að þeirra líkar munu torfundnir nú á tímum. Að það eru engar gervimyndir, er svífi ofar öllum veruleik í skáldlegum hillingum — það bera sögurnar sjálfar með sér. Enda eru þær að því leyti í fullu samræmi við vitnisburð fjandþjóða hinnar norrænu kynslóðar, er sízt munu hafa borið henni betur söguna en hún átti skilið. Og þá fyrst er vér höfum gjört oss ljóst, hversu miklir atgjörvismenn Norðurlandabúar á víkingaöldinni í raun og veru voru, verður oss það skiljanlegt, að þeir — jafn fámennir — gátu látið önnur eins þrekvirki eptir sig liggja á sjónarsviði sögunnar, sem raun er á orðin, bæði að því er kemur til sigurvinninga, landnáms og ríkjastofnana.

En hvað líður nútíðarkynslóð vorri? Hverjar eru manngildishugsjónir hennar? Og hvar er ættarmótið við menn eins og Gunnar Hámundarson? Skyldi ekki mega segja líkt um hana og Örvar-Oddur sagði við Hjálmar:

Hvað er þér, Hjálmar,
hefur þú lit brugðið?

Vonandi er að stofnun ungmennafélaganna, er skipa líkamsmentinni og þjóðrækninni efst á stefnuskrá sína, marki tímamót í framþróunarsögu hinnar íslenzku þjóðar. Vonandi gleyma þau ekki að laða ungmennin að þeim líflindum, er vér eigum tærastar og heilnæmastar — bókmentum fornaldarinnar.



This book should be returned the Library on or before the last da stamped below.

A fine of five cents a day is incurred by retaining it beyond the specified time.

Please return promptly.

[redacted]

[redacted]